# FAGURFRÆÐI ER ÚTFLUTNINGSVARA

Linda Árnadóttir um metnaðarleysi RÚV, stöðu íslenskrar fatahönnunar og samning í Dúbaí

MENNING Í MIÐJU BLAÐSINS





ALIN UPP AF KYNNGI-MÖGNUÐUM VALKYRJUM Á SNÆFELLSNESI

VIÐTAL 30










# FRÉTTABLAÐIÐ

ÞITT

HELGARÚTGÁFA

27. febrúar 2010 — 49. tölublað — 10. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000



MENNING 26



Kristbjörg Kjeld í verki eftir Braga Ólafsson

TÓNLIST 38

Haukur Morðingi í þriðju gráðu yfirheyrslu

MENNING 32




Dr. Gunni skoðar gosdrykkjavenjur Íslendinga

TVÖ SÉRBLÖÐ Í DAG












**HUNDARNIR VIÐRAÐIR Á GEIRSNEFI** Góða veðrið í gær var notað til þess að leyfa hundunum að leika sér í snjónum á Geirsnefi við mynni Elliðaánna í Reykjavík. Tveir hundanna á myndinni eru í hlífðarfötum eins og mannfólkið en hinir fá að sprikla bara eins og þeir eru. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Jóhanna vongóð um að betri lausn náist

**Forsætisráðherra segir tilboð Breta og Hollendinga um nýjan Icesave-samning verulegan áfanga en telur hægt að ná hagstæðari niðurstöðu. Að því sé unnið.**

**STJÓRNMÁL** „Ég lít alls ekki svo á að það hafi slitnað upp úr viðræðunum. Málið er erfitt en ég tel að það séu tækifæri í stöðunni. Markmiðið er að ná árangri og ég hef fulla trú á að það takist.“

Þetta sagði Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra um stöðuna í Icesave-málinu eftir fund með forystumönnum stjórnmálaflokkanna og íslensku samninganefndinni í gærkvöldi.

Jóhanna segir tilboð Breta og Hollendinga frá í síðustu viku „verulegan áfanga“ en telur hægt að fá betri niðurstöðu. „Við höfum þegar náð fram verulegri lækkun á greiðslubyrðinni, um kannski 70 til 80 milljarða króna, en ég held að það sé hægt að vinna málið betur.“ Nefnir hún breytingar á vaxtaákvæðum, hraðari greiðslur úr búi Landsbankans og nýjar fjármögnunarleiðir. Hún metur vaxtaákvæði tilboðsins hagstætt fram til ársins 2012 en eftir það þyngist greiðslubyrðin. Því þurfi að breyta.

Bretar og Hollendingar sögðu tilboð sitt þeirra síðasta og besta. Jóhanna telur að ekki þurfi að taka þau orð bókstaflega. Telur hún jafnframt að ekki hafi fengist viðbrögð við gagntilboði Íslendinga á fundi samninganefndanna í Lundúnum á fimmtudag þar sem samningamenn Breta og Hollendinga hafi skort umboð til að ræða það. Vonast hún til að samband komist á milli þjóðanna um helgina.

Enn er áformað að þjóðaratkvæðagreiðslan um Icesave fari fram eftir viku. Jóhanna segir mikilvægt að samningar takist áður; erfiðara kunni að verða að semja að henni lokinni.

Aðspurð segir Jóhanna ekki koma til greina af sinni hálfu að hætta viðræðum og koma málinu fyrir dómstóla. „Við eigum ekki að gefast upp. Það eru allir möguleikar á að ljúka þessu.“ Uppnám málsins kosti háar fjárhæðir, það þurfi líka að taka með í reikninginn.

- bþs

Fylgst með Eyjafjallajökli:

# Jökull skelfur

**JARÐFRÆÐI** Undanfarnar vikur hafa mælst bæði jarðskjálftar og landbreytingar við Eyjafjallajökul. Fylgst er með þróun mála.

„Þetta hefur gerst áður án þess að eldgos yrði,“ segir Ragnar Stefánsson jarðskjálftafræðingur. „Það er greinilega kvikuinnskot undir fjallinu sem veldur þrýstingi ofar.“

- gb







**SPURNING DAGSINS**



*Helgi, blikka stelpurnar þig til baka?*

„Já, það er oft sem þær gera það og brosið þeirra er yfirleitt skærara en ljósið mitt."

Helgi Pálmarsson nýtur að eigin sögn töluverðrar hylli hjá kvenþjóðinni eftir að hann kom fyrir blikkljósi á göngugrindinni sinni.

Rannsóknarnefnd Alþingis frestar birtingu skýrslu sinnar fram í miðjan mars:

# Svör á fimm hundruð síðum

**STJÓRNSÝSLA** Rannsóknarnefnd Alþingis segist þurfa tvær til þrjár vikur í viðbót til að fara yfir svör frá þeim tólf einstaklingum, sem fengu tækifæri til að svara því sem fram kemur í væntanlegri skýrslu nefndarinnar.

„Þau svör og fylgigögn sem nefndinni hafa borist eru umfangsmikil eða nær 500 blaðsíður alls," segir í fréttatilkynningu sem nefndin sendi frá sér í gær. „Fyrir nefndinni liggur nú að fara yfir þessi svör og þau gögn sem þeim fylgdu, taka afstöðu til þeirra og ganga endanlega frá skýrslu nefndarinnar til Alþingis."

„Ég er náttúrulega ekki hress með þetta frekar en aðrir, en get lítið gert," segir Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir, forseti Alþingis. „Við erum hins vegar tilbúin með allt sem að okkur snýr og verðum búin undir þetta þegar þar að kemur."

Nefndin átti upphaflega að skila skýrslu sinni um bankahrunið í byrjun nóvember, en hefur í þrígang þurft að fresta birtingu hennar. Nefndin segir tólf einstaklinga hafa fengið tækifæri til að gera skriflega grein fyrir afstöðu sinni til umfjöllunar um sig í skýrslunni vegna þess að þar sé fullyrt að þeir hafi framið mistök eða gerst sekir um vanrækslu. **- gb**



**RANNSÓKNARNEFND ALÞINGIS** Telur sig þurfa tvær til þrjár vikur til að fara yfir svör og fylgiskjöl upp á nærri fimm hundruð síður. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Samfylkingin í Mosfellsbæ:

## Valdimar Leó færður niður

**MOSFELLSBÆR** Valdimar Leó Friðriksson tekur þriðja sæti á lista Samfylkingar í Mosfellsbæ, eftir að félagsfundur samþykkti tillögu kjörstjórnar á fimmtudag. Valdimar hafði lent í öðru sæti í prófkjöri, sem ekki var bindandi.

Í fyrsta sæti verður Jónas Sigurðsson, sem lengi hefur leitt listann, en Hanna Bjartmars Arnardóttir verður í öðru sætinu. Hún var í þriðja sæti eftir prófkjörið.

Fjórða sætið vermir Anna Sigríður Guðnadóttir. **- kóþ**

Umferðarslys við Blönduós:

## Jeppi fór yfir brúarhandrið

**SLYS** Maður um tvítugt var fluttur slasaður með þyrlu Landhelgisgæslunnar á sjúkrahús í Reykjavík í gærkvöldi eftir að hafa ekið út af brú skammt frá Blönduósi síðdegis í gær.

Slysið varð á Auðkúluvegi við enda Svínavatns þar sem kröpp beygja er á veginum við félagsheimilið Dalsmynni. Bifreiðin lenti á brúarstólpa og fór yfir brúarhandrið út á ísi lagða ána þar sem hún hafnaði á hvolfi ofan á ísnum.

Maðurinn var einn á ferð. Hann missti stjórn á bifreiðinni í beygjunni. Hann var á vel búnum jeppa en aðstæður voru erfiðar, snjór og hálka á veginum.

Að sögn lögreglunnar á Blönduósi er maðurinn ekki talinn í lífshættu, en hafði orðið fyrir töluverðum áverkum. Enginn grunur er um ölvun. **- gb**

Blaðamannaverðlaun 2009:

## Skopteiknarar fá tilnefningu

**FJÖLMIÐLAR Teiknararnir Gunnar Karlsson Fréttablaðinu og Halldór Baldursson á Morgunblaðinu eru sameiginlega tilnefndir til Blaðamannaverðlaunanna 2009 fyrir „áhrifamiklar teikningar þar sem brennandi samfélagsmál eru sett í hárbeitt en um leið skoplegt ljós" eins og segir í tilkynningu frá Blaðamannafélagi Íslands. Tveir aðrir eru tilnefndir í sama flokki.**

**Þrjár tilnefningar eru í flokknum Besta umfjöllun ársins. Þar er Svavar Hávarðsson á Fréttablaðinu tilnefndur fyrir skilmerkilegan og ítarlegan fréttaskýringarflokk um endurskoðun stjórnarskrárinnar.**

**Þá eru þrír blaðamenn tilnefndir í flokknum Rannsóknarblaðamennska ársins.** **- gar**

# Uppgjör Landsbanka mun dýrara en hinna

**Skilanefnd Landsbankans áætlar að endurheimtur eigna verði að mestu yfirstaðnar árið 2018. Meiri kostnaður við uppgjör bankans er sagður til kominn af því að bankinn var með útibú í öðrum löndum, en hinir dótturfélög.**

**VIÐSKIPTI** Rekstrarkostnaður skilanefndar og slitastjórnar gamla Landsbankans nam tólf milljörðum króna í fyrra, samkvæmt gögnum sem kynnt voru á kröfuhafafundi bankans í vikunni.

Kostnaður við lögfræðinga og aðra sérfræðinga erlendis vegur þyngst í uppgjöri bankans. Hann nam 4.691 milljón króna samanborið við 480 milljónir innanlands.

Athygli vekur að þótt kostnaður við sérfræðikaup innanlands sé um 40 prósentum minni en hjá skilanefndum Kaupþings og Glitnis þá er heildarkostnaður við kaup á lögfræði- og öðrum sérfræðikostnaði nærri 57 prósentum meiri.

Skilanefndir Kaupþings og Glitnis upplýstu fyrr í mánuðinum um kostnað við kaup á sérfræðiþjónustu hjá sér og tilgreindu þá sem skilanefndirnar höfðu átt viðskipti við. Skilanefnd Landsbankans kaus að svara ekki fyrirspurn Fréttablaðsins um efnið heldur vísa til þeirra upplýsinga sem fram áttu að koma í skýrslu skilanefndar síðasta miðvikudag. Skilanefnd Landsbankans hefur því engu svarað um af hverjum hefur verið keypt sérfræðiþjónusta fyrir tæpa 5,2 milljarða króna.

Rekstrarkostnaður skilanefndar og slitastjórnar Landsbankans er engu síður í kringum þremur milljörðum minni en áætlað var í septemberlok í fyrra. Tæp áttatíu prósent af heildarkostnaði féllu til hér og í starfsstöð gamla bankans í London í Bretlandi.

Heildarkostnaður var 0,46 prósent af heildareignum í stýringu og eitt prósent af áætluðu verðmæti eigna. Þær námu 1.172 milljörðum króna í lok síðasta árs. Til samanburðar var heildarkostnaður skilanefndar og slitastjórnar Glitnis og Kaupþings 0,24 til 0,25 prósent af heildareignum.

Uppgjör gamla Landsbankans er sagt vera mun umfangsmeira en Glitnis og Kaupþings þar sem starfsemi hinna heyrði undir dótturfélög í öðrum löndum á meðan Landsbankinn var með útibú í öðrum löndum.

Kristinn Bjarnason, sem fer fyrir slitastjórn Landsbankans, segir að vegna uppbyggingar búsins hafi verið nauðsynlegt að leita til fjölmargra erlendra sérfræðinga og lögfræðinga sem þekkingu hafi á lögum hvers lands fyrir sig.

jonab@frettabladid.is, olikr@frettabladid.is



**ÞESSI GERA BÚIÐ UPP** Kristinn Bjarnason og Pétur Örn Sverrisson ræða við Herdísi Hallmarsdóttur og Halldór Backman. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

### SKOÐA MÁL Á HENDUR STJÓRNENDUM

Í skoðun er að höfða skaðabótamál á hendur fyrrverandi stjórnendum gamla Landsbankans. Þetta sagði Halldór Backman, sem á sæti í slitastjórn Landsbankans, í samtali við fréttastofu Stöðvar 2. Hann segir slitastjórnina hafa rannsakað málefni bankans frá í apríl í fyrra. Málin geti skipt tugum og kröfur á hendur fyrrverandi stjórnendum numið nokkrum milljörðum króna.

### SAMANBURÐUR 2009

**Sérfræðikostnaður skilanefnda**

| Banki | Milljónir króna |
|---|---|
| Landsbankinn | |
| - innlendur kostnaður | 480 |
| - erlendur kostnaður | 4.691 |
| | alls 5.171 |
| Glitnir | |
| - innlendur kostnaður | 732 |
| - erlendur kostnaður | 2.645 |
| | alls 3.377 |
| Kaupþing | |
| - innlendur kostnaður | 894 |
| - erlendur kostnaður | 2.331 |
| | alls 3.225 |

**Heimild: skilanefndir bankanna**



**KURT WESTERGAARD** Dönsku dagblöðin hafa hingað til staðið saman um að biðjast ekki afsökunar. NORDICPHOTOS/AFP

Danskt dagblað:

## Biðst afsökunar á skopmyndum

**DANMÖRK, AP Danska dagblaðið Politiken birti í gær afsökunarbeiðni til múslima fyrir að hafa endurbirt skopteikningar af Múhameð spámanni.**

**Blaðið segir afsökunarbeiðnina vera lið í samkomulagi við lögmann átta samtaka múslima frá Mið-Austurlöndum og Ástralíu. Politiken er eitt þeirra dönsku dagblaða sem endurbirtu teikningarnar árið 2008 eftir að reynt var að myrða einn teiknarann. Upphaflega birtust þær í Jótlandspóstinum haustið 2006.** **- gb**

Jarðskjálfti nálægt Japan:

## Sterkur skjálfti við Okinawa

**JAPAN, AP** Jarðskjálfti sem mældist um sjö stig varð við Okinawaeyju suður af Japan í gær. Samstundis var gefin út viðvörun um flóðbylgju sem gæti valdið tjóni á nærliggjandi eyjum. Ekki var vitað um alvarlegt tjón þegar Fréttablaðið fór í prentun á ellefta tímanum í gærkvöldi.

Skjálftinn varð um hálfsex leytið að morgni á staðartíma eða rétt rúmlega hálfníu í gærkvöldi að íslenskum tíma. Upptök skjálftans voru á tíu kílómetra dýpi rétt austur af eyjunni, sem er miðja vegu milli Japans og Taívans. **- gb**



Potta og pönnudögum
LÝKUR Á MORGUN
20-50% afsláttur af öllum pottum og pönnum, yfir 100 tegundir.
byggtogbúið
Sími 568 9400 | KRINGLUNNI


Árásir talibana á Kabúl beindust að Indverjum, segir Hamid Karzai forseti:

# Kostuðu sautján manns lífið

**AFGANISTAN, AP** Að minnsta kosti sautján manns létust og tugir særðust þegar uppreisnarmenn gerðu árásir á nokkur hótel í Kabúl, höfuðborg Afganistans. Sums staðar voru sjálfsvígsárásarmenn sendir á staðinn en annars staðar var bílsprengjum beitt.

Talibanar lýstu yfir ábyrgð á árásunum. Hamid Karzai, forseti Afganistans, sagði að árásunum hefði verið beint gegn Indverjum sem starfa í Kabúl. Talibanar hafa lengi haft horn í síðu Indverja, ekki síst vegna tengsla indversku stjórnarinnar við Norðurbandalagið svonefnda, sem tók virkan þátt í að bola talibanastjórninni frá völdum.

Sex Indverjar létu lífið í árásunum, sem hófust um hálfsjö að morgni þegar bílasprengja gjöreyðilagði íbúðarhótel sem indverskir læknar hafa búið á. Árásirnar stóðu síðan í fjórar klukkustundir með sjálfsvígssprengingum og skotbardögum. Með árásunum sýna talibanar jafnframt fram á getu sína til að ráðast á höfuðborgina þótt stórsókn gegn þeim hafi staðið yfir í hálfan mánuð í suðurhluta landsins. Undanfarnar vikur hafa einnig á þriðja tug hátt settra leiðtoga og lægra settra millistjórnenda talibanahreyfingarinnar verið handteknir í Pakistan. **- gb**



**SÆRÐUR MAÐUR BORINN BURT** Afganskir lögreglumenn höfðu hraðann á til að koma særðum manni undir læknishjálp. NORDICPHOTOS/AFP



# 20% afsláttur af BÚSÁHÖLDUM

# 20% afsláttur af SMÁRAFTÆKJUM



Gildir ekki af öðrum tilboðum

# ÓDÝRT FYRIR HEIMILIÐ

## HLÝJAR DÚNÚLPUR
**LÆKKAÐ VERÐ UM HELGINA**

Dúnúlpur
Dömu XS-3XL.
Herra S-3XL.
5869816-34



**9.990** ~~12.990~~

Amica

ÓDÝRT



**69.900** ~~82.990~~

Eldavél
60 sm, með steyptum plötum
1850529

Electrolux
**3ja ára ábyrgð**



Hljóðlát, 47 dB
5 kerfi

**106.900** ~~123.900~~

Uppþvottavél
12 manna, orkunýting A, þvotthæfni A, þurrkhæfni A
1805331



verð frá **1.299**

## SNJÓSKÓFLUR
**MIKIÐ ÚRVAL FRÁBÆRT VERÐ.**

REGINOX



**9.900**

Eldhúsvaskur
8032532



20 ltr, 800W

**9.995** ~~11.995~~

ÓDÝRT

Örbylgjuofn
United 20 ltr, 800W
1840909



**Kaffi & Vaffla 290kr**
Kaffi Garður
Skútuvogi

Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl.
Úrval getur verið misjafnt milli verslana.

**HÚSASMIÐJAN**

## GENGIÐ 26.02.2010

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 128,01 | 128,63 |
| Sterlingspund | 195,23 | 196,17 |
| Evra | 174,20 | 175,18 |
| Dönsk króna | 23,403 | 23,539 |
| Norsk króna | 21,617 | 21,745 |
| Sænsk króna | 17,946 | 18,052 |
| Japanskt jen | 1,4338 | 1,4422 |
| SDR | 196,27 | 197,43 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

230,3644

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Heilbrigðisráðuneytið leggst alfarið gegn því að spilavíti verði heimiluð á Íslandi:

# Telur spilavíti spilla heilsufari

**HEILBRIGÐISMÁL** Heilbrigðisráðuneytið leggst alfarið gegn því að heimilað verði að opna spilavíti hér á landi. Þetta segir í umsögn ráðuneytisins um málið sem skilað var til iðnaðarráðuneytisins í síðustu viku.

Í umsögninni er vitnað til álits sem leitað var eftir hjá Landlækni, sem aftur leitaði upplýsinga hjá SÁÁ, Félagi sálfræðinga og Félagi spilafíkla. Einungis það síðastnefnda svaraði Landlækni.

Í umsögn Landlæknis segir að byggt á mati sérfræðinga og öðrum umsögnum sé „það niðurstaða Landlæknis að opnun spilavíta á Íslandi geti haft neikvæð áhrif á heilsu landsmanna“. Opnun spilavítis yrði nýr og spennandi valkostur fyrir áhugamenn um fjárhættuspil og vafasamt sé að slík þróun sé æskileg í ljósi hugsanlegrar aukningar spilafíknar.



**SPILAVÍTI** Landlæknir segir að opnun spilavíta á Íslandi geti haft neikvæð áhrif á heilsu landsmanna.

„Landlæknir leggur áherslu á að ef opnun spilavíta verði að veruleika á Íslandi kalli það á að verulegu fjármagni verði varið í forvarnastarf og meðferð spilafíkla,“ segir í umsögninni. Þá þurfi að auka fjárveitingar til rannsókna á áhrifum aukins framboðs peningaspila á heilsu.

Ráðuneytið tekur undir orð Landlæknis um heilsuspillandi áhrif spilavíta og leggst gegn þeim. - sh

Sorpa eykur umsvifin:

# Ný endurvinnsla í Hafnarfirði

**UMHVERFISMÁL** Sorpa opnar í dag nýja endurvinnslustöð að Breiðhellu í Hafnarfirði. Stöðin verður, að því er segir í tilkynningu, sú fullkomnasta sem fyrirtækið heldur úti.

Stöðin að Breiðhellu kemur í stað endurvinnslustöðvarinnar við Miðhraun í Garðabæ sem hefur verið lokað.

Sjö börn, sem eiga að tákna hvert bæjarfélag sem stendur að baki Sorpu, klippa á borðann og opna stöðina, sem á að þjóna Álftanesi, Garðabæ og Hafnarfirði.

Uppnám á þýska þinginu:

# Vinstrisinnar reknir af þingi

**ÞÝSKALAND Nærri öllum þingmönnum Vinstriflokksins í Þýskalandi var vísað úr þingsal í gær við upphaf umræðna um framhald á þátttöku þýska hersins í hernaði Natóríkjanna í Afganistan.**

**Við upphaf umræðnanna stóðu þingmenn flokksins upp með spjöld til að minnast almennra borgara sem létu lífið þegar árás var gerð, samkvæmt ákvörðun þýska hersins, í Kunduz-héraði 6. september síðastliðinn.**

**Þessi aðgerð þingmannanna taldist brotleg við þingskaparreglur og því vísaði þingforseti þingmönnum flokksins úr salnum meðan umræður stóðu yfir. Þeir fengu þó að taka þátt í atkvæðagreiðslunni.** - gb

Már á fundi þingnefnda:

# Fór yfir vaxtaákvarðanirnar

**STJÓRNMÁL** Már Guðmundsson seðlabankastjóri kynnti störf og ákvarðanir peningastefnunefndar á fundi þriggja þingnefnda í gær.

Fundurinn var sá fyrsti sinnar tegundar en við breytingu á lögum um Seðlabankann á síðasta ári var lögfest að Alþingi skuli tvisvar á ári gerð grein fyrir ákvörðunum peningastefnunefndar.

Guðbjartur Hannesson, formaður fjárlaganefndar Alþingis, segir Má hafa farið yfir sviðið og að umræður hafi skapast um peningastefnuna.

Guðbjartur segir engar nýjar fréttir hafa komið fram enda sé gerð opinber grein fyrir vaxtaákvörðunum í framhaldi þess að þær eru teknar. - bþs



**FRANSKI SPÍTALINN** Eins og sjá má er húsið illa farið eftir áratuga niðurníðslu. Ótrúlegt en satt má nýta töluvert af húsviðunum. Eyjan Skrúður í baksýn.

MYND/KRISTÍN HÁVARÐSDÓTTIR



**FRAMTÍÐARSÝN SÉÐ FRÁ SJÓ** Húsinu er ætlað að þjóna sem hótel, veitingastaður og miðstöð ferðaþjónustu á Fáskrúðsfirði.

MYND/MINJAVERND

# Vilja endurbyggja gamlan sjómannaspítala sem hótel

**Ráðgert er að flytja niðurnítt spítalahús yfir Fáskrúðsfjörð og endurbyggja það sem hótel á upprunalegum stað. Verkefnið er unnið í samvinnu Íslendinga og Frakka og byggir á aldargömlum menningartengslum.**

**MINJAVERND** Bæjaryfirvöld í Fjarðabyggð, í samstarfi við Minjavernd og fleiri aðila, hafa í hyggju að flytja rúmlega aldargamlan franskan sjómannaspítala frá Hafnarnesi og endurbyggja húsið á upprunalegum byggingarstað þess á Fáskrúðsfirði. Uppi eru hugmyndir um að tengja húsið við gamla læknabústaðinn á staðnum og starfrækja þar lúxushótel, veitingahús og miðstöð ferðaþjónustu á svæðinu.

Þorsteinn Bergsson, framkvæmdastjóri Minjaverndar, segir að viljayfirlýsing um endurgerð spítalans hafi verið undirrituð í fyrra á Íslandshátíð í Graveline í Frakklandi, sem er vinabær Fáskrúðsfjarðar.

Minjavernd ber ábyrgð á framkvæmdinni í nánu samstarfi við sveitarfélagið en Alliance Francaise hafa milligöngu um samskipti við franskt stjórnkerfi. „Við sjáum áhuga í Frakklandi á að veita fjárstuðning til verksins sem gæti numið allt að helmingi af kostnaði. Gangi það eftir mun Minjavernd standa undir því sem út af stendur.“

Þorsteinn segir það hafa komið skemmtilega á óvart hvað Frakkar sýni verkefninu mikinn áhuga. „Áhugi þeirra á þessari sögu er gríðarlegur sem sést á Íslandshátíðum í gömlu sjómannaþorpunum, eins og Graveline. Haldið verður upp á 25 ára afmæli vinabæjatengsla Fáskrúðsfjarðar og Graveline árið 2012 og vonir standa til að þá verði verkefnið komið vel á veg.“ Spítalahúsið er í mikilli niðurníðslu og margir hafa talið að of seint sé að gera húsið upp. Þorsteinn segir að svo sé ekki og engir meinbugir á því að nýta hluta af viðum hússins.

Jóhann Eðvald Benediktsson, mannvirkjastjóri Fjarðabyggðar, segir að uppbygging spítalans á upprunalegum stað geti orðið mikil lyftistöng fyrir Fáskrúðsfjörð og Fjarðabyggð í heild sinni. „Eins og verkefnið er lagt upp fæst glæsileg götumynd með miklum möguleikum. Þá horfi ég bæði til mannlífs á staðnum og tækifæra í ferðaþjónustu.“ Sveitarfélagið kemur ekki að verkefninu með beinu fjárframlagi heldur leggur til lóðina, og gamla læknisbússtaðinn sem er í eigu sveitarfélagsins.

Að því er stefnt að fjármögnun verksins verði tryggð fyrir 1. október 2010. Heildarkostnaður við flutning og endurgerð hússins er áætlaður um 245 milljónir króna. svavar@frettabladid.is

## FRANSKI SPÍTALINN Á FÁSKRÚÐSFIRÐI

Frakkar stunduðu fiskveiðar á seglskipum við Ísland um aldir. Mestar voru veiðarnar frá um 1830 og fram að fyrri heimsstyrjöld þegar allt að 300 skútur með á fimmta þúsund sjómanna gátu verið að veiðum við Íslandsstrendur samtímis. Talið er að um 400 skútur með um fimm þúsund manns hafi farist við þessar veiðar.

Fáskrúðsfjörður var aðalbækistöð Frakka við austurströnd Íslands og þar reistu Frakkar sjúkraskýli árið 1897 og síðan kapellu. Árið 1903 var franskur spítali tekinn í notkun og í framhaldi af því læknishús. Í húsinu voru sex sjúkrastofur með sautján rúmum, þrjár einbýlisstofur og einangrunarstofa fyrir berkla- og taugaveikisjúklinga, lyfjaherbergi, bókastofa og nokkur herbergi fyrir hjúkrunarfólk. Í kjallara var eldhús, búr, þvottahús, salerni, geymsluklefi og forstofa.

Franski spítalinn var fluttur suður í Hafnarnes árið 1939 og nýttur sem íbúðar- og skólahúsnæði.


## Hvað ræður för?

**Málþing Sjónarhóls um greiningar og þjónustu við börn með sérþarfir**
**fimmtudaginn 4. mars kl. 12.30 – 16.30 á Hótel Hilton Reykjavík Nordica, Suðurlandsbraut 2, 108 Reykjavík.**

Á málþinginu verður fjallað um hvort greiningar hafi áhrif á það hvort og hvernig þjónustu börn fá.

Fagfólk, foreldrar, systkini, afar og ömmur og allir þeir sem láta sig málefni barna með sérþarfir varða eru hvattir til að mæta.

Skráning fer fram á heimasíðu Sjónarhóls

**www.sjonarholl.net**


## VEÐURSPÁ



**Elísabet Margeirsdóttir**
Veðurfréttamaður

**ÚRKOMUMINNA NORÐANLANDS**
Það dregur úr úrkomunni norðanlands þegar líður á daginn en á morgun verður yfirleitt úrkomulaust og bjart norðaustan til. Um sunnan- og vestanvert landið verður áfram einhver úrkoma en þar léttir til á mánudag.




**Á MORGUN**
5-13 m/s, hvassast syðst.

**MÁNUDAGUR**
Hæg austlæg átt.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 17° |
| Basel | 11° |
| Berlín | 7° |
| Billund | 3° |
| Eindhoven | 7° |
| Frankfurt | 8° |
| Friedrichshafen | 11° |
| Gautaborg | 3° |
| Kaupmannahöfn | 3° |
| Las Palmas | 23° |
| London | 9° |
| Mallorca | 16° |
| New York | 6° |
| Orlando | 16° |
| Ósló | 0° |
| París | 11° |
| San Francisco | 15° |
| Stokkhólmur | 1° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Hendrik Sigurðsson *hendrik@frettabladid.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*
**ALLT SÍMI 512-5402:** Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Henný Árnadóttir *henny@365.is*, Þórdís Hermannsdóttir *thordish@365.is* **SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016:** Sigríður Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynurs@365.is*, Bjarni Þór Sigurðsson *bthor@365.is*, Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is*
**RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*, Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*




### Dom Pancho ★★★



Einfalt og snyrtilegt 3 stjörnu íbúðarhótel með góðum garði og mjög vel staðsett um 200 metra frá "Laugaveginum". Hótelið var allt endurnýjað árið 2006 og því er allt hótelið, bæði sameign og íbúðir mjög huggulegar.

Verðdæmi (10. júní - vika)

**85.900 kr.** á mann miðað við 2 fullorðna og 2 börn í íbúðargistingu með 1 svefnherbergi.

### Paladim ★★★



Gott hótel vel staðsett mitt á milli gamla bæjarins og "Laugavegarins", við hlið hinnar vinsælu verslunarmiðstöðvar Modelo. Notalegur sundlaugargarður með barnalaug og bar með léttum réttum.

Verðdæmi (10. júní - vika)

**89.900 kr.** á mann miðað við 2 fullorðna og 2 börn í íbúð með 1 svefnherbergi.

## Vinsælastur frá upphafi!

Ótal Íslendingar eiga góðar minningar frá Portúgal enda hefur landið verið allra vinsælasti áfangastaður okkar árum saman. Í Portúgal mætast gamli og nýi tíminn og mynda heillandi veröld. Portúgal er land sólgylltra stranda, skuggsælla skóga, öldusorfinna kletta og hvítkalkaðra húsa. Land þar sem virðulegir kastalar, kyrrlátar kirkjur og syngjandi vindmyllur standa eins og þær hafi orðið viðskila við nútímann. Albufeira er gamall fiskimannabær í Algarve-héraði en í dag býður hann upp á flest það sem ferðamenn á sólarstað þrá.

**Úrval Útsýn hefur hlotið æðstu viðurkenningu stjórnvalda í Algarve-héraði fyrir brautryðjendastarf í sólarlandaferðum til Portúgals og þátt ferðaskrifstofunnar í uppbyggingu ferðamannaþjónustu héraðsins.**

ÚRVAL·ÚTSÝN

SKOÐAÐU FLEIRI SPENNANDI GISTIMÖGULEIKA Á
**urvalutsyn.is**

MasterCard VISA

* Innifalið: Flug, flugvallarskattar, íslensk fararstjórn og gisting. Verð miðast við að bókað sé á netinu.

**KJÖRKASSINN**



*Hefði íslenska samninganefndin átt að fallast á síðustu skilyrði Breta og Hollendinga í Icesave-málinu?*

| | |
|---|---|
| Já | 15,2% |
| Nei | 84,8% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG**

*Líkar þér vel við snjóinn sem fallið hefur síðustu daga?*

Segðu þína skoðun á visir.is

vísir

Greiningarskýrsla ESB um orsakir efnahagshrunsins á Íslandi:

# Eftirlitið lítið og vanmáttugt

**EVRÓPUSAMBANDIÐ** Ein af orsökum íslenska efnahagshrunsins var sú hve eftirlitskerfið á fjármálamarkaði byggðist á mörgum litlum stofnunum. Þetta hindraði markvissa upplýsingamiðlun og leiddi til skaðlegra tafa á ákvörðunum.

Þetta kemur fram í greiningarskýrslu Evrópusambandsins um aðildarumsókn Íslands.

Íslenskar eftirlitsstofnanir höfðu hvorki á að skipa nægilegu starfsliði né voru þær í stakk búnar til að takast á við síbreytilegar aðstæður, segir í skýrslunni. Þeim láðist að þróa markvissar aðferðir til að takast á við áhættusækni og útþenslu íslensku bankanna.

Þótt innistæður í bönkunum ykjust hröðum skrefum voru eignir Innstæðutryggingarsjóðsins langt frá því nægilegar. Þrátt fyrir vísbendingar um að bankarnir stæðu höllum fæti árið 2006 blessaði FME yfir markaðssetningu netreikninga þeirra erlendis.

Hrunið átti upphaf sitt í ofurákafri útþenslu hins nýlega einkavædda bankageira, að mati skýrsluhöfunda, en skortur á nægjanlegu eftirliti gerði illt verra og jók á hættuna. Í ljós kom að hið efnahagslega eftirlitskerfi, sem starfaði á Íslandi, var ófært um að hefta ósjálfbæran vöxt bankanna, sívaxandi skuldasöfnun þeirra og áhættusækni. **- pg**



**HLUTABRÉFAMARKAÐUR** Eftirlitskerfið var ekki nægjanlega traust til að ráða við áhættusækni, segir ESB. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Rætt um skuldastöðu bænda:

# 100-120 kúabú í miklum vanda

**STJÓRNMÁL Allt að 120 kúabú eiga í verulegum greiðsluvanda og munu eiga í vandræðum með að fjármagna kaup á rekstrarvörum. Vandi sauðfjárbænda er minni. Þetta kom fram á fundi um málið sem sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra efndi til í ráðuneytinu í gær. Staða verst settu bændanna er slík að úrræði banka og lánastofnana virðast ekki duga til áframhaldandi reksturs, að því er segir í tilkynningu frá ráðherra. Hægt hefur gengið að ganga frá skuldamálum.** **- bþs**


sköpun | snerpa | samstarf | mannauður

Sköpun
án landamæra

Velkomin á ársfund
Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands

Fimmtudaginn 11. mars 2010
Hilton Reykjavík Nordica

Dagskrá

**08:00 Léttur morgunverður**

**08:30 Ávarp**
Katrín Júlíusdóttir iðnaðarráðherra

**Fjölbreytni tegundanna**
Þorsteinn Ingi Sigfússon forstjóri Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands

**Fréttir af frumkvöðlum**
Sigríður Ingvarsdóttir framkvæmdastjóri Nýsköpunarmiðstöðvar og fulltrúar fyrirtækjanna *Maximus Musicus, Medical Algorithms, Dexoris, Vistvæn orka* og *Remake Electric*

**Skapandi atvinnugreinar og menningarhagfræði**
Ágúst Einarsson rektor Háskólans á Bifröst

**Listir sem þróunarmiðstöð sköpunar**
Ása Richardsdóttir framkvæmdastjóri Íslenska dansflokksins

**Sigtryggur Baldursson flytur nýtt verk**

**Hugbúnaðarþjónusta til leigu á veraldarvef**
Jón Ingi Björnsson framkvæmdastjóri TrackWell

**Matarupplifun og skapandi menning í ferðaþjónustu**
Rósa Björk Halldórsdóttir framkvæmdastjóri Ríkis Vatnajökuls

**Orkusprotar**
Bjarni Ellert Ísleifsson verkefnisstjóri á Nýsköpunarmiðstöð

**Kolefniskapphlaupið í Masdar City**
Ólafur Wallevik próf. og forstöðumaður grunnrannsókna á Nýsköpunarmiðstöð

**Virkjun afls og hugar á Vestfjörðum**
Þorgeir Pálsson framkvæmdastjóri Atvest

**Eldfastar afleiður**
Guðbjörg Óskarsdóttir verkefnisstjóri á Nýsköpunarmiðstöð

**10:45 Lok ársfundar**

**Fundarstjóri:**
Halla Helgadóttir framkvæmdastjóri Hönnunarmiðstöðvar Íslands

Vinsamlegast tilkynnið þátttöku á **nmi@nmi.is**.

Nýsköpunarmiðstöð Íslands

Akureyri | Egilsstöðum | Húsavík | Höfn | Ísafirði | Reykjavík | Sauðárkróki | Vestmannaeyjum


# Níu enn með meira en milljón á mánuði

**Laun 22 forstjóra ríkisfyrirtækja og stofnana lækka verulega frá mánaðamótum. Forstjóri Landsvirkjunar áskilur sér rétt til að höfða mál vegna launalækkunar. Leiðir til þess að undirmenn eru í einhverjum tilvikum á hærri launum.**

**KJARAMÁL** Kjararáð hefur ákveðið að lækka laun stjórnenda 22 stofnana og ríkisfyrirtækja frá og með 1. mars næstkomandi. Eftir lækkunina verða níu með meira en eina milljón króna í heildarlaun.

Kjararáði bar að lækka grunnlaun starfsmanna ríkisins undir grunnlaun forsætisráðherra, sem eru 935 þúsund krónur á mánuði. Eftir lækkunina eru allir undir því viðmiði, þó heildarlaun tólf séu yfir þeirri upphæð.

Meðal þeirra sem lækka verulega í launum eru forstjóri Landsvirkjunar, seðlabankastjóri, útvarpsstjóri og forstjóri Keflavíkurflugvallar ohf. Fréttablaðið óskaði eftir upplýsingum um núverandi laun yfirmannanna 22, en kjararáð hafnaði þeirri ósk.

Allir þeir sem úrskurðirnir ná til gátu sent andmæli og athugasemdir. Meðal þeirra sem nýttu sér þann rétt var Hörður Arnarson, forstjóri Landsvirkjunar. Hann fær hér eftir 1.340 þúsund krónur á mánuði í laun. Hann krafðist samtals 1.946 þúsund króna mánaðarlauna í sínum andmælum.

Hörður segir að sér hafi verið lofað ákveðnum launum samkvæmt ráðningarsamningi. Ekki megi segja samningnum upp fyrr en um mitt ár 2010. Þá taki við tólf mánaða uppsagnarfrestur, og aðeins að honum loknum ætti launalækkunin að geta tekið gildi. Á þessi sjónarmið var ekki fallist, og áskildi Hörður sér því rétt til að láta reyna á ákvörðun kjararáðs fyrir dómi.

Stjórn Landsvirkjunar sendi raunar greinargerð þar sem sjónarmið vegna málsins voru reifuð. Greinargerðin var merkt sem trúnaðarmál, og þar sem trúnaði var ekki aflétt að beiðni kjararáðs endursendi ráðið greinargerðina.

Stjórn Keflavíkurflugvallar ohf. benti á að yrðu laun forstjórans lækkuð í rúma eina milljón króna yrðu einhverjir af undirmönnum hans á hærri launum. Til dæmis hafi einn flugumferðarstjóri verið með ríflega 1,6 milljónir króna í laun fyrir septembermánuð 2009. Undir þetta sjónarmið tóku forstjórar annarra stofnana.

Þeir forstjórar sem höfðu afnot af bíl eða fengu greitt fyrir akstur þurfa hér eftir að velja milli þess að missa þau hlunnindi eða lækka í launum í réttu hlutfalli við verðmæti þeirra.

Kjararáð taldi ekki mögulegt að lækka laun sumra yfirmanna jafn mikið og ef til vill teldist eðlilegt, því í einhverjum tilvikum teldist það brot á meðalhófsreglu að lækka laun of mikið. Því fá sumir þeirra sem úrskurðað var um aukagreiðslur ofan á grunnlaun í mun meira mæli en áður hefur þekkst í úrskurðum ráðsins.

Langan tíma hefur tekið að úrskurða um launalækkunina. Guðrún Zoëga, formaður kjararáðs, segir það meðal annars skýrast af því að tíma hafi tekið að afla upplýsinga og veita ráðrúm til andmæla. Þá hafi þurft að vinna úr upplýsingum og leggja línurnar.

Enn á eftir að lækka laun forstjóra dótturfyrirtækja hjá fyrirtækjum og stofnunum ríkisins. Guðrún segir að það verði gert á næstunni.

**brjann@frettabladid.is**



MÁR GUÐMUNDSSON ÁSMUNDUR STEFÁNSSON HÖRÐUR ARNARSON PÁLL MAGNÚSSON

**FORSTJÓRAR LANDSVIRKJUNAR OG LANDSPÍTALA LAUNAHÆSTIR**

| Nafn | Titill | Grunnlaun | Föst yfirvinna | Laun samtals |
|---|---|---|---|---|
| Hörður Arnarson | forstjóri Landsvirkjunar | 833.752 | 505.800 | 1.339.552 |
| Björn Zoëga | forstjóri Landspítalans | 833.722 | 505.800 | 1.339.522 |
| Már Guðmundsson | seðlabankastjóri | 862.207 | 404.640 | 1.266.847 |
| Ásmundur Stefánsson | bankastjóri Landsbankans | 753.974 | 404.640 | 1.158.614 |
| Gunnar Andersen | forstjóri Fjármálaeftirlitsins | 779.653 | 303.480 | 1.083.133 |
| Páll Magnússon | útvarpsstjóri | 753.974 | 328.770 | 1.082.744 |
| Björn Óli Hauksson | forstjóri Keflavíkurflugvallar ohf. | 779.653 | 252.900 | 1.032.553 |
| Páll Gunnar Pálsson | forstjóri Samkeppniseftirlitsins | 779.653 | 252.900 | 1.032.553 |
| Tryggvi Þór Haraldsson | forstjóri RARIK ohf. | 753.974 | 252.900 | 1.006.874 |
| Guðmundur Bjarnason | framkvæmdastjóri Íbúðalánasjóðs | 729.163 | 252.900 | 982.063 |
| Ingimundur Sigurpálsson | forstjóri Íslandspósts hf. | 705.192 | 252.900 | 958.092 |
| Halldór V. Magnússon | framkvæmdastjóri Orkubús Vestfjarða ohf. | 705.192 | 252.900 | 958.092 |
| Sjöfn Sigurgísladóttir | forstjóri Matíss ohf. | 682.032 | 252.900 | 934.932 |
| Kjartan Þór Eiríksson | framkvæmdastjóri Þróunarfélags Keflavíkurflugvallar ehf. | 682.032 | 202.320 | 884.352 |
| Þórhallur Ólafsson | framkvæmdastjóri Neyðarlínunnar ohf. | 682.032 | 177.030 | 859.062 |
| Stefán Hermannsson | framkvæmdastjóri Austurhafnar TR ehf. | 638.033 | 202.320 | 840.353 |
| Þorgeir Pálsson | forstjóri Flugstoða ohf. | 705.192 | 126.450 | 831.642 |
| Finnbogi Jónsson | framkvæmdastjóri Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins | 705.192 | 101.160 | 806.352 |
| Eiríkur Hilmarsson | framkvæmdastjóri Vísindagarða HÍ | 682.032 | 0 | 682.032 |
| Sveinbjörg Sveinsdóttir | framkvæmdastjóri Landskerfis bókasafna hf. | 617.144 | 0 | 617.144 |
| Jón Ingi Einarsson | framkvæmdastjóri Rannsókna- og háskólanets Íslands hf. | 577.461 | 25.290 | 602.751 |
| Pétur Bjarnason | Vísindagarðurinn ehf. | 522.827 | 0 | 522.827 |

# RÚMFATA LAGERINN

HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

www.rumfatalagerinn.is



BÍLRÚÐUSKAFA

**995,-**

**Bílrúðuskafa og sópur**
Sniðug bílrúðuskafa með áföstum sópi og framlengjanlegu skafti. Frábært verð á góðri sköfu!



GÖNGUSTAFIR 2 STK.

**2.995,-**

**Göngustafir**
Góðir göngustafir, hægt að stilla lengd á stöfunum. Fáanlegir í 2 litum.



FÆST EINNIG Í BLEIKU

**OLYMPIC koja með vinnuaðstöðu**
Flott koja með stiga, geymsluhólfi fyrir bækur, 6 skúffum, skrifborði og stól. Litir: Blár/silfur eða bleikur/silfur. Dýnustærð: B90 x L200 sm.

SPARIÐ 10.000,-

VERÐ ÁÐUR 34.900,-

**24.900,-**

VERÐ ÁN DÝNU



**JANUS sjónvarpsskápur**
Flottur sjónvarpsskápur úr MDF með hvítum háglans. 2 hillur og 2 skúffur. Stærð: B180 x H45 x D37 sm.

SJÓNVARPSSKÁPUR

**29.950,-**

# Fullar búðir!



hoie

DUO 2=1

60°

SPARIÐ 2.000,-

SÆNG OG KODDI ÁÐUR 7.990,-

**5.990,-**

**HØIE UNIQUE sæng og koddi**
Vönduð thermosæng fyllt með 2 x 600 gr. af holtrefjum. Koddinn er fylltur með 500 g. af holtrefjum. Stærð: 50 x 70 sm. Sængurtaska fylgir. Sæng: 140 x 200 sm.



**MERINO BLEND DK ullargarn**
Einstaklega mjúkt og þægilegt ullargarn, fáanlegt í 10 fallegum litum. Superwash. 50 gr. dokka.

FULLT VERÐ: 399,-

**319,-**

50 GR. DOKKA

20% KYNNINGARAFSLÁTTUR



FULLT VERÐ: 695,-

**556,-**

100 GR. DOKKA

**BIG VALUE BABY DK garn**
Einstaklega fallegt og mjúkt garn í fallegum pastel litum. Tilvalið í ungbarnateppin! 100 gr. dokka. 100% acryl.



NÝTT NÝTT!
NÚ FÆST HIÐ FRÁBÆRA GARN FRÁ KING COLE Í RÚMFATALAGERNUM! KOMDU OG SKOÐAÐU ÚRVALIÐ. ACRYLGARN OG ULLARGARN Í FALLEGUM LITUM.
FRÁBÆRT VERÐ!

FULLT VERÐ: 865,-

**692,-**

100 GR. DOKKA

**SPLASH garn**
Frábært sjálfmunstrandi garn. Fáanlegt í 5 fallegum litasamsetningum. 100 gr. dokka. 100% acryl.



8 STK. BARNASOKKAR

**995,-**

**Barnasokkar**
Góðir sokkar á stelpur og stráka. Flottir litir. 8 pör í pakka. Stærðir: 23 - 38.



1 PAR

**1.295,-**



**Vettlingar fyrir börnin**
Margar gerðir af vettlingum og skíðahönskum fyrir börnin. Margir litir og gerðir fáanlegar.



GOTT VERÐ!

1 PAR

**495,-**

**Barnakuldaskór**
Fínir kuldaskór á börnin. Fást í svörtum og bleikum lit.



FULLT VERÐ: 645,-

**516,-**

100 GR. DOKKA

**BIG VALUE DK garn**
Frábært acrylgarn í mörgum fallegum litum. Tilvalið í dúkkuföt, teppi, peysur eða hvað sem er. Frábært og sérlega gott acrylgarn. 100 gr. dokka. 100% acryl.



FULLT VERÐ: 795,-

**636,-**

100 GR. DOKKA

**COMFORT MULTI DK garn**
Mjög fallegt og mjúkt sprengt garn. 100 gr. dokka. 60% acryl og 40% nylon.

**VEISTU SVARIÐ?**



*1. Hvaða deild á Kleppi er verið að loka?*

*2. Hvað heitir framkvæmdastjóri FÍB, Félags íslenskra bifreiðaeigenda?*

*3. Hvað heitir maðurinn sem varð frægur sem „Bónusflaggarinn“?*

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 62

Meirihluti forsætisnefndar Reykjavíkurborgar vill ekki lækka sérfræðistyrki meira:

# Vilja aftengja stjórnmál og fjársterka aðila

**STJÓRNMÁL** Fulltrúar meirihlutans í forsætisnefnd Reykjavíkurborgar taka ekki undir tillögu fulltrúa Vinstri grænna um að framlög til að borga sérfræðiaðstoð fyrir flokkana í borgarstjórn verði lækkuð um 15 milljónir króna.

Þorleifur Gunnlaugsson, fulltrúi VG, benti á í greinargerð með tillögu sinni að greiðsla Reykjavíkurborgar til stjórnmálasamtaka hafi hækkað úr 13,9 milljónum króna árið 2006 í 32,75 milljónir árið 2007. Segir hann þessa miklu hækkun vera langt umfram þörf flokkanna. „Skerðing á fjármagni til stjórnmálaflokka, hvort sem það er frá einkafyrirtækjum eða opinberum aðilum, færir þá nær þeim tíma þegar starfsemin var fyrst og fremst byggð á félögunum í flokkunum sjálfum.“

Ólafur F. Magnússon úr F-lista minnti á fyrri tillögu sína um að framlög til stjórnmálasamtaka í borginni verði felld niður vegna ársins 2010.

Meirihlutinn sagði framlögin þegar hafa verið lækkuð um tólf prósent frá í fyrra og beindi því til borgarráðs að skoða hvort lækka eigi upphæðina á næsta ári.

Fulltrúar meirihluta Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks auk fulltrúa Samfylkingarinnar bentu á að styrkir til stjórnmálasamtaka hafi verið hækkaðir eftir lagasetningu. „Megintilgangur þeirrar lagasetningar var að auka gegnsæi og aftengja tengsl stjórnmála og fjársterkra aðila atvinnulífsins,“ sagði í bókun fjórmenninganna. **- gar**



**ÞORLEIFUR GUNNLAUGSSON** Borgarfulltrúi Vinstri grænna segir styrki til sérfræðiaðstoðar fyrir flokkana í borgarstjórn vera umfram þörf.

Hæstiréttur úrskurðar:

## Mátti kyrrsetja eigur Baldurs

**DÓMSMÁL Kyrrsetningu eigna Baldurs Guðlaugssonar verður ekki aflétt. Hæstiréttur hefur staðfest úrskurð Héraðsdóms Reykjavíkur þess efnis.**

**Sýslumaðurinn í Reykjavík kyrrsetti 193 milljónir á bankareikningum Baldurs að beiðni sérstaks saksóknara, sem rannsakar meint innherjasvik ráðuneytisstjórans fyrrverandi með hlutabréf í Landsbankanum.**

**Í niðurstöðu Hæstaréttar segir að við ákvörðunina þurfi að líta til eðlis peningaeigna, þess að unnt sé að færa fjárhæðirnar, sem séu mjög háar, af reikningunum á skömmum tíma.**

**Auk þess hafi ekki verið bent á aðrar eignir til tryggingar hugsanlegrar eignaupptöku eða annars kostnaðar.**

**- sh**

Kópavogsbær keypti auglýsingar í flokksblöðum:

## Styrkti á rangan hátt

**STJÓRNMÁL** Kópavogsbær kann að hafa farið á skjön við lög þegar hann veitti ekki bein fjárframlög til Sjálfstæðisflokksins árið 2008, heldur keypti auglýsingar í málgögnum flokksins.

Lög um fjármál stjórnmálasamtaka skylda flest sveitarfélög til að leggja stjórnmálaflokkum til framlög hafi þau einn kjörinn fulltrúa í sveitarstjórn eða fleiri, eða náð fimm prósenta fylgi. Ekki er skýrt kveðið á um það í lögunum hvernig þessir styrkir eigi að vera.



**GUNNSTEINN SIGURÐSSON**

Gunnsteinn Sigurðsson bæjarstjóri segir að á næsta fjárhagsári verði þetta öðruvísi, enda á að hans mati að veita bein framlög með peningum: „Það er alveg rétt að þetta á að vera með öðrum hætti,“ segir hann.

Framlögin eiga að dreifast jafnt á alla flokka, miðað við gengi þeirra í kosningum.

Árið 2008 keypti bærinn auglýsingar í ótilgreindum flokksmálgögnum sjálfstæðismanna fyrir 1.850.000 krónur.

Þetta er bókfært sem útgáfustyrkur upp á 1.800.000 hjá flokknum, en sem kaup á auglýsingum hjá Kópavogi.

Fréttablaðið hefur óskað eftir upplýsingum um hvort bærinn hafi keypt auglýsingar í málgögnum annarra flokka 2008 og hve mikið þau málgögn fengu. **- kóþ**



**KEILIR** Keilir er með nýlegar kennsluflugvélar og hýsir erlenda flugnema í fjölbýlishúsum sem bandaríski herinn byggði á Keflavíkurflugvelli. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Evrópubúar sækja í flugnám hjá Keili

**Ekki varð af því að hátt í fimmtíu Kínverjar færu í atvinnuflugmannsnám hjá Keili í Reykjanesbæ í janúar. Stefnt er að því að verkefnið hefjist í haust. Hins vegar streyma Evrópubúar í flugnám hjá Keili.**

**REYKJANESBÆR** Tafir hafa orðið á því að þjálfun kínverska atvinnuflugmanna hefjist í flugskóla Keilis í Reykjanesbæ. Samkvæmt skýrslu sem Capacent vann fyrir bæjarstjórn Reykjanesbæjar nýlega átti verkefnið að hefjast í janúar og skapa tólf störf á árinu. Af því varð ekki. Nú er horft til þess að verkefnið hefjist í haust, segir Hjálmar Árnason, framkvæmdastjóri Keilis. „Kína er stórt land og vinnur á allt öðru tempói en við en það er verið að vinna í þessu.“

„Mín trú er sú að þessi tólf störf gætu orðið að veruleika á árinu,“ sagði Hjálmar Árnason.

Í skýrslu Capacent sagði að strax í upphafi hefði verið gert ráð fyrir að 20 til 50 kínverskir flugnemar dveldu hérlendis við nám í 30 mánuði. .

„Þeim mun síðan fjölga á næstu árum og er áætlað að þeir verði 500 eftir fjögur ár. Fyrir hverja 15 nemendur þarf einn flugkennara,“ sagði í skýrslu Capacent.

„Mikil eftirspurn er eftir þessu námi og samkeppnishæfni Keilis er mikil þar sem öll aðstaða er til staðar og hægt að bjóða húsnæði og flug á mjög hagstæðu verði til þessara aðila.“

Capacent áætlaði að flugverkefnið skapaði 49 ársverk í Reykjanesbæ og 149 milljónir króna í launatekjur á næstu fjórum árum. Þetta væri þó varfærið mat, enda aðeins væri reiknað með stórfum tengdum flugverkefnum sem eru komin lengst á veg.

Þótt Kínverjarnir láti bíða eftir sér gengur flugkennsla vel hjá Keili og segir Hjálmar að eftirspurnin hafi aldrei verið meiri. „Við verðum vör við gríðarlega fjölgun fyrirspurna og skráninga,“ segir Hjálmar.

Nýlega var fyrsti erlendi atvinnuflugmaðurinn útskrifaður frá Keili. Sá er frá Möltu. Á næstu vikum hefja um tíu Evrópubúar atvinnuflugmannsnám hjá Keili. Hjálmar segir að gæði námsins séu mikil, kennsluflugvélar nýjar og með þeim bestu sem þekkjast. Aðbúnaður sé góður og vegna þess hve krónan er veik um þessar mundir sé mjög hagstætt fyrir evrópska flugnema að sækja sér menntun á Íslandi um þessar mundir. „Það getur verið allt að helmingsmunur á verðinu,“ segir Hjálmar. „Þetta er einn af kostum hinnar veiku krónu.“

Fleiri verkefni séu í burðarliðnum og hann hafi fulla trú á því að tólf ný störf verði til í fluginu hjá Keili þetta árið. **peturg@frettabladid.is**





Við flytjum ...

sorpa.is

Hirðum um umhverfið

# Stórt skref í þjónustu

## við íbúa Álftaness, Garðabæjar og Hafnarfjarðar

Í dag klukkan 12:00 opnum við stærstu og fullkomnustu endurvinnslustöðina til þessa að Breiðhellu 8–10, Hafnarfirði. Stöðin að Miðhrauni heyrir sögunni til og þar með þrengsli og umferðarvandræði sem þar sköpuðust. Aðstaðan að Breiðhellu er afar þægileg bæði fyrir viðskiptavini og starfsfólk, nægilegt rými til athafna og gott aðgengi.

## Velkomin
### á opnunarhátíð í dag



Við gerum okkur dagamun af tilefninu og hvetjum alla bæjarbúa til þátttöku í viðburðum dagsins. Trjálfar mæta á staðinn og kynna stöðina með sínum hætti, Barnakór Öldutúnsskóla syngur, FH Haukar og Stjarnan keppa í flokkunarboðhlaupi, heitt kakó, kleinur og vöfflur í boði fyrir alla og allir fá flokkunarpoka. Dagskránni lýkur kl. 16.

Ný endurvinnslustöð að Breiðhellu




SORPA
Endurvinnslustöðvar



**GRAFARI AÐ STÖRFUM** Elvilhomme Desboules heitir hann og var í hópi manna sem unnu að því að taka grafir fyrir þrjátíu óþekkt fórnarlömb jarðskjálftans á Haítí. NORDICPHOTOS/AFP

Engin endurgreiðsla vegna nýrra tannréttinga sem af er ári:

# Unnið að lausn tannréttingadeilu

**HEILBRIGÐISMÁL** Kristín Heimisdóttir, formaður Tannréttingafélags Íslands, er bjartsýn á að deilur tannréttingasérfræðinga og yfirvalda leysist á næstunni. Kristín segir tannréttingasérfræðinga hafi lagt til lausn sem liggi á borði ráðherra. Fulltrúar tannréttingalækna munu funda með starfsmönnum heilbrigðisráðuneytis næsta mánudag.

Deilan veldur því að enginn sem byrjað hefur í tannréttingum á þessu ári hefur fengið endurgreitt frá ríkinu. Tannréttingalæknar hafa ekki viljað samþykkja beiðnir sjúklinga um endurgreiðslu vegna þess að með því að undirrita nýtt eyðublað um slíka beiðni hefðu þeir jafnframt verið að samþykkja nýja reglugerð sem þeir eru afar ósáttir við.

Í henni er meðal annars kveðið á um að það sé í höndum Sjúkratrygginga Íslands að ákveða hvort tannréttingar séu læknisfræðilega nauðsynlegar, og þar með hvort sjúklingar fái endurgreiðslu. Kristín segir ómögulegt að ætla embættismönnum Sjúkratrygginga ríkisins að meta hvort tannrétting sé nauðsynleg, til þess þurfi sérfræðing í tannréttingum. Að sögn Kristínar kostar hefðbundin tannrétting á bilinu 700 til 1.100 þúsund að meðaltali. Hingað til hefur ríkið greitt 150.000 af upphæðinni. **- sbt**



**KRISTÍN HEIMISDÓTTIR** Segir ómögulegt að embættismenn meti hvort þörf sé á tannréttingu eður ei. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Konur á fertugsaldri:

## Tvær stálu úr sjö verslunum

**DÓMSMÁL** Tvær konur á fertugsaldri hafa verið ákærðar fyrir stórfelldan þjófnað úr verslunum á höfuðborgarsvæðinu, svo og hylmingu. Önnur kvennanna stal varningi að verðmæti rúmlega 260 þúsund krónur úr sjö verslunum. Þar má nefna fatnað, hlaupahjól, húsbúnaðarvörur og leikföng.

Hin konan er ákærð fyrir að fara með stallsystur sinni í verslanirnar og aðstoða hana við að koma þýfinu á brott. Tvær verslanir gera kröfu um að konurnar bæti skaðann. **- jss**


Ráðstefna Félags bókhaldsstofa
5. og 6. mars 2010 á Hótel Sögu

**Hlutverk okkar**
í endurreisn þjóðfélagsins

Föstudagur 5. mars

| | |
|---|---|
| 10:30-12:00 | **Haraldur Hansson RSK og starfsmenn DK**<br>*Framtal ársins 2010. Hvaða breytingar verða á framtalinu milli ára?*<br>*Hvað er framundan í rafrænum skilum?* |
| 12:00-13:00 | **Matur** |
| 13:00-14:00 | **Vilhjálmur Bjarnason, lektor við viðskipta- og hagfræðideild HÍ**<br>*Siðferði í viðskiptum og fortíðarmistök. Gagnrýni á reikningsskil* |
| 14:00-14:45 | **Skúli Eggert Þórðarson, ríkisskattstjóri**<br>*Hvað er framundan í skattskilum - nokkrar áhugaverðar staðreyndir?* |
| 14:45:15:00 | **Kaffi** |
| 15:15:16:00 | **Steinþór Haraldsson, lögfræðingur og skattstjóri á Hellu**<br>*Nýlegir úrskurðir og almennar skattalagabreytingar* |
| 16:00:16:30 | **Davíð B. Gíslason hdl. - Momentum - greiðslu og innheimtuþjónusta**<br>*Hvernig verjum við peningana okkar í erfiðu árferði. Kynning* |

Laugardagur 6. mars

| | |
|---|---|
| 10:00-11:00 | **Ólafur Arason, forstöðum. tölvu- og upplýsingakerfa hjá Gildi-lífeyrissjóði**<br>*Rafrænar skilagreinar til lífeyrissjóða, kröfur í gegnum heimabanka o.fl.* |
| 11:00-11:15 | **Kaffi** |
| 11:15-12:00 | **Stefán Svavarsson, endurskoðandi, prófessor við Háskólann á Bifröst**<br>*Hvernig bætum við okkur og siðferði okkar í reikningsskilum.* |
| 12:00-13:00 | **Matur** |
| 13:00-14:00 | **Stefán Jóhannsson, MA ICADC**<br>*Hver er ég? Ég er allt það sem ég finn, en ekki endilega það sem ég held.*<br>*Samspil tilfinninga og hugsana* |
| 14:00-14:30 | **Starfsmenn DK**<br>*Breytingar á viðskiptahugbúnaði, nýjungar kynntar* |
| 14:30-14:45 | **Kaffi** |
| 14:45-16:00 | **Lúðvík Þráinsson, endurskoðandi hjá Deloitte**<br>*Lagabreytingar, breyting frá janúar ráðstefnu, framkomin reynsla.*<br>*Reglur um skattalega og reikningshaldslega meðferð leigusamninga* |

*Allir velkomnir!*

*Verð 23.500 með mat og kaffi báða daga, 14.500 fyrir annan daginn.*
*Skráning fer fram á www.fbo.is, meðan húsrúm leyfir.*

Félag bókhaldsstofa



Auglýsingasími
512 54 01




Allt sem þú þarft...




**TERRY MOORE** Segir Reykjavík minna um margt á bandarískar borgir, nema að hér séu fjarlægðir mjög litlar á bandarískan mælikvarða. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Breytt afstaða til fólksbílsins

**Viðhorf Bandaríkjamanna til skipulags borga hefur breyst að undanförnu segir bandarískur sérfræðingur. Nú er kallað eftir þéttari byggð og betri almenningssamgöngum. Áhyggjur af mengun aukast.**

**SKIPULAGSMÁL** Samgöngur eru lykilatriði í borgum, segir Terry Moore sem rannsakað hefur samband samgangna og landnýtingar. Eins og hann bendir á, og er kannski augljóst, er það eitt fyrsta sem huga þarf að er nýtt hverfi er byggt, hvernig komast eigi þangað. Hvar hverfið er sett niður og hvernig það er tengt við aðra hluta byggðar hefur afgerandi áhrif á hvernig fólk kýs að komast á milli staða. „Það er ekki bara hægt að ákveða að þétta byggð með því sjónarmiði að draga úr bílanotkun, það verður líka að bjóða íbúum upp á leiðir til þess, hafa hjólastíga, góðar gangstéttir, almenningssamgöngur."

Terry bendir á að vegna þess að mjög margar borgir í Bandaríkjunum byggðust upp þegar einkabíllinn var kominn til sögunnar þá tekur skipulag þeirra mjög mikið mið af bílum. Byggðin er dreifð og vegir breiðir og hentugir undir mikla umferð. „En það er ekki hægt að breikka vegi endalaust," segir Terry sem segir viðhorfsbreytingu hafa átt sér stað í Bandaríkjunum undanfarin ár. Fólk kalli nú í auknum mæli eftir þéttari byggð og almenningssamgöngum. Þar vegi umhverfissjónarmið þungt, fólk hafi áhyggjur af mengun af völdum einkabíla, ýmis önnur sjónarmið eins og tími sem fer í að komast til vinnu eru einnig uppi. „Þetta er líka spurning um hvernig lífsstíl fólk vill lifa. Vill það hafa alla þjónustu í göngufæri, eða vill það búa í íbúðahverfi?"

Terry segir stjórnvöld leika lykilhlutverk í að breyta samgönguvenjum, boð og bönn dugi þó skammt.

> „Þetta er líka spurning um hvernig lífsstíl fólk vill lifa. Vill það hafa alla þjónustu í göngufæri,eða vill það búa í íbúðarhverfi?
>
> **TERRY MOORE**
> SÉRFRÆÐINGUR Í BORGARSKIPULAGI

„Það er ekki hægt að banna fólki að ferðast í bíl, en það er hægt að búa til hvata með því að setja á umferðartakmarkanir í miðborgum, með því að setja skatta á bíla og svo framvegis."

Reykjavík minnir um margt á bandarískar borgir og segir Moore, sem kom til landsins í fyrsta sinn á fimmtudag, það greinilegt að hér væru að sumu leyti svipaðar aðstæður. „Vandamálin eru hins vegar alltaf afstæð. Hér er rætt um að Reykjavík sé of dreifð, en ég var þó ekki nema einn og hálfan tíma frá flugvellinum [Leifsstöð] að hótelinu, þrátt fyrir slæma færð. Það er svipaður tími og margir Bandaríkjamenn verja í ferðalög til vinnu á hverjum degi."

Moore bendir einnig á að Reykjavík sé umhverfisvæn á margan hátt og bara það að hús séu hituð með endurnýjanlegri orku sé aðdáunarvert. Hann segir hins vegar mjög skiljanlegt að hér sé umræða um þéttingu byggðar og hvernig megi draga úr mengum af völdum bíla. Hafi fólk áhuga á því þá þurfi að vera raunverulegur valkostur fyrir hendi, fólk taki ekki almenningssamgöngur fram yfir bíla nema þær séu mjög góðar. **sigridur@frettabladid.is**

### TERRY MOORE

Terry Moore starfar við ECONorth í Portland í Bandaríkjunum, auk þess sem hann kennir við University of Oregon og starfar nú tímabundið við kennslu og rannsóknir hjá National Center for Smart Growth í University of Maryland. Hann hefur áralanga reynslu og sérþekkingu á samþættingu samgangna og landnotkunar og efnahagslegum hliðum samgöngustefnu. Hann kom hingað til lands til að flytja erindi á ráðstefnu um sjálfbærar samgöngur og byggðarskipulag sem Háskólinn í Reykjavík stóð fyrir í gær.

LAUGARDAG OG SUNNUDAG
AFNEMUM VIÐ VIRÐISAUKASKATT AF
# ÖLLUM VÖRUM

# TAX FREE

HELGI Í ÖLLUM VERSLUNUM EUROPRIS

## Opið frá kl. 10 til 18 um helgar

**Verslanir:**
Fiskislóð / Korputorgi / Dalvegi, Kópavogi
Tjarnarvöllum 11, Hafnarfirði
Austurvegi, Selfossi / Baldursnesi 8, Akureyri

Europris
ÓDÝRT FYRIR ALLA!

Afslátturinn er á kostnað Europris. Virðisauka er að sjálfsögðu skilað til ríkissjóðs.
Tilboðið gildir frá og með laugardeginum 27. feb. og til og með sunnudeginum 28. feb.
ATH! Önnur tilboð gilda ekki á meðan.




-3kr.
+Vildarpunktar Icelandair



Sæktu um Staðgreiðslukort Olís
og njóttu betri kjara

Alltaf með Staðgreiðslukortinu:

**3 kr. afsláttur** af eldsneytislítranum frá dæluverði.
**2 kr. (1,5%)** afsláttur í formi Vildarpunkta Icelandair.
**5% afsláttur** af vörum, nema tóbaki, tímaritum, símakortum og happdrætti.

Þú getur sótt um Staðgreiðslukortið á olis.is, á næstu Olís-stöð eða í síma 515 1141.

Við höldum með þér!

olís


Hæstiréttur á lokaorðið yfir gæsluvarðhaldsfanga:

# Ramos sendur úr landi

**DÓMSMÁL** Hæstiréttur Íslands hefur með dómi sínum staðfest ákvörðun dómsmálaráðherra og héraðsdóms þess efnis að brasilíski gæsluvarðhaldsfanginn Hosmany Ramos verði framseldur til afplánunar refsingar í heimalandi sínu.

Áður hafði Hæstiréttur fellt úr gildi úrskurð héraðsdóms um að Ramos skyldi framseldur, þar sem fanginn hélt því fram að hnökrar væru á framsalsbeiðninni. Ramos á eftir að afplána rúmlega ellefu ár fyrir mannrán, rán og fleiri brot í heimalandinu. **- jss**



**HOSMANY RAMOS** Með dómi Hæstaréttar lýkur miklu og löngu málastappi. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA




**LYF OG HEILSA** Fyrirtækið beitti sér meðal annars gegn því, í samskiptum við heilbrigðisráðuneytið, að Apótek Vesturlands fengi lyfsöluleyfi. Svo segir í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins.

# Sektað um 130 milljónir

**Samkeppniseftirlitið telur Lyf og heilsu hafa brotið freklega gegn Apóteki Vesturlands í krafti markaðsráðandi stöðu. Með ólíkindum, enda urðum við undir í samkeppninni, segir framkvæmdastjórinn.**

**SAMKEPPNISMÁL** Samkeppniseftirlitið (SE) hefur lagt 130 milljóna króna sekt á Lyf og heilsu vegna misnotkunar á markaðsráðandi stöðu. Brotin beindust gegn Apóteki Vesturlands á Akranesi.

Í ákvörðun SE segir að ýmis gögn sýni að Lyf og heilsa hafi haft skýran ásetning til að koma í veg fyrir það að Apótek Vesturlands yrði sett á stofn þegar það stóð til árið 2006. Þannig hafi forsvarsmenn fyrirtækisins reynt að fá lyfjafræðinginn sem vann að stofnun Apóteks Vesturlands til að hætta við það og koma þess í stað til starfa fyrir Lyf og heilsu. Þeir hafi rætt um að vera fyrri til að opna apótek á Akranesi til að „girða alveg fyrir aðra samkeppni“, reynt að fá Haga, sem ráku verslun í sama húsnæði og Apótek Vesturlands hugðist gera, til að beita sér gegn því að apótekið opnaði þar verslun, og jafnframt, í samskiptum við heilbrigðisráðuneytið, beitt sér gegn því að Apótekið fengi lyfsöluleyfi.

Þegar þessar fyrirbyggjandi aðgerðir dugðu ekki til hafi Lyf og heilsa gripið til markaðsaðgerða, og boðið óeðlilegan afslátt á algengum lyfjum. Í tölvupóstsamskiptum framkvæmdastjórans segir:

„Mér finnst hæpið að hann hafi úthald lengi miðað við þessar forsendur en helst myndi ég vilja sjá lyfseðlafjölda hjá honum fara niður fyrir 30 prósent þá er þetta örugglega búið. Hann tekur líklega á sig að vera launalaus eða launalítill einhverntíma en það gengur ekki til lengdar.“

Framkvæmdastjórinn, Guðni B. Guðnason, sendi frá sér yfirlýsingu vegna málsins í gær þar sem hann lýsir furðu sinni á niðurstöðunni og boðar að málið muni fara alla leið í dómskerfinu. Hann segir meðal annars með ólíkindum að fyrirtækið sé dæmt fyrir brot á samkeppnislögum þegar það varð undir í samkeppninni. Allar aðgerðir fyrirtækisins hafi verið eðlilegar.

Þá gagnrýnir hann það að SE skuli bæði rannsaka mál og taka íþyngjandi ákvarðanir. „Því virðist að sektarákvörðun SE sé réttlæting fyrir ákvörðun um húsleit sem byggð var á afar hæpnum forsendum,“ segir hann.

Ólafur Adolfsson, lyfsali í Apóteki Vesturlands, segist ánægður með að niðurstaða sé fengin í málið. Það hafi tekið allt of langan tíma í rannsókn, en Ólafur kvartaði sumarið 2007. Aðferðirnar sem Lyf og heilsa beittu komi honum á óvart. Hann segist nú vera að skoða það að höfða skaðabótamál á hendur fyrirtækinu. **stigur@frettabladid.is**

## SAMEIGINLEGA MARKAÐSRÁÐANDI

Lyf og heilsa er sektað fyrir misnotkun á markaðsráðandi stöðu þrátt fyrir að vera einungis með um 35 prósenta markaðshlutdeild, að því er fram kemur í tilkynningu frá fyrirtækinu.

Þetta helgast af því að Samkeppniseftirlitið metur fyrirtækin Lyf og heilsu og Lyfjaver, sem rekur verslanir Lyfju, með sameiginlega markaðsráðandi stöðu, eins og það er kallað.

Það þýðir í aðalatriðum að umrædd fyrirtæki geta samhæft hegðun sína á markaðnum án þess að þurfa að taka tillit til keppinauta eða neytenda. Þau eru þannig, sameiginlega, í stöðu til þess að takmarka samkeppni og hækka verð. Þetta þarf þó ekki að þýða að um sé að ræða ólögmætt verðsamráð milli fyrirtækjanna.




# Enn betri Reykjavík

Reykjavíkurborg kallar eftir góðum hugmyndum
á sviði forvarna og fegrunar í hverfum borgarinnar

Auglýst er eftir umsóknum um styrki úr Forvarna- og framfarasjóði Reykjavíkurborgar.

Upplýsingar um úthlutunarreglur og umsóknareyðublöð er að finna á vef Reykjavíkurborgar.

www.reykjavik.is/ennbetri

Verkefnin geta komið frá einstaklingum, fyrirtækjum, félagasamtökum eða stofnunum en þau verða að fela í sér eitt af eftirfarandi:

> Fegurri ásýnd hverfis
> Eflingu lýðheilsu
> Aukið öryggi íbúa
> Forvarnir í þágu barna og ungmenna
> Samstarf íbúa, félagasamtaka, fyrirtækja og borgarstofnana

Nýjar kiljur á vetrartilboði í dag og á morgun - hafðu það notalegt um helgina

# Lestrarveður?










**Góði elskhuginn**
Steinunn var tilnefnd til Íslensku bókmenntaverðlaunanna fyrir Góða elskhugann.

**Týnda táknið**
Mögnuð spenna frá upphafi til enda, þar sem táknfræðingurinn Robert Langdon er í aðalhlutverki.

**Himnaríki og helvíti - Harmur Englanna**
Hafi djöfullinn skapað eitthvað í þessum heimi, fyrir utan peningana, þá er það skafrenningur á fjöllum. Harmur englanna er sjálfstætt framhald Himnaríkis og helvíts. Snilldarverk eftir Jón Kalman.







**Horfðu á mig**
Horfðu á mig er án efa besta saga Yrsu til þessa. Mögnuð glæpasaga sem fær hárin til að rísa!

**Millennium þríleikurinn í kilju**
Millennium þríleikur Stieg Larsson, um þau Lisbeth Salander og Mikael Blomkvist hefur farið sigurför um heiminn. Þú leggur þessar æsispennandi glæpasögur ekki frá þér fyrr en lestrinum er lokið. Bókunum hefur verið lýst sem Línu langsokk fyrir fullorðna. Nú eru allar bækurnar loksins fáanlegar í kilju.

Tilboð gilda til og með 28. febrúar 2010

Eymundsson.is

**Eymundsson**
*Bóksali frá 1872*

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# OPNUM KL.10 Í DAG

**498** KR.KG
VÍNBER GRÆN OG RAUÐ STEINALAUS

**195** KR.KG
APPELSÍNUR Í LAUSU

**898** KR.KG
GV FERSKAR GRÍSAKÓTILETTUR

Sérskorið ferskt lambalæri þar sem efsti hluti mjaðmabeins og rófubeinið er skorið frá og því er meira kjöt og minna bein á lærinu!

**1398** KR.KG
ÍSLANDSLAMB FERSKT KRYDDAÐ LAMBLÆRI
MERKT VERÐ 1998 KR.KG **30% AFSLÁTTUR**

**1398** KR.KG
KJARNAFÆÐI LONDONLAMB
*ÚR LÉTTREYKTUM ÚRB LAMBAFRAMPARTI*
MERKT VERÐ 1998 KR.KG
**30% AFSLÁTTUR**

**898** KR.KG
GV FERSKT GRÍSASNITSEL

**498** KR.KG
GRÍSAVEISLA: FERSKUR GRÍSABÓGUR

**898** KR.KG
GV FERSKT GRÍSAGÚLLAS

BÓNUS Unnið eingöngu úr grísalæri

**899** KR.KG
BÓNUS BAJONSKINKA
MERKT VERÐ 1198 KR.KG. **25% AFSLÁTTUR**

**398** KR.KG
K.F KOFAREYKT SVEITABJÚGU
MERKT VERÐ 499 KR.KG. **20% AFSLÁTTUR**

**598** KR.PK
NAUTAVEISLU FERSKIR NAUTABORGARAR
4 STK MEÐ BRAUÐI

Colgate GÓÐ TANNHIRÐA

COLGATE TANNKREM 4 TEGUNDIR
100 ml **259 kr stk.**

**972** KR.KG
25% AFSLÁTTUR VIÐ KASSA
OS BRAUÐOSTUR
*MERKT VERÐ: 1296 KR.KG.*

**898** KR.KG
NAUTAVEISLU FERSKT NAUTAHAKK

BÓNUS BÝÐUR BETUR

VISA

OPIÐ: LAUGARD: 10:00-18:00 SUNNUD: 12:00-18:00


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS B
198
KR.PK
RIVO KAFFI 400 gr
VARA HÆTTIR.
598
KR.KG
BÓNUS FERSKUR HEILL KJÚKLINGUR
139
KR.1 LTR
198
KR. 2 FLÖSKUR
HEINZ TÓMATSÓSA 567G
TVÆR FLÖSKUR
BÓNUS
Kjúklingur
Bringur
1598
KR.KG
BÓNUS FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR
139
KR.1 LTR
398
KR. 4 DÓSIR
HEINZ BAKAÐAR BAUNIR
FJÓRAR DÓSIR
TILBÚIÐ Í OFNINN
Í BRAUÐRASPI
1359
KR.KG
K.F FROSNAR LAMBAKÓTILETTUR
MERKT VERÐ 1698 KR.KG. 20% AFSLÁTTUR
39
KR. DÓSIN
EUROSHOPPER MAISKORN
340g / Best fyrir júlí 2010
198
KR.STK
MYLLU SAMLOKUBRAUÐ 770g
139
KR.1 LTR
BÓNUS BÝÐUR BETUR
VISA
OPIÐ: LAUGARD: 10:00-18:00 SUNNUD: 12:00-18:00

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Trúir því einhver að stjórnmálamenn fái knúið fram niðurstöðu um Icesave?

## Valdið er fólksins

**ÓLI KRISTJÁN ÁRMANNSSON SKRIFAR**

Sjónarmið í þá veru að í íslensk stjórnmál skorti sterkan leiðtoga skjóta reglulega upp kollinum í almennri umræðu, þótt vera kunni að þau séu algengari úr einum ranni stjórnmálanna en öðrum.

Í byrjun þessarar viku birti Sturla Böðvarsson, fyrrverandi forseti Alþingis og samgönguráðherra, pistil á Netinu undir yfirskriftinni „Við þurfum þjóðarleiðtoga!“ og helst á honum að heyra að slíkan kost væri að finna í forystu þeirra flokka sem nú eru í stjórnarandstöðu. „Við þurfum öfluga leiðtoga til þess að koma okkur út úr vandanum,“ skrifaði Sturla.

Leiðtogadýrkun hefur leitt þjóðir svo illilega afvega að enn standa opin sár frá því fyrir áratugum síðan og vert að gæta sín á slíkum átrúnaði. Þá virðist sem með leit sinni að leiðtoga til að styðjast við varpi fólk um leið frá sér þeirri ábyrgð að taka sjálft afstöðu og komast að skynsamlegri niðurstöðu um hvaða leiðir eru vænlegastar. Hins vegar má vera að þeir sem lítinn áhuga hafa á að horfast í augu við afleiðingar fyrri átrúnaðar og atburði fortíðar telji þægilegast að leita aftur í skjól einhvers sem hugsar og tekur ákvarðanir fyrir þá.

Fremur en að hlaupast frá aðsteðjandi vanda væri nú óskandi að fólk sýndi þann dug að setja sig inn í mál og taka upplýsta afstöðu. Standi fólk undir þeirri ábyrgð sem því fylgir að vera þegn í lýðræðisríki þarf engan leiðtoga til.

Eftir viku gengur þjóðin að óbreyttu til kosninga um lög um ríkisábyrgð vegna Icesave-samninganna sem Alþingi samþykkti 30. desember síðastliðinn og forseti Íslands neitaði að staðfesta 5. janúar. Reyndar varð leiðarahöfundur fyrir miklum vonbrigðum með forseta sinn þegar hann synjaði lögunum staðfestingar. Fyrsta hugsunin var sú að forsetinn hefði svikið þjóð sína, svikið hana um tiltölulega farsæla lausn á máli sem í allt of langan tíma hafði fengið að standa í vegi fyrir nauðsynlegri endurreisn.

Vonarglæta var þó í því að Bretar og Hollendingar virtust tilbúnir til að endurskoða gerða samninga. Gagntilboð um breytilega vexti og vaxtalaust tímabil kann þannig að vera hagstæðara en sá samningur sem til stendur að kjósa um næsta laugardag. Samninganefnd Íslands er hins vegar komin heim og Bretar og Hollendingar hafa sagst hafa sett fram sitt besta boð og hafa hafnað síðustu hugmyndum íslensku samninganefndarinnar.

Full ástæða virðist til að efast um vilja sumra þeirra sem hæst hafa talað gegn Icesave-samningunum til að komast að nokkurri niðurstöðu í málinu. Í það minnsta þykir undirrituðum ljóst að náist ekki niðurstaða á þessum dögum sem til stefnu eru fram að þjóðaratkvæðagreiðslu þá sé vandséð að stjórnmálaleiðtogar landsins geti nokkurn tímann komið sér saman um að ljúka málinu.

Í komandi þjóðaratkvæðagreiðslu gefst fólki fágætt tækifæri til að taka málið úr höndum misviturra stjórnmálamanna og leiða það til lykta með því að staðfesta lögin sem Alþingi setti í desemberlok. Vandséð er að einhver vaxtaprósentuábati fái vegið upp þann skaða sem frekari töf veldur.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edward **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
Issn 1670-3871

**Kvíðastjórnunarnámskeið**

Átta skipta námskeið er að hefjast á vegum Kvíðameðferðarstöðvarinnar undir stjórn Sigurbjargar J. Ludvigsdóttur og Unnar Jakobsdóttur Smára sálfræðinga. Kenndar verða leiðir hugrænnar atferlismeðferðar til draga úr áhyggjum og almennum kvíða, auka streituþol og vellíðan.

Námskeiðið kostar 39 000 krónur og og fer skráning fram á kms@kms.is eða í síma 822-0043 og lýkur 5. mars n.k. Nánari upplýsingar má finna á: www.kms.is en minnt er á að næsta námskeið við félagsfælni hefst 9. mars n.k.

KMS Kvíðameðferðarstöðin




**AF KÖGUNARHÓLI ÞORSTEINS PÁLSSONAR**

## Þjóðaratkvæði um stjórnleysi

Eftir að Icesave hefur enn steytt á skeri blasir þjóðaratkvæði við. Þegar mál þarf það að gerast með þeim hætti að hún hafi úrslitavald um það á hvern veg þau eru til lykta leidd. Kjósendur eiga að ljúka deilu hvort sem þeir segja já eða nei.

Nú er hins vegar svo komið að lögin sem greiða á atkvæði um eru með öllu marklaus. Þrennt hefur breyst. Í fyrsta lagi hefur ríkisstjórnin með nýju samningstilboði viðurkennt í verki að lögin eru óásættanleg. Í öðru lagi hafa viðsemjendurnir þegar fallist á betri kost en lögin mæla fyrir um.



**ÞORSTEINN PÁLSSON**

Í þriðja lagi hefur stjórnarandstaðan að kröfu viðsemjendanna fengið eins konar úrslitavald um nýja samninga. Hún hefur ekki enn sýnt hvar þolmörkin verða sett. Það gerist tæplega meðan samningaviðræður eru ekki í gangi. Með öðrum orðum: Á borðinu er engin lausn til að kjósa um.

Við ríkjandi aðstæður er því rökrétt að ríkisstjórnin leggi fyrir Alþingi að fella lögin úr gildi og hætti þar með við þjóðaratkvæðagreiðsluna. Það eina sem fæst út úr þjóðaratkvæðagreiðslunni er staðfesting á að landið er stjórnlaust. Gæti ekki verið rétt að bregðast strax við þeirri staðreynd?

## Fullveldið, völdin og ábyrgðin

Það kom ekki á óvart þegar Bretar og Hollendingar gerðu kröfu um að stjórnarandstaðan kæmi að nýjum Icesave-samningum. Sú nýja staða létti lund þorra fólks.

Léttirinn er trúlega skýringin á því að fáir hafa horft á formlega hlið málsins. Með kröfu sinni voru ríkisstjórnir Bretlands og Hollands í raun og veru að brjóta gegn þeim fullveldisrétti þjóðarinnar að hún velji sjálf hverjir fara með stjórn á málum hennar. Það var ríkisstjórnar Íslands en ekki Bretlands og Hollands að kalla stjórnarandstöðuna til.

Afstaða Breta og Hollendinga var þó vel skiljanleg í ljósi stöðunnar. Athyglisverðast er að ríkisstjórnin féllst á þetta skilyrði athugasemdalaust. Þrátt fyrir öflugan þingmeirihluta gat hún ekki leyst málið og átti því ekki annarra kosta völ nema að segja af sér. Það fannst henni verri kostur. Því tók hún niðurlægingunni hljóðalaust.

Stjórnarandstöðuflokkarnir sýndu ábyrgð með því að koma inn í samninga á þessum forsendum. Þeir þurftu ekki að koma ríkisstjórninni til hjálpar. En fyrir vikið hvílir pólitíska ábyrgðin á lausn málsins nú bæði á stjórn og stjórnarandstöðu. Lagalega ábyrgðin hvílir hins vegar alfarið á ráðherrunum.

Þeir hafa sjálfir bent á hættuna á greiðsluþurrð ríkissjóðs leysist málið ekki. Ófullnægjandi aðgerðir í ríkisfjármálum geta haft sömu áhrif. Alþýðusambandið hefur nú bent á að allt stefnir í þá átt. Ríkisstjórnin talar minna um þá hættu sem af þeirri vangetu hennar stafar. Hún ætti þó að sjá að eðlisþyngd varnaðarorða ASÍ er margföld við það rými sem þau hafa fengið í fjölmiðlum.

Af öllu þessu má draga þá ályktun að ekki verður dregið að brjóta upp þá pólitísku stöðu sem nú hindrar svo augljóslega endurreisnina.

## Minnisblöð og alþjóðatengsl

Einhverjir í bandaríska stjórnkerfinu sáu ástæðu til að leka minnisblaði sem sendifulltrúi þess hér hafði skrifað eftir samtöl við nokkra diplómata í utanríkisþjónustunni. Minnisblaðið vakti athygli fyrir tungutak. Stundum er nauðsynlegt að diplómatar noti annað tungutak en lærist í forskriftarbókum hefðarsiðfræðinnar.

Þetta minnisblað hefði hins vegar átt að vekja umræðu um aðra og alvarlegri hluti en tungutak. Birting þess afhjúpar á afar einfaldan hátt pólitíska einangrun Íslands í samfélagi þjóðanna. Hún rifjar upp þá nöpru staðreynd að fulltrúar Seðlabankans gengu bónleiðir til búðar í Seðlabanka Bandaríkjanna fyrir tveimur árum. Á sama tíma fengu seðlabankar annarra Norðurlanda bæði áheyrn og úrlausn.

Ástæðan er ekki sú að umheimurinn hafi snúist gegn Íslandi og gert Íslendinga að óvinum sínum. Við þurfum að líta í eigin barm og spyrja hvort rétt stöðumat hafi ráðið afstöðu okkar til alþjóðasamskipta á liðnum áratug. Það á bæði við um Bandaríkin og Evrópu.

Það er oflátungsháttur að halda að með einu samtali sé unnt að stilla öðrum þjóðum upp við vegg þegar allt er komið í óefni og segja þeim að koma til bjargar. Skilningur á sérstökum aðstæðum byggist aðeins upp með langvarandi gagnkvæmum samskiptum þar sem báðir aðilar leggja sitt af mörkum.

Aðeins með því að rækta þann jarðveg varðveitum við raunverulegt fullveldi þjóðarinnar í alþjóðasamfélaginu. Endurreisnin kallar á endurmat á því hvernig við nálgumst utanríkispólitísk viðfangsefni. Við þurfum að koma ár okkar betur fyrir borð á ný.

Það er misskilningur að þeir séu mestir Íslendingar sem tala af mestu stærilæti í garð annarra þjóða eins og tilhneiging hefur verið til. Hitt er farsælla að þróa og taka ný skref í fjölþjóðasamstarfi Evrópuþjóða á þeim grunni sem lagður var fyrir sextíu árum.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
**MENNING:** Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Til hamingju, tónlist

**UMRÆÐAN**
Sigursveinn Magnússon skrifar um tónlist


SIGURSVEINN MAGNÚSSON

Góður vinur stöðvaði mig á götu fyrir nokkru algjörlega flaumósa.

Rifjaði upp nýlega tónleika þar sem unglingar höfðu flutt 9. sinfóníu Beethovens í tvígang fyrir fullu húsi hér í Reykjavík. „Hvað er að gerast?“ sagði hann. „Fyrir aðeins fáeinum áratugum, þótti það stórvirki að Sinfóníuhljómsveit Íslands og Söngsveitin Fílharmónía skyldu ráða við að flytja þetta öndvegisverk og nú gera börnin okkar sér leik að því að flytja þessa stóru hljómkviðu. Eru þau svona miklu gáfaðri og tónvissari en við, foreldrarnir? Svo fór ég að hugsa málið,“ hélt hann áfram. „Hvaðan kemur allur sá skari æskufólks sem er skapandi í músík. Af hverju blómstra hátíðir á borð við Síðan fór ég suður, Iceland Airwaves, Músíktilraunir, Skrekkur, Söngvakeppni skólanna, Evrovision, Ungsveit Sinfóníunnar, Sinfóníuhljómsveit tónlistarskólanna, Norðurlandameistarar í djassi, Sinfóníuhljómsveit Íslands, Ungfónían, Kammersveit Reykjavíkur, Sinfóníuhljómsveit Norðurlands, Íslenska óperan, ekki er hér rúm til að nefna ótal hópa sem kenndir eru við „krúttkynslóð“ og flytja tónlist víða um heim. Tónlistarhátíðir: Þjóðlagahátíð á Siglufirði, Myrkir músíkdagar, Berjadagar, Reykholtshátíð, Sumartónleikar í Skálholti, Djasshátíð í Reykjavík, Djasshátíð Austurlands, Listasumar á Akureyri, Tónlistarstarf á Hólum í Hjaltadal, á Klaustri, Við Djúp, Kirkjulistahátíð, Listahátíð í Reykjavík, þúsundir syngjandi radda í skólum og kirkjum, sem lyfta andanum og telja í okkur kjark á tímum erfiðleika og andstreymis.“ Svona lét vinur minn dæluna ganga og geystist yfir þetta víða svið.

En hvað hefur breyst? – Ekkert sprettur af engu. – Árið 1966, er stórvirki Beethovens var fyrst flutt og Ísland kvaddi sér hljóðs á þessu sviði heimsmenningarinnar, var blekið rétt að þorna af nýrri lagasetningu Gylfa Þ. Gíslasonar um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla, en þar með hófst menningarsókn, sem enn sér ekki fyrir endann á. Það var þetta sem félagi minn reyndi að átta sig á. Allt of fáir sjá þessa atburðarás í samhengi. Fyrir tilstilli lagasetningar Gylfa og síðar Vilhjálms Hjálmarssonar urðu til tækifæri til menntunar í hljóðfæraleik og söng og með árunum varð til fjöldahreyfing sem ber uppi þessa miklu grósku. Hvert væri menningarstig okkar ef framsýni þessara frumkvöðla á hinu menningarpólitíska sviði hefði ekki notið við? Tónlistarskólar um allt land helga sér laugardaginn 27. febrúar til að kynna starf sitt. Á heimasíðum þeirra má fræðast nánar um dagskrá á hverjum stað. Sækjum þá heim og gleðjumst með kennurum og nemendum yfir góðum árangri. Til hamingju með daginn.

*Höfundur er tónlistarskólastjóri.*

# Bandarískir draumar

**UMRÆÐAN**
Vigdís Hauksdóttir skrifar um samskipti Íslands og Bandaríkjanna

Í fréttum hefur verið greint frá aðgerðum utanríkisráðuneytisins til þess að afla stuðnings frá Bandaríkjamönnum vegna Icesave. Óskaði utanríkisráðherra eftir fundi með Hillary Clinton með frekari málaleitan í huga. Auðvitað eigum við að ræða þessi mál við sem flestar þjóðir enda hefur málflutningur okkar framsóknarmanna verið á þá leið. Það er undarlegt að utanríkisráðherra Íslendinga skuli ekki gera sér grein fyrir stöðu Bandaríkjamanna gagnvart Bretum og Hollendingum.


VIGDÍS HAUKSDÓTTIR

Bandaríkjamenn heyja stríð í Írak og Afganistan undir nafni NATO. Í örvæntingu leita þeir leiða til þess að einangrast ekki í stríðsrekstrinum. Þeir hafa lagt hart að Bretum og Hollendingum að draga ekki herlið sitt til baka og jafnvel hafa þeir lagt fram kröfu um að fjölga hermönnum. Ég trúi því að Bretar og Hollendingar séu áhugalitlir um þennan hernað og vilji koma sér þaðan. Hollenska stjórnin er fallin vegna ágreinings um stríðsreksturinn og breska ríkisstjórnin sætir mikilli gagnrýni. Ljóst er að þessar þjóðir halda herliði sínu þarna eingöngu af undanlátssemi við Bandaríkin og gjalda fyrir það heima. Bretar og Hollendingar hafa eytt hundruðum milljarða vegna þessa, fyrir Bandaríkjamenn, og hafa sætt miklu mannfalli. Svo virðist nú sem breska ríkisstjórnin falli líka á næstu dögum.

Bandaríkjamenn þurfa á allri aðstoð að halda frá Bretum og Hollendingum sem unnt er að fá. Þeir eru í engri stöðu til að beita þessar þjóðir þrýstingi í þágu Íslands. Að auki má benda á að diplómatísk samskipti Íslendinga við Bandaríkjamenn hafa ekki verið í lagi undir forystu Össurar Skarphéðinssonar. Sendiherra Bandaríkjanna fór af landi brott fyrir rúmu ári og ekki hefur nýr sendiherra verið skipaður eftir að Robert S. Connan, sem Obama tilnefndi, hætti við að þiggja embættið í fyrra. Í hvaða stöðu telur Össur sig vera til að skipa svo fyrir að senda embættismenn í bandaríska sendiráðið með hótanir um stuðning? Í morgunútvarpinu á Rás 2 sagði Össur að hann væri stoltur af þeirri hörku sem starfsmenn hans hefðu sýnt í viðræðum við Sam Watson starfandi sendifulltrúa. Já, Össur skipað gætir þú, væri þér hlýtt.

*Höfundur er þingmaður Framsóknarflokksins.*




+ Fáið meiri upplýsingar um hvað er hægt að sjá og gera í Glasgow með því að fara inn á: www.seeglasgow.com
ICELANDAIR
WWW.ICELANDAIR.IS

# Opið bréf til heilbrigðisráðherra

**UMRÆÐAN**
Árni Stefánsson skrifar um heilbrigðismál


ÁRNI STEFÁNSSON

Ágæta Álfheiður.

Árlega fæðast á Íslandi að meðaltali um 10 börn með skarð í vör og/eða gómi. Kostnaður við munnholsaðgerðir, tannréttingar og talþjálfun þessara barna er vart mælanlegur á skala heilbrigðiskerfisins. Það er því með ólíkindum að stærstur hluti kostnaðarins skuli lenda á foreldrum þeirra. Um áramótin tóku gildi þrjár reglugerðir þínar um endurgreiðslu vegna tannréttinga. Í umfjöllun um reglugerðirnar í útvarpsviðtali í morgunþætti Bylgjunnar þann 3. febrúar sagðir þú meðal annars „… og það sem við gerðum nú um áramótin eða ég var að stórauka þátttöku ríkisins í tannlækningum og tannréttingum barna sem að fæðast með alvarlega galla, skarð í vör/góm, mikla tannvöntun og þess háttar.“

Jafnframt sagðir þú: „…mér finnst það brýnast að þeir einstaklingar sem fæðast með galla í munnholi eða lenda í slysum, fái sömu þjónustu og þurfi ekki að borga fyrir hana úr eigin vasa eins og þeir sem brjóta fót eða fæðast með aðra galla …“ og orðrétt bendir á að „stærsti reikningurinn sem ég hef séð vegna tannréttinga barns með meðfæddan galla er 5 milljónir króna sem foreldrar hafa þurft að greiða úr eigin vasa og þetta er auðvitað ekki boðlegt“.

Í ljósi þessara orða skýtur skökku við að í reglugerðunum er skýrt kveðið á um það að endurgreiðsla sjúkratrygginga vegna vinnu tannréttingarsérfræðinga og kjálkaskurðlækna vegna víkkunar efri góms barna með skarð í góm fyrir beinígræðslu sé kr. 138.600 og hámarksendurgreiðsla fyrir tannréttingarmeðferð barna með skarð í vör og góm sé einungis ákveðin kr. 554.000. Jafnframt þessu „verður“ tannréttingameðferðinni að ljúka á innan við 3 árum.

Nú spyr ég:

1) Samkvæmt nýrri reglugerð þinni, sérðu annað fyrir þér en foreldrar með sambærilegt tilvik og þeir sem horfðu á 5 milljóna reikning vegna tannréttinga muni nú horfa á eigin kostnað upp á 4,3 milljónir króna? Þá má jafnframt benda á þá staðreynd að heildarverðbólga síðustu 3 ára hefur verið um 34% og því hefur verð aðfanga og þjónustu hækkað verulega.

2) Hvernig getur þetta talist stóraukin þátttaka ríkisins?

3) Það má nefna mjög mörg dæmi þess að tannréttingar barna með skarð í vör og gómi hafi tekið mun lengri tíma en 3 ár, jafnvel 11-15 ára ferli sem byggir á náinni samvinnu kjálkaskurðlækna, lýtalækna, talmeinafræðinga og tannréttingasérfræðinga. Hvernig rökstyður þú þá ákvörðun að í nýju reglugerðinni er endurgreiðsla háð því að heildartími tannréttingarmeðferðar fari ekki yfir 3 ár og kynnir reglugerðina sem verulega réttarbót?

Sé þetta skjaldborgin sem velferðarstjórnin ætlar sér að slá um börn með skarð í vör og góm og foreldra þeirra barna tel ég einsýnt að margir myndu kjósa að standa fyrir utan hana enda voru réttindi margra betur tryggð með gamla kerfinu og endurgreiðsluhlutfallinu eins dapurlegt og það var nú samt. Séu nýju reglugerðirnar settar með góðum vilja sýnist mér þær, því miður, bera vott um vanþekkingu á viðfangsefninu. Félags- og velferðarsamfélag verður ekki einungis skapað með orðum heldur einnig með athöfnum.

Það er til skammar að agnarsmár minnihlutahópur barna með fæðingargalla, sem er enn alvarlegri en ella vegna sýnileika, skuli sífellt verða hornreka í heilbrigðis- og tryggingakerfinu. Annað hvort vegna áhugaleysis ráðherra eða þess að kerfið virðist ekki ná því sem það telur „ásættanlega“ samninga við tannréttingasérfræðinga og talmeinafræðinga. Hér er ekki um neinar „Icesave“ upphæðir að tefla. Hér er einfaldlega beðið um það að mannréttindi barna með áberandi fæðingargalla séu tryggð án tillits til fjárhags foreldra. Tilfellin eru það fá að líklega myndi árlegur viðbótarkostnaður vera í kringum 10 milljónir eða rétt um einn tíuþúsundasti hluti af kostnaðinum við heilbrigðiskerfið samkvæmt fjárlögum 2010 til að setja þetta í samhengi!

Tveir síðustu forverar þínir í starfi lofuðu að koma þessum réttindamálum í lag en stóðu ekki við það. Gríptu nú daginn og nýttu til góðra verka!

Það sem þarf til er einföld ákvörðun þín um að kostnaður við þessar nauðsynlegu meðferðir flytjist frá foreldrum til hins almenna heilbrigðis- og sjúkratryggingakerfis. Ég er fullviss um það að sátt væri um slíka ákvörðun í samfélaginu.

*Höfundur er viðskiptafræðingur og situr í stjórn Breiðrabrosa.*

# Líndal vegur að persónu

**UMRÆÐAN**
Kristinn H. Gunnarsson svarar Sigurði Líndal


KRISTINN H. GUNNARSSON

Umræða um Icesave er nauðsynleg. Í henni er gerð grein fyrir helstu sjónarmiðum sem uppi eru og færð rök fyrir þeim. Ég hef leyft mér að setja fram skoðun mína á málinu og rökstutt hana í mörgum greinum og pistlum undanfarið ár. Ég tel ótvírætt að lög um innstæðutryggingar mæli fyrir um lágmarkstryggingu á innstæðum í íslenskum bönkum. Þau lög eru innleiðing á löggjöf Evrópusambandsins. Önnur íslensk lög ákveða að meginmál EES-samningsins, ásamt tilgreindum bókunum og viðaukum, hafi lagagildi hér á landi og að skýra skuli lög og reglur til samræmis við EES-samninginn og þær reglur sem á honum byggja.

Allt er þetta til þess að tryggja að sömu lög gildi í öllum EES-löndunum um þau mál sem samningurinn nær til. Íslendingar undirgengust þetta grundvallaratriði með EES-samningnum. Þess vegna eiga allir innstæðueigendur í íslenskum banka rétt til lágmarkstryggingar óháð þjóðerni eða starfsstöð bankans. Þetta er kjarninn í Icesave-deilunni. Íslensk stjórnvöld hafa tryggt sumum innstæður sínar að fullu bæði í orði og verki með beinni ábyrgð ríkissjóðs og fjárframlögum. Þau hafa með samningum og formlegum bréfaskriftum viðurkennt greiðsluskyldu að lágmarki til á innstæðum í erlendum útibúum íslensku bankanna. Þau reyndu á síðustu stundu fyrir bankahrunið að fá Icesave-innstæðurnar felldar undir ábyrgð breska tryggingarkerfisins. Það var óþarfi ef engin lagaskylda hvílir á Íslendingum. Það var líka óþarfi að tryggja allar innstæður á Íslandi að fullu ef engin lagaskylda og ábyrgð er á opinberum aðilum. Það var þá líka óþarfi að breyta leikreglum eftir á og gera innstæður að forgangskröfu í þrotabú. Það er gert á kostnað annarra kröfuhafa. Þeir tapa hundruðum milljarða króna, sem þeir hefðu annars fengið. Íslensk lög eiga að gilda eins um alla sem undir þau falla. Jafnræðisreglan er bundin í stjórnarskrá lýðveldisins. Út frá þessum skilningi málsins legg ég mat á það sem best er að gera fyrir land og þjóð í þessu erfiða og að mörgu leyti ógeðfellda máli.

Sigurður Líndal fór fram á að ég færði rök fyrir því áliti mínu að stjórnvöld hefðu fyrir löngu viðurkennt að greiða lágmarkstrygginguna á Icesave-innstæðunum. Það gerði ég fúslega. Hann kaus þá að krefja mig um rök fyrir annarri fullyrðingu sem hann lagði mér í munn. Þrátt fyrir það ákvað ég að leitast við svara henni af bestu getu í stuttu máli. Viðbrögð Sigurðar eru mér veruleg vonbrigði. Þau eru ekki skoðanaskipti. Útúrsnúningur, orðhengilsháttur og afflutningur eru ekki framlag til umræðu og hjálpa ekki lesandanum til þess að komast að upplýstri niðurstöðu. Sigurður Líndal gerir lítið úr eigin ævistarfi og bregst þeirri skynsemi sem hann hefur áratugum saman leitast við að fá verðandi lögfræðinga landsins til þess að tileinka sér. Verst þykir mér þó þegar hann bregður mér um heilindi og ber á mig annarlegar hvatir. Því vil ég ekki sitja undir og mótmæli því harðlega. Sigurður Líndal verður sér mjög til minnkunar með brigslum sínum. Þá eru menn orðnir algerlega rökþrota þegar gripið er til þess að segja að „er hulin ráðgáta hvað honum gengur til“. Það er hvorki Sigurði né neinum öðrum hulin ráðgáta. Mér gengur það til að leiða málið til bestu og skynsamlegustu niðurstöðu fyrir íslenska þjóð sem völ er á miðað við málavöxtu. Það er mér ekki hulin ráðgáta hvað Sigurði gengur til með þessum ummælum sínum. Hann er að sá efasemdum um heilindi og grafa undan trúverðugleika þess sem orðin beinast að. Sigurður er að vega að persónu og draga mörk milli þjóðarinnar og hennar. Þetta hafa aðrir verið að gera síðustu daga og vegið að fólki sem hefur verið áberandi í umræðunni og er svipaðrar skoðunar og ég. Umræðan er með þessu komin á ómerkilegasta og lágkúrulegasta stig sem unnt er að ná og Sigurður Líndal leggur sitt af mörkum svikalaust. Hann gerir sjálfum sér meiri óleik en mér finnst að hann eigi skilið. Honum ber engin skylda til þess að standa við hlið helstu lýðskrumara stjórnmálanna og á ekki heima í þeirra hópi.

*Höfundur er fyrrverandi alþingismaður.*






Laugardagur 27. febrúar 2010

# PRESSAN

1. tbl - 2. árg

ÓHÁÐUR VEFMIÐILL

# Við eigum afmæli

## Pressan opnaði 28. febrúar 2009




Pressan.is er eins árs og af því tilefni viljum við nota tækifærið og þakka lesendum okkar fyrir frábærar móttökur.

1

www.pressan.is

-eitthvað fyrir alla, á hverjum einasta degi

# Þekking í ríki óttans

**UMRÆÐAN**
Sigurbjörg Sigurgeirsdóttir skrifar um pólitíska umræðu


SIGURBJÖRG SIGURGEIRSDÓTTIR

Yfirlýsing formanns Framsóknarflokksins, Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar, um að vísa beri prófessor Anne Sibert úr peningastefnunefnd Seðlabankans vegna greinar sem hún birti sem fræðimaður á veftímaritinu Voxeu.org bendir óneitanlega til þess að lítið hafi breyst í heimi stjórnmálanna við hrunið. Íslenskir fræðimenn hafa búið við hótanir af þessu tagi í áraraðir. Nú má helst enginn hafa sjálfstæða þekkingu og tjá sig um IceSave vegna þess að samningar standa yfir um IceSave. Fyrir hrun bankanna mátti enginn hafa sjálfstæða þekkingu og fjalla um málefni bankanna á opinberum vettvangi. Það var of viðkvæmt fyrir markaðinn og gat valdið áhlaupi á bankana.

Í grein í Fréttablaðinu 19. febrúar sl. gengur formaðurinn svo langt að ætla þessum fræðimanni að vera þátttakandi í pólitík og pólitísku útspili. Það er þröngsýni stjórnmálamanns að halda að allir vilji stunda pólitík. Anne Sibert veitir Seðlabanka Íslands sérfræðilega þjónustu með setu sinni í peningastefnunefnd. Að öðru leyti er Anne Sibert þekktur fræðimaður sem hefur ekki áhuga á pólitík í sjálfri sér, en hefur eins og flestir fræðimenn meiri áhuga á fræðilegri þróun þekkingar í opnum umræðum við aðra fræðimenn. Fræðimönnum er almennt meira umhugað um faglegan heiður sinn en athygli stjórnmálamanna, enda liggur að baki þrotlaus vinna í harðri samkeppni innan fræðaheimsins. Þar er mikið í húfi fyrir fræðimann sem vill vera tekinn alvarlega sem slíkur, en það er nokkuð sem íslenskum stjórnmálamönnum hefur reynst erfitt að skilja.

Heimur stjórnmálanna og fræðaheimurinn eru nokkuð aðskildir heimar. Það sem tikkar í pólitík tikkar ekki í fræðaheiminum. En það er eðli nútímaríkis og lýðræðisþróunar í frjálsum samfélögum að þar eru margir gerendur, þ.e. gerendur á sviði stjórnmála, þekkingar, upplýsinga, hagsmuna og almenningur. Þessir heimar skarast og í siðuðum samfélögum þar sem margir taka þátt í umræðunni fer betur á rökræðu en hótunum.Þá á enginn einn að hafa það hlutverk að „stjórna“ umræðunni. Það er einræði. Þöggun og skortur á gagnrýnni umræðu áttu sinn þátt í hruninu. Þá var það fyrst og fremst heimur viðskiptalífsins sem hafði með aðstoð íslenskra stjórnmálamanna yfirtekið upplýsingastreymi til almennings í landinu og skrúfað þannig fyrir súrefnið í stjórnkerfi lýðræðisins.

Íslensk stjórnmál sem ætla að lifa af áskoranir 21. aldarinnar verða að laga sig að þeirri staðreynd að stjórnmálamenn þjóðríkja eru stjórnmálamenn í alþjóðlegu samhengi, en ekki bara stjórnmálamenn í sínu kjördæmi. Með aukinni þekkingu, betra aðgengi að upplýsingum og alþjóðlegri skírskotun fjölgar gerendum sem geta haft bein eða óbein áhrif í heimi íslenskra stjórnmála, gerendum sem stjórnmálamenn nútímans hafa ekkert vald yfir, gerendum sem eiga ekkert undir íslenskum stjórnmálamönnum. Þessi þróun kann að vera ógn fyrir stjórnmálamenn sem vilja halda í þrönga flokkspólitíska hagsmuni, en hún kann þó að eigi eftir að koma lýðræðinu til bjargar.

Það er barnaskapur formannsins að halda að í skrifum prófessorsins sé eitthvað nýtt að finna fyrir viðsemjendur Íslendinga í IceSave-deilunni. Allar upplýsingar sem prófessorinn notar í greiningu sinni eru opinberar upplýsingar. Þá get ég fullvissað formanninn um það að í ráðuneytum Bretlands og Hollands er e.t.v. að finna ítarlegri greiningar á stöðu Íslands en finna má hér á landi. Það sem meira er, þar gæti einnig verið að finna betri forsendur að greiningu á möguleikum og tækifærum Íslands en fram hafa komið hér á landi.

Þetta kemur til af því að í fyrsta lagi hafa stærri samfélög aðgang að stærra úrtaki fólks til að byggja upp hóp góðra sérfræðinga. Það gefur meira svigrúm til að skipulegga stjórnkerfið með þeim hætti að kostir sérhæfingarinnar nýtast sem best. Í öðru lagi þá eru í Hollandi og Bretlandi sérfræðingar innan stjórnsýslunnar sem hafa fengið starf sitt með því að þreyja samkeppnispróf og fara í gegnum þröngt nálarauga ráðningarnefnda og eru því að störfum eingöngu vegna verðleika sinna og hæfni. Í þriðja lagi, þarna er sérfræðingum upp á lagt að horfa til lengri tíma og fást við vandasamar hagfræðilegar, pólitískar og stjórnsýslulegar greiningar með alþjóðlegri skírskotun dag út og dag inn. Þarna eru sérfræðingar sem líta á Ísland sem sjálfstætt, fullvalda, norrænt ríki og skoða hagsmuni þess út frá þjóðarhagsmunum landsins í heild, en eru ekki bundnir af nýlenduótta eða staðbundinni pólitík og hagsmunum einstakra kjördæma.

Sýn sem hafin er yfir ótta og þrönga hagsmuni gæti breytt mörgu um framtíð Íslands.

*Höfundur er stjórnsýslufræðingur.*

# Sannast sagna

**UMRÆÐAN**
Heiða Björg Pálmadóttir skrifar um barnaverndarmál


HEIÐA BJÖRG PÁLMADÓTTIR

Vigdís Erlendsdóttir sálfræðingur hefur í tveimur greinum í Fréttablaðinu, 18. og 23. febrúar sl., gagnrýnt Barnaverndarstofu vegna máls sem varðar kynferðislegt ofbeldi af hálfu starfsmanns meðferðarheimilisins að Árbót gegn stúlkum á heimilinu. Svar stofunnar vegna fyrri greinarinnar birtist hinn 20. febrúar. Í þessari grein verður gerð lokatilraun til að leiðrétta rangfærslur Vigdísar. Vegna trúnaðar við þau börn, sem hlut eiga að máli, getur Barnaverndarstofa, eðli málsins samkvæmt, ekki rakið málið í smáatriðum.

Vigdís hefur ekki komið að þeim málum sem hún fjallar um enda bera greinaskrifin með sér að höfundur hefur takmarkaðar upplýsingar um málið og framvindu þess, bæði hjá barnaverndaryfirvöldum og réttarvörslukerfinu. Einnig bera greinarnar með sér takmarkaða þekkingu á þeim grundvallarreglum, sem íslenskum stjórnvöldum ber að fara eftir í störfum sínum, og þeim greinarmun sem gera verður á heimildum yfirvalda til þess að gera kröfur á samningsaðila, vegna þjónustusamninga sem í gildi eru, og þess að hafa húsbóndavald í vinnuréttarlegum skilningi.

Í seinni grein Vigdísar er því ranglega haldið fram að lögreglurannsókn á árinu 2009 hafi verið tekin upp að frumkvæði barnaverndarstarfsmanns og að aðrir en Barnaverndarstofa hafi að lokum leitt málið til lykta. Hið rétta er að bæði málin, vorið 2008 og 2009, voru tekin upp fyrir tilverknað þeirra stúlkna sem í hlut áttu og sögðu frá ofbeldinu. Málin voru frá upphafi unnin í góðri samvinnu Barnaverndarstofu og þeirra barnaverndarnefnda sem málin vörðuðu. Þetta á við um framlagningu kæru, skýrslutökur af stúlkunum og ákvarðanir um framhald á vistun stúlknanna eða meðferðarrof eftir atvikum. Eðlilega er ákveðin verkaskipting viðhöfð í samvinnu þessara aðila í samræmi við lögbundin hlutverk þeirra. Þannig kom það t.d. í hlut barnaverndarnefnda að leggja fram kæru til lögreglu og Barnaverndarstofu að gera ráðstafanir sem lutu að meðferðarheimilinu og sakborningi. Önnur atriði eru unnin sameiginlega, svo sem tilhögun og framkvæmd rannsóknarviðtala, stuðningur við börnin sem málið snerist um svo og ýmis samskipti við réttarvörslukerfið.

Gagnstætt fullyrðingu Vigdísar skal áréttað að í málinu nutu börnin alls vafa. Birtist það í þeirri staðreynd að strax og ásakanir komu upp, bæði vorið 2008 og 2009, voru frásagnir stúlknanna teknar alvarlega, hlutast til um að lögregla rannsakaði málin og starfsmaðurinn látinn víkja á meðan. Sömu sjónarmið búa að baki þeirri meginreglu að útgáfa ákæru réttlæti endanlega uppsögn starfsmannsins þrátt fyrir að dómur hafi ekki fallið. Í þessu felst engin mótsögn. Eðlilegt er að sönnunarkröfur í barnaverndarkerfinu séu minni en við meðferð sakamála þrátt fyrir að ávallt þurfi að gera töluverðar kröfur til sönnunar í slíkum efnum. Hefur það verið staðfest af dómstólum.

Að sama skapi felst engin mótsögn í því að þrátt fyrir umrædda meginreglu geti aðstæður í einstaka málum leitt til þess að krefjast megi að starfsmanni verði sagt upp á fyrri stigum. Fer slíkt mat eftir gögnum í hverju og einu máli. Stjórnvöldum er skylt að meta hvert mál fyrir sig og gæta að þess að ganga ekki lengra en nauðsynlegt er miðað við málavexti.

Áköll um fortakslausar uppsagnir, komi upp grunur um að brotið hafi verið gegn barni, eru hins vegar tilfinningalegs eðlis. Eðlilegt er að slík mál veki upp sterkar tilfinningar en stjórnvöld mega hins vegar ekki falla í þá gryfju að láta tilfinningaleg viðbrögð stjórna vinnslu mála. Þeim ber skylda til að meta málin af yfirvegun með hliðsjón af staðreyndum hvers máls.

Ekki verður séð í hvaða tilgangi Vigdís tengir saman umrætt kynferðisbrotamál og fyrirkomulag eftirlits með starfsemi meðferðarheimila. Slíkt væri að sjálfsögðu skiljanlegt ef unnt væri að sýna fram á tengsl málsins við einhverja hnökra í framkvæmd eftirlits af hálfu Barnaverndarstofu og þeirra kynferðisbrotamála sem Vigdís gerir að umtalsefni. Í þessum efnum er rétt að vekja athygli á því að síðastliðið sumar fól félags- og tryggingamálaráðuneytið sjálfstætt starfandi sérfræðingi að fara yfir málið. Fólst sú úttekt meðal annars í því að meta hvort eftirlit Barnaverndarstofu með meðferðarheimilum á vegum stofunnar væri fullnægjandi. Skemmst er frá því að segja að niðurstaða ráðuneytisins eftir þá úttekt var afar jákvæð og að ekki væri ástæða til að gera efnislegar athugasemdir við eftirlitið.

Hugmyndir, sem birtast í greinum Vigdísar, eru ekki nýjar af nálinni og hefur Barnaverndarstofa til að mynda við ýmis tækifæri lagt til að fela sjálfstæðum aðila að hafa eftirlit með meðferðarheimilum samkvæmt barnaverndarlögum. Stofunni er ekkert kappsmál að hafa slíkt eftirlit alfarið í sínum vegum. Nú síðast lagði Barnaverndarstofa fram slíkar tillögur í tengslum við fyrirhugaðar breytingar á barnaverndarlögum.

*Höfundur er lögfræðingur Barnaverndarstofu.*







Ný og persónuleg jógastöð
Nýtt 4 vikna byrjendanámskeið
hefst 1. mars. Skráning hafin í síma
695 8464 / 772 1025 eða á jogastudio.org
• Hot jóga • Hatha jóga • Byrjendanámskeið
• Krakkajóganámskeið
Innifalið í kortum eru allir opnir tímar ásamt þeirri þjónustu sem boðið er upp á í Veggsport.
JÓGA Stúdíó
Stórhöfði 17 (gengið inn um Veggsport)
Sími: 695 8464 og 772 1025
www.jogastudio.org

# Stórfengleg afmælishátíð í mars

SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS

Það er komið að stærstu viðburðunum í sextíu ára afmæli Sinfóníuhljómsveitarinnar. Hilary Hahn, einn eftirsóttasti fiðluleikari heims, leikur Prokofíev, 200 manns flytja Mahler á afmælistónleikunum og Dafnis og Klói eftir Ravel verður flutt í fullri lengd. Tryggðu þér miða á sinfonia.is eða í síma 545-2500.



JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA

AÐALSTYRKTARAÐILAR

BORGUN Morgunblaðið

## HILARY SPILAR PROKOFÍEV

Fim. 04.03.10 » 19:30

- **W.A. Mozart:** *Sinfónía nr. 39*
- **Sergei Prokofiev:** *Fiðlukonsert nr. 1*
- **Franz Schubert:** *Sinfónía nr. 5*

- **Benjamin Shwartz** hljómsveitarstjóri
- **Hilary Hahn** einleikari

Hilary Hahn er einn fremsti fiðluleikari heims og handhafi Grammy verðlauna. Það verður sann-kallaður stórviðburður í Háskólabíói þegar hún stígur á svið og leikur Prokofíev.

## 60 ÁRA AFMÆLISTÓNLEIKAR SÍ

Fim. 18.03.10 » 19:30

- **Hafliði Hallgrímsson:** *Norðurdjúp (frumflutningur)*
- **Gustav Mahler:** *Sinfónía nr. 2*

- **Rumon Gamba** hljómsveitarstjóri
- **Hillevi Martinpelto** einsöngvari
- **Sarah Connolly** einsöngvari
- **Mótettukór Hallgrímskirkju**
- **Hörður Áskelsson** kórstjóri

Nýtt verk frumflutt eftir Hafliða Hallgríms og yfir 200 manns flytja „Upprisusinfóníu" Mahlers.

## DAFNIS OG KLÓI

Fim. 25.03.10 » 19:30

- **Paul Hindemith:** *Mathis der Maler-sinfónía*
- **Maurice Ravel:** *Dafnis og Klói*

- **Eva Ollikainen** hljómsveitarstjóri
- **Hamrahlíðarkórarnir**
- **Þorgerður Ingólfsdóttir** kórstjóri

Hinn stórkostlegi ballett Ravels er fluttur hér í fullri lengd ásamt ægifagurri Mathis der Maler-sinfóníu sem Paul Hindemith samdi upp úr óperu sinni árið 1934.

**Miðasala** » Sími 545 2500 » www.sinfonia.is » Miðasala í Háskólabíói er opin alla virka daga kl. 9-17 og fram að tónleikum á tónleikadegi

Kynntu þér ævintýralegar ferðir og glæsilega gistimöguleika

bókaðu beint á heimsferdir.is



Ferðabæklingi Heimsferða er dreift með Fréttablaðinu í dag.

# Ferðaævintýri

## Heimsferða vor, sumar og haust

**15.000 kr. afsláttur**

Við bjóðum sérstakan bókunarafslátt, 15.000 kr. á mann, að hámarki 75.000 kr. fyrir fjölskyldu.

Ath. Gildir aðeins á völdum brottförum til Bodrum og Costa del Sol.

Gildir til 8. mars

Tryggðu þér flugsæti og gistingu á þeim tíma sem hentar þér best og bókaðu lægsta verðið á www.heimsferdir.is.



## Bodrum

í Tyrklandi

frá 102.950 kr. – 10 eða 11 nætur





## Costa del Sol

frá 69.900 kr.*

*) Netverð á mann. Flugsæti báðar leiðir með sköttum. Fargjald A.

ENNEMM / SIA • NM41145 Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.

# Tenerife í haust





frá 79.900 kr.*

# Borgarveisla

## í vor og haust

- Barcelona
- Prag
- Budapest
- Sevilla
- Madrid
- Montreal
- Ljubljana
- Helsinki
- Róm

frá kr. 54.900











# Króatía

## Einstök ferð!

**30. júní - 7. júlí**

frá kr. 69.900

Netverð á mann. Flugsæti báðar leiðir til og frá Trieste, með sköttum. Fargjald A.



# Helsinki

## Frábær ferð!

**30. júní - 7. júlí**

frá kr. 54.900

Netverð á mann. Flugsæti báðar leiðir með sköttum. Fargjald A.



## Glæsilegt úrval

# sérferða

- Perlur Slóveníu og Króatíu
- Portoroz í Slóveníu
- Töfrar Andalúsíu
- Náttúruperla í Austurríki
- Töfrandi Tyrkland
- Helsinki - Tallinn



## Golfferðir í vor frá kr. 124.900





**2 frábærar aukaferðir vegna mikilla vinsælda!**

29. apríl – 14 nætur
13. maí – 4 nætur/5 dagar

Heimsferðir

Skógarhlíð 18 • 105 Reykjavík • Sími 595 1000 • Akureyri, sími 461 1099 • www.heimsferdir.is

# Allir eiga rétt á afkomutryggingu

**Svavar Gestsson** var áratugum saman einn af mest áberandi leiðtogum vinstri manna hér á landi. Eftir langa setu á þingi, að hluta til sem ráðherra, gerðist hann sendiherra. Hann lét af störfum um áramótin og flutti heim eftir ellefu ár ytra. Svavar settist niður með *Kolbeini Óttarssyni Proppé* og ræddi sínar hugsjónir og framtíðarsýn um hvað íslensku samfélagi er fyrir bestu.

Eitt af því sem gerist í kreppu er að mönnum hættir til að nota allt of stór orð og það endar með því að stóru orðin, sem eiga að vekja deilur, verða eins og tíst í fugli. Ég hef tekið eftir að menn nota mikið orðið stjórnkerfiskreppa núna. Í rauninni má segja að það sé samt eðlilegt að menn noti þetta orð, eftir synjun forsetans á staðfestingu Icesave-laganna,“ segir Svavar. Hann er ósáttur við Ólaf Ragnar Grímsson forseta í þessu máli.

„Ég tel að forsetinn hafi í þessu tilviki staðið ranglega að málum, miðað við það sem ætlast var árið 1944. Ég tel að hann eigi að beita heimildinni út frá efni málsins, en ekki því hvaða skoðun þjóðin hefur á efninu. Þegar hann ákvað að vísa fjölmiðlalögunum til þjóðarinnar voru hans rök aðallega þau að gjá væri milli þings og þjóðar. Hvað miðaði hann þá við? Það voru skoðanakannanir. Þetta er að mínu mati algjörlega fráleit uppsetning mála. Hann á að vísa málum til þjóðarinnar ef hann telur þau þess eðlis að þjóðin verði að tjá sig um það sem slík, burtséð frá því hvað hún hefur sagt í skoðanakönnunum eða á Facebook-síðum.“



**FRAMTÍÐARSÝN SKORTIR Í STJÓRNMÁLIN** Svavar segir skorta á framtíðarsýn íslenskra stjórnmálaflokka. Þeir þurfi að svara því hvernig á að koma þjóðinni úr kreppunni, hvernig þeir sjái framtíðina fyrir sér. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

### Dæmi um mál

Svavar segir það sama eiga við um Icesave, af því að margir hafi krafist þess að það yrði þjóðaratkvæðagreiðsla, til dæmis á Facebook-síðum, hafi forsetinn orðið við því. Hann nefndi sem dæmi rök Vigdísar Finnbogadóttur um að staðfesta lögin um EES-samninginn. Tugþúsundir hafi krafist þjóðaratkvæðis, en þar sem Vigdís hafi talið að þingið ætti að ráða þessu og að auki verið sammála málinu, hafi hún staðfest frumvarpið. Hennar skoðun hafi byggst á efni málsins.

Vandinn sé hins vegar sá að hvergi sé kveðið á um það hvernig forsetinn á að nálgast mál af þessu tagi. Það ýti undir nauðsyn þess að endurskoða stjórnarskrána.

„Ég skal nefna dæmi um mál sem mér finnst að ætti að fara í þjóðaratkvæðagreiðslu. Segjum að Alþingi samþykki að taka upp dauðarefsingu og þjóðin sé fylgjandi því; jafnvel 80 prósent í skoðanakönnunum og á Facebooksíðum.

Dauðarefsing væri auðvitað engu að síður mjög alvarleg breyting á þeirri mannúðarstefnu sem fylgt hefur verið á Íslandi síðan við urðum sjálfstætt ríki og lengur raunar. Ég tel að ef forsetinn væri á móti því að taka upp dauðarefsingu, þá ætti hann að vísa slíku máli til þjóðarinnar. Þó þjóð og þing væru með því ætti hann að vísa málinu til meðferðar hjá þjóðinni, væri hann andvígur málinu, þar sem það er alger breyting frá þeirri mannúðarstefnu sem fylgt hefur verið. En hann ætti einnig að gera það ef hann væri hlynntur málinu.“

Svavar segir einnig að aðildina að Nató hefði átt að bera undir þjóðaratkvæði, þar sem þar hafi verið um breytingu á hlutleysisstefnu þjóðarinnar að ræða. Annað eigi við um EES-aðildina. „Ég tel ekkert sjálfgefið að hún hefði átt að fara í þjóðaratkvæðagreiðslu vegna þess að hún er að mörgu leyti framhald af þeirri stefnu sem þegar hafði verið mótuð með aðild Íslands að EFTA árið 1970. Það er þá frekar sú ákvörðun sem hefði átt að fara fyrir þjóðaratkvæði.“

### Á að leggja embættið niður?

Svavar segir að synjun forsetans á Icesave gefi tilefni til að endurskoða stjórnarskrána frá grunni. Í því eigi að skoða sérstaklega ákvæði um að skjóta málum til þjóðarinnar. Hann hafi talað fyrir því, ásamt þingmönnum Alþýðubandalagsins, á sínum tíma að stór minnihluti þingmanna gæti krafist þjóðaratkvæðagreiðslu, eða stór hluti þjóðarinnar. Slíkt ætti að taka til athugunar; að þjóðin og þingið hafi ákvörðunarvaldið í stað eins manns.

Aðalatriðið sé að nú þurfi að taka til í stjórnkerfinu, hvort sem það verði gert á stjórnlagaþingi eða í nefnd formanna stjórnmálaflokka og svo á Alþingi. „Það þarf að fara yfir málið og gera breytingar á stjórnarskránni, sérstaklega varðandi forsetaembættið. Það þarf að sjálfsögðu að ræða þann möguleika að leggja embættið niður. Þá þurfi að koma upp reglum um embættið, en þeim sé mjög ábótavant og að mestu upprunnar frá tímum Sveins Björnssonar.

Svavar nefnir sem dæmi um úrelt vinnubrögð að staðfestingu og uppáskrift forseta Íslands þurfi til að ákvarða hvaða umdæmislönd fylgi hverju sendiráði. Ekki dugi til að utanríkisráðherra sjái um málið, líkt og eðlilegt hljóti að teljast.

### Þarf traust á stjórnkerfið

Svavar segir að nauðsynlegt sé að endurvekja traust á stjórnkerfinu, hvort sem um ræði dómsvald, framkvæmdar- eða löggjafarvald. Umhugsunarvert sé að Evrópusambandið hafi gert athugasemdir við dómsvaldið hér á landi.

„Það þarf að vera hér stjórnkerfi sem við treystum, hvort sem við erum dómarar, lögregluþjónar eða lögbrjótar. Við verðum að geta treyst því að við séum meðhöndluð með sanngjörnum hætti.

Framkvæmdarvaldið þarf líka að vera sanngjarnt en einnig skilvirkt. Ef framkvæmdarvaldið getur ekki klárað mál þá verður bara að leysa hlutina öðruvísi.

Það þarf að búa til virkt kerfi sem skilar árangri, með fullri virðingu auðvitað fyrir lýðræði og þingræði. Framkvæmdarvaldið verður að skila sínum verkum, til þess er það. Og ráðherrar, þeir sitja ekki til að gera vinsæla hluti, heldur óvinsæla. Það er svo auðvelt að gera hina vinsælu, það geta allir.“

### Vantar framtíðarsýn

Svavar segir okkur upplifa erfiðustu tíma sögunnar, mun erfiðari en í kreppunni þar sem höggið sé mun meira. Á sama tíma hafi það gerst að vinstri menn hafi komist til valda og geti sýnt hvað í þeim býr, hvort þeir geti leyst erfið og flókin vandamál. Nú sé eitt og hálft ár liðið frá hruninu og enn sé verið að bregðast við, nokkuð skorti hins vegar á að horfa til framtíðar.

„Geir H. Haarde stóð allt í einu frammi fyrir því að himnarnir hrundu yfir hann og það er engin furða þó menn kunni kannski ekki endilega að bregðast við svoleiðis hlutum í smáatriðum. Það er ósanngjarnt að ætlast til þess að menn hafi viðbragðsáætlun gegn því að himnarnir hrynji, það er ekki gert ráð fyrir því, þó menn hefðu getað hagað sér öðruvísi áður en til hrunsins kom.

Eins var það með stjórn Jóhönnu og Steingríms, hún þurfti að bregðast við og taka á málum. Fara yfir hlutina varðandi heimilin og varðandi fyrirtækin og allt þetta. Það þurfti til dæmis að stilla saman Atvinnuleysistryggingasjóð og Lánasjóð íslenskra námsmanna. Þetta var allt í einu nýtt vandamál sem þurfti að takast á við út af hruninu.

Nú eru hins vegar liðin þrjú misseri frá hruninu og mér finnst að eigi að gera þá kröfu til stjórnmálaflokkanna að þeir, hver fyrir sig, geri grein fyrir því hvernig þeir sjá framtíðina fyrir sér. Aðilar vinnumarkaðarins hafa auðvitað lagt heilmikið af mörkum, eins og Samtök atvinnulífsins og Alþýðusamband Íslands. Ég verð reyndar að segja að mér finnst það skrítið hvað menn þar eru alltaf sammála. Ég vissi ekki annað en að við byggjum í stéttaþjóðfélagi. Og ég vona að ASÍ hafi ekki gert slagorðið stétt með stétt að sínu. Ég vissi að SA hefði gert það en hafi ASÍ líka gert það kemur það mér á óvart.

En núna finnst mér að stjórnmálaflokkarnir eigi að reyna að gera grein fyrir einhverri framtíðarmynd. Hvernig eigum við að fara út úr þessu?“

### Að tryggja afkomu allra

„Mér finnst þurfa að horfa á praktísk atriði eins og hvernig fólk kemst af. Hvernig á alþýðufólk að komast af í þessu landi? Það eru til alls konar greiðsluplön og greiðsluaðstoð og allt það, og það er fínt. Það hefur mjög margt gott verið gert, en það má ekki gera starfsmenn bankanna og fjármálastofnana að eyðublaðasérfræðingum. Þetta snýst ekki um eyðublöð. Þetta snýst um að venjulegt fólk þarf mat og húsaskjól fyrir sig og börnin sín, það þarf að komast á milli staða.“

Svavar vill dusta hugtakið af gömlu baráttumáli Alþýðubandalagsins, afkomutryggingu. „Við sögðum þá: hver maður þarf þetta til að komast af, hann borgar þetta í fæði, þetta í húsnæði, þetta í ferðalög og þetta í menningu og þá getur hann kallast menningarvera. Á þetta á að horfa og það er kosturinn við lítið samfélag að við eigum að geta tekið á þessu á einstaklingsgrundvelli.

Við þurfum ekki að segja um fólk í vanda „34.852“, við vitum ekki hvað það er einu sinni. Við bara þekkjum Jón Sigurðsson og Björn Jónsson og Sigríði Finnbogadóttur. Þetta er bara venjulegt fólk með fjölskylduna sína í íbúðinni sinni og með bíldrusluna

sína og allt það. Nú þarf að spyrja alla flokka, hvernig sjáið þið afkomu fólksins fyrir ykkur í þessu landi?“

Svavar segir grundvallaratriði þess að hægt sé að koma á afkomutryggingu að efnahagslífið komist á réttan kjöl. Ekki sé hægt að skilja á milli velferðarkerfisins og efnahagslífsins, auðveldara sé auðvitað að fjármagna velferðina sé efnahagslífið í blóma.

„Það þarf að setja upp heildarstefnu fyrir þjóðina um það hvernig afkomutrygging einstaklinganna og þjóðarinnar til frambúðar verður tryggð. Ég vil, sem kjósandi, spyrja flokkana, hvað eruð þið með?

### Einn ríkisbanka

Svavar telur skynsamlegt að starfrækja einn ríkisbanka hér á landi. Það muni tryggja samanburð í rekstri og virkni í fjárfestingu. Þá þurfi að velta því fyrir sér hvort bankarnir eigi sjálfir að kaupa hluti í atvinnulífinu. Það sé óheimilt í Danmörku og því settar skorður í Þýskalandi.

„Ég tel óhemju mikilvægt að það verði tekið á því að sparifjáreigendur geti treyst því að farið sé eðlilega með peningana þeirra. Ég tel að Íslendingar eigi að ákveða að taka þátt í alþjóðlegum tryggingasjóðum banka og sparifjáreigenda. Kapítalið er alþjóðlegt, það er nú gömul saga, en vinnuaflið á í raun heldur engin landamæri.

### Vill alþjóðasáttmála

Svavar telur að á næstu tíu til tuttugu árum þurfi að koma á fót þremur alþjóðlegum samningum um grundvallaratriði.

„Í fyrsta lagi samning gegn fátækt þar sem auðæfum heimsins sé skipt jafnar. Það þarf að tryggja að Afríkuríki geti selt vörur sínar hömlulaust á markaði okkar auðkýfinganna, sem við Íslendingar tilheyrum. Að koma á fót alþjóðlegri fríverslun en þó með eftirliti þannig að ekki sé hægt að hindra eðlileg samskipti í þágu ríkra landa.

Þá þarf að koma á fót sáttmála í friðar- og öryggismálum og í þriðja lagi sáttmála um umhverfismál.

Maður þarf að sjá fyrir sér veröldina á næstu tíu til tuttugu árum með þessum þremur regnhlífarsamningum og innan þeirra séu aðrir þættir og bandalög svæða, til að mynda.

Ég hefði viljað sjá að flokkarnir hér heima kæmu sér upp alþjóðastefnu í efnahags-, umhverfis- og friðar- og öryggismálum. Að þeir hugsi sín mál þannig og kynni þau.“ Svavar segir þetta geta verið tengt afkomutryggingu á þann hátt að horft verði til einstaklinganna og þess hver eru til dæmis þeirra umhverfisspor.

### Nýja hugsun

Hugmyndir Svavars eru kannski útópískar, segir hann, en menn verði einfaldlega að sjá eitthvert ljós, sýna neista framtíðarinnar. Flokkarnir þurfi að svara því hvernig á að komast úr kreppunni til framtíðar.

„Það gerum við ekki með því að segja, nú byggjum við hér 23 álver. Það er gamla hugsunin eins og var hér eftir stríð.

Það einkenndist í mismælum frambjóðanda Alþýðuflokksins í Eyjafirði sem sagði: Okkar stefna er nýsköpunartogara á hvert heimili. Þá hugsuðu menn ofan frá og að ríkið gæti bara reddað þessu öllu og keypt togara. Það sama á við um að byggja álver. Blaðamenn, sem ganga atvinnulausir, gætu eins sagt: ríkið gefur bara út dagblað, stækkum Lögbirtingablaðið.

Það er ekki sú aðferð sem mér hugnast. Ég vil nota markaðsþjóðfélagið eftir reglum sem eru lýðræðislega ákveðnar af sanngjörnu og öflugu framkvæmdarvaldi. Og við þurfum Fjármálaeftirlit sem þorir að vera Fjármálaeftirlit og Seðlabanka sem þorir að vera Seðlabanki.“



**ÞOR** Svavar segir að Fjármálaeftirlitið þurfi að þora að vera Fjármálaeftirlit.
FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

### ➜ ALLT SAMHENGI VANTAR Í MÁLIÐ

Svavar fór fyrir samninganefndinni sem náði samningum um Icesave í júní í fyrra. Hann hefur orðið fyrir hörðum árásum eftir þann samning.

Svavar segir þeim spurningum ekki hafa verið svarað hvað hefði gerst ef málið hefði verið klárað strax. Ljóst er að atvinnuleysi væri mun minna, vextirnir lægri og gengið hagstæðara. Hagspá ASÍ, sem kynnt var á fimmtudag, hefði litið mun betur út. Þá telur hann málið ekki hafa verið sett í samhengi þegar til þjóðaratkvæðagreiðslu kemur.

„Þjóðaratkvæðagreiðslan út af fyrir sig getur verið ágæt, en hún þarf þá að vera um heild, ekki eitt atriði af mörgum. Icesave-málið er eitt atriði af mörgum í efnahagsvélinni. Það að leggja það fyrir þjóðaratkvæði eitt og sér, það er eins og að leggja tekjuhlið fjárlaga sér og gjaldahlið sér fyrir þjóðina.

Auðvitað mundu allir hafna tekjuhliðinni, af því að menn vilja ekki borga skatta. En menn myndu segja já við gjaldahliðinni af því menn vilja gjarnan fá skóla og sjúkrahús og vegi.“


ÓDÝRI
SPORTVÖRU-
MARKAÐURINN

Í Intersport Bíldshöfða er opinn um helgina!

5 VERÐ Í GANGI

1000 KR
2000 KR
3000 KR
4000 KR
5000 KR

INTERSPORT
BÍLDSHÖFÐA SÍMI 585 7220 Mán. - föstud. 10 - 19. Laugardaga 10 - 18. Sunnudaga 12 -18

# Lumar enn á nýjum hliðum

**Kristbjörg Kjeld** tekur á móti *Hólmfríði Helgu Sigurðardóttur* á heimili sínu á Lindargötunni. Hún býður til sætis í þægilegum stól við glugga með útsýni út á haf og upp í Esjuhlíðar. Fyrir framan hana liggur hnausþykk mappa með grænum undirstrikuðum stöfum. Hún hefur verið að fara yfir línurnar sínar í Hænuungunum eftir Braga Ólafsson, sem verður frumsýnt í kvöld.

Enn leggur Kristbjörg línurnar auðveldlega á minnið, þó hún segi það taka örlítið lengri tíma en það gerði áður. Hlutverkin festast þó ekki svo rækilega í minni hennar að hún muni allan þann fjölda þeirra sem hún hefur tekið að sér í gegnum tíðina. „Nei! Sem betur fer þá hreinsast þetta fljótt út,“ svarar hún og skellihlær. „Það er helst að ég muni hlutverk sem ég tók að mér allra fyrst. Ég lék til dæmis Önnu Frank þegar ég var enn í skólanum. Svo sá ég það mörgum árum seinna og kannaðist þá svona rosalega vel við það, kunni meira að segja sumar línurnar utan að. En sumt sem ég hef leikið kannast ég ekkert við.“

### Líkamsmál á kostnað tungumáls

Liðin er meira en hálf öld frá því Kristbjörg varð fastráðin við Þjóðleikhúsið. Frá þeim tíma hefur margt breyst. Það sem henni þykir mest áberandi er hversu vel menntaðir leikarar eru í dag. „Þetta er orðið svo hámenntað fólk, enda er krafan um það orðin mun meiri. Þetta unga fólk er afskaplega hæfileikaríkt og það getur svo mikið – dansað, sungið og leikið. En okkur af eldri kynslóðinni finnst ekki lögð nógu mikil rækt við að tala skýrt og fallega. Það er auðvitað geysilega mikið mál að kunna vel á það hljóðfæri sem röddin er, til að koma því vel til skila sem er í textanum. Og það er leiðinlegt að fara í leikhús ef þú skilur ekki hvað leikarinn er að segja,“ segir Kristbjörg og hlær. Áherslan sé meiri á flinkheit í líkamanum í dag. „En það er líka frábært því líkamsmál er svo sannarlega stór hluti af þessu öllu saman. En þetta þarf allt að vinna saman – það má ekki forsóma eitt á kostnað annars.“

### Gefandi samvinna hjóna

Kristbjörg var fastráðin við Þjóðleikhúsið nær óslitið frá því hún var í leiklistarskóla Þjóðleikhússins á árunum 1956 til 1958, þar til hún fór á eftirlaun fyrir fáum árum. En alla tíð hefur hún reglulega tekið hlé til að bæta við menntun sína og skoða heiminn.

„Ég var alltaf að fara öðru hvoru og fylgjast með leiklist í öðrum löndum. Mér fannst ég þurfa að læra svo mikið. Ég fór meðal annars til Englands á þriggja mánaða námskeið fyrir starfandi leikara frá ýmsum löndum. Brynja Benediktsdóttir og Erlingur Gíslason voru á þessu sama námskeiði. Seinna þegar við fórum með leikritið Inúk á ferð um heiminn hittum við Brynja leikkonu í Brasilíu sem hafði verið með okkur í Englandi. Það var mjög gaman. Við maðurinn minn fórum líka oft saman í námsferðir til að skoða leikhús.“

Eiginmaður Kristbjargar var Guðmundur Steinsson, eitt fremsta leikskáld Íslands. Kristbjörg lék í stórum hluta þeirra verka hans sem sett voru á fjalirnar í Þjóðleikhúsinu. Hún segir það hafa verið gefandi samvinnu, þótt hún hefði á stundum tekið á. „Það var stundum erfitt, því maður er auðvitað metnaðarfullur fyrir hönd maka síns. Svo þetta var tvöfalt álag.“

Hún heldur mikið upp á verk mannsins síns. „Guðmundur skrifaði mjög einfaldan texta en hlóð undir hann. Það var eiginlega mjög merkilegt hvernig textinn laukst upp fyrir manni þegar farið var að vinna í honum. Það var mjög lærdómsríkt að vinna í hans verkum.“

### Sannarlega stakkaskipti

Guðmundur lést árið 1996 eftir stutta baráttu við krabbamein. Hann var lagður inn á bráðavakt eftir rannsókn, einmitt kvöldið sem Stakkaskipti var frumsýnt, síðasta nýja leikritið sem sett var upp eftir hann. Í því, eins og svo mörgum öðrum, lék Kristbjörg. „Það var auðvitað svolítið erfitt að leika í þeirri sýningu. Skömmu síðar var hann skorinn upp en allt kom fyrir ekki. Það leið hálft annað ár og þá var hann allur. Það voru sannarlega mikil stakkaskipti.“

Þau hjónin bjuggu ásamt börnum sínum í Goðalandi í Fossvogi en húsið seldi Kristbjörg eftir að Guðmundur lést. Hún flutti í miðbæinn og býr nú steinsnar frá Þjóðleikhúsinu. Þar kann hún vel við sig. „Mér finnst svo þægilegt



**TILGERÐARLAUS** Kristbjörg Kjeld hefur alla tíð haft lífssýn vinkonu sinnar, þjóðlagasöngkonunnar Göggu Lund, á bak við eyrað. Að miða að því að hverfa sjálf á sviðinu, til að ljá persónunni sem hún túlkar líf. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

að vera svona nálægt öllu og það er algjör lúxus að geta gengið í vinnuna. Ég hefði nú, svona eftir á að hyggja, alveg þegið að koma fyrr í miðbæinn. Mér finnst mjög fínt að vera hérna.“

### Gamanleikkonan Kristbjörg

Kristbjörg er þeim sem sáu Mömmu Gógó í fersku minni, þar sem hún lék á undrasannfærandi hátt hvernig eldri kona hverfur inn í móðu minnissjúkdóms. Í Hænuungunum sýnir hún enn á sér nýjar hliðar og nú spaugilegar. Hún kann vel við sig í hlutverki gamanleikkonunnar.

Hún segir það líka sérstaka unun að taka þátt í því þegar góðu íslensku verki er hleypt af stokkunum. „Mér hefur alltaf þótt gaman að glíma við íslensk verk, ekki síst af því ég var gift íslenskum höfundi. Mér finnst alltaf mikið mál að þau fái sem allra besta sjósetningu. Ef það gerist ekki eiga þau það á hættu að gleymast alveg.“

### Tilgangur tilgerðarleysisins

Kunnugir í leikhúsinu segja það alla tíð hafa einkennt leik Kristbjargar hversu tilgerðarlaus hún er á sviði. „Já, ætli það sé ekki rétt. Ég er ekki tilgerðarleg og það er enginn hégómi í mér. Ef eitthvert hlutverk krefst þess að ég sé svona eða hinsegin þá er það bara þannig. Þá er ég ekkert að láta mig sem Kristbjörgu með eitthvert útlit þvælast fyrir. Ég hef stundum vitnað í þjóðlagasöngkonuna Göggu Lund sem var mikil vinkona mín. Hún miðaði alltaf að því að hverfa sjálf en gefa því sem hún var að túlka líf. Þetta var svo fallegt og svona á þetta að vera. Þú sem persóna skiptir engu máli.“

### Samvinnan sem aldrei varð

Þjóðleikhúsið fagnar sextíu ára afmæli um þessar mundir. Kristbjörg man vel eftir tíu ára afmæli leikhússins. Þá var hún stödd í Danmörku sem áheyrnarnemandi við Konunglega danska leikhúsið. „Ég fékk bréf frá Guðlaugi Rósenkrans, þáverandi þjóðleikhússtjóra, sem bað mig að koma heim og leika Ragnheiði í Skálholti. Það gerði ég auðvitað. Í Danmörku hafði ég aðeins hitt þau Önnu Borg og Poul Reumert. Skömmu áður en ég fór heim hitti ég Önnu og sagði henni frá því að ég ætti að fara að leika hana Ragnheiði í Skálholti. Þá sagði hún: „Ég vildi að þú hefðir sagt mér þetta fyrr. Þá hefði ég getað farið í hlutverkið með þér!“ Ég nagaði mig svo í handarbökin yfir að hafa ekki áttað mig á því og sá alltaf eftir þessu. Mér datt það bara ekki í hug að leita til hennar, en mikið hefði það verið gaman!“

### Langar að leika lengi enn

Það er ótrúlegt að hlusta á Kristbjörgu tala um atburði sem áttu sér stað fyrir fimmtíu árum og ímynda sér að jafnvel þá hafi hún verið komin með áralanga sviðsreynslu, því hún hafði verið viðloðandi Hafnarfjarðarleikhúsið áður en hún fór í Þjóðleikhúsið. Svo virðist sem árin hafi farið mýkri höndum um Kristbjörgu en marga aðra. „Mér finnst líka sumar tölur voðalega skrýtnar!“ segir hún hlæjandi og tekur undir að hún sé eldhress. „Sem betur fer er ég það. En maður yngist auðvitað ekki. Maður finnur vel fyrir því. En ég get þakkað fyrir það að vera bara nokkuð stálslegin.“ Hún getur hugsað sér að leika lengi enn. „Ég er heppin að hafa haft nóg að gera, því mér finnst alveg yndislegt að fá að vinna á meðan ég er frísk. Svo lengi sem ég fæ tækifæri til að leika þá gríp ég þau.“

## KVIKMYNDIR KRISTBJARGAR

**79 af stöðinni** (1962)
**Í Skugga hrafnsins** (1988)
**Kristnihald undir jökli** (1989)
**Fíaskó** (2000)
**No Such Thing** (2002)
**Hafið** (2002)
**Mávahlátur** (2004)
**Kaldaljós** (2004)
**Mýrin** (2006)
**Sveitabrúðkaup** (2008)
**Mamma Gógó** (2009)

## Nokkur af minnisstæðum hlutverkum Kristbjargar

- **Anna Frank** í Dagbók Önnu Frank
- **Alison** í Horfðu reiður um öxl
- **Ragnheiður Brynjólfsdóttur** í Í Skálholti
- **Ingunni** í Pétri Gaut
- **Mrs. Martin** í Sköllóttu söngkonunni
- **Steinunn** í Galdra-Lofti
- **Norma** í Vér morðingjar
- **Tzeitel** í Fiðlaranum á þakinu
- **Steinunn** í Svartfugli
- **Ikutak** í Inúk
- **Gónerîl** í Lé konungi
- **Dona Leocadia** Zorilla de Weiss í Ef skynsemin blundar
- **Ingunn** í Stundarfriði
- **Eva** í Garðveislu
- **Vernharða** í Heimili Vernhörðu Alba
- **Ása** í Pétri Gaut
- **Kate Keller** í Allir synir mínir
- **Ingunn** í Stakkaskiptum
- **Malla** í Taktu lagið, Lóa
- **Heiðveig** í Krabbasvölunum
- **Ásta Sóllilja** í Sjálfstæðu fólki
- **Lillian Dale** í Vér morðingjar
- **Vronskí greifafrú** í Önnu Kareninu
- **Lilja** í Græna landinu
- **Frú Kilbride** í Mýrarljósi

Kynningardagur Tækniskólans

# Skrúfudagur

## Opið hús frá kl. 12 - 16 í dag



## Á Háteigsvegi

**Skipstjórnarskólinn, Tæknimenntaskólinn, Véltækniskólinn og Upplýsingatækniskólinn**

**Dagskrá:**

- Gestum gefst kostur á að fylgjast með ljósmyndanemum að störfum, skoða skipstjórnarhermi, vélasali og verkefni nemenda
- Málþing: „Áhrif glóperubanns á Íslandi." Opið öllum
- Kynnisferðir um skólann kl. 13, 14 og 15
- Rallýbílar verða til sýnis
- Rafmagnsbíll frá HR

**Eftirfarandi aðilar verða með kynningu:**

- Fossberg
- Barkasuða Guðmundar
- Slysavarnaskóli sjómanna
- Björgunarsveitin Ársæll
- Danfoss
- Gastec
- Poulsen
- Sérefni
- Landsbjörg

*Kökuhlaðborð - léttar veitingar gegn vægu verði!*

## Í Vörðuskóla

**Upplýsingatækniskólinn**

**Dagskrá:**

- Sýning á verkum nemenda í grafískri miðlun
- Opnun nemendavefsíðu leikfélagsins
- Æfingabúðir fyrir Forritunarkeppnina 13:00-15:00
- Opin vinnustofa Autocad
- Opin vinnustofa Revit
- Grafískir miðlarar að störfum

## Á Skólavörðuholti

**Byggingatækniskólinn, Endurmenntunarskólinn, Fjölmenningarskólinn, Hársnyrtiskólinn, Hönnunar- og handverksskólinn, Tæknimenntaskólinn, Raftækniskólinn og Tækniakademían**

**Dagskrá:**

- Sýning á verkum nemenda um allan skólann
- Keppni hársnyrtinema í formblæstri
- Undankeppni fyrir Íslandsmeistaramót í byggingagreinum
- Keppni í tæknilegó
- Örnámskeið í bólstrun og skreytingu herðatrjáa fyrir samkvæmis- og brúðarkjóla
- Hvernig á að búa til linda, slifsi og þverslaufur fyrir herra?
- Að búa til slaufur og blóm úr efni
- Handverksmarkaðir nemenda
- Skartgripasala nemenda í gull- og silfursmíði
- Nemendur Hársnyrtiskólans að störfum
- Fjölmargar vinnustofur í gangi sem gaman er að skoða
- Náms- og starfsráðgjöf í boði fyrir gesti og gangandi
- Leikfélag Tækniskólans
- Fulltrúar frá nokkrum háskólum verða með kynningu

*Cafe International - nemendur í Fjölmenningarskólanum selja rétti frá heimalandi sínu. Kökuhlaðborð - léttar veitingar gegn vægu verði!*

### Flugskóli Íslands

**Opið hús og margt forvitnilegt að skoða að Bæjarflöt 1-3, Reykjavík og á Reykjavíkurflugvelli (við hlið Hótels Loftleiða)**

Tækniskólinn
skóli atvinnulífsins

www.tskoli.is

Þúsundir titla
undir þúsund kr.



AF ÖLLUM NÝJUM BÓKUM - 50% AFSLÁTTUR
VERÐ-
HRUN!

## Bókamarkaðurinn Perlunni

**Opið alla daga frá kl. 10-18**

**Aldrei meira úrval, aldrei meiri afsláttur.**

**Bókamarkaðurinn** er í fullum gangi í Perlunni.
Hátt í **20.000 titlar** í boði!
A.m.k. **50% afsláttur** af öllum nýjum bókum!
**ÞAÐ ER LÍF OG FJÖR Í PERLUNNI!**

DYNAMO REYKJAVÍK




~~5.980,-~~ **1.980,-**




~~5.480,-~~ **1.990,-**




~~5.480,-~~ **1.980,-**




~~2.480,-~~ **590,-**




~~3.980,-~~ **790,-**




~~3.790,-~~ **1.790,-**

**Komdu og kynntu þér úrvalið. Verðið er ótrúlegt!**




~~6.990,-~~ **1.990,-**




~~5.680,-~~ **1.990,-**




~~5.690,-~~ **2.790,-**




~~1.290,-~~ **790,-**




~~9.980,-~~ **4.990,-**




~~5.990,-~~ **1.990,-**




~~5.900,-~~ **2.950,-**




~~3.490,-~~ **1.790,-**




~~3.990,-~~ **1.990,-**




~~5.490,-~~ **2.490,-**




~~14.990,-~~ **7.490,-**




~~4.490,-~~ **990,-**




~~5.490,-~~ **990,-**




~~4.480,-~~ **1.990,-**




~~2.790,-~~ **1.290,-**




~~5.480,-~~ **1.990,-**




~~5.490,-~~ **1.990,-**

**Misstu ekki af ótrúlegum tilboðum!**

# Við erum öll sálnalesarar



Prófið að slá nafni **Sigríðar Klingenberg** inn í Google. Það gerði *Hólmfríður Helga Sigurðardóttir* og komst að því að leitarvélin finnur tíu þúsund tilvísanir í konuna, margfalt fleiri en fyrir marga þingmenn á Alþingi og vinsæla leikara á sviðum leikhúsanna. Spámiðillinn og sálnalesarinn Sigríður er enda margumtöluð kona sem margir elska að hafa skoðanir á.

Þrátt fyrir allar þær síður sem geyma upplýsingabrot um Sigríði er hreint ekki auðvelt að átta sig á hvaðan hún kemur og hver hún er í raun og veru. Ljósmyndari og blaðamaður lögðu því af stað heim til Sigríðar með það að markmiði að taka venjulega mynd og eðlilegt viðtal við konuna. „Sýnum fólki að hún er alveg eins og við hin, inni við beinið!“

Við göngum á ómerkta hurð og vitum að við erum á réttum stað því hana prýðir risastór útskorinn kross. Þegar inn er komið blasa við tveir glaðlegir krummar og Sigríður er í óðaönn að klæða sig í hvíta heimagerða svansvængi með forláta brúðkaupshatt á höfði. Þar fór hugmyndin um venjulega mynd fyrir lítið. Eftir hressandi ljósmyndaferð um Álftanesið setjumst við niður og tækifæri gefst til að spyrja: „Hver ertu eiginlega?“

**Sérkennilega barnið**

„Ég ólst upp á Snæfellsnesi, á bænum Akurholti í Eyjarhreppi, í fjögurra systkina hópi. Þegar ég fæddist var amma mín, Sesselja, nýbúin að missa yngsta son sinn svo hún tók mig undir sinn verndarvæng og ól mig upp. Hún var þekktur karakter í sveitinni, ákveðin og hagmælt kona og kenndi mér að lesa ekki eldri en tveggja ára.“

Sigríður var sérkennilegur krakki og hélt sig að mestu frá öðru mannfólki. „Ég var lítið fyrir fólk en var alltaf með marga hunda í kringum mig. Ég elti kýrnar um túnin og saug mjólk beint úr júgrunum á þeim. Þær sleiktu mig í framan, eins og ég væri kálfur. Svo var ég ótrúlega ljót, með skásett augu og ekki hár á höfði fyrr en ég veit ekki hvenær. Ég var svo sérkennileg þar sem ég gekk um og las með hundana allt í kring að fólk kom í sveitina gagngert til að skoða mig.“

Í sveitinni var mystíkin alltumlykjandi og ekkert eðlilegra en að allir spáðu í bolla, réðu í drauma og töluðu við álfa. Sigríður telur reyndar að allir hafi spádómsgáfu. Hana þurfi þeir bara að þróa með sér. „Við fáum öll hugboð sem gefa okkur vísbendingar um framtíðina. Við þurfum bara að taka eftir þeim þegar þau koma, trúa þeim og taka mark á þeim.“

**Umvafin valkyrjum**

Mamma Sigríðar var ekki síður en amman sterk og sérstök kona. Hún lýsir henni sem rauðhærðri og draumspakri valkyrju. „Hún stúderaði drauma svo mikið þegar ég var að alast upp að ég var alveg búin að fá nóg af þeim. En þetta síaðist allt inn og ég held sjálf í dag draumanámskeið. Draumar eru merkilegt fyrirbæri. Í draumunum fer sálin á undan okkur, sér hvað mun gerast og kemur með skilaboðin til okkar. Sálin fer á undan og gerir það sem við hugsum og það sem við segjum. Orð eru álög – maður á að passa sig á því sem maður segir.“

Sigríður segir móður sína alla tíð hafa hjálpað öðrum mikið að komast í gegnum sín vandamál. Sjálf hafi hún hins vegar ekki




## BROSIR ÞRÁTT FYRIR ÁFÖLLIN Í LÍFINU



**LIFANDI OG LITRÍK** Sigríður Klingenberg hefur fengið dágóðan skerf af áföllum í sínu lífi en kýs að brosa framan í lífið engu síður.

Þrátt fyrir að Sigríður Klingenberg hafi það fyrir reglu að horfa alltaf hlæjandi framan í heiminn hefur hún fengið sinn skerf af áföllum í lífinu. Eitt slíkt reið yfir skömmu fyrir jól þegar fyrrverandi maðurinn hennar og faðir barnanna hennar, Sæmundur Sæmundsson, lést í hörmulegu bílslysi við Arnarnesbrú. Sigríður og Sæmundur voru saman í 26 ár, með hléum, en skildu fyrir þremur árum. „Sæmundur var mjög góður við börnin sín og þau eru mjög stolt af pabba sínum. Þetta hefur auðvitað verið mjög erfitt fyrir þau en þau stóðu öll vel saman og sýndu mikinn kærleik. Ég er mjög stolt af þeim,“ segir Sigríður.

Hún segir það hafa verið ómetanlegt hvernig stuðningur og kærleikur barst úr öllum áttum eftir slysið. „Það helltist kærleikur hérna yfir húsið og við fengum mikinn styrk og góðsemi frá fólkinu í kringum okkur. Það er eiginlega ekki hægt að lýsa samstöðunni sem myndaðist hérna.“

Sigríður segir fjölskylduna finna fyrir nærveru Sæmundar. Allir geti fundið fyrir nærveru þeirra látnu, ef þeir leyfi sér að trúa og þakki fyrir skilaboðin frá hinum látnu. „Þegar þú ert að hugsa til hins látna er hann að grípa hugann þinn. Þá átt þú að halda áfram að tala og spyrja og þakka svo fyrir. Þakklæti og ást eru okkar efstu orkur. Ef við þökkum ekki fyrir það sem við fáum og höfum, þá fáum við ekki meira.“

*Móðir jörð máttin okkur gefur*
*Hún vakir meðan sjálfið sefur*
*Hún þraukar bæði stríð og frið*
*Á þessari jörð stöndum við*
*Það heillar okkur landslagið*
*Í hjartað skaltu það láta*
*Og himinninn þig horfir á*
*Svo þig langar til að gráta*
*Þakkaðu fyrir kraftinn sem þýtur í*
*þinn huga*
*Þetta er eina jörðin og hún verður*
*að duga*

**Sigríður Klingenberg,**
**á Facebook 19. febrúar 2010**



**ÓVENJULEG** Það myndu ekki allar konur sem eru að detta inn á fimmtugasta aldursárið pósa svona fyrir ljósmyndarann. En Sigríður Klingenberg kærir sig kollótta um hvað aðrir gera og ætlar að halda áfram að leika sér eins og barn svo lengi sem hún lifir. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

komist yfir sín eigin, og verið óhamingjusöm alla tíð. Hún svipti sig lífi fyrir nokkrum árum, þá 63 ára gömul. „Frá því að mamma mín var tólf ára gömul vildi hún ekki lifa. Hún vildi vera á himnum og syngja á sléttunum.“

Í skilaboðum til fjölskyldu sinnar skildi hún eftir sig þetta ljóð: Ég leið er orðin á lífinu, ég þrái frið og ró, ég sé ekki lengur birtuna, það er langt síðan ég dó.“

### Vildi verða predikari

Sjálf ætlaði Sigríður alls ekki inn á neinar dulspekibrautir, heldur dreymdi hana um að verða predikari. Á meðan hún var að koma börnunum sínum til manna og konu vann hún við almannatengsl, meðal annars fyrir Íslensk-Ameríska. Þá leyfði hún performernum í sér að blómstra, mætti búningaklædd og syngjandi í matvöruverslanir með kynningar og rokseldi. „Mottóið þá og nú er að vera góð við hvern einasta sem ég kem nálægt. Mig langaði að snerta hjörtu fólks og setja góða orku út í andrúmsloftið. Maður fær það allt saman til baka.“

Hún var þó alltaf af og til að spá fyrir vinkonum sínum og smám saman leiddist hún lengra inn á brautir spákonunnar. Predikarinn sem hana dreymdi um að verða fær líka að njóta sín í því starfi, því hún hjálpar fólki að láta sér líða betur með breyttu hugarfari og tjáningu.

Hún þekkir það sjálf að hafa leyft neikvæðum hugsunum að taka yfir líf sitt. „Þegar ég var átján ára var ég svakalega þunglynd. Ég lenti í svo mikilli ástarsorg að ég vildi ekki lifa. Og ég gerði tilraun til þess að lifa ekki. Þá var mér gefin Dale Carnegiebókin Lífsgleði njóttu. Ég át hana gjörsamlega upp til agna og hún gaf mér splunkunýja orku til að takast á við lífið.“

### Fókusar á það jákvæða

Sigríður varð heilluð af Dale Carnegie og hefur síðan mikið unnið í sjálfsstyrkingu. Hún er meðal annars á meðal þeirra mörgu kvenna sem skipuleggja Leiðtoganámskeið fyrir konur, frí námskeið sem 450 konur víðs vegar um land hafa þegar tekið þátt í.

Fyrir nokkrum árum gaf hún út sjálfsstyrkingardisk, með stuttum og jákvæðum skilaboðum um hvernig megi bæta líf sitt með breyttri hugsun. „Þegar fólk fókusar á veikindi fær það meiri veikindi. Og það er til dæmis hræðilegt að blogga um sjúkdómana sína – ég bið fólk frá því. Þá fókusar fólk á sjúkdóminn allan daginn í stað þess að fókusa á að vera frískt. Fyrir mörgum árum var ég sjálf alltaf veik og með það á heilanum. En ég breytti orðaforða mínum og því sem ég hugsa. Ég læt út úr mér falleg orð og hlæ að sjálfri mér. Í dag er ég eins frísk eins og nýfædd. Mér hefur aldrei liðið eins vel, að verða fimmtug. Ég elska aldurinn og ég ætla að hafa brjálað fimmtugspartí. Mottóið mitt er: Taktu ekki lífinu of alvarlega, þú kemst ekki lifandi frá því.“

### Les í sálir í gegnum augun

Sigríður spáir í bolla og spil, ræður í drauma og les í steina, svo eitthvað sé nefnt. En fyrst og fremst segist hún lesa í sálir í gegnum augun. „Við erum öll sálnalesarar og notum augun til að komast að hlutum um fólk. Mín aðferð er nákvæmlega sú sama, nema ég er búin að þróa hana aðeins lengra en flestir aðrir. Það andlega rennur í blóðinu okkar allra, en það hverfur frá okkur eftir því sem við fjarlægjumst náttúruna. Jörðin er móðir okkar og steinsteypan ruglar kerfið okkar. Við eigum að faðma trén, tala við jörðina og leggjast á hana. Við megum ekki vanmeta kraftinn frá náttúrunni.“











Fulltingi lögfræðiþjónusta hefur hlotið nýtt nafn og nefnist nú ADVEL lögfræðiþjónusta.

Samhliða nafnabreytingunni verður sérfræðiþjónusta við fyrirtæki og stofnanir breikkuð og efld. Lögfræðistofan Fulltingi ehf. var stofnuð árið 2001. Fyrirtækið óx hratt og fyrir röskum tveimur árum var starfseminni skipt milli eigenda í tvö sjálfstæð fyrirtæki með mismunandi starfssvið: Fulltingi lögfræðiþjónustu og Fulltingi slysa- og skaðabótamál. Nafnabreytingin nú undirstrikar fullan aðskilnað þessara tveggja lögmannsstofa en alþjóðlegt yfirbragð heitisins ADVEL speglar aukna áherslu fyrirtækisins á þjónustu á alþjóðlegum vettvangi.

ADVEL lögfræðiþjónusta veitir fyrirtækjum, opinberum stofnunum og almenningi alhliða lögfræðiráðgjöf og er starfseminni skipt í þrjú starfssvið: Fyrirtækjasvið, Alþjóðasvið og Almennt svið. Starfsmenn ADVEL lögfræðiþjónustu eru 17 talsins, þar af 10 héraðsdómslögmenn og tveir hæstaréttarlögmenn.

ADVEL Lögfræðiþjónusta

www.advel.is

Advel - lögfræðiþjónusta ehf. • Suðurlandsbraut 18 • 108 Reykjavík • Sími 520 2050 • Fax 552 2050



**GOS Í HILLUM Í REYKJAVÍK 2010** Nú kemur allt íslenskt gos frá tveimur verksmiðjum. Úrvalið er mun minna en það var áður fyrr, þegar allt upp í fimm gosdrykkjaverksmiðjur voru starfandi á landinu á sama tíma. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Gosdrykkir á Íslandi

Íslendingar eru gossvelgir og hafa löngum verið. Alls konar tegundir sykraðra gosdrykkja hafa runnið í gegnum búðirnar hér í áratuganna rás, bæði innlendar gostegundir og erlendar, framleiddar hér úr innfluttu þykkni. *Dr. Gunni* sökkti sér í gosið.




Ölkelduvatn úr náttúrulegum uppsprettum hafði verið vinsælt langt aftur í aldir þegar Englendingurinn Joseph Priestley fann árið 1767 upp aðferð til að búa það til með því að metta vatn með koltvísýringi. Þessi aðferð var þróuð áfram af ýmsum og byrjað var að blanda bragðefnum við sódavatnið. Gosið varð snemma vinsælt í Bandaríkjunum þar sem svokallaðir gosdrykkjabrunnar (Soda fountain) spruttu upp og voru starfræktir í ísbúðum eða í apótekum því í byrjun var gosþambið talið heilsusamlegt. Það voru ekki síst apótekarar sem þróuðu bragðtegundir gossins með því að prófa sig áfram og blanda ýmiss konar bragðefnum í vellandi vatnið.

## Gosdrykkir til forna

Neysla goss á 19. öldinni var að mestu bundið við þessa gosdrykkjabrunna því erfiðlega gekk að halda gosinu í glerflöskum. Sala goss í flöskum komst ekki almennilega á skrið fyrr en eftir 1892 þegar William Painter í Baltimore fann upp gosflöskutappann sem enn er notaður. Þá fór líka allt í gang og gosdrykkjaþamb dreifðist um heiminn.

Íslendingar voru fljótir að taka við sér og gátu keypt gosdrykki í Reykjavík strax árið 1893. Í blaðinu Austra, sem gefið var út á Seyðisfirði, mátti til dæmis lesa þessa auglýsingu frá St. Stefánssyni árið 1896: „Þegar þið drekkið bjór og brennivín á kvöldin, vaknið þið með timburmenn og vonda samvisku á morgnana; en mínir ilmandi gosdrykkir svala ykkur í sakleysi og einlægni. Margar nýjar tegundir komu nú með „Egil“.“

Þess var ekki langt að bíða þar til hafin var framleiðsla gosdrykkja á Íslandi. Árið 1898 setti ungur Norðmaður, Casper Hartvig, upp gosdrykkjaverksmiðjuna Geysi og undirbauð innfluttu drykkina. Hann gekk lengra og opnaði billiardstofu og café í Aðalstræti og bauð þar upp á gosdrykki á ís.

Í kringum aldamótin 1900 mátti einnig kaupa gosdrykki frá Kaldá í Hafnarfirði (m.a. óáfengt kampavín – „bezti bindindismannadrykkur“) og verslun Leonh. Tangs á Ísafirði bjó til og seldi gos, meðal annars Búalímonaði. „Hvers vegna reyndust Búar hugrakkir og þrautseigir í stríðinu? Af því þeir drukku aldrei annað en Búalímonaði,“ segir í auglýsingu frá 1906.

Á Akureyri stofnaði Eggert Einarsson gosdrykkjaverksmiðju árið 1902 og bjó til ýmsar tegundir, meðal annars „Bringeberja-limonade handa dömunum“ og Sanitas var stofnað á Seltjarnarnesi árið 1905 og starfaði megnið af öldinni.



**PEPSI Á LÍNUNA** Krakkar kneyfa kóla á árum áður. MYND/LJÓSMYNDASAFN REYKJAVÍKUR

## Skítamix varð Mix

Gosdrykkjaverksmiðjur komu og fóru í áranna rás. Gosdrykkjaverksmiðja Seyðisfjarðar var ein, á Akureyri var Efnagerð Akureyrar og síðar Sana og Flóra. Davíð Scheving Thorsteinsson byrjaði með Sól hf. á 9. áratugnum, framleiddi ýmsar tegundir af sólgosi, og síðar Seltzer með ýmsum bragðtegundum af enskri fyrirmynd. Seltzer var auglýstur sem „heilsudrykkur“ og var fluttur út og mátti á tímabili kaupa í heimsborgum.

Í dag kemur allt innlent gos frá tveimur verksmiðjum, verksmiðjum Ölgerðarinnar og Vífilfells, sem eru nágrannar í Árbænum. Ölgerðin Egill Skallagrímsson byrjaði að framleiða Malt árið 1913. Framleiðsla gosdrykkja hófst árið 1930 er Ölgerðin keypti gosdrykkjaverksmiðjurnar Síríus og Kaldá. Ölgerðin hóf að framleiða Appelsín árið 1955 og því er Appelsín elsti alíslenski gosdrykkurinn sem enn er framleiddur. Verkstjórinn Sigurður Sveinsson þróaði og fullkomnaði drykkinn.

Innlendar gosdrykkjategundir eru fáar í dag, miðað við það sem oft hefur verið. Auk Appelsínsins er Mix eini alíslenski gosdrykkurinn sem er enn framleiddur. Mix var fyrst blandað og framleitt hjá Efnagerðinni Flóru á Akureyri sem var í eigu Kaupfélags Eyfirðinga. Það ku hafa verið bakarinn Björgvin Júníusson sem bjó þennan drykk til fyrstur manna með aðstoð vinnufélaga sinna. Fyrir ein jólin átti að vanda að leggja í

februar 2010

# menning

[ SÉRBLAÐ FRÉTTABLAÐSINS UM MENNINGU OG LISTIR ]

## *Nálgast flutninginn á annan hátt*

Kristín Anna Valtýsdóttir flytur tónlist sína í Listasafni Íslands.

SÍÐA 2



## *Landslag í stærra samhengi*

Ragna Sigurðardóttir fjallar um hvernig hún nýtti sér heim myndlistarinnar til að rýna í samfélagið.

SÍÐA 6





# FAGURFRÆÐI ER ÚTFLUTNINGSVARA

MYND/VILHELM

Linda Árnadóttir, fagstjóri fatahönnunardeildar hjá Listaháskóla Íslands, olli fjaðrafoki með ummælum um ljóta kjóla á sjónvarpskonum í Ríkissjónvarpinu. Linda segir að RÚV hafi engan fagurfræðilegan metnað og skilji ekki verðmætin sem fólgin eru í að styðja við bakið á góðri hönnun.

VIÐTAL ANNA MARGRÉT BJÖRNSSON

Linda Árnadóttir er nýkomin frá eyðimerkurríkinu Dubai þar sem hún var stödd á meðan „kjólamálið“ mikla var rætt í fjölmiðlum og á bloggsíðum á Íslandi. Tölvupóstur Lindu þar sem hún kallar kjóla sjónvarpskvennanna Ragnhildar Steinunnar Jónsdóttur og Evu Maríu Jónsdóttur á úrslitakvöldi í undankeppni Eurovision á RÚV „ljóta“ vakti mikið umtal. Hönnuður kjólanna, Birta Björnsdóttir, krafði rektor Listaháskólans um afsökunarbeiðni en hann lýsti yfir fullum stuðningi við Lindu sem hefur verið fagstjóri við skólann undanfarin sjö ár. „Ástæðan að baki því að ég sendi þennan tölvupóst á Evu Maríu Jónsdóttur var afleiðing margra ára gremju hjá mér og öðrum hönnuðum hér á landi sem hefur blöskrað sviðsmynd, grafík og fatnaður hjá Ríkissjónvarpinu undanfarin ár en þessi atriði hafa verið til háborinnar skammar. Útlitið á RÚV er verra en í sjónvarpi í Austur-Evrópu.“ Linda segir umrætt kvöld, þar sem hinir frægu kjólar birtust á skjánum, hafa verið kornið sem fyllti mælinn. „Það er fáránlegt hvað það hefur verið gert lítið úr því sem er að gerast í íslenskri hönnun. Það er verið að taka hönnun niður um þrep.“

Ríkissjónvarpið á að sýna það besta sem Ísland hefur upp á að bjóða og þeir virðast ekki sjá að það eru ákveðin verðmæti í því að sýna góða hönnun. Sjónvarpið ætti að vera leikvöllur fyrir fagurfræði og hönnun, hvort sem það er leikmynd eða fatnaður ætti að vera í því fagurfræðilegur metnaður. RÚV er sú sjónvarpsstöð sem við verðum öll að borga af og hún á að vera andlit Íslands.“

Spurð um af hverju þurfi einhverja sérstaka fagurfræði í lágmenningarkeppnina Eurovision svarar Linda að það sé aldrei afsökun til að gera hluti illa. „Sjáum Frakka. Þar fer þjóð sem ákveður að gera þessa keppni smart. Þeir senda út alvöru listamenn og vanda sig við alla hluti. Auðvitað er Eurovision-keppnin búin að missa þessa einlægni sem keppnin hafði einu sinni en af hverju er ekki bara hægt að gera þetta vel í stað þess að hafa þetta ekki á svona lágu plani?“ Linda hefur vissulega verið gagnrýnd fyrir ummæli sín um kjólana. Smekkur er persónubundinn segja margir og aðrir telja hana hafa verið dónalega. „Ég hef fengið mikil og góð viðbrögð og ég hugsa að ef ég hefði ekki verið svona harðorð þá hefði ég ekki fengið nein viðbrögð né umræðu um þetta mál,“ segir Linda.

### Vantar grunnskilning á faginu á Íslandi

„Ég hlýt að mega nota orðið ljótir eins og allir aðrir enda var þetta persónulegur tölvupóstur en ekki bréf sent frá mér sem fagstjóri í Listaháskólanum,“ segir Linda. „Það sem er augljóst í þessu máli er að fólk virðist ekki líta á fatahönnun sem fag eða eiginlega þekkingu. Fólk segir „þetta er bara spurning um persónu-

FRAMHALD Á SÍÐU 4

ENSKA ÁN ERFIÐIS

Tungumál.is

Tungumálanámskeiðið sem hefur hjálpað hundruðum Íslendinga að ná valdi á að tala og skilja enska tungu.

Ítarlegt námskeið á 18 geisladiskum með vandaðri vinnubók auk aðstoð frá kennara.

Mörg stéttarfélög, fræðslusjóðir og fyrirtæki styrkja þetta námskeið.

Upplýsingasími opinn öll kvöld og helgar til kl. 22:00




Tungumál.is
Suðurlandsbraut 52
108 Reykjavík

Sími: 540 8400
Farsími: 820 3799

www.tungumal.is
tungumal@tungumal.is

## HAGÞENKIR TILNEFNIR TÍU BÆKUR

Í vikunni var tilkynnt um tilnefningar til viðurkenningar Hagþenkis – félags höfunda fræðirita og kennslugagna – fyrir fræðirit útgefin í fyrra.

Verðlaunaupphæðin er kr. 750.000 sem er sama upphæð og Félag íslenskra bókaútgefenda veitir til íslensku bókmenntaverðlaunanna í hvorum flokki fyrir sig.

**Eftirfarandi höfundar og rit eru tilnefnd til Viðurkenningar Hagþenkis 2009:**

**Aðalsteinn Ingólfsson** - Ásgerður Búadóttir: Veftir

**Árni Heimir Ingólfsson** - Jón Leifs – Líf í tónum

**Guðrún Ása Grímsdóttir** - Ættartölusafnrit séra Þórðar Jónssonar í Hítardal. I-II

**Guðjón Ármann Eyjólfsson** - Vestmannaeyjar – Ferðafélag Íslands árbók 2009

**Gunnar Harðarson** - Blindramminn á bak við söguna

**Helgi Björnsson** - Jöklar á Íslandi

**Hugrún Ösp Reynisdóttir** - Saga viðskiptaráðuneytisins 1939-1994. Frá höftum til viðskiptafrelsis

**Pétur Gunnarsson** - ÞÞ – Í forheimskunnar landi og ÞÞ í fátæktarlandi

**Sigrún Sigurðardóttir** - Afturgöngur og afskipti af sannleikanum

**Sæunn Kjartansdóttir** - Árin sem enginn man

Um miðjan mars verður svo tilkynnt hvaða höfundur hlýtur viðurkenningu við hátíðlega athöfn í Þjóðarbókhlöðunni.



Kristín eða Kría hefur verið í hljómsveitunum múm og Slowblow. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# NÁLGAST FLUTNINGINN Á ANNAN HÁTT

Kristín Anna Valtýsdóttir, sem einnig gengur undir nafninu Kría Brekkan, flutti til Íslands í haust eftir nokkur ár í New York. Hún segir lögin sem hún flytur í Listasafni Íslands annað kvöld vera persónuleg, tilfinningarík og flæða úr einu í annað.

TÓNLIST
KJARTAN GUÐMUNDSSON

Í Listasafninu er stór svartur flygill. Mér gefst ekki oft tækifæri til að spila á svona gott hljóðfæri og þess vegna mun ég mest spila píanólög á tónleikunum,“ segir Kristín Anna Valtýsdóttir, sem einnig gengur undir nafninu Kría Brekkan. Kristín heldur tónleika í Listasafni Íslands annað kvöld, sunnudaginn 28. febrúar.

Kristín var meðlimur hljómsveitarinnar múm og hefur einnig meðal annars leikið með Stórsveit Nix Noltes og Slowblow. Hún sagði skilið við múm árið 2006 og sama ár fluttist hún til New York, þegar hún giftist tónlistarmanninum David Portner úr hljómsveitinni Animal Collective. Kristín og Dave gáfu saman út plötuna Pullhair Rubeye árið 2007 og Kristín lék einnig inn á plötuna Feels með Animal Collective sem kom út árið 2005. Undir nafninu Kría Brekkan hefur Kristín sent frá sér nokkrar smáskífur og einnig EP-plötuna Apotropaíosong Armor frá 2008. Þá plötu vann Kristín upp á eigin spýtur, bjó til umslagið og dreifði á eigin vegum.Hún sneri aftur til Íslands síðastliðið haust og hefur að eigin sögn verið að vinna í ýmsum málum síðan.

Þegar ég bjó í New York fékk ég mörg tilboð um að spila og hafði í nógu að snúast, spilaði kannski einu sinni í mánuði og undirbjó hverja uppákomu vel,“ segir Kristín. „Nálgunin er öðruvísi hér á Íslandi, líklega vegna þess að hrærigrauturinn er ekki nægilega mikill til að vinna á þennan hátt. Hérna gengur þetta meira út á ákveðna rútínu, að taka upp plötu, kynna hana innanlands og utan og þar fram eftir götunum. Undanfarin ár hef ég ekki verið að ganga á eftir þessum strúktúr. Ég hef ekki sinnt upptökuhliðinni að ráði vegna þess að ég hef mestan áhuga á að koma fram og þá ekki endilega á sérhönnuðu tónleikasviði. Sérstakar uppákomur heilla mig, eins og til dæmis að koma fram í Listasafni Íslands. Ég er mikið að velta fyrir mér öðruvísi nálgunum að tónlistarflutningi en ég hef hingað til verið vön.“

Kristín segir uppistöðu tónleikadagskrárinnar í Listasafninu vera lög frá síðustu fjórum árum. Þegar hún er beðin um að lýsa tónlist sinni segir hún slíkt ávallt erfitt. „Þetta eru persónuleg og dálítið tilfinningarík lög sem flæða úr einu í annað. Sum lögin eru poppuð og þriggja mínútna löng, önnur líklega skrýtnari og meira út í klassík, eiginlega bara út um allt. Ég syng öðruvísi en áður og syng til að mynda mun meira en ég gerði með múm,“ segir Kristín.

> Þetta eru persónuleg og dálítið tilfinningarík lög sem flæða úr einu í annað. Sum lögin eru poppuð og þriggja mínútna löng, önnur líklega skrýtnari og meira út í klassík, eiginlega bara út um allt. Ég syng öðruvísi en áður og syng til að mynda mun meira en ég gerði með múm

Tónlistarkonan heldur utan í næstu viku og kemur fram á tónleikum í Englandi, Hollandi og Þýskalandi. Aðspurð segist hún ekki vita hvort hún sé alkomin til Íslands aftur. „Ég hef ekki gert nein plön langt fram í tímann. Ég er að tengjast rótunum hér á Íslandi en hef þó á tilfinningunni að ég komi til með að flytja aftur til útlanda. Svo á ég alltaf eftir að fara í nám, eitthvert annað nám en það sem skóli lífsins býður upp á,“ segir Kristín Anna Valtýsdóttir.

Tónleikar Kristínar hefjast í Listasafni Íslands klukkan 21 og aðgangseyrir er 1.000 krónur.

Mikið úrval af píanóum.
Píanóstillingar, viðgerðir og þjónusta.



Hljóðfæraverslun Pálmars Árna ehf.
Rangárseli 6 | 109 Reykjavík | Við Seljakirkju | Símar 553 2845 - 663 2845
hl.palmars@simnet.is | www.palmar.is

Gallerí Fold · þekkt fyrir trausta þjónustu



**Listmunauppboð á næstunni**

**Erum að taka á móti verkum núna í Galleríi Fold við Rauðarárstíg**

LISTMUNASALA fold

Áhugasamir vinsamlegast hafið samband í síma 551-0400, 896-6511 (Tryggvi), 845-0450 (Jóhann)

Opið virka daga 10–18, laugard. 11–16, sunnud. 14–16

Rauðarárstígur 14, sími 551 0400 · www.myndlist.is

**menning** kemur út mánaðarlega með laugardagsblaði Fréttablaðsins. **Ritstjórn:** Anna Margrét Björnsson **Hönnun:** Kristín Agnarsdóttir **Forsíðumynd:** Vilhelm Gunnarsson **Auglýsingar:** Bjarni Þór Sigurðsson bjarnithor@365.is






**Það var orðið dýrt að geta varla hreyft sig**

Bo Tavell 65 ára

# Nú er ég liðugur á ný!

Í mörg ár hefur Bo stundað áhugamál sín þrátt fyrir stirða og auma liði. Hann lét ekki þráláta verki og stirðleika stöðva sig. „Eftir að ég kynntist NutriLenk er lífið langtum léttara og bjartara," segir hinn sænski Bo Tavell, 65 ára. „Það er klárt mál að líf mitt er allt annað og betra eftir að ég byrjaði að nota NutriLenk."

Bo Tavell hefur mýmörg áhugamál og vill lifa lífinu til hins ýtrasta. Hann ekur vélhjóli og er virkur í torfæruakstri, sem er mjög erfitt vélhjólasport. Bo fer einnig á brimbretti, skíði og lagar húsið sitt svo eitthvað sé nefnt. Fyrir nokkrum árum fór hann að verkja í fingur og hné.

## Ég er þver og vildi ekki láta neitt stoppa mig

„Ég þverkallaðist við og lét ekkert stoppa mig í að lifa virku lífi og gerði það oft á hnefanum sem var erfitt! Hugurinn náði ekki alltaf að yfirstíga sársaukann og var ég farinn að framkvæma minna og minna."

## Hné og fingur

„Ég viðurkenni að geðslagið og liðirnir voru ekki upp á sitt besta og var ég orðinn hálf niðurdreginn þegar góður vinur benti mér á NutriLenk. Strax eftir tveggja vikna inntöku fann ég fyrir miklum létti og átti mun betra með að hreyfa mig og best var að endurheimta húmorinn á ný," segir Bo skellihlæjandi.

## 4.500 km á vélhjóli

„Fyrir nokkru var mér boðið í brúðkaup til Rúmeníu. Ég ákvað að fljúga til Rómar og keyra þaðan á vélhjóli í brúðkaupið sem var 2.250km leið! Sem gerir jú 4.500 km báðar leiðir. Áður en ég byrjaði að taka inn NutriLenk hefði ég aldrei nokkurn tímann getað farið út í svona ævintýri í því ástandi sem ég var. En eftir að ég kynntist NutriLenk þá var ekki mikið mál að leggja upp í þetta ævintýri sem gekk alveg fyrirtaks vel. Reynar fann ég fyrir smá þreytuverk í baki eftir að hafa setið svona lengi á hjólinu en það hefðu nú flestir gert!" bætir Bo kíminn við.

## Mæli gjarnan með NutriLenk

„Ég mæli eindregið með því að þeir sem hafa auma og slitna liði taki inn NutriLenk."

## Hvað getur NutriLenk gert fyrir þig?

Með árunum rýrnar brjóskvefurinn sem veldur því að liðirnir slitna. Þetta er náttúrulegt ferli. Mjög margir finna fyrir miklum óþægindum þegar beinin byrja að núast saman, sérstaklega í stóru liðamótum eins og í mjöðmum, hryggjar-og hnjáliðum. Þess vegna er allt tilvinnandi að styrkja liðbrjóskið á náttúrulegan hátt.



Heilbrigður liður



Liður með slitnum brjóskvef

**Náttúrulegt byggingarefni fyrir liðbrjóskið**

NutriLenk inniheldur náttúrulegt byggingarefni fyrir brjóskvefinn og er mjög góður valkostur fyrir þá sem þjást af minnkuðu liðbrjóski. Unnið úr sérvöldum fiskibeinum úr hafinu sem hefur sýnt fram á að vera fyrsta flokks byggingarefni til að styðja við brjóskvefinn og viðhalda honum.

**Vara ársins!**

NutriLenk hefur hjálpað fjölmörgu fólki.
NutriLenk var valið heilsuvara ársins 2004 í Noregi.
NutriLenk er 100% náttúruleg vara sem er mjög gagnleg þeim sem þjást af brjóskvefsrýrnun.
Prófið sjálf-upplifðu breytinguna!

**NutriLenk er fáanlegt í flestum apótekum, heilsubúðum, Fræinu Fjarðarkaupum og stærri Hagkaupsverslunum.**



GERÐUBERG
Menningarmiðstöð
2010

Klassík í hádeginu

Ókeypis aðgangur!

Verið velkomin!



**Vor í París**
**Sunnudaginn 28. febrúar kl. 13.15**
Fluttar verða sónötur, fantasíur og concertino eftir Hüe, Poulenc, Messiaen og Chaminade.
Flytjendur: Áshildur Haraldsdóttir, flautuleikari og Nína Margrét Grímsdóttir, Píanóleikari.

**Um eldhúsáhöld eru áhöld**
Sýning Sigurðar Árnasonar og Þórarins Eldjárns á eldhúsáhöldum í Safnarahorni.

**Strengir** – Leikbrúður, grímur og búningar Strengjaleikhússins eftir Messíönu Tómasdóttur.

**Þetta vilja börnin sjá!**
Myndskreytingar úr barnabókum ársins 2009.

**Við veginn** – Sigurður Stefán Jónsson sýnir ljósmyndir í kaffihúsi.

**Það kviknaði líf**
Jenný (Jónína Katrín Jónsdóttir) sýnir málverk og teikningar í Boganum.

Sýningarnar eru opnar virka daga frá 11-17 og um helgar frá 13-16
Boðið er upp á leiðsögn um sýningar.
Gerðubergi 3-5 | 111 Reykjavík | Sími 575 7700
Netfang: gerduberg@reykjavik.is | www.gerduberg.is

**Golflausnir**
**Viltu koma þér í form fyrir golftímabilið?**
Nýtt einstaklingsmiðað námskeið, sérsniðið að golfíþróttinni. Hentar þeim sem vilja hámarka árangur sinn í golfi, komast í betra form og bæta heilsuna. **8 mars–30 apríl** (8 vikur).



**Greining á golfsveiflu í upphafi og lok**
Ragnhildur Sigurðardóttir, golfkennari og fyrrv. íslandsmeisti í golfi
Þorsteinn Hallgrímsson, golfleiðbeinandi og fyrrv. íslandsmeistari í golfi
**TPI hreyfigreining í upphafi og lok**
Magni Bernhardsson, B.Sc. DC. TPI
**Heilsufarsmælingar í upphafi**
Anna Borg, sjúkra- og einkaþjálfari
**Hugarþjálfun 3x á tímabilinu**
Haukur Ingi Guðnason, B.S. í sálfræði og að ljúka masters og cand.psych námi
**Einstaklingsmiðuð hópþjálfun 3x í viku**
Anna Borg og Magni Bernhardsson
TPI CERTIFIED
HEILSUBORG
**Skráning í síma 560 1010 eða á heilsuborg@heilsuborg.is**
Faxafeni 14 • Sími 560 1010
www.heilsuborg.is

FRAMHALD AF FORSÍÐU

legan smekk“ en auðvitað er þetta ekkert spurning um persónulegan smekk. Ef þú spyrð fagmenn um hvað er gott og hvað er vont þá eru svona 85 prósent manns sammála um það. Þetta snýst um þekkingu og innihald. Allir innan listaháskólans og hönnunarsamfélagsins eru sammála um það. Það er alltaf hægt að vera með einhverjar heimspekilegar pælingar um að eitthvað sé betra en eitthvað annað en þessi umræða hefur ekkert með það að gera. Góður smekkur er sjálfhverfur – þú heldur að þú sért búinn að finna hann. Vondur smekkur er alltaf að fara um allar trissur.“ Linda gagnrýnir fjölmiðlaskrif um tísku og hönnun á Íslandi og finnst skorta þekkingu á faginu. „Sumir sem skrifa um tísku á Íslandi hafa verið með mjög einkennileg viðbrögð. „Sama vandamálið kemur upp til dæmis í myndlist. Sjónvarpsfólk spyr myndlistarmann hvort nútímamyndlist sé ekki bara algjört rugl. Þetta er auðvitað óviðunandi. Blaðamaður verður að fara inn í hugtakið myndlist og skilja hvernig það fag gengur fyrir sig og spyrja svo málefnalegra spurninga. Það virðist hins vegar vöntun á þess konar fjölmiðlafólki. Fólk þarf að viðurkenna að þetta er þekking og spyrja svo spurninganna en ekki standa fyrir utan umræðuna. Þetta er nákvæmlega eins og að spyrja stjórnmálamann hvort lýðræði sé rétt sem hugtak. Það vantar svo mikinn grunnskilning á að fatahönnun sé þekking.“

### Umræðan öðruvísi ef þetta hefðu verið stólar en ekki kjólar

Linda bætir því við að það vanti átakanlega listrænan stjórnanda á RÚV. Að það sé ekki hlutverk sjónvarpsstjarnanna að velja á sig fötin því sjónvarpið snúist ekki um þær. „Þær eru ekki stjörnur í raunveruleikaþætti. Mér er alveg sama í hverju þessar konur eru heima hjá sér en þegar þær eru í Ríkissjónvarpinu eiga þær að vera í flíkum sem styðja ákveðna fagurfræði.“ Linda segir að það sé ekki rétt að hún krefjist þess að allir fatahönnuðir verði að vera fagmenntaðir. „En ef RÚV á að vera sú menningarstofnun sem hún ætlar sér að vera og ætlar að ráða ómenntaðan hönnuð í vinnu við að sníða föt á sjónvarpsfólkið þá verður stofnunin samt að fara mjög varlega í það og athuga hvort sá hönnuður hefur staðið sig nógu vel. Að láta sauma kjóla á sjónvarpskonur viku fyrir útsendingu ber engan vott um fagmennsku. Hjá RÚV er það greinilega útsendingarstjórinn sem segir bara já eða nei en hann er svo faðir Birtu Björnsdóttur og stjúpmóðir hennar er sminkan á RÚV. Þetta er náttúrlega dásamlegur lókalismi,“ segir Linda. „Gæðin á RÚV hafa almennt dalað mjög mikið undanfarin ár. Hvers vegna er ekki hægt að gera metnaðarfulla leikmynd? Það sem er sýnt þarna er í engu samræmi við íslenska hönnun. Af hverju eru hlutirnir ekki hugsaðir aðeins lengra? Undanfarin ár virðist metnaðurinn fólginn í því að mála alla appelsínugula í framan með skrýtnar hárgreiðslur og í miðaldabúningum.“ Lindu finnst mikil karlremba hafa komið upp í kjólaumræðunni. „Þessi umræða var afskrifuð sem einhver umræða kvenna um kjóla. Þarna birtist ákveðin tegund karlrembu sem ríkir hérlendis sem ég hef ekki séð annars staðar í Evrópu. Fyrirlitning á ákveðnum hlutum sem eru taldir vera kvenlegir. Ef þetta hefðu verið stólar hefði umræðan ekki farið niður á þetta plan. Fatahönnun hér á Íslandi virðist vera tengd við einhvers konar hugmynd um kerlingarföndur. Konur í textílgerð að þæfa ull. En tískubransinn er, ef eitthvað, karlabransi úti í hinum stóra heimi, og hann er bransi sem veltir heilmiklum fjármunum og á ekki að afskrifa á þenann kjánalega hátt.“ Hún bætir við að ef til vill hafi

> Það sem er augljóst í þessu máli er að fólk virðist ekki líta á fatahönnun sem fag eða eiginlega þekkingu.



Linda Árnadóttir „Ef umræðan hefði verið um stóla en ekki um kjóla þá hefði hún ekki verið á

fólk ekki séð íslenska hönnun hingað til sem útflutningsvöru og skilji ekki verðmætin á bak við hana. „Ég vil að RÚV bjóði út hönnun og reyni að fylgjast með því sem er að gerast hér á Íslandi og taka alvarlega þá hluti sem eru í gangi. Við eigum frábæra grafíska hönnuði, frábæra fatahönnuði. Hvers vegna fáum við þá ekki til að spreyta sig? Ef RÚV myndi styðja íslenska hönnun myndu skapast fleiri störf. Það er ekkert flóknara en það.“

### Engin hefð fyrir gagnrýni á Íslandi

Spurð um hvers vegna hún haldi að fólk hafi verið svona viðkvæmt fyrir gagnrýni á kjólana segir hún enga hefð vera fyrir gagnrýni á Íslandi. „Við höfum þurft að útskýra þetta fyrir nemendum í skólanum. Þeir verða að skilja að það er aldrei neitt fullkomið og að gagnrýni sé uppbyggileg. Íslendingar taka gagnrýni mjög persónulega. Ég var sökuð um dónaskap af blaðamanni Morgunblaðsins og var gagnrýnd fyrir að koma úr mínum litla íslenska listaháskóla og hafa einhverjar skoðanir yfirleitt.“ Linda segir þó að fatahönnun finni vissulega fyrir meðbyr núna. „Það var enginn stuðningur við framleiðsluna hérlendis. En eftir að bankarnir hrundu er eins og að fólk skilji betur verðmætin sem felast í sköpunarkrafti Íslendinga. Við höfum náð langt með íslenskri tónlist. Sú tónlistarútrás byrjaði með íslenska jaðrinum, Sykurmolunum. Hvað hefði gerst ef það hefðu ekki verið Sykurmolarnir sem hefðu verið fyrsta fræga hljómsveit Íslands heldur Skítamórall eða eitthvað svoleiðis? Það skiptir nefnilega máli hverjir voru fyrstir því það mótar það sem kemur á eftir. Jaðarmenningin á Íslandi er einlæg og þess vegna fær hún þennan hljómgrunn á erlendri grund. Ég held að tímabilið sem er að renna upp muni snúast miklu meira um gæði. Því miður eru Íslendingar bara ekki nógu meðvitaðir um gæði og borgarmenningin er enn þá svo stutt á veg komin hér. Það virðist vanta alla fágun. En mikið hefur breyst á síðustu sjö árum og nú held ég að það verði tekin þrjú skref áfram.“

**KLASSÍK Í HÁDEGINU – VOR Í PARÍS** nefnast tónleikar sem verða í Gerðubergi á morgun klukkan 13.15. Nína Margrét Grímsdóttir píanóleikari og Áshildur Haraldsdóttir flautuleikari spila.



# ;ALLT

FRÉTTABLAÐIÐ **Sölufulltrúar Henný Árnadóttir** henny@365.is 512 5427 **Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Þórdís Hermannsdóttir** thordish@365.is 512 5447

**NÁMSAÐSTOÐ**
Vantar þig aðstoð í einhverri námsgrein?
íslenska – stærðfræði – enska – danska – efnafræði - lestur
eðlisfræði – þýska – franska – spænska – stafsetning o.fl
Öll skólastig • Réttindakennarar
*Nemendaþjónustan sf* www.namsadstod.is s. 557 9233

**Ný hugsun**
**í forystu á nýjum tímum**
Opinber fyrirlestur með Dr. Kent M Keith
í hátíðasal Háskóla Íslands
mánudaginn 8. mars nk. kl. 16:00

Dr. Keith sem er framúrskarandi fyrirlesari er framkvæmdastjóri *Greenleaf Center for Servant Leadership* og höfundur fjölmargra bóka um þjónandi forystu.

*Sjá nánar á* **thjonandiforysta.is**

**Patti húsgögn**
**Landsins mesta úrval af sófasettum**



299.000 kr
Verð áður 469.900 kr
**Láttu þér líða vel í sófa frá Patta**
Dugguvogi 2 / s: 557 9510 / www.patti.is
Opið : Mánud. - Föstud. frá 9 til 18 og Laugard. frá 11 til 16

;ALLT HEILSA
**Jóna María Hafsteinsdóttir**
jmh@365.is - sími 512 5473
**Henný Árnadóttir**
henny@365.is - sími 512 5427
**Þórdís Hermannsdóttir**
thordish@365.is - sími 512 5447



„Ég verð að viðurkenna að ég kvíði nett fyrir þessu, svona eins og ég kvíði óvissu tannlæknaheimsókna,“ segir Sara Jónsdóttir um verkefnadag í leiðsögumannanáminu sem í sér felur að læra að rata. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Berfætt í jökulkaldri á

**Sara Jónsdóttir, verkefnastjóri hjá Jónsson & Le‘macks og nemi í leiðsögumennsku, hefur ýmislegt á prjónunum um helgina. Meðal þess er heimsókn á listasafn og rölt í frosti með áttavita og kort.**

„Ég verð að viðurkenna að ég kvíði nett fyrir þessu, svona eins og ég kvíði óvissu tannlæknaheimsókna. Það er ekki beint heillandi tilhugsun að vaða jökulkaldar ár í frosti á laugardagsmorgni, en verður væntanlega því meira hressandi,“ segir Sara Jónsdóttir, verkefnastjóri hjá auglýsingastofunni Jónsson og Le‘macks, sem einnig stundar nám í leiðsögumennsku hjá Endurmenntun Háskóla Íslands.

Sara segir helgina ágætis blöndu af inni- og útiveru. Fyrri hluta laugardagsins sækir hún verkefnadag þar sem nemendur leiðsögunámsins eru þjálfaðir í að rata. „Við verðum einhvers staðar fyrir utan bæinn með áttavita og kort og berfætt að vaða ár og þar fram eftir götunum. Að sjálfsögðu er þetta nauðsynlegur hluti námsins, en þar sem frostið er líklegt til að bíta hressilega býst ég við að hlýja mér á unaðslegri súpu á Noodle Station á Skólavörðustíg við lendingu í Reykjavíkinni. Í framhaldinu mun ég væntanlega skjóta höfði inn á eitthvert menningarsafna borgarinnar,“ segir Sara.

Hún segir leiðsögumannsstarfið fela ýmislegt í sér og þar á meðal að vita hitt og þetta um hvað gestum og gangandi stendur til boða í borginni. „Ég er því að safna mér söfnum. Um síðustu helgi endurnýjaði ég til að mynda kynni mín við listasafn Einars Jónssonar og „styttugarðinn“, eins og sonur minn kallar hann. Ég heimsótti safnið líklega síðast um sex ára aldurinn þegar ég reyndi að smygla mér inn ásamt vinkonu minni. Þá voru börn ekkert sérlega vinsælir gestir og okkur var vísað á dyr,“ segir Sara.

Hún segir laugardagskvöldið nokkuð óráðið. „Líklegast er að við kærastinn minn hendum okkur í huggulegt letikast í sumarbústað og kúrum þar fram eftir sunnudegi, nema að við séum stemmdari í hressandi félagsskap vina okkar og samsnæðing og framhald hér í borginni. Sunnudagurinn fer einnig í tilhlökkun við endurheimt litla gaursins á heimilinu, sem hefur notið sín á Kanarí síðustu daga,“ segir Sara Jónsdóttir.

*kjartan@frettabladid.is*



Lín Design, gamla sjónvarpshúsið • Laugavegi 176 • Sími 533 2220 • www.lindesign.is

**Tilboð á dúkum**
**25% fermingarafsláttur af öllum borðdúkum hjá Lín Design. Margar gerðir & stærðir.**
*Íslensk hönnun á góðu verði.*
Lín DESIGN



**DJASSMESSA** verður í kirkju Óháða safnaðarins á morgun klukkan 14. Kórinn syngur vel valin lög í djassútsetningum með hljómsveit.


Fermingartilboð

15% afsláttur af sængum og koddum



DÚN & FIÐUR

Laugavegi 87 • sími: 511-2004



TIL FERMINGARGJAFA

- ferðatöskur
- íþróttatöskur
- beautybox
- bakpokar
- seðlaveski
- tölvutöskur



Töskur og hanskabúðin

Komið í miðbæinn og skoðið fermingatilboðin okkar

Skólavörðustíg 7, 101 Reykjavík. Sími 551-5814, th.is





Sigga & Timo

GULLSMÍÐI

LINNETSSTIGUR 2 · SÍMI 565 4854

WWW.SIGGAOGTIMO.IS


# Þetta er dagur barnsins

**Hvernig er best að standa að fermingarveislum ef foreldrarnir eru skildir að skiptum? Séra Helga Soffía Konráðsdóttir í Háteigskirkju var beðin um góð ráð til fólks í slíkum aðstæðum.**



„Við sem erum fullorðin þurfum að átta okkur á að hann snýst ekki um okkar líf eða langanir," segir séra Helga Soffía. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

„Það getur verið höfuðverkur hjá blönduðum fjölskyldum að halda veislu fyrir fermingarbarnið en aðalreglan er ósköp einföld eins og allt hið góða í lífinu: að hafa barnið með í ráðum og spyrja hvað það vilji," segir séra Helga Soffía og heldur áfram: „Barnið veit að um klofna fjölskyldu er að ræða og jafnvel tvær fjölskyldur og í langflestum tilfellum þykir því vænt um alla aðila. En það getur valdið því heilabrotum og hugarangri hvernig fyrirkomulag fermingarinnar verði, því er best að ræða það snemma, þá þarf það engu að kvíða."

Helga Soffía segir væntanleg fermingarbörn og aðstandendur þess fá viðtalstíma með presti Háteigskirkju strax á haustin. „Oftast koma barn og mamma og pabbi og stundum barn með öðru foreldrinu en stundum kemur líka barn og fjórir fullorðnir. Í þessum viðtölum ber meðal annars veisluna á góma og í langflestum tilfellum segir barnið að það langi að allir séu saman þennan dag. Þá mæli ég með því að foreldrar uppfylli þá ósk ef þeir treysta sér til. Stundum gengur það ekki upp, ef samskipti foreldra eru slæm, stutt er liðið frá skilnaði og mikill sársauki einkennir líðan þeirra. Í stöku tilfellum er sú staða uppi að foreldrarnir tala ekki saman, heldur fara samskiptin varðandi barnið fram í gegnum þriðja aðila. Allir líða fyrir það og þó sérstaklega barnið en þetta þarf að ræða heiðarlega við það."

Ef ein veisla gengur ekki upp þarf að finna aðrar lausnir og séra Helga Soffía veit dæmi um þær. „Stundum eru haldnar tvær veislur og það getur gengið ljómandi vel," lýsir hún. „Sumir foreldrar gera eitthvað fyrir barnið hvort í sínu lagi, mamman heldur veisluna og hennar fólk en pabbinn býður barninu til útlanda og fleiri dæmi eru til. En ef báðir foreldrar hafa forræði yfir barninu þá ber þeim að deila kostnaðinum sem athöfninni fylgir."

Í altarisgöngunni krjúpa foreldrar yfirleitt með barninu, að sögn séra Helgu Soffíu. „Ég óska eftir því að blóðforeldrar barnsins krjúpi með því sitt til hvorrar handar og ef þeir eru með nýja maka séu þeir við hina hlið þeirra. Við viljum sýna börnunum að við getum farið í gegnum þetta flókna líf ef við ætlum okkur það."

Séra Helga Soffía segir þetta verkefni ljóslifandi fyrir henni því hún eigi tvö börn sem fermdust eftir að hún skildi við föður þeirra. „Það gekk upp en ég fann að það varð smá spenna í samskiptum okkar foreldranna um það hvernig okkur tækist þetta, sérstaklega í fyrra skiptið. En það gekk allt vel. Þetta er dagur barnsins og við sem erum fullorðin þurfum að átta okkur á að hann snýst ekki um okkar líf eða langanir, stolt eða væntingar heldur um að gleðja barnið."

*gun@frettabladid.is*

# Kransakökur í veisluna

**Kransakökurnar þykja ómissandi á veisluborðið í fermingarveislum og á öðrum hátíðardögum.**

Uppistaða kransakökunnar er ekki sérlega flókin og því auðvelt að baka eigin kransaköku til að hafa í veislunni. Sama er hvort deigið er blandað í matvinnsluvél eða í höndunum. Sé notast við matvinnsluvél er sykri og marsípani hrært saman þar til hráefnin hafa blandast vel saman, þá er eggjahvítum hrært út í þar til deigið verður að föstum massa. Sé deigið blandað í höndunum skal byrja á því að þeyta saman sykur og eggjahvítur þar til hræran þykknar svolítið. Þessu er svo hnoðað saman við marsípanið þar til úr verður þykkur massi.

Til eru sérstök kransakökuform sem auðvelda mörgum vinnuna. Það er aftur á móti afskaplega fljótgert að móta hringina í höndunum. Þeir sem ekki eiga þar til gerð kökuform rúlla deiginu út í lengjur sem eru um það bil 1,5 sentimetrar á breidd. Takið málband og leggið við eina lengjuna, efsti og minnsti hringurinn á að vera um það bil tíu sentimetrar að ummáli, næsti hringur á að vera þremur sentimetrum lengri, og svo koll af kolli. Fjöldi hringja getur verið misjafn, en algengt er að í kransakökum séu tíu til fimmtán hringir.

Bakið í miðjum ofni við 180 gráður í um stundarfjórðung, eða þar til hringirnir verða gullinbrúnar að lit. Þegar þeir hafa kólnað eru þeir skreyttir með glassúr og festir saman. Sniðugt er að sprauta svolitlum glassúr á botn neðsta hringsins svo hann festist við fatið sem kakan er borin fram á, þá eru minni líkur á að slys geti orðið ef fara á með kökuna á milli staða. Margir kjósa að skreyta kransakökuna með konfekti eða öðru litríku sælgæti aðrir vilja heldur skreyta kökudiskinn sjálfan með litlum kökum sem baka má úr því deigi sem verður afgangs. Einnig er hægt að þekja kökudiskinn með fallegum ávöxtum fyrir þá sem ekki vilja sælgæti.

## KRANSAKAKA OG GLASSÚR

**Kransakaka:**
1,2 kíló marsípan
500 g sykur
4 eggjahvítur

**Glassúr:**
200 g flórsykur
1 eggjahvíta



Kransakökur eru vinsælar í fermingarveisluna. Auðvelt er að baka eigin kransaköku fyrir boðið.

# Fagrir skór á fima fætur

**Fallega fermingarskó má finna víða, í öllum stærðum, gerðum og litum.**

Þegar fermingarbörn ganga til altaris eru skórnir oft það eina sem sést undan hvíta kyrtlinum og því skemmir ekki fyrir að klæðast fallegum skóm þann dag. Hægt er að velja fallega fermingarskó sem nota má áfram að fermingu lokinni, annað hvort til daglegra nota eða við sérstök tilefni. *- sm*



Klassískir, hvítir skór sem henta stúlkum sem ekki eru vanar háum hælum. Fást í Kaupfélaginu og kosta 13.995 krónur.



Rokkaðir, svartir skór fyrir þær fermingarstúlkur sem vilja vera aðeins öðruvísi. Fást í Bossanova og kosta 23.600 krónur.

FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR



Þessir hvítu hælaskór með opinni tá fara vel við flest allt. Fást í versluninni Skór.is og kosta 9.995 krónur.



Flottir, svartir hælaskór með teygju yfir ristina. Fást í Kaupfélaginu og kosta 12.995 krónur.



Þessir fallegu gráu, reimuðu hælaskór eru klassískir í útliti og fara vel við hvað sem er. Fást í Focus Skóm og kosta 7.990 krónur.



Sumar stúlkur kjósa að klæðast flíkum í skemmtilegum litum á fermingardaginn, þessir suðrænu, rauðu skór henta þeim stúlkum vel. Fást í versluninni Skór.is og kosta 15.995 krónur.


Er **ferming** í vændum?
Áttu eftir að **baka**, redda sal, **setja saman gestalistann** og finna dressið?

**Pixel** aðstoðar þig við að gera **boðskortin** í ferminguna.

Allar leiðbeiningar og verð finnur þú á **www.pixel.is**

**Pixel prentþjónusta**, þar sem skemmtilegu **fermingar-, brúðkaups-** og **afmælisboðskortin** verða til.

Brautarholti 10-14 | Sími: 575-2700 | pixel@pixel.is | www.pixel.is

pixel prentþjónusta






Zink

**Smáralind - sími 517 9857**
**www.facebook.com/ZinkIceland**


## Útgjöldin mörgum erfið

FERMINGARVEISLAN ER LANGT FRÁ ÞVÍ AÐ VERA ÓDÝR. ILLA STÆÐIR FORELDRAR FERMINGARBARNA HAFA ÞVÍ ÁHYGGJUR AF ÚTGJÖLDUM.

Nú nálgast tími aukinna útgjalda hjá þeim fjölskyldum sem huga að fermingu. Sumum hrýs hugur við þessum tíma, sem í raun ætti að vera ánægjulegur, því alltaf eru nokkrir sem sjá ekki fram á að ráða við þann kostnað sem fylgir stórveislu.

Fjölskylduhjálp Íslands vill nú vekja athygli á þessum vanda margra heimila. „Við höfum fengið margar fyrirspurnir frá fólki sem bæði hefur hringt og komið á staðinn. Allir vilja gera sitt besta fyrir börnin og helst vill fólk ekki að börnin finni fyrir því þegar erfiðleikar steðja að. Við finnum að margir hafa áhyggjur af þessum tíma,“ segir Matthías Imsland, formaður stjórnar Fjölskylduhjálparinnar, og hvetur fólk til að styðja við þurfandi fjölskyldur með einhverjum hætti.



Á dögunum kom til dæmis kona að máli við Fjölskylduhjálpina og gaf henni 40 þúsund króna gjafabréf í Smáralind sem hún hafði fengið í afmælisgjöf.

Slíkar gjafir koma fólki vitaskuld mjög að gagni enda hægt að fá allt til fermingarveislu í verslunarmiðstöðvum. Þeir sem vilja styrkja fjölskyldur fermingarbarna með slíkum hætti geta komið gjafakortum á skrifstofu Fjölskylduhjálparinnar að Eskihlíð 2-4, á þriðjudögum, miðvikudögum og fimmtudögum frá 9 til 13. *- sg*





GULLSMIÐJAN
Guðrún Bjarnadóttir Gullsmiður
LÆKJARGATA 34C
HAFNARFIRÐI
565 4453



Fermingarkjólarnir

Ermar 2.600 kr
Hvítur kjóll 7.500 kr
Fjólublár kjóll 7.900 kr





Eik
sími: 568-4410
Kringlunni - Reykjanesbæ




**VINJETTUHÁTÍÐ** verður haldin í Sjóræningjahúsinu á Patreksfirði í dag klukkan 16. Ármann Reynisson sér um dagskrána en sögurnar verða lesnar af heimamönnum í bland við tónlistaratriði.



5 rétta ítölsk veisla
aðeins kr. 4.990.-
Antipasto
Zuppa
Primo
Secondo
Dolce
Bellisimo...
Basil & Lime
Ristorante
Klapparstígur 38 - 101 Rvk - Borðapantanir S. 555 3696

Ertu á aldrinum 16 -24 ára?

**Plúsinn** er vettvangur fyrir ungt fólk á aldrinum 16 -24 ára til þess að taka þátt í sjálfboðnu starfi og hafa áhrif á samfélag sitt með markmið og hugsjón Rauða krossins að leiðarljósi.

Dæmi um verkefni fyrir þig innan Plússins:

**Stýrihópur**
Hópur af ungu fólki héðan og þaðan sem sem vinnur að viðburðum, fjáröflun og málefnum sem þörf er á hverju sinni.

**Hönnunarhópur**
Ungt og skapandi fólk sem hittist reglulega og hannar föt, vörur og fleira úr endurnýtanlegu efni. Afraksturinn er seldur í Rauða kross búðunum og á fjáröflunarmörkuðum.

**Fræðsluhópur**
Hópur ungs fólks sem sinnir fræðslu og forvörnum, bæði fyrir jafningja og yngri hópa.

Vertu með!
Allar nánari upplýsingar og skráning á heimasíðunni www.redcross.is/plusinn, í síma 554 6626 eða með því að senda póst á kopavogur@redcross.is

Rauði kross Íslands
Kópavogsdeild

Sjálfboðamiðstöð Hamraborg 11 • www.redcross.is/kopavogur • opið virka daga kl. 10-16



Frá Kaffivagninum er stórkostlegt útsýni yfir höfnina. Staðurinn hefur verið starfræktur í 87 ár og býður upp á klassískar og heimilislegar veitingar. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Snæðingur við höfnina

**Við eina og sömu götuna í miðju hafnarhverfi Reykjavíkur, Grandagarð, eru einir fjórir staðir sem bjóða upp á veitingar, allt frá samlokum, pönnukökum og kleinum upp í dýrindis fiskfang og sjávarréttasúpur.**

Grandinn hefur blómstrað undanfarin ár og jafnfætis því hefur veitingaúrval á svæðinu stóraukist. Svo skemmtilega vill til að við einu og sömu götuna, Grandagarð, eru einir fjórir staðir, kaffihús og veitingastaðir sem bjóða upp á heitan mat, kökur og kaffi og opna sumir þeirra mjög snemma, klukkan sex. Þessir staðir eru hinn klassíski Kaffivagn, veitingastaðurinn Sjávarbarinn, Grandakaffi og kaffihúsið Te og kaffi í Hugmyndahúsi háskólanna.

Þeim sem eru mjög árrisulir skal bent á að starfsfólk Grandakaffis er fyrst á fætur. Staðurinn er opnaður klukkan sex að morgni og er opinn til klukkan sex í eftirmiðdag. Á laugardögum er opið til 13.00 en lokað á sunnudögum. Í hádeginu er boðið upp á heitan mat og þess á milli er hægt að kaupa smurt brauð og kökur. Nokkrum húsum nær miðbænum, hinum megin við götuna er svo Kaffivagninn sem unnið hefur hug og hjörtu marga um árin, sérstaklega þeirra sem er illa við breytingar og vilja geta gengið að gamla góða bakkelsinu og heitum heimilismat í hádeginu vísu. Staðurinn hefur verið starfræktur frá árinu 1933 og er opinn frá átta á morgnana til sex á daginn, alla daga vikunnar.



Sjávarbarinn er með girnilegt sjávarréttarhlaðborð í hádeginu en einnig er hægt að taka matinn með sér heim.

Te og kaffi hefur starfrækt kaffihús í Hugmyndahúsi háskólanna að Grandagarði 2 allt síðan húsgagnaverslunin Saltfélagið var starfrækt þar. Staðurinn opnar klukkan átta á morgnana og er opinn til sex. Á laugardögum er opið frá 10-16 en lokað á sunnudögum.

Beint á móti Hugmyndahúsinu er svo hægt að gera vel við sig langi mann í dýrindis sjávarfang en Sjávarbarinn er í Grandagarði 9. Staðurinn er opinn frá klukkan níu á morgnana og heldur lengur en hinir staðirnir, til níu á kvöldin. Lokað er á sunnudögum. Á morgnana er hægt að fá kaffi og rúnstykki en í hádeginu er hlaðborð tileinkað sjávarfangi og rjómalöguð fiskisúpa. Einnig er hægt að taka mat með sér heim. Svo skemmtilega vill til að hráefnið er mestallt af Grandanum sjálfum, frá fiskverkendum þar. *- jma*



Ekki er auðvelt að þefa uppi pönnukökur á boðstólum kaffihúsa hér í bæ en Kaffivagninn er einn þeirra staða.

Munið að leika
Nucleo
RÝMINGARSALA
50% AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM VÖRUM
Nucleo remember to play
Skipholti 29b • S. 551 0770

Álftaneslaugin er eina öldulaug landsins þar sem einnig er að finna stærstu vatnsrennibrautina sem er tíu metra há og áttatíu metra löng. Opið er til 18 um helgar.
www.alftanes-laug.is

# Maturinn segir svo ótal margt

**Málþing um mat og bókmenntir verður haldið í Norræna húsinu í dag. Umfjöllunarefnið verður skoðað frá ýmsum hliðum en Dagný Kristjánsdóttir segir mat í bókum vera aldarspegil og segja margt.**

„Lesendur Gyrðis Elíassonar hafa eflaust tekið eftir því að persónur hans drekka ógrynnin öll af kaffi og margir kannast við að hafa lesið Fimmbækurnar og fundið til svengdar.“ Svona hefst tilkynning frá Norræna húsinu þar sem greint er frá málþingi um mat og bókmenntir sem verður haldið milli klukkan 13 og 17 í dag. Matreiðslubókahöfundar, prófessor í bókmenntum og ljósmyndari eru á meðal þeirra sem fjalla um efnið. „Umfjöllunarefnið verður skoðað frá ýmsum hliðum en ég ætla að tala um mat og bókmenntir,“ segir Dagný Kristjánsdóttir, prófessor í íslenskum bókmenntum.“




Ólíkt alvörufólki þurfa skáldskaparpersónur ekki að borða en höfundar nota matarlýsingar engu síður óspart í verkum sínum. „Maturinn er svo mikill aldarspegill en það hvort til sé mikið eða lítið af honum og hvernig menn fara með hann segir svo margt. Er hann til dæmis notaður til að umbuna, elska, hata eða jafnvel drepa?“ segir Dagný. Hún segir fólk þurfa að treysta þeim sem það borðar hjá auk þess sem erótík, matur og spenna séu nátengd.

Dagný mun koma víða við í erindi sínu og fjallar meðal annars um höfunda á borð við Guðrúnu frá Lundi, Halldór Laxness og yngri rithöfunda eins og Auði Ólafsdóttur og Sigrúnu Davíðsdóttur sem öll nota mat í sínum verkum. Dagný segir matarlýsingar hafa breyst í gegnum tíðina auk þess sem þær birtist í mismunandi formi eftir bókmenntagreinum. „Matur í barnabókum er eitt en matur í matreiðslubókum eða ljóðum annað. Matur og menning eru síðan tvær hliðar á sama peningi. Maturinn heima, maturinn hennar mömmu, maturinn fyrir norðan og maturinn á Ítalíu vekur mismunandi kenndir.“

Stella Soffía Jóhannesdóttir, verkefnastjóri bókmennta hjá Norræna húsinu, segir Norræna húsið hús bókmennta en einnig miðstöð nýnorrænnar matargerðar og þess vegna hafi verið ákveðið að efna til málþingsins. Auk Dagnýjar fjallar Sarah Moss, stundakennari við Háskóla Íslands, um skáldskaparmat, Helle Brönnum Carlsen, veitingahúsagagnrýnandi hjá Politiken um táknmyndir matarins, Áslaug Snorradóttir um matarljósmyndir, Mads Holm um smørrebrød í dönskum og íslenskum matreiðslubókum og Nanna Rögnvaldardóttir um sögu íslenskra matreiðslubóka.

*vera@frettabladid.is*



Dagný kemur víða við í erindi sínu og fjallar um bækur gamla bændasamfélagsins til bóka dagsins í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



Keppt verður meðal annars í unglingaflokki. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL RÚNARSSON

## Keppt um Ormsbikar í Ístölti

MÓTIÐ ÍSTÖLT AUSTURLANDS VERÐUR HALDIÐ Á MÓAVATNI Í GRENND VIÐ EIÐAR Í DAG.

„Þátttakan er mjög góð,“ að sögn Einars Ben Þorsteinssonar sem situr í stjórn Hestamannafélagsins Freyfaxa er stendur fyrir mótinu. „Það eru eitthvað um hundrað keppendur og þeir koma víða að af austanverðu landinu, frá Hornafirði til Eyjafjarðar en færri frá suðvesturhorninu.“

Einar segir opinn flokk í tölti og A- og B-flokka gæðinga mest umtöluðu flokkana. Í opna flokknum er keppt um verðlaunagrip sem nefnist Ormsbikarinn en hvaða gæðingar eru þarna fremstir meðal jafningja?

„Það er Sindri frá Vallanesi sem Baldvin Ari Guðlaugsson er með og Sigur frá Hólabaki sem Hans Kjerúlf frá Reyðarfirði keppir á. Svo eru margir fleiri góðir,“ svarar Einar.

Hann segir mikinn áhuga fyrir mótinu á Austurlandi og að áhorfendur skipti yfirleitt hundruðum. En hvernig er veðurspáin? „Við spáum sól og blíðu þar til annað kemur í ljós.“ *- gun*



# ALLT SEM ÞIG VANTAR

**Allar smáauglýsingar vikunnar á visir.is**

Smáauglýsingasíminn er opinn alla daga kl. **8–17**

Smáauglýsingasíminn er **512 5000**
**smaar@frettabladid.is / visir.is**

Afgreiðslan er opin: alla virka daga **8–17**

## Bíladagar

### BÍLAR & FARATÆKI

Bílabankinn



Til sölu 2 sleðar POLARIS IQ 600 FUSION ÚTSALA ÚTSALA . Árgerð 2007, ekinn, BENSÍN. Verð 790.000.og POLARIS INDY 600 RMK 144 F/O. Árgerð 2005, ekinn 6 þ.km, BENSÍN, . Verð 890.000. Bílabankinn S. 588-0700 Sjá myndir www.bilabankinn.is Áhv. 400 þús. afb. 26.



TOYOTA LAND CRUISER 90 VX. Árgerð 2000, ekinn 237 þ.km, DÍSEL, Sjálfskiptur. Verð 1.990.000. Bílabankinn S 588-0700 Sjá myndir www.bilabankinn.is

**Bílabankinn**
**Breiðhöfða, 112 Reykjavík**
**Sími: 588 0700**
**Opið 12-16 laugardaga**
**www.bilabankinn.is**

hjól.is
bestir í hjólum...



POLARIS SPORTSMAN 800 Klárt í hvað sem er Hlaðið búnaði ,27 big horn dekk 10 breiðar felgur spil taska . Árgerð 2009 ekinn aðeins 1 þ.km Verð 2.500.000. Rnr.111106.



POLARIS SPORTSMAN 800 .Flott hjól Árgerð 2007, ekinn 2 þ.km,Spil gler Verð 1.600.000. Rnr.111154

**hjól.is**
**Sími: 577 4565**
**www.hjol.is**

DIESEL.is
SKRÁÐU BÍLINN FRÍTT!



FORD F350 37" 2005 Ek.115þkm. Álfelgur, leður, lúga, dráttarbeisli, heilsársdekk. Flott eintak, Verð 2090þús. Stgr.



Audi A4 Avant 1.8 T 6/2003 Ek.98 Þkm. Leður, álf, vetrardekk, beinsk. Ný tímareim. Einn eigandi frá upphafi. Verð 1.790.- Skoðar skipti.



Tiguan TDI 2.0 6/2009 Ek.7 þkm. Sjálfsk, bakkskynjara, heilsársdekk. Verð 5.590.-

**Diesel.is**
**Kletthálsi 15, 110 Reykjavík**
**Sími: 578 5252**
**http://www.diesel.is**

100 bílar.is bílasala





Toyota Rav4 Langur 4WD, árg. 5/2003, ek 100þús.km, sjálfsk, rafmagn, CD, álfelgur, ofl, Sumardekk og ný vetrardekk, Tilboðsverð aðeins 1180þús.kr, Listaverð 1950þús.kr, Er á staðnum,

**100 bílar ehf**
**Þverholt 6, 270 Mosfellsbær**
**Sími: 517 9999**
**Opið virka daga 10-18.00 og laugardaga 12-16**
**www.100bilar.is**

BÍLALIND.is S. 580-8900



AUDI S4 QUATTRO. Árgerð 2006, ekinn 28 þ.km, DTM-kit 370 hö, sjálfskiptur, leður, carbonspoilerar ofl. Verð 5.990.000. #281146 - Bíllinn er á staðnum og er hrikalega svalur! OPIÐ LAUGARDAG 11:30-15:00



PORSCHE CAYENNE TIPTRONIC. Árgerð 2006, ekinn 41 þ.km, flott eintak á hrikalega góðu verði! Ásett verð 7.200.000 Tilboðsverð 5.200.000 stgr. #191853 - Bíllinn er á staðnum, þú verður að sjá hann! OPIÐ LAUGARDAG 11:30-15:00.



VW GOLF HIGHLINE 8V. 01/2000, ekinn 145 þ.km, 1,6L, 5 gíra. Verð 590.000. #281274 Bíllinn er á staðnum og fleiri góðir ódýrir bílar! OPIÐ LAUGARDAG 11:30-15:00.

**Bílalind**
**Funahöfði 1, 110 Reykjavík**
**Sími: 5808900**
**Hlökkum til að sjá þig :)**
**www.bilalind.is**

HÖFÐABÍLAR
... þar sem bílar seljast



SUZUKI BALENO GLX WAGON 4WD ( FJÓRHJÓLADRIFINN ). Árgerð 1998, BENSÍN, 5 gírar. Verð 290þ. TILBOÐ 255 þ. stgr. Er á staðnum. Rnr.102567. Óskum eftir hjólhýsum og öðrum ferðavögnum á söluskrá okkar.

**Höfðabílar**
**Fossháls 27, 110 Reykjavík**
**Sími: 577 4747**
**www.hofdabilar.is**

HEIMSBÍLAR



VW Touareg R5, DIESEL. árg 2006 ek 92þ, loftpúðafj., lyklalaust aðgengi, leður o.fl. glæsilegur bíll, ásett verð 5.290þ, lán getur fylgt uppá kr. 4.300, er einnig tilbúinn að taka bíl uppí fyrir milligjöf, uppl. í síma 567-4000



VW passat DIESEL, ssk, árg 5/2006 ek, aðeins 34þ, ásett verð 3.490þ, lán getur fylgt uppá kr. 2.850þ, eyðslugrannur fjjölskyldubíll. uppl. í síma 567-4000



Jeep Cherokee 4.7 árg 2003 ek. 74m, ásett verð 1.790þ, hægt að yfritaka lán ,1.430þ vel hirtur bíll, mjög góð kaup í þessum bíl, uppl í s. 567-4000



MM Pajero árg. 2003 ek 138þ, leður, lúga, krókur, allur nýyfirfarinn, s.s. ný tímareim, ásett verð 2.470þ, mjög góður bíll uppl í síma, 567-4000



Nissan Patrol árg 11/2000 35" breyttur, nýleg dekk, krókur, kastaragrind, Webasto miðstöð, leður, snyrtilegur bíll, ásett verð 1.950þ, skoðar skipti, gott staðgreiðsluverð, uppl. í síma 567-4000



Toyota Landcr. 200 , 5,7, 35" breyttur frá Arctic Trucks, leður, lúga, tems, Xenon ljós, krókur, o.mfl.sjón er sögu ríkari, ásett verð 13.490þ, skoðar skipti á einum til tveimur bílum, einstakt tækifæri til að eignast glæsilegan jeppa, einn sá alflottasti, uppl. í sima 567-4000

HEIMSBÍLAR



Nissan Note árg 08/2007 ek. AÐEINS 13Þ, ssk,ásett verð 2.300þ, skoðar skipti á ódýrari, gott staðgreiðsluv. uppl í s. 567-4000



Citröen C3 SX árg 06/2004 ssk, ek 96þ ásett verð 1.150þ, gott staðgr.verð, uppl. í sima 567-4000



Polaris Fusion árg 2006, ek 3000km, handhlifar,32mm belti, sleði í góðu standi, listaverð hjá Polaris 1.200þ, MJÖG GOTT STAÐGR. VERÐ.uppl. í s. 567-4000

**Heimsbílar**
**Kletthálsi 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 5674000**
**http://heimsbilar.is**

bíll.is
bestir í bílum...



NISSAN PATROL ELEGANCE.klár í snjóinn Árg. 2005, ekinn aðeins 52 þ.km, , Sjálfskiptur. Leður lúga flottur bill Verð 3.990.000. Rnr.132272



LINCOLN MARK 4WD LT.Sá flottasti Árg. 2006, ekinn 59 þ.km, Sjálfsk leður lok á palli . Verð 3.690.000. Rnr.132168.



BENZ ML 350.Klár í snjóinn Árg. 2004, ekinn 95 þ.km, BENSÍN, Sjálfs. lán 2950 50 á mán. Verð 3200000. Rnr.190593

**Bíll.is**
**Sími: 577 3777**
**www.bill.is**

### Bátaþjónusta

*Trillukarlar athugið !*

*Lengingar, útsláttur og aðrar breytingar á trefjaplastbátum.*



Fyrir



Eftir

*Plastbátasmiðir - Trésmiðir*

Mikil þekking og reynsla

AK smiðir ehf.

*Kári Jóhannsson*
s: 861-5333
*Atli R. Óskarsson*
s: 861-1916
Kalmansvöllum 3
300 Akranes

### Til sölu





### Bátasmíði



Orkuveita Reykjavíkur

# Sumarstörf hjá Orkuveitu Reykjavíkur

Orkuveita Reykjavíkur vill ráða ungt fólk til sumarstarfa. Um er að ræða almenn garðyrkjustörf, ýmis konar afleysingastörf sem og sérverkefni fyrir háskólanema. Orkuveita Reykjavíkur tekur við umsóknum frá þeim sem eru fæddir 1993 eða fyrr. Umsóknarfrestur um sumarvinnu er til 14. mars 2010. Allar nánari upplýsingar eru á www.or.is



ÍSLENSKA SIA.IS ORK 49467 2010

• Orkuvinnsla í sátt við umhverfi

www.or.is



# Vefdeild

## Grafískur hönnuður

Landsbankinn

Vefdeild Landsbankans er í senn krefjandi og skemmtilegur vinnustaður sem sinnir áhugaverðum verkefnum fyrir allar deildir bankans. Spennandi vinnuumhverfi og tækifæri til þekkingaruppbyggingar er í boði fyrir grafískan hönnuð sem vill bætast í öflugan hóp starfsmanna í margverðlaunaðri vefdeild.

### Helstu verkefni:

- Smíði vefborða fyrir helstu vefmiðla landsins
- Vinnsla fyrir vefi Landsbankans og dótturfyrirtækja
- Innri markaðssetning
- Almenn grafíkvinnsla

### Hæfniskröfur og eiginleikar:

- Grafísk hönnun eða sambærileg menntun
- Reynsla af Adobe Flash og vefhönnun
- Frumkvæði, samviskusemi og vönduð vinnubrögð
- Jákvæðni og færni í mannlegum samskiptum

### Nánari upplýsingar veita:

Snæbjörn Konráðsson, forstöðumaður vefdeildar á Viðskiptabankasviði, snaebjornk@landsbankinn.is og Ingibjörg Jónsdóttir á Starfsmannasviði í síma 410 7902.

Umsókn fyllist út á vef bankans, www.landsbankinn.is, merkt „Hönnuður". Umsóknarfrestur er til og með 13. mars nk.



Nýtt framsækið opinbert hlutafélag hefur verið stofnað og mun taka yfir hlutverk Flugstoða ohf. og Keflavíkurflugvallar ohf. Tilgangur sameiningarinnar er að efla og bæta þjónustu við flugfarþega, flugrekendur og aðra samstarfsaðila, innlenda og erlenda. Lögð verður áhersla á að samhæfa alla starfsemi sem heyrir undir sameinað félag. Hjá sameinuðu félagi munu starfa tæplega 700 manns. Nýja félagið, sem hlotið hefur vinnuheitið Flug-Kef ohf., er stofnað samkvæmt heimild í lögum nr. 153/2009.

FLUGSTOÐIR ISAVIA

Hlutverk Flugstoða nú er að annast rekstur og uppbyggingu allra flugvalla og lendingarstaða á Íslandi, annarra en Keflavíkurflugvallar auk þess að annast alla flugleiðsöguþjónustu sem Ísland veitir fyrir alþjóðlegt flug og innanlandsflug. Einnig að fara með réttindi og annast skuldbindingar íslenska ríkisins samkvæmt alþjóðasamþykktum, alþjóðasamningum eða samningum við önnur ríki þ.m.t. vegna Alþjóðaflugþjónustunnar. Nánari upplýsingar: www.flugstodir.is

KEF KEFLAVÍKURFLUGVÖLLUR

Keflavíkurflugvöllur ohf. tók við rekstri Keflavíkurflugvallar og Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar 1. janúar 2009 en félagið var stofnað til að annast rekstur, viðhald og uppbyggingu flugvallarins og flugstöðvarinnar. Félagið annast einnig flugleiðsöguþjónustu og þjónustu við flugrekendur, rekstur verslana með tollfrjálsar vörur og aðra starfsemi sem nauðsynlegt er að sé innan haftasvæðis flugverndar auk þess að sjá um hagnýtingu flugvallarins í þágu öryggis- og varnarmála og að stuðla að samvinnu við aðra aðila um aukna nýtingu flugvallarsvæðisins. Nánari upplýsingar: www.keflavikurflugvollur.is

# Forstjóri

**Sameinað félag Flugstoða ohf. og Keflavíkurflugvallar ohf. óskar eftir að ráða forstjóra til starfa. Forstjóri mun hafa með höndum yfirstjórn sameinaðs félags og fara með daglega stjórn fyrirtækisins í umboði stjórnar og í samræmi við samþykkta stefnu. Forstjóri fer með yfirstjórn flugleiðsöguþjónustu, flugvallareksturs, tæknimála og stoðstarfsemi og ber ábyrgð á frekari viðskiptaþróun félagsins í samvinnu við framkvæmdastjóra sviða.**

### Starfs- og ábyrgðarsvið:

- Forstjóri mun m.a. bera ábyrgð á uppbyggingu og stefnumótun hins nýja fyrirtækis í samráði við stjórn þess.
- Forstjóri ber ábyrgð á starfsemi félagsins og dótturfélaga þess og að gerðar séu áætlanir um rekstur fyrirtækisins og framkvæmdir innan þess. Hann ber ábyrgð á að rekstrarfyrirmælum Flugmálastjórnar Íslands sé framfylgt og að lögum, reglugerðum og öðrum ytri kröfum í starfsemi fyrirtækisins sé fylgt.

### Menntunar- og hæfniskröfur:

- Gerð er krafa um háskólapróf í verkfræði, viðskiptum eða lögfræði eða sambærilegum greinum sem nýtast í starfi. Framhaldsmenntun í viðkomandi greinum er æskileg.
- Gerð er krafa um víðtæka reynslu af stjórnun verkefna og starfsmanna.
- Viðkomandi þarf að hafa mjög gott vald á íslenskri og enskri tungu.
- Reynsla af rekstri fyrirtækja og/eða stofnana er nauðsynleg.
- Reynsla af sameiningu fyrirtækja og rekstrareininga er kostur.
- Reynsla og þekking á flugtengdri starfsemi er kostur.
- Hæfni í mannlegum samskiptum er mjög mikilvæg.

Leitað er eftir kraftmiklum stjórnanda með víðtæka stjórnunarreynslu og framúrskarandi samskiptahæfileika. Hann þarf að hafa mikinn framkvæmdavilja og metnað fyrir hönd fyrirtækisins. Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

**Upplýsingar veitir**
Þórir Þorvarðarson hjá Hagvangi í síma 520 4700 eða tölvupósti, thorir@hagvangur.is.

Farið er með allar umsóknir sem trúnaðarmál og öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir.

Umsóknir og fylgigögn sendist á thorir@hagvangur.is eða á skrifstofu Hagvangs merkt: „Forstjóri Flug-Kef".

**Umsóknarfrestur** er til og með 3. mars nk.

HAGVANGUR

SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700
**www.hagvangur.is**

# Vörustjóri

### Helstu verkefni

Vörustjóri er ábyrgur fyrir innri markaðssetningu á þeim vörum sem undir hann heyra og verðlagningu þeirra. Starfið felur einnig í sér ábyrgð á birgðahaldi, pöntunum, vörustýringu og samskiptum við erlenda birgja, ábyrgð á vöruframboði og vöruþróun auk ábyrgðar á stærri útboðsverkum.

**Hæfniskröfur**

- Bakgrunnur úr öryggis- eða tæknigeiranum er kostur
- Starfsreynsla sem vöru- eða sölustjóri
- Auðvelt með að tileinka sér nýjungar
- Hæfni til að koma auga á tækifæri á markaðnum
- Hæfni til að greina vöru- og þjónustuframboð og verð
- Kraftur og vilji til að ná árangri
- Góð færni í mannlegum samskiptum
- Gott vald á íslenskri og enskri tungu í rituðu og töluðu máli

Umsóknarfrestur er til 5. mars næstkomandi. Nánari upplýsingar um starfið veitir Daði Þór Veigarsson í síma 570-2400.

Umsókn skal senda á netfangið atvinna@oryggi.is merkt „Vörustjóri"

Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál. Eldri umsóknir óskast endurnýjaðar. Vakin er athygli á að allir starfsmenn Öryggismiðstöðvarinnar þurfa að skila inn sakavottorði. Við hvetjum jafnt konur sem karla til að sækja um starfið.

ÖRYGGIS MIÐSTÖÐIN

Öryggismiðstöðin er framsækið og kraftmikið þjónustufyrirtæki sem býður upp á heildarlausnir í öryggismálum fyrir fyrirtæki og einstaklinga.

Öryggismiðstöðin leitast við að ráða til sín framúrskarandi starfsfólk sem sýnir ábyrgð, mikla þjónustulund og frumkvæði í starfi og getur þannig stuðlað að framþróun fyrirtækisins.

Lögð er áhersla á góða vinnuaðstöðu og tækifæri til starfsþróunar innan fyrirtækisins.

Mannauðsstefna Öryggismiðstöðvarinnar byggir á gildunum: öryggi, kraftur og samheldni.

**www.oryggi.is**

PIPAR\TBWA • SÍA • 100569

---

VEISLAN VEITINGAELDHÚS

**Veislan veisluþjónusta óskar eftir:**

**Starfsmann í smurbrauðsdeild 100% starf, íslensku kunnátta nauðsynleg**

Nánari upplýsingar um störfin eru veittar í Veislunni á Austurströnd 12, Seltjarnarnesi, eða í síma 561-2031, einnig er hægt að senda tölvupóst á arny@veislan.is

---

# Ert þú lagerstjóri?

www.exton.is

**Við leitum að öflugum verkstjóra á lagerinn okkar.**

Lagerstjóri hefur yfirumsjón með skráningu á búnaði inn og út af leigunni auk þess sem hann annast verkstjórn á lager.

Við leitum að öflugum aðila sem er tilbúinn að takast á við krefjandi verkefni.

Haldgóð tölvukunnátta er æskileg og reynsla af lagervinnu og stjórnun er kostur.

Ef þú telur þig hafa það sem til þarf og hefur áhuga á að starfa í framsæknum hópi og góðum starfsanda - hafðu þá samband.

Exton er leiðandi fyrirtæki í sýningartækni á Íslandi.

Hjá okkur starfa 25 manns við hönnun, ráðgjöf og þróun hagkvæmra lausna m.a. í fundarherbergi, ráðstefnusali, verslanir, fjölmiðla og leikhús.

Þá starfrækir félagið stærstu tækjaleigu landsins með tæknibúnað fyrir hvers konar viðburði s.s. tónleika, ráðstefnur, vörusýningar og veislur.

Nánari upplýsingar veitir Ingólfur Magnússon, í síma 575 4600 og í tölvupósti golli@exton.is

EXTON Ljós - Hljóð - Mynd

---



## Umsjónarmaður meistaranáms Háskólans á Bifröst

**Háskólinn á Bifröst óskar eftir að ráða umsjónarmann meistaranáms sem jafnframt er aðstoðarmaður kennslustjóra.**

Leitað er að einstaklingi með áhuga á akademískri stjórnun og ríka samskiptahæfni. Starfið krefst sjálfstæðrar hugsunar, frumkvæðis og skipulagshæfileika.

Háskólinn á Bifröst býður upp á meistaranám í fjarnámi og staðnámi í lögfræði, viðskiptafræði, Evrópufræði, menningarstjórnun og stjórnun í heilbrigðisþjónustu. Umsjónarmaður meistaranáms starfar með kennslustjóra, öðru starfsfólki stjórnsýslu og akademískum starfsmönnum skólans að skipulagi námslína og einstakra námskeiða, annast samskipti við nemendur, skipuleggur kennslu, próf og meistaravarnir og tekur þátt í áframhaldandi þróun og uppbyggingu námsins.

**Hæfniskröfur:**

- Meistarapróf, helst á sviði hug-, félags- eða menntavísinda
- Mjög góð enskukunnátta
- Starfsreynsla á sviði akademískrar stjórnunar eða sambærileg reynsla
- Góð tölvukunnátta

**Umsóknir ásamt upplýsingum og starfsferilsskrá sendist til Háskólans á Bifröst, 311 Borgarnes, merkt „Umsjón meistaranáms" fyrir 15. mars nk.**

HÁSKÓLINN Á BIFRÖST
BIFRÖST UNIVERSITY

---



# Vantar þig vinnu?

Sambíóin óska eftir starfsfólki í almenn afgreiðslustörf. Um vaktavinnu er að ræða og laun samkvæmt kjarasamningi VR.
Æskilegur aldur 20 ára og eldri
Umsóknir með mynd, ásamt ferilskrá sendist á:

**Sam-félagið**
**Álfabakka 8**
**Pósthólf 9074**
**129 Reykjavík**
**Merkt „atvinna“**

SAMBÍÓIN

Frum

vodafone

# Söluráðgjafi sem þorir

Vodafone leitar að kraftmiklum og hugrökkum starfsmanni til að starfa við söluráðgjöf til nýrra viðskiptavina á fyrirtækjamarkaði. Söluráðgjafar sjá um tilboðs- og samningagerð, greina þarfir viðskiptavina og veita faglega ráðgjöf á sviði fjarskipta- og upplýsingatækni.

## Hæfniskröfur:

- Reynsla af sölustörfum er áskilin
- Frumkvæði og þor til að sækja fyrirtæki í viðskipti
- Metnaður og kraftur til að fylgja málum eftir
- Góð íslenskukunnátta
- Lipurð í samskiptum

**Umsóknir óskast sendar um vodafone.is fyrir 7. mars næstkomandi. Nánari upplýsingar veita Dagný Guðmundsdóttir forstöðumaður fyrirtækjasölu, dagnyg@vodafone.is og Sonja M. Scott starfsmannastjóri, sonjas@vodafone.is.**

**Við bjóðum gott fólk velkomið í skemmtilegan hóp starfsmanna sem setur viðskiptavininn í fyrsta sæti!**

power to you



Capacent Ráðningar

# SÉRFRÆÐINGUR Í HEILBRIGÐISMÁLUM

RioTinto Alcan
ISAL-STRAUMSVÍK

Alcan á Íslandi hf. er þekkingarfyrirtæki sem rekur álver í Straumsvík. Við bjóðum upp á margbreytileg störf þar sem hugvit, þekking og kunnátta starfsmanna gegnir lykilhlutverki. Við leggjum áherslu á markvisst fræðslustarf, frammistöðuhvetjandi starfsumhverfi og gott upplýsingaflæði ásamt tækifærum til starfsþróunar. Við setjum umhverfis- ,öryggis og heilbrigðismál í öndvegi og vinnum stöðugt að umbótum á verkferlum og vinnuaðferðum. Við leggjum áherslu á að starfa í góðri sátt við umhverfið og samfélagið sem við erum hluti af.

**Alcan á Íslandi óskar eftir að ráða sérfræðing í spennandi og krefjandi starf á sviði heilbrigðismála. Alcan á Íslandi leggur sig fram um að tryggja heilbrigði starfsmanna sinna og auka vitund og þekkingu þeirra á heilbrigði og hollum lífsstíl.**

**Starfssvið**
- Framkvæmd og utanumhald mælinga í vinnuumhverfi
- Þjálfun og fræðsla um heilbrigðismál
- Úrvinnsla gagna og skýrslugerð
- Innri úttektir
- Áhættugreiningar starfa
- Þátttaka í skipulagningu heilsueflingar meðal starfsmanna
- Þátttaka í ýmsum verkefnum sem tengjast heilbrigðis-, öryggis- og umhverfismálum

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Háskólapróf sem nýtist í starfi
- Reynsla af störfum á sviði heilbrigðismála æskileg
- Góð enskukunnátta og færni til að tjá sig í ræðu og riti
- Góð tölvukunnátta
- Jákvætt viðmót og góðir samskiptahæfileikar
- Frumkvæði og metnaður til að ná árangri í starfi

Umsjón með starfinu hafa Auður Bjarnadóttir (audur.bjarnadottir@capacent.is) og Tómas Oddur Hrafnsson (tomas.hrafnsson@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 7. mars nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, **www.capacent.is**. Umsóknum eiga að fylgja ítarlegar starfsferilsskrár og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Capacent Ráðningar
Borgartúni 27
Sími 540 1000

capacent

Capacent Ráðningar

# FRAMKVÆMDASTJÓRI

AFS
AFS á Íslandi

AFS eru alþjóðleg skiptinemasamtök sem starfa í yfir 50 löndum í öllum heimsálfum og byggist að mestu á sjálfboðaliðum. Hvert félag hefur skrifstofu í heimalandi sínu með fastráðnu starfsfólki. AFS á Íslandi byggir á traustum grunni og hóf starfsemi sína árið 1957. Frá Íslandi fara árlega um tugir skiptinema til dvalar á erlendri grund á vegum AFS á Íslandi en starfsemin byggir jafnframt á því að taka á móti fjölda erlendra nema sem dvelja hérlendis í ár. Nánari almennar upplýsingar: www.afs.is

**AFS á Íslandi óska eftir að ráða framkvæmdastjóra samtakanna. Leitað er að metnaðarfullum einstaklingi sem sýnir sjálfstæði og frumkvæði í starfi. Æskilegt er að viðkomandi geti byrjað sem fyrst.**

**Ábyrgðar- og starfssvið**
- Dagleg umsýsla og rekstur skrifstofu
- Fjármála- og starfsmannastjórnun
- Samskipti við fjölda hagsmunaaðila og erlenda samstarfsaðila
- Kynningar- og markaðsmál
- Uppbygging sjálfboðaliðastarfs innanlands
- Innleiðing stefnumótunar í samvinnu við stjórn félagsins

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Háskólamenntun
- Góð þekking og reynsla af rekstri, fjárhagslegri ábyrgð og stjórnun
- Leiðtogahæfni og metnaður til að ná árangri í starfi
- Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð
- Hæfni til að takast á við krefjandi verkefni
- Jákvæðni og hæfni í mannlegum samskiptum
- Góð enskukunnátta er skilyrði og önnur tungumálakunnátta kostur

Umsjón með starfinu hafa Helga Jónsdóttir (helga.jonsdottir@capacent.is) og Tómas Oddur Hrafnsson (tomas.hrafnsson@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 7. mars nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, **www.capacent.is**. Umsóknum eiga að fylgja ítarlegar starfsferilsskrár og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Capacent Ráðningar
Borgartúni 27
Sími 540 1000

capacent



# YFIRVÉLSTJÓRI

Óskum eftir að ráða í eftirfarandi stöður á fraktskip okkar „AXEL":

» Yfirvélstjóri (alþjóðlegt skírteini)
» Skipsjóri (lóðsréttindi á Noreg)
» Stýrimaður (alþjóðlegt skírteini)

Umsóknir sendist á ari@dregg.is
Nánari upplýsingar veitir Ari í síma 843 5501

DREGG SHIPPING

Dalatún 6 | Tórshavn, Faroe Islands | www.dregg.is

---

Vinnslustöðin Vestmannaeyjum VSV

## Skipstjóri óskast.

Vinnslustöðin hf. óskar eftir að ráða skipstjóra á frystitogarann Gandí VE 171, sskr. 2702 (áður Rex HF 24).

Gandí VE er 1.628 brúttótonn, 57 metra langur og 13 metra breiður með 3.000 hö aðalvél. Skipið mun aðallega stunda veiðar á uppsjávarfiski og frysta aflann um borð.

Umsóknir um starfið skulu vera skriflegar og sendar í pósti til Vinnslustöðvarinnar hf., Hafnargötu 2, 900 Vestmannaeyjar eða á netfangið gudni@vsv.is

Nánari upplýsingar veitir Guðni I. Guðnason, útgerðarstjóri í síma 893 9741. Umsóknarfrestur er til 5. mars 2010.

Vinnslustöðin er eitt af stærstu sjávarútvegsfyrirtækjum landsins. Velta félagsins nam 8 milljörðum króna árið 2008. Landvinnsla fyrirtækisins samanstendur af uppsjávarvinnslu, saltfiskverkun, humarfrystingu, bolfiskfrystingu og fiskimjölsverksmiðju. Vinnslustöðin gerir út 2-3 uppsjávarskip, 4 togskip og 1 neta- og humarbát.

---

VATNAJÖKULSÞJÓÐGARÐUR

## Hálendisfulltrúi þjóðgarðsvarðar

**Vatnajökulsþjóðgarður auglýsir starf sérfræðings á Norðursvæði með starfsstöð við Mývatn laust til umsóknar.**

**Um er að ræða fjölbreytt, krefjandi og skemmtilegt starf í einstöku umhverfi.**

**Starfið felur m.a. í sér:**

- Eftirlit, vöktun og uppbyggingu svæðisins
- Verkstjórn með sumarstarfsmönnum
- Vinnu við að bæta aðgengi gesta
- Fræðslu og upplýsingagjöf
- Skýrslugerð um þjóðgarðinn
- Samstarf við stofnanir, sveitarstjórnir og ferðaþjónustuaðila
- Önnur tilfallandi verkefni

Laun eru samkvæmt kjarasamningi fjármálaráðherra og hlutaðeigandi stéttarfélags.

Bæði konur og karlar eru hvött til að sækja um starfið. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

**Umsóknir um ofangreint starf** skulu hafa borist Vatnajökulsþjóðgarði, Ásbyrgi, 671 Kópasker, eigi síðar en 15. mars nk.

**Eftirfarandi kröfur um menntun, reynslu, hæfni og þekkingu eru hafðar til viðmiðunar við val á umsækjendum:**

- Háskólapróf eða sambærileg menntun sem nýtist í starfi
- Góð íslensku- og enskukunnátta. Önnur tungumál kostur
- Áhugi og þekking á náttúruvernd og umhverfismálum
- Rík þjónustulund og samskiptahæfni
- Sjálfstæði, frumkvæði og verkvit
- Hæfni til að vinna undir miklu álagi
- Þekking og hæfni í ferðamennsku á hálendinu
- Þekking á Norðursvæði Vatnajökulsþjóðgarðs er mjög æskileg, sem og staðgóð almenn landfræðileg þekking á Íslandi

**Upplýsingar** veitir þjóðgarðsvörður Norðursvæðis, Hjörleifur Finnsson, í síma 842 4360 eða í tölvupósti hjorleifur@vatnajokulsthjodgardur.is.

Vatnajökulsþjóðgarður er ríkisstofnun og nær landsvæði hans alls yfir u.þ.b. 13.000 km$^2$, sem skiptist í fjögur rekstrarsvæði: Norðursvæði, Austursvæði, Suðursvæði og Vestursvæði. Norðursvæðið nær frá Jökulsá á Fjöllum í austri að Tómasarhaga í vestri, yfir stóran hluta af Vatnajökli, Jökulsárgljúfur, Öskju og Dyngjufjöll. Starfið heyrir undir þjóðgarðsvörð Norðursvæðis, sem hefur aðsetur í Ásbyrgi.

PORT hönnun

---

## VIÐ LEITUM EFTIR GÓÐUM KENNARA

NTV er öflugur einkaskóli sem stofnaður var árið 1996. NTV býður upp á fjölbreytt nám með aðaláherslu á lengra starfsnám og undibúning nemenda fyrir krefjandi störf á vinnumarkaðnum. Hjá NTV starfar hópur fólks með mikla þekkingu á sínu sviði. Vegna aukinna umsvifa þurfum við að bæta við kennara í hlutastarf.

Við leitum að einstaklingi með yfirgripsmikla tölvuþekkingu. Viðkomandi þarf að hafa reynslu af hagnýtri tölvunotkun og samskiptahæfni til að miðla þekkingu.

Viðkomandi þarf að vera fljótur að tileinka sér nýjungar og sýna frumkvæði í starfi. Vinnutíminn er breytilegur.

### Starfssvið:

- Kennsla í skráastjórnum og tölvugrunni (Windows)
- Kennsla í notkun á Office pakkanum
- Kennsla í viðskiptagreinum (Verslunarreikningur og bókhald)
- Ýmis tilfallandi verkefni

### Menntunar- og hæfniskröfur:

- Yfirgripsmikil þekking á ofangreindum starfssviðsþáttum er skilyrði
- Háskólamenntun er æskileg
- Reynsla af kennslu er skilyrði
- Hæfni í mannlegum samskiptum er skilyrði
- Gerð er krafa um ögug og sjálfstæð vinnubrögð

Umsóknir ásamt ferilskrá sendist til jvk@ntv.is fyrir kl. 12:00 þann 8. mars merktar "Góður kennari"

ntv
NÝI TÖLVU- OG VIÐSKIPTASKÓLINN
VIÐURKENNDUR EINKASKÓLI Á FRAMHALDSSKÓLASTIGI

---

# www.vinna.is

EUROPEAN UNION
DELEGATION OF THE EUROPEAN UNION TO ICELAND

The European Union has recently opened a diplomatic mission in Reykjavik. The new Delegation of the European Union to Iceland is one of more than 130 EU diplomatic representations around the world and is responsible for official relations between the European Union and Iceland.

To help us carry out our role, we are now recruiting the following staff:

**Administrative/Accounting Officer**
**Receptionist/Secretary**
**Driver**

Candidates must speak Icelandic and English.
Vacancy notices and further details may be found on the Delegation's web-site: www.esb.is

Please send a short letter of motivation and curriculum vitae by e-mail to: delegation-iceland@ec.europa.eu

**The deadline for receipt of applications is 12 March 2010.**



## Forstöðumaður Rannsóknamiðstöðvar Háskólans á Bifröst

**Háskólinn á Bifröst óskar eftir að ráða forstöðumann Rannsóknamiðstöðvar Háskólans á Bifröst í fullt starf. Í boði er áhugavert starf í líflegu akademísku umhverfi.**

Leitað er að kraftmiklum einstaklingi með reynslu úr atvinnulífi og rannsóknum sem hefur áhuga á að taka þátt í uppbyggingu rannsóknastarfs innan ungrar og metnaðarfullrar stofnunar. Frumkvæði, forystueiginleikar og lipurð í mannlegum samskiptum eru lykilatriði.

Meðal verkefna forstöðumannsins eru:

- Vinna að útvegun rannsóknaverkefna á sérsviðum skólans
- Umsjón með rannsóknaverkefnum á vegum skólans fyrir stofnanir og fyrirtæki
- Vinna með innlendum og erlendum aðilum að rannsóknum og þróun
- Vinna með akademískum starfsmönnum skólans að mótun rannsóknaverkefna
- Umsjón með umsóknum í innlenda og erlenda rannsóknasjóði

**Hæfniskröfur:**

- Meistarapróf eða sambærileg menntun
- Góð kunnátta í ensku og einu Norðurlandamáli

**Umsóknir ásamt upplýsingum og starfsferilsskrá sendist til Háskólans á Bifröst, 311 Borgarnes, merkt „Rannsóknamiðstöð" fyrir 15. mars nk.**

HÁSKÓLINN Á BIFRÖST
BIFRÖST UNIVERSITY

SJÚKRATRYGGINGAR ÍSLANDS
LAUGAVEGI 114-118
150 REYKJAVÍK

Sjúkratryggingar Íslands

## Tryggingalæknir

Sjúkratryggingar Íslands óska eftir að ráða lækni/lækna á Tryggingasvið stofnunarinnar. Til greina kemur að ráða einn lækni í allt að 100% starf eða tvo í um það bil 50% starf.

Um er að ræða fjölbreytt og krefjandi starf þar sem einkum er fjallað um réttindi sjúkratryggðra í heilbrigðiskerfinu. Það lýtur aðallega að sjúkratryggingum, slysatryggingum og sjúklingatryggingu.

**Helstu verkefni:**

- Mat á bótaskyldu vegna slysatrygginga og sjúklingatrygginga
- Mat á þörf fyrir læknismeðferð erlendis
- Eftirlit með heilbrigðisstarfsmönnum sem m.a. byggir á hugmyndafræði gagnreyndrar heilsufræði
- Leiðbeiningar og ráðgjöf til starfsfólks varðandi læknisfræðilega þætti

**Hæfniskröfur:**

- Sérfræðiviðurkenning, ýmsar sérgreinar koma til greina
- Starfsreynsla sem sérfræðingur æskileg
- Frumkvæði, áhugi og metnaður í starfi og hæfni til að starfa sjálfstætt sem og í hóp
- Jákvætt viðmót og samskiptahæfileikar

Nánari upplýsingar um starfið veita Ingibjörg K. Þorsteinsdóttir sviðsstjóri Tryggingasviðs og Magnús Páll Albertsson tryggingalæknir í síma 515 0000. Umsóknarfrestur er til 22. mars 2010.

Umsókn ásamt ítarlegri ferilskrá má senda starfsmannaþjónustu Sjúkratrygginga Íslands, Laugavegi 114-118, 150 Reykjavík, í pósti eða rafrænt á starf@sjukra.is. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir.

Sjúkratryggingar Íslands annast framkvæmd sjúkratrygginga ásamt því að semja um og greiða fyrir heilbrigðisþjónustu. Markmið stofnunarinnar eru að gæta réttinda sjúkratryggðra, tryggja aðstoð til verndar heilbrigði óháð efnahag og að stuðla að hagkvæmni og hámarksgæðum í heilbrigðisþjónustu. Hjá stofnuninni starfar öflugur og reyndur hópur fólks við margþætta þjónustu. Starfsumhverfið er fjölskylduvænt og starfsandi góður.

Nánari upplýsingar um stofnunina eru á www.sjukra.is.

VATNAJÖKULSÞJÓÐGARÐUR

## SUMARSTÖRF 2010

**Vatnajökulsþjóðgarður** óskar eftir að ráða starfsfólk í störf á eftirtöldum stöðum:

- **Skaftafell:** Landverðir, starfsfólk í móttöku og upplýsingagjöf, á tjaldsvæði, í ræstingu og almenn störf.
- **Lónsöræfi:** Landvörður.
- **Höfn:** Landvörður.

Frekari upplýsingar má fá með því að senda tölvupóst á: regina@vatnajokulsthjodgardur.is (Regína Hreinsdóttir, þjóðgarðsvörður Suðursvæðis), svo og í síma: 470 8301

- **Jökulsárgljúfur:** Landverðir, starfsfólk í móttöku og upplýsingagjöf, starfsfólk á tjaldsvæði, í ræstingu og almenn störf.
- **Herðubreiðarlindir og Dreki:** Landverðir og skálaverðir í samvinnu við Ferðafélag Akureyrar.

Frekari upplýsingar má fá með því að senda tölvupóst á: hjorleifur@vatnajokulsthjodgardur.is (Hjörleifur Finnsson, þjóðgarðsvörður Norðursvæðis), svo og í síma: 470 7100

- **Snæfell, Kverkfjöll og Hvannalindir:** Landverðir og skálaverðir í samvinnu við Ferðafélag Fljótsdalshéraðs.

Frekari upplýsingar má fá með því að senda tölvupóst á: elin@vatnajokulsthjodgardur. is (Elín Bergsdóttir, starfandi þjóðgarðsvörður Austursvæðis), svo og í síma: 470 0840

- **Hólaskjól, Hrauneyjar og Nýidalur:** Landverðir.

Frekari upplýsingar má fá með því að senda tölvupóst á karik@vatnajokulsthjodgardur.is (Kári Kristjánsson, staðgengill þjóðgarðsvarðar Vestursvæðis), svo og í síma: 842 4378

Starfsfólk lýtur stjórn viðkomandi þjóðgarðsvarðar.

**Starfstími** ofangreindra starfa er almennt frá byrjun júní til loka ágúst, í einhverjum tilvikum er byrjað í apríl/maí og sum störfin krefjast viðveru fram í september. Laun eru greidd samkvæmt kjarasamningi fjármálaráðherra og Starfsgreinasambandsins. Bæði konur og karlar eru hvött til að sækja um.

**Almennar kröfur** eru að viðkomandi hafi ökuréttindi, hafi ríka þjónustulund, sé jákvæður, sýni lipurð í mannlegum samskiptum og geti unnið undir álagi. Staðarþekking er einnig æskileg.

Varðandi **landvarðastöður** er haft til viðmiðunar að umsækjendur séu 20 ára og hafi lokið landvarðanámskeiði, hafi reynslu af landvörslu eða sambærilegu og hafi skyndihjálparréttindi. Einnig er gerð krafa um gott vald á íslensku svo og enskukunnáttu. Frekari tungumálakunnátta er kostur t.d. Norðurlandamál, þýska, franska, spænska eða ítalska.

Varðandi **störf í móttöku og upplýsingagjöf** er lögð rík áhersla á þjónustulund, jákvæðni og lipurð í samskiptum og að geta unnið undir álagi. Staðarþekking er nauðsynleg. Einnig er gerð krafa um gott vald á íslensku svo og enskukunnáttu. Frekari tungumálakunnátta er kostur t.d. Norðurlandamál, þýska, franska, spænska eða ítalska.

**Umsóknum skal skilað** á sérstökum umsóknar-eyðublöðum sem er hægt að nálgast á heimasíðu Vatnajökulsþjóðgarðs; www.vatnajokulsthjodgardur.is.

**Umsóknarfrestur er til og með 15. mars nk.** og skulu umsóknir sendar á netfangið: umsoknir@vatnajokulsthjodgardur.is eða í pósti merktum: Vatnajökulsþjóðgarður, Klapparstíg 25-27, 101 Reykjavík.

**Vatnajökulsþjóðgarður** er ríkisstofnun, sem hefur umsjón með rekstri landsvæða sem ná alls yfir u.þ.b. 13.000 km² og mynda Vatnajökulsþjóðgarð.

PORT hönnun

# basis




Vegna aukinna umsvifa leitum við að tæknimönnum sem hafa meðfæddan áhuga á tölvutækni. Einstaklingum sem drifnir eru af forvitni og metnaði. Einstaklingum sem sjá tækifæri í að slást í lið með reynsluboltum Basis.

Próf og gráður eru kostur, ekki skilyrði en **hugarfar**, **reynsla** og **áhugi** eru lykilþættir.

Basis er óháð tölvurekstrar- og ráðgjafafyrirtæki í örum og öruggum vexti. Fyrirtækið sinnir ráðgjöf, hönnun, verkefnastjórnun og rekstri tölvukerfa fyrir stærri fyrirtæki innanlands sem utan ásamt eigin hýsingarþjónustu.

Ef eitt eða fleiri eftirtalinna atriða eru þín sterka hlið gætir þú verið rétti einstaklingurinn.

- Linux, Unix (AIX / SUN)
- Netkerfi (CISCO / Nortel)
- SAN kerfi (CISCO / Brocade)
- Diskakerfi (IBM / EMC / NetApp)
- Sýndarvélaumhverfi (XEN / KVM / ESX)
- Öryggismál og öryggisafritun (TSM, annað)

Vinsamlegast sendið umsóknir með tölvupósti á framtid@basis.is fyrir 15. mars n.k.
Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál.

---

# kokkarnir
VEISLUÞJÓNUSTA

## *Ertu sælkeri? Elskar þú sælkeramat? Þá eigum við kannski samleið.*

Kokkarnir veisluþjónusta leitar eftir metnaðarfullri manneskju til að sjá um Osta- og Sælkeraborðið í Hagkaupum Kringlunni.

**Starfssvið:**
- Innkaup og pantanir
- Starfsmannahald/mönnun vakta
- Laga brauð ofl. sem lagað er á staðnum
- Afgreiðsla úr Osta- og sælkeraborði

Nauðsynlegt er að umsækjendur hafi reynslu úr atvinnu eldhúsi og hafi mikinn áhuga á mat og matargerð.**Áhugasamir sendið tölvupóst á runar@kokkarnir.is eða hringið í síma 511-4466 milli kl 9 og 17 á virkum dögum.**

**FURÐUFISKAR EHF • FUNAHÖFÐA 7 • 110 REYKJAVÍK**

---

# Reykjavíkurborg
Menntasvið

# Staða skólastjóra
## við nýjan skóla í Úlfarsárdal

Auglýst er eftir skólastjóra við nýjan skóla í Úlfarsárdal, sem áætlað er að taki til starfa 1. ágúst 2010. Skólinn á að veita börnum og foreldrum góða þjónustu með metnaðarfulli leikskólamenntun og umönnun, grunnskólamenntun og frístundastarfi undir einu þaki.

Frá og með hausti 2010 verða í nýja skólanum í Úlfarsárdal nemendur frá eins árs aldri til og með 10 ára aldurs, sem eru nemendur í 5. bekk grunnskóla og bætist síðan við einn árgangur árlega næstu tvö ár. Áætlað er að 35 börn á leikskólaaldri verði í skólanum í haust og 30 börn á grunnskólaaldri.

Leitað er að skólastjóra til að stýra uppbyggingu á nýstárlegu skólastarfi, einstaklingi sem hefur þekkingu og skilning á faglegum áherslum beggja skólastiga og á íþrótta- og tómstundafræðum. Hann þarf að vinna í góðu samstarfi við fagsvið borgarinnar og foreldra í Úlfarsárdal til að tryggja samfellu í starfsháttum allra árganga skólans í samræmi við stefnu Reykjavíkurborgar í leikskóla-, grunnskóla- og frístundastarfi.

**Áherslur í skólastarfi:**
- Læsi og lesskilningur
- Listir og sköpun
- Umhverfismennt
- Félagsfærni og virk þátttaka barna

**Meginhlutverk skólastjóra er að:**
- Stýra og bera ábyrgð á daglegri starfsemi og rekstri skólans.
- Veita skólanum faglega forystu í samræmi við aðalnámskrá grunnskóla og leikskóla.
- Annast að ósk foreldra uppeldi, umönnun og menntun barna á leikskólaaldri.
- Bjóða nemendum fjölbreytt tómstundastarf.

**Hæfniskröfur:**
- Hefur leyfi til að nota starfsheitið grunnskóla- eða leikskólakennari.
- Hefur framhaldsmenntun í stjórnun og/eða reynslu af stjórnun.
- Hefur reynslu af kennslu á grunnskóla- og/eða leikskólastigi.
- Reynsla af frístundastarfi með börnum og unglingum er æskileg.
- Er reiðubúinn að leita nýrra leiða í skólastarfi.
- Hefur stjórnunarhæfileika og er lipur í mannlegum samskiptum.

Æskilegt er að skólastjóri getið hafið störf 15. apríl nk. Óskað er eftir því að í umsókn komi fram í stuttu máli hugmyndir um útfærslu á samþættingu skólastarfs í ljósi áherslna Reykjavíkurborgar um að sameinað verði í einni stofnun, leikskóli, grunnskóli og frístundastarf fyrir börn frá eins árs til tólf ára aldurs. Jafnframt er óskað eftir því að gerð verði grein fyrir hugmyndum um samvinnu innan skólans og við foreldra og grenndarsamfélagið.
Auk þess fylgi umsókn yfirlit yfir nám og störf, leyfisbréf til kennslu, upplýsingar um frumkvæði á sviði skólamála og annað er málið varðar.
**Umsóknarfrestur er til 10. mars 2010.**

Laun eru samkvæmt kjarasamningi LN og KÍ. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Reykjavíkurborgar www.reykjavik.is/storf eða hjá Menntasviði Reykjavíkur, Fríkirkjuvegi 1, 101- Reykjavík, bt. Valgerðar Janusdóttur, mannauðsstjóra Menntasviðs sem jafnframt veitir nánari upplýsingar, netfang: valgerdur.janusdottir@reykjavik.is, sími 411-1111.

---

LANDSPÍTALI
HÁSKÓLASJÚKRAHÚS



# Netstjóri í tæknirekstri

**Heilbrigðis- og upplýsingatæknideild Landspítala auglýsir eftir netstjóra í tæknirekstur í 100% starf. Í boði er spennandi starf í flóknu tækniumhverfi með frábæru samstarfsfólki.**

## Helstu verkefni og ábyrgð
» Rekstur á Cisco netkerfi í samráði við aðra netstjóra
» Taka þátt í að móta og hanna framtíðarrekstrarumhverfi
» Viðhalda þekkingu og fylgjast með nýjungum/þróun í tækniumhverfinu
» Skráning á búnaði
» Samskipti við birgja

## Hæfnikröfur
» Umfangsmikil starfsreynsla við rekstur á Cisco netkerfum
» Háskólamenntun er nýtist í starfi s.s. kerfis- eða tölvunarfræðimenntun er kostur
» Jákvæðni og hæfni í mannlegum samskiptum
» Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð
» Frumkvæði og sveigjanleiki

Upplýsingar veitir Friðþjófur Bergmann, sími 543 5244, diddi@landspitali.is.
Umsóknarfrestur er til og með 14.03.2010.
Sækja skal um rafrænt á heimasíðu Landspítala, www.landspitali.is.
Gögn sem ekki er hægt að senda rafrænt skulu berast til Friðþjófs Bergmann, LSH tæknideild, Eiríksgötu 5.

Laun samkvæmt gildandi kjarasamningi fjármálaráðherra og viðkomandi stéttarfélags. Sótt er um starf rafrænt með því að smella á sækja um starf. Einnig er hægt að nálgast umsóknareyðublöð í upplýsingum Fossvogi og Hringbraut, mannauðssviði Eiríksgötu 5 og á heimasíðu Landspítala, www.landspitali.is. Tekið er mið af jafnréttisstefnu LSH við ráðningar í störf á Landspítala.

**Landspítali er reyklaus vinnustaður**

---

**Markmið Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands er að styrkja samkeppnisstöðu Íslensks atvinnulífs og auka lífsgæði með þekkingaruppbyggingu og stuðningsþjónustu fyrir frumkvöðla, sprota- og nýsköpunarfyrirtæki. Nýsköpunarmiðstöð vinnur jafnframt að rannsóknum og tækniþróun á sviði framleiðslu, ferla, orku, bygginga og mannvirkja.**

**Impra er annað kjarnasviða Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands. Impra veitir upplýsingar og stuðning í tengslum við viðskiptahugmyndir og stofnun og rekstur fyrirtækja. Á vegum Impru er rekinn fjöldi verkefna með áherslu á nýsköpun, þekkingu og uppbyggingu frumkvöðlastarfs.**

## Impra á Nýsköpunarmiðstöð Íslands
# Starf á Höfn í Hornafirði

Auglýst er eftir verkefnisstjóra Impru á Nýsköpunarmiðstöð Íslands á Höfn í Hornafirði með starfsstöð í Nýheimum, þekkingarsetri á Höfn.

## Starfssvið
- Móta og vinna hugmyndir að nýjum þróunarverkefnum
- Umsjón með framkvæmd, þróun og eftirfylgni verkefna og fræðslustarfs
- Handleiðsla í tengslum við stofnun og rekstur lítilla og meðalstórra fyrirtækja
- Samstarf við fyrirtæki og stofnanir um þróun og rekstur nýsköpunarverkefna
- Fjármögnun verkefna og sókn í innlenda og erlenda samkeppnissjóði

## Hæfniskröfur
- Háskólamenntun á sviði viðskipta, stjórnunar, eða á sambærilegu sviði
- Sjálfstæð og öguð vinnubrögð
- Þekking og reynsla af íslensku atvinnulífi
- Lipurð í mannlegum samskiptum og þjónustulund
- Frumkvæði og dugnaður
- Færni í töluðu og rituðu máli

Upplýsingar um starfið veita Berglind Hallgrímsdóttir, *berglindh@nmi.is* og Ari Þorsteinsson, *arith@nmi.is* og í síma *522 9000*.

Hvatt er til umsókna frá konum jafnt sem körlum. Umsóknum skal skila fyrir 15. *mars* n.k. merktum:

Nýsköpunarmiðstöð Íslands
Keldnaholti
112 Reykjavík

Nýsköpunarmiðstöð Íslands

Keldnaholti, 112 Reykjavík • Sími 522 9000 • Fax 522 9111 • www.nmi.is

## Þroskaþjálfi

**Leikskólinn Ásar í Garðabæ leitar eftir þroskaþjálfa.**
Um er að ræða fullt starf og getur viðkomandi hafið störf 1. apríl. Leikskólinn Ásar er rekinn af Hjallastefnunni og starfar eftir hugmyndafræði hennar.

Fyrirspurnir og frekari upplýsingar fást með því að senda tölvupóst á netfangið asar@hjalli.is eða hjá skólastjórnendum í síma 564-0200.

## Skaftholt

Skaftholt, sambýli, lífrænn bóndabær leitar eftir samstarfsfólki.
Erum sérstaklega að leita að fólki sem hefur áhuga á lífstíl sem er á grunni mannspekihugmynda Rudolfs Steiner.
Laun, vinnutími og húsnæði eru samkomulagsatriði.
upplýsingar: skaftholt@simnet.is
www.skaftholt.is

**vísir.is**
"...ég sá það á vísi"

## Administrative Assistant

Sendiráð Bandaríkjanna auglýsir tímabundið hlutastarf – stöðu Administrative Assistant lausa til umsóknar. Umsóknarfrestur er til 15. Mars, 2010. Frekari upplýsingar er að finna á heimasíðu sendiráðsins: http://iceland.usembassy.gov/vacancies.html

The U.S. Embassy in Reykjavik is seeking an individual for the temporary part time position of Administrative Assistant. The closing date for this postion is March 15, 2010. Application forms and further information can be found on the Embassy's home page: http://iceland.usembassy.gov/vacancies.html
Please send your application and resumé to: reykjavikvacancy@state.gov

Heimili og skóli – Landssamtök foreldra | SAFT

# Verkefnastjóri

Heimili og skóli og SAFT leita að öflugum einstaklingi til að sinna 80% starfi verkefnastjóra í þrjá mánuði vegna fæðingarorlofs. Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

**Starfs- og ábyrgðasvið:**
- Umsjón með kynningarmálum
- Umsjón með tölvumálum (heimasíða og fésbók)
- Útgáfa og umbrot á útgefnu efni (InDesign)
- Ráðgjöf og svörun fyrirspurna

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Háskólapróf eða reynsla af sambærilegum verkefnum
- Enskukunnátta nauðsynleg og eitt Norðurlandamál er kostur
- Reynsla af fjölmiðlum er kostur
- Mikil hæfni í mannlegum samskiptum
- Þekking og áhugi á skóla-, íþrótta-, tómstunda- og fjölskyldumálum
- Góð tölvukunnátta
- Skipulögð vinnubrögð
- Jákvæðni, frumkvæði og heiðarleiki

Umsjón með starfinu hefur Sigurlaug Anna Jóhannsdóttir, sigurlaug@heimiliogskoli.is.
Umsóknir sendist á netfangið heimiliogskoli@heimiliogskoli.is eða til Heimilis og skóla, Suðurlandsbraut 24, 108 Reykjavík.
Umsóknarfrestur er til föstudagsins 5. mars, kl. 16.

Heimili og skóli – landssamtök foreldra eru frjáls félagasamtök sem starfa óháð stjórnmálaflokkum eða trúfélögum. Samtökin veita ráðgjöf til foreldra og foreldrasamtaka og gefa út tímarit og ýmiss konar efni um foreldrasamstarf. Markmið þeirra er að stuðla að bættum uppeldis – og menntunarskilyrðum barna og unglinga.



# MARORKA

## „VILTU STARFA Á SVIÐI VISTVÆNNAR NÝSKÖPUNAR, ÞRÓUNAR OG ÞJÓNUSTU?"

Vegna aukinna verkefna leitum við að nýjum liðsmönnum í öflugan hóp starfsmanna sem daglega leggja sitt af mörkum til bættrar orkunýtingar og minni mengunar á heimsvísu. Marorka er leiðandi fyrirtæki í lausnum fyrir orkustjórnun skipa. Lausnir okkar eru í notkun um allan heim og leiða til betri nýtingar verðmætra orkuauðlinda og til minni losunar gróðurhúsalofttegunda. Við erum ISO 9001 gæðavottað fyrirtæki og stoltir handhafar Norrænu umhverfisverðlaunanna.

Við bjóðum starfsmönnum okkar krefjandi og spennandi verkefni í alþjóðlegu fyrirtæki, sveigjanlegan vinnutíma, fjölskylduvænt starfsumhverfi og þátttöku í áframhaldandi uppbyggingu hátæknifyrirtækis.

### FORRITARI Á VÖRUÞRÓUNARSVIÐI

**Starfssvið:**
- Þróun á vörum Marorku:
  - Maren, orkustjórnunarkerfi fyrir skip
  - Marorka Portal, vefupplýsingakerfi fyrir útgerðir
  - EDT, hönnunartól fyrir stærðfræðilíkön
- Unnið er í VisualStudio2008/.NET3.5 með C#
- Unnið er með Agile/Scrum verklagi

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Háskólamenntun í tölvunarfræði, sambærilegt nám eða reynsla
- Æskilegt er að viðkomandi hafi unnið við hugbúnaðargerð í a.m.k. 3 ár og hafi víðtæka reynslu af lífsferli hugbúnaðarvöru
- Æskilegt að viðkomandi þekki Agile/Scrum verklag
- Mjög mikilvægt er að viðkomandi hafi tamið sér öguð og vönduð vinnubrögð og eigi auðvelt með hópvinnu

Nánari upplýsingar veitir Ari Vésteinsson, framkvæmdastjóri vöruþróunarsviðs

### KERFIS- OG NETSÉRFRÆÐINGUR

**Starfssvið:**
- Standsetning og þjónusta á tölvubúnaði orkustjórnunarkerfa Marorku
- Standsetning og þjónusta á tölvubúnaði starfsmanna
- Rekstur og öryggismál upplýsinga- og netkerfa Marorku
- Utanumhald hugbúnaðarleyfa
- Starfinu fylgja ferðalög

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Góð þekking á samsetningu og uppsetningu tölvubúnaðar
- Góð þekking á öryggismálum tölvubúnaðar, nets og gagna
- Góð þekking á netmálum, Windows, SQLServer og notendastillingum
- Mjög mikilvægt er að viðkomandi hafi tamið sér öguð og vönduð vinnubrögð og eigi auðvelt með hópvinnu
- Góð enskukunnátta

Nánari upplýsingar veitir Ari Vésteinsson, framkvæmdastjóri vöruþróunarsviðs

### SÉRFRÆÐINGUR- UPPSETNING ORKUSTJÓRNUNARKERFIS

**Starfssvið:**
- Uppsetning á orkustjórnunarkerfum um borð í skipum
- Framleiðsla á orkustjórnunarkerfum Marorku
- Tækniþróun á vörum Marorku
- Starfinu fylgja ferðalög

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Rafeindatæknifræðingur, iðnmenntun kostur, s.s. vélstjóri og rafeindavirki
- Reynsla af uppsetningu og þjónustu á rafeindabúnaði um borð í skipum
- Góð þekking á rafeindafræði og samskiptum milli tækja
- Góð þekking á vélbúnaði og rafkerfum um borð í skipum
- Góð tölvukunnátta
- Mjög mikilvægt er að viðkomandi hafi tamið sér öguð og vönduð vinnubrögð og eigi auðvelt með hópvinnu
- Góð enskukunnátta

Nánari upplýsingar veitir Anna Karlsdóttir, framkvæmdastjóri orkustjórnunarsviðs



Marorka er stoltur handhafi Norrænu umhverfisverðlaunanna

Umsóknir með ferilskrám og upplýsingum um hvenær umsækjandi getur hafið störf sendist á careers@marorka.com. Umsóknarfrestur er til 10. mars n.k.

MARORKA www.marorka.com Borgartúni 20, 105 Reykjavík | Sími 582 8000 | marorka@marorka.com


## Auglýsingasími

512 5401




Allt sem þú þarft...

## Fjölbreytt verkefni í góðum hópi. Calidris leitar að öflugum einstaklingi í uppsetningu og rekstur stórra tölvukerfa.

Calidris

Calidris er íslenskt fyrirtæki sem selur hugbúnaðarlausnir til flugfélaga á alþjóðamarkaði. Við byggjum árangur okkar á þekkingu á rekstri flugfélaga, á stöðugri þróun lausna okkar og hæfu og ánægðu starfsfólki. Liðsheild okkar er sterk og telur nú rúmlega 40 manns. Viðskiptavinir Calidris eru stór og smá flugfélög um allan heim.

Umsóknarfrestur er til og með 7. mars nk. Umsækjendur skili ferilskrám í tölvupósti á hr@calidris.com Umsjón með ráðningunum hefur Jón Árni Bragason. (jon.arni.bragason@calidris.com)

## Sérfræðingur í kerfisrekstri

**Starfssvið**
- Uppsetning og uppfærslur kerfa viðskiptavina
- Umsjón og eftirlit með rekstri kerfa viðskiptavina
- Samskipti við viðskiptavini vegna kerfisreksturs

**Hæfniskröfur og eiginleikar**
- Tölvunarfræðingur, Verkfræðingur, Kerfisfræðingur eða sambærileg menntun
- Góðir samskiptahæfileikar
- Góð tungumálakunnátta jafnt í ræðu sem riti (íslenska og enska)
- Hæfni í greiningu vandamála
- Vilji til að læra og takast á við nýja hluti
- Reynsla af Linux, Oracle, WebLogic, Java, SQL æskileg




## Veitingastaðurinn Öðlingur
### -rekstraraðili óskast-

Golfklúbburinn Oddur auglýsir eftir rekstraraðila veitingastaðarins Öðlings sem staðsettur er í golfskála klúbbsins við Urriðavöll í Urriðavatnsdölum, Garðabæ.

Veitingastaðurinn tekur 110 manns í sæti. Meginhlutverk rekstrarins er að þjóna gestum golfklúbbsins á þeim tíma sem golfvöllurinn er opinn. Veitingastaðurinn gegnir lykilhlutveri í þeirri viðleitni að skapa eftirsóknarvert umhverfi á og við golfvöllinn.

Utan golfvertíðar nýtist veitingastaðurinn til almennra veisluhalda og annarrar sambærilegrar þjónustu.

Umhverfi golfklúbbsins Odds í Urriðaholti er rómað fyrir náttúrufegurð og veðurblíðu og býður aðstaðan utandyra uppá ýmsa kosti fyrir veitingaþjónustu.

Áhugasamir vinsamlegast hafið samband með tölvupósti á póstfangið oddur@oddur.is fyrir fimmtudaginn 4. mars næstkomandi. Vinsamlegast greinið frá reynslu af veitingarekstri og/eða veisluþjónustu.



## YFIRVÉLSTJÓRI

Óskum eftir að ráða í eftirfarandi stöður á fraktskip okkar „AXEL“:

» Yfirvélstjóri (alþjóðlegt skírteini)

» Skipsjóri (lóðsréttindi á Noreg)

» Stýrimaður (alþjóðlegt skírteini)

Umsóknir sendist á ari@dregg.is
Nánari upplýsingar veitir Ari í síma 843 5501

DREGG SHIPPING

Dalatún 6 | Tórshavn, Faroe Islands | www.dregg.is

HEILBRIGÐISRÁÐUNEYTIÐ

## Sérnámsstöður í heimilislækningum

Heilbrigðisráðuneytið auglýsir fimm námsstöður til sérnáms í heimilislækningum lausar til umsóknar. Stöðurnar eru lausar frá 1. júní 2010 og eru að hámarki til þriggja ára.

Gert er ráð fyrir að sérnámslæknir starfi á heilsugæslustöðvum bæði í þéttbýli og dreifbýli og á sjúkrahúsum og taki einnig þátt í fræðilegu námi. Námið byggir á marklýsingu fyrir sérnám í heimilislækningum (FÍH 2008) og er skipulagt nánar í samráði við kennslustjóra sérnáms.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Læknafélags Íslands og fjármálaráðherra.

Umsóknareyðublöð má finna á vef heilbrigðisráðuneytisins www.heilbrigdisraduneyti.is

Umsóknarfrestur er til 1. apríl nk. Umsóknir með upplýsingum um fyrra nám og störf sendist Sveini Magnússyni, yfirlækni í heilbrigðisráðuneytinu, Vegmúla 3, 150 Reykjavík. Nánari upplýsingar um stöðurnar veitir Alma Eir Svavarsdóttir, aðjúnkt, í síma 585-1800.

Heilbrigðisráðuneytið
Reykjavík, 26. febrúar 2010

www.vinna.is

vinna.is
sími: 511 1144

## Forstöðumaður almannatengsla

*Forstöðumaður almannatengsla er starfsmaður á fjármála- og stjórnsýslusviði Kópavogsbæjar og næsti yfirmaður hans er bæjarritari. Forstöðumaður almannatengsla sinnir verkefnisstjórn í verkefnum tengdum upplýsingamálum á starfssviði hans. Að svo miklu leyti sem markaðsmál tengjast ímynd bæjarins skal haft samráð um þau við forstöðumann almannatengsla. Forstöðumaður almannatengsla tekur m.a. þátt í undirbúningi opinna funda og kynningu á meiriháttar skipulagsbreytingum og framkvæmdum í bæjarfélaginu.*

**Kópavogsbær auglýsir eftir forstöðumanni almannatengsla**

Forstöðumaður almannatengsla Kópavogsbæjar er í forsvari fyrir stefnumörkun, þróun og skipulagningu á sviði innri og ytri upplýsinga og almannatengsla auk þess sem hann er öllum sviðum og deildum stjórnsýslu bæjarins til aðstoðar og ráðgjafar um hvers kyns málefni á því sviði.

**Á verksviði forstöðumanns almannatengsla er meðal annars:**
- að annast miðlun upplýsinga sem varða starfsemi Kópavogsbæjar, innan stjórnkerfis bæjarins sem og til almennings, og samskipti við fjölmiðla
- ráðgjöf um hvers kyns útgáfu upplýsinga- og kynningarefnis á vegum bæjarins á prentuðu eða rafrænu formi
- að ritstýra heimasíðu Kópavogsbæjar og innra neti
- að sitja reglulega fundi með stjórnendum og vera þeim til ráðgjafar og aðstoðar um almanna- og fjölmiðlatengsl

**Menntunar og hæfniskröfur:**
- Háskólamenntun er æskileg og reynsla af almannatengslum og/eða frétta/blaðamennsku nauðsynleg.

**Konur jafnt sem karlar hvött til að sækja um starfið**

KÓPAVOGSBÆR

Nánari upplýsingar um starfið veitir Páll Magnússon, bæjarritari, í síma 5701500. Sækja þarf um starfið á umsóknavef á heimasíðu bæjarins, *www.kopavogur.is.*

Umsóknarfrestur rennur út 8. mars nk.

*www.kopavogur.is*

GARÐHEIMAR

VR Fyrirmyndarfyrirtæki 2009

## Garðheimar leita að drífandi og samviskusömu starfsfólki

Garðheimar bjóða upp á störf í skemmtilegu og lifandi umhverfi sem leggur áherslu á grænan lífsstíl. Garðheimar eru fjölskyldufyrirtæki þar sem starfa um 60 manns. Garðheimar eru fyrirmyndarfyrirtæki VR 2009.

***Garðyrkjufræðingur***
Um er að ræða fjölbreytt og skemmtilegt starf bæði úti og inni. Starfið felur í sér umönnun á úti og inniplöntum, ráðgjöf til viðskiptavina auk þess að aðstoða deildarstjóra við verkstjórn.

***Sumarstörf***
Um er að störf við umhirðu og sölu á útiplöntum. Einnig vantar okkur starfsmann með létt vinnuvélapróf til starfa á útisvæði okkar.

Áhugasamir vinsamlegast hafið samband við Kristínu H. Gísladóttur starfsmannastjóra. Vinsamlegast skilið umsóknum í upplýsingaborð Garðheima eða á póstfang: kristinhg@gardheimar.is fyrir föstudaginn 5. mars

## Vantar þig vinnu?

Sambíóin óska eftir starfsfólki í almenn afgreiðslustörf. Um vaktavinnu er að ræða og laun samkvæmt kjarasamningi VR.
Æskilegur aldur 20 ára og eldri
Umsóknir með mynd, ásamt ferilskrá sendist á:

**Sam-félagið**
**Álfabakka 8**
**Pósthólf 9074**
**129 Reykjavík**
**Merkt „atvinna“**

Frum

SAMBÍÓIN

# EJS ehf. óskar eftir að ráða innkaupafulltrúa

## Rekstrarsvið EJS ehf. leitar að innkaupafulltrúa til að starfa með mörgum af færustu sérfræðingum landsins.

**Starfssvið:**

- Umsjón með innkaupum á vörum til endursölu
- Umsjón með flutningamálum (logistics)
- Undirbúningur, gerð og eftirfylgni pantana
- Eftirlit með birgðastöðu og veltuhraða
- Samskipti við birgja
- Önnur tilfallandi störf

**Hæfniskröfur**

- Háskólamenntun í vörustjórnun eða önnur sambærileg menntun sem nýtist í starfi
- Starfsreynsla í innkaupum er æskileg
- Mjög góð enskukunnátta
- Góð tölvukunnátta, góð þekking á Excel
- Þekking á Navision er kostur
- Góðir samskipta- og samstarfshæfileikar
- Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð

EJS er rótgróið og framsækið þjónustufyrirtæki í upplýsingatækni. Það leggur metnað sinn í að þjóna íslensku atvinnulífi með því að bjóða fyrsta flokks tækniþjónustu og upplýsingatækni frá heimsþekktum framleiðendum eins og DELL, EMC, SUN, Microsoft, NCR, Cisco,Trend Micro og Alcatel-Lucent. Hjá EJS starfa margir af færustu sérfræðingum landsins í upplýsingatækni.

**Umsóknum skal skilað til Unnar Flygenring, starfsmannastjóra EJS ehf., á netfangið unnurf@ejs.is**

www.ejs.is Grensásvegi 10, Reykjavík Sími 563 3000 Tryggvabraut 10, Akureyri Sími 463 3000

EJS 1939 70 2009

» Ráðningarþjónusta

# Leitar þú að starfsmanni?

**HH Ráðgjöf** hefur vönduð vinnubrögð og fagmennsku að leiðarljósi. Við leggjum metnað okkar í að veita afburðarþjónustu og finna réttan einstakling fyrir þá aðila sem leita okkar aðstoðar við ráðningu starfsfólks.

» Kostir þess að nýta sér þjónustu HH Ráðgjafar eru m.a.:

- **Vinnusparnaður**
Við vinnum úr umsóknum, leitum í gagnagrunni okkar, tökum forviðtöl og öflum umsagna.
- **Markviss leit**
Sérskrifaður hugbúnaður gerir leit afar markvissa og tryggir að við finnum hæfasta einstaklinginn.
- **Þriggja mánaða ábyrgð**
Ef starfsmaður hættir störfum innan þriggja mánaða er ráðning í hans stað án endurgjalds.
- **Ekkert staðfestingargjald**
Við leggjum áherslu á að rækta árangursríkt og ánægjulegt langtímasamband við viðskiptavini okkar og því greiðir þú ekkert ef ekki verður af ráðningu.
- **Fjöldi hæfra umsækjenda**
Fjöldi umsækjenda er á skrá í almennum gagnagrunni okkar sem tryggir að við finnum rétta einstaklinginn fyrir starfið.
- **Fjölbreyttar þjónustuleiðir**
Í boði eru fjölbreyttar þjónustuleiðir sniðnar að þörfum og væntingum viðskiptavina okkar. Þú finnur lausnina hjá okkur.
- **Reynsla og þekking**
Hjá HH Ráðgjöf starfa sérfræðingar á sviði starfsmannamála sem búa m.a. yfir mikilli reynslu af ráðningum og hagnýtri menntun.
- **Sanngjarnt verð**
Bjóðum mjög hagstætt og samkeppnishæft verð á þjónustu okkar. Gerðu verðsamanburð!




**HH Ráðgjöf** er alhliða ráðningarþjónusta og við státum okkur af því að veita framúrskarandi þjónustu hvort sem um ræðir ráðningu ófaglærðra, faglærðra eða sérfræðinga.

» Ráðgjafar okkar veita fúslega frekari upplýsingar í síma 561 5900 eða sendu okkur tölvupóst: hhr@hhr.is

HH RÁÐGJÖF RÁÐNINGARÞJÓNUSTA

» HH Ráðgjöf • Fiskislóð 81 • 101 Reykjavík • Sími: 561 5900 • Fax: 561 5909 • hhr@hhr.is • www.hhr.is

## Auglýsingasími

# 512 54 01




Allt sem þú þarft...

## Fundir

Frá Orlofsnefnd húsmæðra í Reykjavík

**Kynningarfundur á ferðum sumarsins**

**verður haldinn í Víkingasal Hótels Loftleiða þriðjudaginn 2. mars nk. Kl. 20:00**

**Orlofsferðir sumarið 2010**

**Laugar í Sælingsdal 6.-9. júní**
**Vestfirðir 28.-30. júní**
**Suðurland 3.-5. sept.**
**Fljótasigling á Rín 6.-10. maí**
**Færeyjar 4.-7. júní**
**Spánarferð 26. júní - 3. júlí**

*Í lögum um orlof húsmæðra segir svo:*
***"Sérhver kona, sem veitir eða hefur veitt heimili forstöðu án launagreiðslu fyrir það starf, á rétt á að sækja um orlof".***

**Stjórnin**


Hringdu í síma

512 50 60

ef blaðið berst ekki





## Útboð

## GARÐABÆR - ÚTBOÐ

Bæjarsjóður Garðabæjar óskar eftir tilboðum í verkið **Stjörnutorg o.fl. – fullnaðarfrágangur**.
Verkið felst í yfirborðsfrágangi torgs og bifreiðastæða, auk tengdra verka.

Helstu magntölur verks eru :

| | |
|---|---|
| Malbikaðir fletir | 2500 m² |
| Hellulagðir fletir | 1800 m² |
| Steinsteyptir fletir | 135 m² |
| Snjóbræddir fletir | 570 m² |

Verkinu skal að fullu lokið þann 15. júní 2010.

Útboðsgögn á rafrænu formi verður hægt að sækja á vef Garðabæjar, **gardabaer.is**, frá þriðjudeginum 2. mars nk.

Tilboðum skal skila á Bæjarskrifstofur Garðabæjar, Garðatorgi 7 í Garðabæ, eigi síðar en kl. 11.30 þriðjudaginn 9. mars 2010, og verða þau þá opnuð þar að viðstöddum þeim bjóðendum sem þess óska.

**Bæjarverkfræðingurinn í Garðabæ**

GARÐABÆR
www.gardabaer.is
Tækni- og umhverfissvið

## ÚTBOÐ

**F.h. Framkvæmda- og eignasviðs Reykjavíkurborgar:**

***Umferðarmerki 2010 – 2011***

Útboðsgögn á geisladiski verða seld á kr. 2.000, frá kl. 14:00, þriðjudagin 2. mars 2010, í upplýsingaþjónustu Ráðhúss Reykjavíkur.
Opnun tilboða: mánudagin 22. mars 2010 kl 14:00, í Ráðhúsi Reykjavíkur.
12375

Nánari upplýsingar er að finna á www.reykjavik.is/utbod

Reykjavíkurborg
Innkaupaskrifstofa
Ráðhúsi Reykjavíkur, Tjarnargötu 11, 101 Reykjavík
Sími 411 1042 / 411 1043, bréfsími 411 1048
Netfang: utbod@reykjavik.is

## ÚTBOÐ

GARÐABÆR

Verkfræðistofan **EFLA** hf, fyrir hönd bæjarsjóðs **Garðabæjar,** óskar eftir tilboðum í verkið:
**SLÁTTUR OG HIRÐING Í GARÐABÆ 2010 – 2012.**

Verkið felur í sér grasslátt og -hirðu á tilteknum svæðum í Garðabæ, samtals u.þ.b. 36 hektarar.
Um er að ræða 14 hverfi, sem skipt er niður í samtals 3 útboðssvæði og er bjóðendum heimilt að bjóða í eitt svæði, fleiri eða öll. Aðeins verður samið um að hámarki tvö svæði við einn og sama verktakann. Gerður verður samningur um verkið til þriggja ára.

**Útboðsgögn verða afhent frá kl. 13:00 1. mars n.k. , hjá EFLU hf, Suðurlandsbraut 4a, 108 Reykjavík.**

Tilboð verða opnuð á bæjarskrifstofum Garðabæjar, Garðatorgi 7, Garðabæ, mánudaginn 22. mars 2010, kl. 11:00 að viðstöddum þeim bjóðendum sem þess óska.

EFLA VERKFRÆÐISTOFA

Sími: 412 6000 | Suðurlandsbraut 4a | www.efla.is | efla@efla.is

VATNAJÖKULSÞJÓÐGARÐUR

## SUMARSTÖRF 2010

**Vatnajökulsþjóðgarður** óskar eftir að ráða starfsfólk í störf á eftirtöldum stöðum:

- **Skaftafell:** Landverðir, starfsfólk í móttöku og upplýsingagjöf, á tjaldsvæði, í ræstingu og almenn störf.
- **Lónsöræfi:** Landvörður.
- **Höfn:** Landvörður.

Frekari upplýsingar má fá með því að senda tölvupóst á: regina@vatnajokulsthjodgardur.is (Regína Hreinsdóttir, þjóðgarðsvörður Suðursvæðis), svo og í síma: 470 8301

- **Jökulsárgljúfur:** Landverðir, starfsfólk í móttöku og upplýsingagjöf, starfsfólk á tjaldsvæði, í ræstingu og almenn störf.
- **Herðubreiðarlindir og Dreki:** Landverðir og skálaverðir í samvinnu við Ferðafélag Akureyrar.

Frekari upplýsingar má fá með því að senda tölvupóst á: hjorleifur@vatnajokulsthjodgardur.is (Hjörleifur Finnsson, þjóðgarðsvörður Norðursvæðis), svo og í síma: 470 7100

- **Snæfell, Kverkfjöll og Hvannalindir:** Landverðir og skálaverðir í samvinnu við Ferðafélag Fljótsdalshéraðs.

Frekari upplýsingar má fá með því að senda tölvupóst á: elin@vatnajokulsthjodgardur. is (Elín Bergsdóttir, starfandi þjóðgarðsvörður Austursvæðis), svo og í síma: 470 0840

- **Hólaskjól, Hrauneyjar og Nýjidalur:** Landverðir.

Frekari upplýsingar má fá með því að senda tölvupóst á karik@vatnajokulsthjodgardur.is (Kári Kristjánsson, staðgengill þjóðgarðsvarðar Vestursvæðis), svo og í síma: 842 4378

Starfsfólk lýtur stjórn viðkomandi þjóðgarðsvarðar.

**Starfstími** ofangreindra starfa er almennt frá byrjun júní til loka ágúst, í einhverjum tilvikum er byrjað í apríl/maí og sum störfin krefjast viðveru fram í september. Laun eru greidd samkvæmt kjarasamningi fjármálaráðherra og Starfsgreinasambandsins. Bæði konur og karlar eru hvött til að sækja um.

**Almennar kröfur** eru að viðkomandi hafi ökuréttindi, hafi ríka þjónustulund, sé jákvæður, sýni lipurð í mannlegum samskiptum og geti unnið undir álagi. Staðarþekking er einnig æskileg.

Varðandi **landvarðastöður** er haft til viðmiðunar að umsækjendur séu 20 ára og hafi lokið landvarðanámskeiði, hafi reynslu af landvörslu eða sambærilegu og hafi skyndihjálparréttindi. Einnig er gerð krafa um gott vald á íslensku svo og enskukunnáttu. Frekari tungumálakunnátta er kostur t.d. Norðurlandamál, þýska, franska, spænska eða ítalska.

Varðandi **störf í móttöku og upplýsingagjöf** er lögð rík áhersla á þjónustulund, jákvæðni og lipurð í samskiptum og að geta unnið undir álagi. Staðarþekking er nauðsynleg. Einnig er gerð krafa um gott vald á íslensku svo og enskukunnáttu. Frekari tungumálakunnátta er kostur t.d. Norðurlandamál, þýska, franska, spænska eða ítalska.

**Umsóknum skal skilað** á sérstökum umsóknar-eyðublöðum sem er hægt að nálgast á heimasíðu Vatnajökulsþjóðgarðs; www.vatnajokulsthjodgardur.is.

**Umsóknarfrestur er til og með 15. mars nk.** og skulu umsóknir sendar á netfangið: umsoknir@vatnajokulsthjodgardur.is eða í pósti merktum: Vatnajökulsþjóðgarður, Klapparstíg 25-27, 101 Reykjavík.

**Vatnajökulsþjóðgarður** er ríkisstofnun, sem hefur umsjón með rekstri landsvæða sem ná alls yfir u.þ.b. 13.000 km² og mynda Vatnajökulsþjóðgarð.

PORT hönnun

**Búðarhálsvirkjun**

**Útboð BUD-06a, nr. 20004**

**Vinnubúðir II, jarðvinna**

Landsvirkjun

**Landsvirkjun óskar eftir tilboðum í jarðvinnu ofl. vegna nýrra vinnubúða við Búðarhálsvirkjun samkvæmt útboðsgögnum BUD-06a.**

Verkið felst í aðalatriðum í jarðvinnu vegna vinnubúðanna, ganga frá vatnsveitu og fráveitu, leggja jarðstrengi og ídráttarpípur fyrir raflagnir, ásamt að reisa ljósastólpa á vinnusvæðinu.

**Helstu magntölur verksins eru áætlaðar:**

| | |
|---|---|
| Fylling í hússtæði og plön | 4000 m³ |
| Jarðvinna vegna lagna | 2800 m³ |
| Lagnir | 1700 m |
| Rotþró | 1 stk |
| Vatnstankur | 1 stk |
| Strengir | 1700 m |
| Ídráttarrör | 4000 m |
| Ljósastólpar | 20 stk |

Verkinu skal að fullu lokið 31. maí 2010.
Útboðsgögn BUD-06a verða afhent í móttöku Landsvirkjunar, Háaleitisbraut 68, 103 Reykjavík, frá og með þriðjudeginum 2. mars 2010 gegn óafturkræfu gjaldi að upphæð kr. 5.000,- fyrir hvert eintak.

Tilboðum skal skila í móttöku Landsvirkjunar, Háaleitisbraut 68, 103 Reykjavík, fyrir klukkan 12:00 miðvikudaginn 17. mars 2010, þar sem þau verða opnuð sama dag klukkan 14:00 og lesin upp að viðstöddum þeim bjóðendum sem þess óska.

Styrkir

## Auglýsing frá Grænlandssjóði

Grænlandssjóður auglýsir eftir umsóknum um styrki úr sjóðnum fyrir árið 2010. Umsóknarfrestur er til 26. mars 2010. Nánari upplýsingar um sjóðinn og styrkveitingar úr honum ásamt eyðublaði er að finna á vef mennta- og menningarmálaráðuneytis, Sölvhólsgötu 4, 150 Reykjavík, www.menntamalaraduneyti.is/graenlandssjodur/.

Stjórn Grænlandssjóðs
27. febrúar 2010

Námskeið

## Auglýsing um sveinspróf

Sveinspróf í matreiðslu fyrri hluti, verður haldið dagana 10.–11. mars og seinni hluti í maí.

Sveinspróf í rennismíði verður haldið 26. og 29.–31. mars.

**Umsóknarfrestur fyrir ofangreind próf er til 1. mars.**

Sveinspróf í framreiðslu, bakaraiðn, kjötiðn verða haldin í maí.

Sveinspróf í hársnyrtiiðn verður haldið í maí.

Sveinspróf í prentsmíð – grafískri miðlun, prentun og bókbandi, verða haldin í maí. Mat á starfsreynslu í fjölmiðlatækni og bókasafnstækni fer fram í maí–júní.

Sveinspróf í húsasmíði, pípulögnum, múrsmíð og málaraiðn verða haldin í maí–júní.

**Umsóknarfrestur fyrir ofangreind próf er til 1. apríl.**

Sveinspróf í blikksmíði, stálsmíði og netagerð, gull- og silfursmíði, söðlasmíði og skósmíði, húsgagnasmíði, dúklögnum og veggfóðrun verða haldin í maí–júní ef næg þáttaka fæst.

Snyrtifræði, skriflegt 14. maí, verkleg próf 15.–16. maí og 29.–30. maí.

Kjólasaumi og klæðskeraiðngreinum í maí–júní.

Bifvélavirkjun, bifreiðasmíði og bílamálun í maí–júní.

**Umsóknarfrestur fyrir ofangreind próf er til 1. maí.**

Sveinspróf í vélvirkjun verða í september og ljósmyndun í október.

**Umsóknarfrestur fyrir ofangreind próf er til 1. júní.**

Nánari tímasetningar verða auglýstar á heimasíðu okkar www.idan.is.

Með umsókn skal leggja fram afrit af námssamningi, lífeyrissjóðsyfirlit og burtfararskírteini með einkunnum eða staðfestingu skóla á því að nemi muni útskrifast í maí 2010.

Kostnaður próftaka s.s. efniskostnaður, er mismunandi eftir iðngreinum.

Umsóknareyðublöð má nálgast á heimasíðu okkar, www.idan.is og á skrifstofunni.

Iðan fræðslusetur
Skúlatún 2
105 Reykjavík
Sími: 590 6400
www.idan.is

IÐAN fræðslusetur

Tilkynningar

### Frá yfirkjörstjórn Suðvesturkjördæmis

## Þjóðaratkvæðagreiðsla

### 6. mars 2010 um gildi laga nr. 1/2010

Yfirkjörstjórn Suðvesturkjördæmis mun hafa aðsetur í Íþróttamiðstöðinni Ásvöllum í Hafnarfirði á kjördag, þar sem talning atkvæða fer fram.

**26. febrúar 2010.**
**Yfirkjörstjórn Suðvesturkjördæmis,**
**Jónas Þór Guðmundsson,**
**Sigrún Benediktsdóttir,**
**Guðbjörg Sveinsdóttir,**
**Hörður Ingvaldsson,**
**Elín Jóhannsdóttir.**

## LAGER- OG EÐA IÐNAÐARHÚSNÆÐI

með góðu skrifstofurými til leigu miðsvæðis í Hafnarfirði. Stærð gólfflatar 218m² og skrifstofuhæð 82m². Afgirt útisvæði getur fylgt. Laust strax.

**Upplýsingar í símum 555 6060 og 896 1012.**

Tilkynningar

## Auglýsing um aðsetur yfirkjörstjórnar Suðurkjördæmis vegna þjóðaratkvæðagreiðslu 6. mars 2010

Yfirkjörstjórn Suðurkjördæmis verður á kjördag með aðsetur í Sunnulækjarskóla, Norðurhólum 1 á Selfossi, þar sem talning atkvæða mun jafnframt fara fram.

**26. febrúar 2010**
**Yfirkjörstjórn Suðurkjördæmis**
**Grímur Hergeirsson**
**Karl Gauti Hjaltason**
**Sigurður Ingi Andrésson**
**Unnar Þór Böðvarsson**
**Þórir Haraldsson**

EFLING STÉTTARFÉLAG

## Efling-stéttarfélag auglýsir framboðsfrest

Kjörstjórn Eflingar-stéttarfélags auglýsir framboðsfrest vegna kosningar stjórnar félagsins fyrir kjörtímabilið 2010-2012.

Tillögur skulu vera um 8 stjórnarmenn til tveggja ára samkvæmt 10. gr. laga félagsins og 1 mann til eins árs. Þá skal kjósa tvo skoðunarmenn reikninga fyrir kjörtímabilið og 1 varamann.

Listi uppstillingarnefndar og trúnaðarráðs liggur frammi á skrifstofu félagsins frá og með mánudeginum 1. mars 2010.

Öðrum listum ber að skila á skrifstofu félagsins fyrir kl. 12.00 á hádegi mánudaginn 8. mars nk.

Fylgja skulu meðmæli 120 félagsmanna.

Kjörstjórn
Eflingar-stéttarfélags

FIRMA
CONSULTING

## Óháð ráðgjöf til fyrirtækja

**Firma Consulting gerir fyrirtækjum tilboð í eftirfarandi þjónustu:**

- Kaup, sala og sameining.
- Verðmat fyrirtækja.
- Samningaviðræður, samningagerð.
- Áætlanagerð.
- Fjárhagsleg endurskipulagning.
- Samningar við banka.
- Rekstrarráðgjöf.



Magnús Hreggviðsson viðskiptafræðingur og löggiltur fyrirtækja-, fasteigna- og skipasali. Magnús er með áratuga reynslu af endurskoðunarstörfum, sem rekstrarráðgjafi, fyrirtækja- og fasteignasali, útgefandi, fasteignarekandi, „land-developer" í Smárahvammi og starfandi stjórnarformaður í nokkrum fyrirtækjum. Er aðalráðgjafi hjá Firma Consulting. (magnus@firmaconsulting.is)

Firma Consulting, Þingasel 10, 109 Reykjavík.
Símar: 820-8800 og 896-6665. Fax 557-7766
info@firmaconsulting.is, www.firmaconsulting.is

FISKISTOFA

### Auglýsing vegna úthlutunar byggðakvóta á fiskveiðiárinu 2009/2010 sbr. reglugerð um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa nr. 82, 29. janúar 2010

Fiskistofa auglýsir eftir umsóknum um byggðakvóta til fiskiskipa fyrir eftirtalin byggðarlög:

**Snæfellsbær (Ólafsvík)**
**Bolungarvík**
**Langanesbyggð (Bakkafjörður)**

Auk reglugerðarinnar er vísað til sérstakra úthlutunarreglna í neðanskráðum byggðalögum sbr. auglýsingu nr. 163/2010 í Stjórnartíðindum.

**Sveitarfélagið Árborg (Eyrarbakki)**
**Grundarfjarðarbær**
**Tálknafjarðarhreppur**
**Kaldrananeshreppur (Drangsnes)**
**Húnaþing vestra (Hvammstangi)**
**Akureyrarbær (Grímsey, Hrísey)**
**Norðurþing (Húsavík, Kópasker, Raufarhöfn)**

Umsóknum skal skilað til Fiskistofu á eyðublaði sem er að finna á heimasíðu stofnunarinnar, og þar eru ofangreindar reglur einnig aðgengilegar. Umsóknarfrestur er til og með 15. mars 2010.

Fiskistofa, 27. febrúar 2010.

DÓMSMÁLA- OG MANNRÉTTINDARÁÐUNEYTIÐ

## Auglýsing vegna þjóðaratkvæðagreiðslunnar 6. mars 2010

Samkvæmt lögum nr. 4/2010 skal dómsmála- og mannréttindaráðuneytið viku fyrir kjördag birta spurninguna sem lögð verður fyrir kjósendur í þjóðaratkvæðagreiðslunni 6. mars 2010.

Spurningin er eftirfarandi:

**Lög nr. 1/2010 kveða á um breytingu á lögum nr. 96/2009, um heimild til handa fjármálaráðherra, fyrir hönd ríkissjóðs, til að ábyrgjast lán Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta frá breska og hollenska ríkinu til að standa straum af greiðslum til innstæðueigenda hjá Landsbanka Íslands hf. Alþingi samþykkti lög nr. 1/2010 en forseti synjaði þeim staðfestingar.**

**Eiga lög nr. 1/2010 að halda gildi?**

Svarkostirnir eru tveir:

**Já, þau eiga að halda gildi**

**Aríur í Salnum** Á laugardaginn syngur Hrólfur Sæmundsson í Salnum í Kópavogi. Hrólfur hefur nýverið slegið í gegn í stórum hlutverkum í Þýskalandi, nú síðast í titlhlutverkinu í Evgení Onegin eftir Tsjaíkovskí. Hann starfar nú í fyrsta sinn með hinum kunna píanóleikara og hljómsveitarstjóra Gerrit Schuil. Á dagskránni eru aríur úr meðal annars Töfraflautunni, Evgení Onegin, Tannhäuser, Rakaranum í Sevilla, Faust og Pelleas et Melisande. Tónleikarnir hefjast klukkan 17.






## → NOKKRIR GOSDRYKKIR FORTÍÐARINNAR




■ **Fanta Lemon**
Framleitt hjá Vífilfelli frá 1993 til 2004 og svo aftur í nokkra mánuði í fyrra.
■ **Hi-Spot**
Lime-drykkur frá Canada Dry sem keppti við 7up og Sprite. Aflagður þegar Sanitas sameinaðist Ölgerðinni.
■ **Miranda**
Appelsínugosdrykkur frá Sanitas. Tappi Tíkarrass gerði drykkinn ódauðlegan á samnefndri plötu 1984.
■ **Morgan Cream Soda**
„Rjómagos“ framleitt í Efnagerð Akureyrar, sem síðar varð Sana. Framleitt frá fimmta áratugunum og fram á áttunda áratuginn.
■ **Póló**
Glær bragðmikill gosdrykkur framleiddur af Sanitas og síðar af Ölgerðinni. Er enn framleiddur en þá aðallega til útflutnings (til Færeyja og Danmerkur). Þó hefur verið til svokallað Bónuspóló upp á síðkastið, sem smakkast nánast alveg eins og gamla Pólóið.
■ **Pommac**
Eplagos frá Ölgerðinni. Framleitt á 7. áratugnum.
■ **Qhinine Water**
Rammur gosdrykkur frá 7. áratugnum, oftast notaður í bland. Almennt kallaður „Drottningarhland“.
■ **Remix**
Sumarið 2008 kom Remix á markaðinn. Það smakkaðist eins og Mix en var appelsínugulara á litinn. Það hvarf svo með haustinu.
■ **Sinalco**
Þýski bindindisdrykkurinn Sinalco (stytting á Sine Alcahole, latína fyrir án alkóhóls) er elsti gosdrykkur Evrópu sem enn er framleiddur. Framleiðsla hófst árið 1902 en Sinalco kom til Íslands 1954 þegar Egils hóf að framleiða hann. Sala lagðist hér af seint á síðustu öld. Drykkinn má enn kaupa víðs vegar um Evrópu, en bragðið er mun súrara en þekktist hér. Það er einmitt ástæða þess að Sinalco hvarf af Íslandi: Fyrirtækið úti breytti uppskriftinni og sú nýja féll ekki Íslendingum í geð.
■ **Súkkó**
Einn þeirra fimm gosdrykkja sem Davíð Scheving Thorsteinsson setti á markaðinn 1987 eftir að færiband Sól hf. rann í gang var hið alræmda súkkulaðigos Súkkó. Hinir drykkirnir frá Sól voru Sól-cola, Límó, Sól-appelsín og Grape. Síðar komu meðal annars Ískóla, Sóló og Míló.
■ **Tab**
Framleitt hjá Vífilfelli frá 1982 til 2007.
■ **Valash**
Appelsínudrykkur að norðan, sem varð til tæplega áratug áður en Egils Appelsín kom á markaðinn. Framleiðslu var hætt á 8. áratugnum.




appelsínugosdrykkinn Valash, en sá drykkur var að uppistöðu appelsínuþykkni en lítill hluti var úr ananasþykkni. Fyrir mistök barst efnagerðinni hráefni í drykkinn í öfugum hlutföllum, mest af ananasþykkni en lítið af appelsínuþykkni. Björgvin náði að blanda drykkjarhæfan mjöð úr þykkninu og kallaði til vinnufélaga sína til að smakka „skítamixið“ eins og hann kallaði útkomuna. Mönnum féll drykkurinn ágætlega en töldu ófært að kalla hann Skítamix svo niðurstaðan var einfaldlega Mix. Og Mixið er drukkið enn í dag.

### Kók, Pepsi eða kannski Spur?



Coca-Cola er án efa frægasti gosdrykkur heims og eitt þekktasta vörumerki í heimi. Bandaríski lyfjafræðingurinn Dr. John Styth Pemberton blandaði gosdrykkinn fyrst árið 1886 en hingað kom Kók árið 1942 þegar Vífilfell hóf að framleiða drykkinn úr aðfluttu þykkni í verksmiðju við Hofsvallagötuna. Pepsi og Kók hafa löngum átt í baráttu og hingað kom Pepsi einu ári á eftir Kók þegar Sanitas fékk einkaumboðið 1943. Sanitas varð þar með fyrsta umboð Pepsi í Evrópu.

Ýmsir aðrir kóladrykkir hafa í tímans rás blandað sér í kóla-baráttuna. Hér hafa til að mynda fengist Jolly Cola, Sól-kóla, Ís-kóla og Bónus-kóla. Ekki má gleyma Spur Cola, sem var framleitt af Ölgerð Egils Skallagrímssonar með leyfi frá Canada Dry. Ölgerðin kom með Spur beint í kjölfar Kók og Pepsi árið 1944 og framleiddi til ársins 1983. Spur er líklega dáðasti horfni gosdrykkurinn á Íslandi. Glerflöskurnar voru svipsterkar og drykkurinn öðlaðist ákveðinn ódauðleika í kvikmyndinni Sódóma Reykjavík. Þegar tómar Spurflöskur birtast í antík-búðum hér seljast þær á svipstundu á okurverði.

Árið 1988 setti svo Ölgerðin RC cola (Royal Crown) með látum inn á markaðinn. Drykkurinn var auglýstur upp með slagorðinu „Láttu ekki vanann ráða valinu, reyndu nýja leið“ og mikið var reynt til að koma drykknum á kortið – RC-mót í íþróttum og hvað eina. Allt kom þó fyrir ekki og RC hvarf fljótlega á 10. áratugnum.

### Ein flaska á mann

Gosdrykkjamarkaðurinn hefur breyst gríðarlega í áranna rás. Einu sinni gapti fólk í forundran á eins lítra gosflöskur, en nú er ekki óalgengt að sjá fólk rogast heim með sex 2 lítra flöskur í kippu úr stórmörkuðum. Samfara heilsubylgju undanfarinna ára hefur áhersla í vöruþróun drykkjarvörufyrirtækjanna einkum beinst að þróun sykurlausra drykkja og vatnsdrykkja með mjög lágt eða ekkert sykurinnihald. Hlutfallsleg aukning hefur verið langmest í sölu vatnsdrykkja. Sala sykurlausra gosdrykkja hefur hlutfallslega dregist saman á allra síðustu árum, líklega vegna mikils áróðurs gegn sætuefnum eins og aspartami.

Gróft reiknað er markaðurinn fyrir gosdrykki (ekki kolsýrða vatnsdrykki) í kringum 40 milljónir lítra á ári. Sé þessari tölu deilt í fjölda landsmanna kemur í ljós að hver og einn Íslendingur svolgrar í sig um það bil 0,33 l af gosi á dag, sem samsvarar einni lítilli gosflösku.

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA – 10-0373



Safnaðu
Vildarpunktum
hraðar

*Með American Express færðu fleiri Vildarpunkta fyrir hverja færslu en með nokkru öðru greiðslukorti*

*30.000 ánægðir viðskiptavinir safna hraðar*

*Meðlimir Classic Icelandair American Express vita að þeir fá **10 Vildarpunkta** fyrir hverjar 1.000 krónur á meðan sambærileg kort gefa í mesta lagi 5 Vildarpunkta. American Express er eina kortið á markaðnum sem gefur Vildarpunkta af öllum færslum heima og erlendis. **Það er staðreynd.***

*Farðu inn á www.americanexpress.is og gerðu samanburð við önnur greiðslukort. Yfirburðirnir eru augljósir!*




*Kortið sem kemur þér út*

KREDITKORT er útgefandi American Express® á Íslandi

www.americanexpress.is



**KNATTLEIKUR Á TJÖRNINNI** Nemendur Menntaskólans í Reykjavík gátu ekki á sér setið og brugðu sér út að spila fótbolta á Tjörninni í Reykjavík. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**KÁTÍNA Á MIKLATÚNI** Á Miklatúni skemmti hún Katla sér hið besta á snjóþotunni sem hundurinn Dímon dró af miklu kappi. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Langþráður snjór féll í Reykjavík

Þótt margir bölvi snjónum þegar hann hindrar för og tefur verk, þá birti óneitanlega yfir borgarbúum eftir að hvít breiðan var komin yfir alla borg. Snjór hafði varla sést í höfuðborginni í allan vetur þegar honum kyngdi loks niður á fimmtudagsmorgun.



**AÐSETUR ÆÐRA VALDS** Þessi maður hafði þann starfa að halda tröppum Stjórnarráðsins að mestu snjólausum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**MOKA SNJÓ, MOKA SNJÓ** Þessir tveir kappar ætluðu kannski ekki að moka allan snjó af Arnarhóli, en gerðu þó sitt besta. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**HJÓLAÐ Í HRÍÐINNI** Ökumenn höfðu, að minnsta kosti sumir hverjir, varann á í umferðinni en voru þó innandyra. Þessi hjólreiðamaður þurfti að hafa aðeins meira fyrir því að komast leiðar sinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# FERMINGARGJAFIR Á FRÁBÆRU VERÐI!

Öll raftækin fást í Smáralind, minna úrval í öðrum verslunum.

**CASIO**

**Casio myndavél** EXZ33PINK
- Stafræn myndavél með 10.1 milljón punkta upplausn
- EXILIM Engine 2.0
- BESTSHOT 41 myndstillingar
- Face Detection function
- Anti-Shake DSP - Hristivörn
- 2.5" TFT LCD Skjár (230.400 pixlar)
- 3x Optical Zoom og 4x Digital Zoom
- Linsa: 6.3 - 18.9mm (35mm samb.: 36 - 108mm)
- You Tube™ Capture Mode
- 11.4MB Innra minni og rauf fyrir SD/SDHC kort
- Rafhlaða endist í allt að 230 skot
- Hleðslutæki, hleðslurafhlaða og hugbúnaður fylgja



24.990kr
V.Á. 29.990.-



**Melissa**

**Öflugur 2000w hárblásari**
635133
- Glæsilegur 2000w hárblásari
- 2 hraða og 3 hitastillingar
- Kaldur blástur
- Ofhitunarvörn
- Auðvelt að hreinsa ryksíu

2.990kr
GOTT VERÐ



2.990kr
GOTT VERÐ

**Melissa**

**Sléttujárn með keramik plötum**
635134
- Svartar keramík plötur
- Betri hitadreifing
- 2 hitastillingar
- PTC Heater - Fljótt að hitna
- Hámarkshiti: 200°C



42.990kr
GOTT VERÐ

**elna**

**Elna saumavél**
ELNA2300
- 24 sporgerðir
- Þægilegt að finna rétta sporið þar sem sporvalið er sýnt á töflu framan á vélinni
- Þægilegt að velja rétta sporið með einfaldri stilliskífu
- Auðvelt er að auka sporlengdina, stillingar frá 0-4 mm.
- Sporbreidd er auðveldlega stillanleg frá 0-5 mm.
- Nál stillanleg frá miðju og aukahlutageymsla
- Auðvelt að minnka saumborð ef þörf krefur
- Innbyggð spóluvinda og áfastur tvinnahnífur
- 5 gerðir saumfóta fylgja
- "Overlock,,
- Ábreiða yfir vélina fylgir og bútasaumsfótur fáanlegur
- Íslenskur leiðarvísir fylgir



17.990kr
V.Á. 19.990.-

**OLYMPUS**

**Olympus myndavél** FE26SV
- 12 MegaPixel
- 3x Optical Zoom og 4x Digital Zoom
- Linsa: 6.3 - 18.9mm (35mm samb.: 36 - 108mm)
- 2,7" LCD Skjár
- Face Detection - þekkir andlit
- Autofocus, Contrast Detection og White Balance
- Auto Exposure og þrjár manual stillingar
- Hreyfimyndataka með hljóði (Hámarksupplausn 640x480)
- Fjórar myndstærðir
- 13 Scene Modes
- Auto Flass, Red Eye Reduction og tímarofi
- USB tenging við tölvu
- Tekur MicroSD kort
- 19MB innra minni, USB snúra og AA rafhlöður fylgja
- Hugbúnaður fylgir



**Melissa**

**Krullujárn** 635074
- Krullujárn með hitastilli

2.490kr
GOTT VERÐ

**tasco**

**Tasco sjónauki**
168RB
- 10x stækkun
- 25mm rauð gler
- Taska fylgir
- Litur: Svartur
- Þyngd: 260,8g



4.990kr
GOTT VERÐ

**UNITED**

**19" LCD sjónvarp með DVD spilara** 19DD91HD
- 19" LCD sjónvarp
- 16:9 breiðtjald
- Innbyggður fjölkerfa DVD spilari
- Innbyggður stafrænn móttakari (DVB-T)
- 12v og 220v
- Upplausn: 1440x900
- Birtustig: 300 cd/m²
- Svartími: 5ms
- Sjálfvirk leit
- Styður PAL(BG/DK/I) og SECAM(BG/DK)
- Nicam Stereó hljóðkerfi
- Textavarp
- HDMI, Scart, S-Video & VGA(PC) tengi

59.990kr
GOTT VERÐ





**JVC**

**Hljómflutningstæki** UXG100
- Míkrósamstæða með 10w RMS magnara
- Geislaspilari með MP3/WMA
- Spilar CD-R/RW
- RDS útvarp með 32 stöðvaminnum
- Klukka og tímastillir
- Heyrnartólstengi
- Fjarstýring

27.990kr
GOTT VERÐ

Gildir til 4. mars á meðan birgðir endast.
Með fyrirvara um villur í texta.

50 ára HAGKAUP fyrir Íslendinga í 50 ár

# EDDUVER
# Í OPINNI DAGSKRÁ

## Upphitun fyrir Edduna í Íslandi í dag –





sagafilm

PÓSTURINN
allur pakkinn

# ÐLAUNIN

# Á STÖÐ 2 Í KVÖLD

## - strax að loknum Fréttum Stöðvar 2. Útsendingin hefst kl. 20:10




Húsið opnar kl 18:30
Sjónvarpsupptaka hefst kl 19:30
Miðar á midi.is. Miðaverð 1000 kr.

2010
EDDAN



Kynnir kvöldsins er Baltasar Kormákur

ÍSLENSKU KVIKMYNDA- & SJÓNVARPSVERÐLAUNIN

# Hver étur svo sem vínarbrauð?

Hann er kallaður **Haukur morðingi** af því hann syngur og spilar með Morðingjunum, pönkbandinu með vafasama heitinu. Í fyrra komu Morðingjarnir með þriðju plötuna sína, Flóttann mikla, og Haukur hefur haft nóg að gera síðustu mánuði við að fylgja henni eftir. Hann gaf sér þó tíma til að svitna yfir krefjandi spurningum Þriðju gráðunnar í boði Dr. Gunna.

## ÞRIÐJA GRÁÐAN

**FULLT NAFN OG HVAÐ ERTU KALLAÐUR:** Haukur Viðar Alfreðsson og aldrei kallaður neitt annað en Haukur. Kannski Haukur feiti, Feitilíus eða Feiti Feit-Feit þegar ég er ekki á staðnum. Vona ekki samt.

**FÆÐINGARÁR:** Ég fæddist árið 1980. Það sama ár dóu Alfred Hitchcock, John Lennon og KFC-maðurinn. Annars var þetta ekki það merkilegt ár. Bara einhver kaldastríðs-leiðindi, einhverjar náttúruhamfarir og hlutir að gerast í geimnum. Voða eitís eitthvað.

**Á HUNDAVAÐI:** Ástin, lífið og baráttan við Bakkus? Nei, það er ekkert það spennandi. Ég var ágætlega vel upp alinn í Garðabænum, fór í Verzló, nennti aldrei að læra og fór að glamra á hljóðfæri. Síðan þá hef ég unnið í majonesverksmiðjum, á hamborgarastöðum og í bókabúðum. Síðustu tvö ár hef ég unnið á leikskóla og líkar það ágætlega. Þó hef ég mest gaman af því að búa til músík. Ég held ég sé ágætur í því. Hef verið í fullt af hljómsveitum en engri jafn langlífri og Morðingjunum.



**HAUKUR VIÐAR ALFREÐSSON, MORÐINGI** „Eins og Alfreð Clausen og Konni eftir þrjár könnur af Bragakaffi.“ FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

**Er pönkið dautt?** Nánast. Við erum að reyna að murka úr því síðustu líftóruna. Það er reyndar mikill misskilningur að við séum einhverjir pönkarar. Við erum bara eins og Mannakorn með aðeins meira óverdræv á gítarnum.“

**Hvernig myndirðu útskýra tónlist Morðingjanna fyrir hóp af bláhærðum frúm á Grund?** Eins og Alfreð Clausen og Konni eftir þrjár könnur af Bragakaffi.

**Hver er hápunktur tónlistarferils þíns til þessa?** Koma út þessari blessuðu þriðju plötu Morðingjanna. Við erum allir rosalega ánægðir með hana og vonum að hlustendur séu það líka. Það var líka gaman þegar bassaleikarinn í Buzzcocks og Frank Stallone (bróðir Sylvester) ödduðu okkur á Mæspeis (af fyrra bragði!).

**Ef þú værir að taka þátt í Wipeout, hvað myndirðu þá öskra áður en þú legðir af stað?** Wipeout er alltof flippað fyrir mig. Ef ég þyrfti að öskra eitthvað yrði það eitthvað mjög handahófskennt. Eða flippað. „Dúfnahólar 10!“ Væri það ekki tilvalið?

**Hvað þyrfti að gerast til að þú tækir þátt í Söngvakeppni sjónvarpsins?** Ekkert stórbrotið, held ég. En ef Hrafn Gunnlaugsson bankaði upp á í fötunum sem hann klæddist í undankeppninni 1986 og bæði mig að taka þátt gæti ég alls ekki sagt nei. Hvað þá ef Helgi P. væri með honum og bæði mig um það á norsku.

**Hvar er fallegast á Íslandi?** Mývatnssveitin heillar, sem og Þingvellir. Suðurnesin heilla ekki neitt. Sorrí.

**Þú færð tímavél upp í hendurnar. Hvert stillir þú hana?** Ég myndi stilla á árið 874, ráða mig í vinnu hjá Ingólfi Arnarsyni, og hvetja hann til að fara eitthvert sunnar. Hjálpa honum að finna Grænhöfðaeyjar til dæmis.

**Hver er uppáhaldsmaturinn þinn?** Uppáhaldsmaturinn er í raun náskyldur þeim mat sem ég hef hvað mesta andstyggð á. Hangikjöt og bjúgu hafa áþekkt bragð og lyktin er sú sama, nema hvað að hangikjöt er frábært en bjúgu eru viðbjóður. Má blóta í Fréttablaðinu? Helvítis fokking bjúgu!

**Uppáhaldsskemmtistaðurinn þinn?** Leiðinlegt fólk skemmtir sér yfirleitt ekki. Ég fór í bæinn um daginn. Mér leið eins og afdönkuðum kotbónda í 10. bekkjarpartíi. Langaði bara heim að horfa á Taggart eða eitthvað.

**Hefurðu lent í lífsháska?** Nei, til allrar hamingju. Ég er líka svo klaufskur að ég myndi aldrei lifa lífsháska af.

**Hver er síðasta uppáhaldsplatan þín?** The Crane Wife, þarsíðasta plata indífolkpoppsveitarinnar The Decemberists var fullkomin. Kom út fyrir fjórum árum síðan og ég hef ekki heyrt neitt jafn gott síðan. Eða er kannski verið að spyrja um eldgamlar plötur líka? Entertainment með hljómsveitinni Gang of Four. Ekki mörg ár síðan ég uppgötvaði hana og við það opnuðust nýjar víddir í pönksmekk mínum.

**Hvað myndi fullkomna líf þitt?** Góð kona. Er það alveg glatað svar kannski?

**Besta bíómyndin?** Eyes Wide Shut, hin alræmda seinasta mynd Stanley Kubrick, hefur mjakast ofar á listann með árunum og trónir held ég bara á toppnum núna. Ef eintak mitt væri ekki stafrænt væri það orðið gatslitið fyrir löngu.

**Ef gerð yrði bíómynd um líf þitt, hvað héti hún, hver leikstýrði og hver léki aðalhlutverkin?** Leikskólablús, í leikstjórn Ara Kristinssonar. Hann er sjóaður í barnamyndum og myndi gera lífi mínu góð skil. Ætli ég yrði ekki leikinn af Ólafi Darra?

**Hvort er skemmtilegra, kreppa eða góðæri?** Það var kreppa hjá mér í góðærinu þannig að ég hef ekki tekið eftir neinum breytingum. Jú, vínarbrauðið er aðeins dýrara og svona, en hver étur það svosem?

**Hvað er næst á dagskrá?** Við Morðingjarnir ætlum loksins að halda útgáfutónleika í tilefni af plötunni okkar, Flóttanum mikla. Tónleikarnir eru á skemmtistaðnum Batterí, föstudaginn 5. mars, og þar verðum við í góðu sprelli ásamt vinum okkar í hljómsveitunum Reykjavík! og Jan Mayen. Eftir það er það svo Aldrei fór ég suður, og síðan stúdíó þar sem við munum hljóðrita nýja smelli fyrir sumarið.



Tilboðin gilda til 28. febrúar 2010

# Verð sprengja á ljósum

A LÝKUR UM HELGINA LÝKUR

# 30% afsláttur

## af öllum ljósum*

*gildir ekki með öðrum tilboðum

# HELGARFJÖR Í BYKO!



**Verið velkomin í BYKO Breidd í skemmtilegt helgarfjör!**
BYKO Breidd ætlar að bjóða öllum krökkum að skemmta sér og skoppa í hoppuköstulum frá LEIGUMARKAÐI BYKO. Já, það verður gaman í glerhýsinu á laugardag og sunnudag milli 12 og 16!

LM BYKO LEIGUMARKAÐUR

**Skúffukaka með rjóma og kaffi**
Við ætlum einnig að bjóða upp á ljúffengar skúffukökur með rjóma í BYKO Breidd, Granda og í Kauptúni á laugardaginn. Verð á skúffukökunni verður aðeins 99 krónur með kaffi.



99 kr.

**Frístundamálari í BYKO Kauptúni í dag!**
Siggi Ben frístundamálari verður í BYKO Kauptúni í dag og kynnir trönur og liti, ásamt því að mála á staðnum og selja myndir.



BYKO

EXPO - WWW.EXPO.IS



**SVEINN BJÖRNSSON FORSETI VAR FÆDDUR ÞENNAN DAG ÁRIÐ 1881.**

*„Vinátta við aðrar þjóðir, orðheldni og virðuleg framkoma vor er besta vörn fyrir sjálfstæði hins vopnlausa lands vors.“*

***Sveinn 1881-1952 var ríkisstjóri Íslands á árunum 1941 til 1944 og Alþingi kaus hann fyrsta forseta Íslands á Þingvöllum 17. júní 1944.***

# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 27. FEBRÚAR 1953

## Skóli fauk af grunni í Hnífsdal

Barnaskólinn í Hnífsdal fauk af grunni og gjöreyðilagðist í snörpum hvirfilbyl þennan mánaðardag árið 1953. Þrjátíu og sex börn voru stödd í húsinu ásamt skólastjóra og einum kennura þegar atvikið átti sér stað. Fjögur börn slösuðust allmikið og skólastjórinn fékk alvarlegan heilahristing. Fleiri börn meiddust minni háttar og sum fengu taugaáfall.

Sunnan hvassviðri hafði skollið á í Hnífsdal um klukkan níu um morguninn og hélst fram eftir degi. Það var um ellefu leytið sem hvirfilbylur reið skyndilega á suðurgafl skólahússins og skipti þá engum togum að rúður brotnuðu, húsið lyftist af grunni og brakið úr því dreifðist um allan bæ. Því hefði getað farið mun verr en raun varð á og mátti það heita einstakt lán að allir skyldu lífi halda.



SKÓLAHÚSIÐ Í HNÍFSDAL

### MERKISATBURÐIR

**1700** Eyjan Nýja-Bretland er uppgötvuð.

**1928** Fimmtán skipverjar farast en tíu er bjargað þegar togarinn Jón forseti strandar við Stafnes.

**1941** Togarinn Gullfoss frá Reykjavík ferst með 19 manna áhöfn út af Snæfellsnesi.

**1964** Ríkisstjórn Ítalíu biður um aðstoð til að varna því að skakki turninn í Písa falli á hliðina.

**1975** Hornstrandir norðan og vestan Skorarheiðar eru friðlýstar.

**1977** Skákeinvígi hefst milli Boris Spasskí og Vlastimíls Hort.

## Afmæli

**Góðu vinir.**

Hjartans þakkir fyrir dýrmæta vinsemd við mig á afmæli mínu 2. febrúar. Guð blessi ykkur og gleðji alla daga.

**Inga Þorgeirsdóttir**



## 70 ára afmæli

Sunnudaginn 28. febrúar verður

**Kolbrún Jóhannesdóttir,**

Hátúni 12 , Reykjavík, sjötug. Kolbrún tekur á móti vinum og vandamönnum í sal Reykjavíkurdeildar Sjálfsbjargar Hátúni 12 á sunnudag milli kl. 14 og 16.30.







*Rúnar Geirmundsson* *Sigurður Rúnarsson* *Elís Rúnarsson* *Þorbergur Þórðarson*

**Alhliða útfararþjónusta**

**Símar: 567 9110 & 893 8638**

**www.utfarir.is • runar@utfarir.is**

Útfararþjónustan ehf.

Stofnað 1990

**TILBOÐSDAGAR**

**20-50% afsláttur**

af völdum legsteinum með áletrun

á meðan birgðir endast.

10% afsláttur af öðrum vörum

*MOSAIK* Hamarshöfða 4 - 110 Reykjavík

Sími 587 1960 - www.mosaik.is


KARATESAMBAND ÍSLANDS: ER TUTTUGU OG FIMM ÁRA Á MORGUN

# Æfingar voru í hinu forna frystihúsi Júpiters og Mars

Karatedagurinn 2010 verður haldinn á morgun frá hálf ellefu til hálf eitt í Íþróttahúsi Menntasviðs Háskóla Íslands, við Stakkahlíð sem áður hét Íþróttahús Kennaraháskólans. Tilefnið er tuttugu og fimm ára afmæli Karatesambandsins. Haldnar verða tvær 50 mínútna æfingar með reyndustu þjálfurum landsins og iðkendum verður skipt í hópa eftir aldri og gráðum. Svo verður boðið upp á kaffiveitingar í Kaffi Easy í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal milli klukkan 14 og 16 og þangað eru allir velkomnir sem hafa tengst íþróttinni á einhvern hátt, að sögn Reinharðs Reinharðssonar, formanns sambandsins. „Ég er búinn að vera úti um allt að leita að gömlum ljósmyndum úr starfinu, blaðaúrklippum og fleiru sem fólk getur skoðað,“ segir hann. „Svo eigum við eitthvað smávegis af vídeóupptökum sem við ætlum að hafa sýnilegar.“ Reinharð starfar í Bóksölu stúdenta en hefur æft karate tvisvar til þrisvar í viku í yfir 20 ár. Hann hefur verið í embætti formanns Karatesambandsins í fjögur ár og er sá fjórði í röðinni frá stofnun.

Karate er japönsk sjálfsvarnaríþrótt sem barst hingað til lands um miðjan sjöunda áratuginn. Nafnið þýðir „Hin vopnlausa hönd“ og segir sitt. Íþróttin krefst mikillar einbeitingar og snýst um þjálfun bæði hugar og líkama og hún hefur heillað þúsundir hér á landi frá því hún ruddi sér til rúms. Reinharð kveðst hafa rekist á grein í Morgunblaðinu frá 1965 þar sem fram kemur að karate sé æft í gömlu frystihúsi Júpiters og Mars á Kirkjusandi þar sem stórhýsi Íslandsbanka stendur nú. Hann rekur upphafið til Jóns Geirs Árnasonar sem hóf kynningu á karate hér og nefnir tvo japanska pilta frá Danmörku sem kenndu í nokkra mánuði 1966-1967, einnig Reyni Santos sem byrjaði að kenna kringum 1970 og stofnaði nokkra klúbba og Ken Takefusa sem kenndi og þjálfaði í nokkur ár. „Eftir það hefur verið stöðug iðkun og nokkrir tugir manna eru komnir með svarta beltið sem er merki um góðan árangur,“ segir hann.



**FORMAÐURINN** Ég er búinn að vera úti um allt að leita að gömlum ljósmyndum úr starfinu, blaðaúrklippum og fleiru sem fólk getur skoðað,“ segir Reinharð þegar hann lýsir afmælisteiti Karatesambandsins í Kaffi Easy. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Nú eru tólf félög innan Karatesambandsins, flest á suðvesturhorni landsins að sögn Reinharðs. „Hér er mikil starfsemi jafnt og þétt frá ágúst fram í maí,“ segir Reinharð og telur iðkendur karate milli tólf og fimmtán hundruð í senn, tvo þriðju þeirra börn undir átján ára aldri og einn þriðja yfir þrítugu. „Eins og í öllum íþróttagreinum hætta margir á framhaldsskólaaldrinum en koma svo gjarnan aftur,“ segir hann og lýsir keppnum sem Karatesambandið tekur þátt í. „Við erum með svona tíu mót yfir veturinn, Íslandsmót, bikarmót og Grand Prix, svo tökum við þátt í Norðurlanda- og Evrópumótum og opnum mótum þar sem við teljum okkur eiga einhvern séns.“ Hann bendir fólki á heimsíðu sambandsins kai.is þar sem hann kveðst reyna að skrá allt sem gert er.

En hversu langt skyldi Reinharð vera kominn í eigin þjálfun í karate? „Ég er með annað dan sem er gráða í svarta beltinu en þær eru tíu talsins. Menn bíða í að minnsta kosti tvö ár eftir gráðu númer tvö, þrjú ár eftir þriðju gráðu og þannig koll af kolli svo manni endist ekki ævin til að ná æðstu gráðu enda aldrei fullnuma!“

**gun@frettabladid.is**

†



*Okkar innilegustu þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð, vináttu og hlýhug við andlát og útför elskulegs eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður og afa,*

**Einars Inga Sigurðssonar**

fyrrv. heilbrigðisfulltrúa,
Sóleyjarima 15, Reykjavík.

**Katrín Sigurjónsdóttir**
**Sigurjón Einarsson**
**Kristín Einarsdóttir** **Örn Erlingsson**
**Aron Arnarson**
**Karen Arnardóttir**

†



*Innilegar þakkir færum við öllum þeim sem sýndu okkur samúð og hlýhug og heiðruðu minningu föður okkar, tengdaföður og afa,*

**Gísla Ragnars Péturssonar**

Keldulandi 7, Reykjavík.

**Elsa Dóróthea Gísladóttir** **Jón Hrafn Hlöðversson**
**Kristján Einar Gíslason** **Elísabet Einarsdóttir**
**og barnabörn.**

†



*Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,*

**Gunnþórunnar Einarsdóttur**

Sólheimum 23, Reykjavík.

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki á hjúkrunarheimilinu Skjóli fyrir góða umönnun.

**Kristín Matthíasdóttir**
**Guðmundur Matthíasson** **Ingrid Matthíasson**
**Einar Matthíasson** **Guðbjörg Guðbergsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

*Minning*

# † Sigrún Kristbjörg Tryggvadóttir



Ég gleymi því aldrei þegar ég sá þig fyrst.

Ég vissi það strax að það var eitthvað sérstakt við þig og með tímanum fékk ég að kynnast hvaða manneskju þú hafðir að geyma.

Ég trúi því að við höfum öll eitthvert hlutverk í lífinu og þú spilaðir stórt hlutverk í mínu lífi í þessi sjö ár sem við þekktumst og eitt er víst að þú varst mjög einstök manneskja.

Það er mikill synd að líf þitt skyldi fara í þennan farveg þar sem ég veit að þú þráðir og áttir skilið betra líf.

Þú skilur eftir þig sannkallaða guðsgjöf, hann Geir Örn son okkar ásamt Patrik bróður hans.

Þegar við sögðum Geira frá því að mamma hans væri dáin og komin til Guðs sagði hann eftir smá umhugsun, „ég veit, ég fer bara á geimskutlunni að heimsækja hana“.

Bara ef lífið væri jafn einfalt og í augum þriggja ára barns.

Kæra Sigrún, ég mun tryggja það að minning þín muni lifa um ókomna tíð og að Geiri fái alla þá ást sem hann þarfnast.

Hvíl í friði Sigrún mín.
Jón Kristján Jacobsen

---

†



*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,*

**Kristín Bergljót Örnólfsdóttir**

Hrafnistu í Reykjavík, áður búsett að Hóli í Bolungarvík,

lést 24. febrúar síðastliðinn. Útför hennar fer fram frá Hólskirkju í Bolungarvík laugardaginn 6. mars nk. kl. 14.00.

**Helga Guðmundsdóttir**
**Margrét Fanney Guðmundsdóttir** — **Karl Gústaf Smith**
**Bárður Guðmundsson** — **Svala Hermannsdóttir**
**Karitas Magný Guðmundsdóttir**
**Örnólfur Guðmundsson** — **Svanborg Magnúsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

†



*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

**Þorsteinn Jónsson**

verður jarðsunginn frá Grensáskirkju mánudaginn 1. mars kl. 13.00.

**Hulda Svansdóttir**
**Ágústa Margrét Þorsteinsdóttir** — **Gauti Ástþórsson**
**Jóhanna Sigurjónsdóttir** — **Karl G. Kristinsson**
**Sigurbjörg Sigurjónsdóttir** — **Hjalti J. Guðmundsson**
**og barnabörn.**

---


†

*Æviminning*

Fréttablaðið býður nú upp á birtingu æviminninga á tímamótasíðum blaðsins.

**Hafið samband í síma 512 5490-512 5495 eða sendið fyrirspurnir á netfangið timamot@frettabladid.is**




---

†



*Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Axel Eyjólfsson**

fv. útgerðarmaður, Faxabraut 13 Keflavík, áður til heimilis að Smáratúni 6, Keflavík,

lést á Hjúkrunarheimilinu Hlévangi, þriðjudaginn 23. febrúar. Útförin fer fram frá Keflavíkurkirkju, þriðjudaginn 2. mars kl. 13.00.

**Guðmundur Axelsson** — **Margrét Hjörleifsdóttir**
**Elsa Hall** — **Kristján Hall**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

†



*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Gyða Björnsdóttir**

Hrafnistu, Hafnarfirði, áður til heimilis að Sólvangsvegi 3,

lést fimmtudaginn 18. febrúar 2010. Bálför hennar hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

**Birgir Ólafsson** — **Margrét Salóme Gunnarsdóttir**
**Ólafur Ólafsson** — **Sigríður Steinunn Jóhannsdóttir**
**Helga Ólafsdóttir** — **Gunnar Stefán Gunnarsson**
**Elín Jónsdóttir**
**ömmubörn og langömmubörn.**

---

†



*Ástkær systir mín,*

**Jóhanna Jónsdóttir**

frá Sviðholti á Álftanesi,

lést á Hjúkrunarheimilinu Ási í Hveragerði föstudaginn 12. febrúar. Útförin hefur farið fram í kyrrþey. Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og vináttuhug. Sérstakar þakkir til starfsfólks Hjúkrunarheimilisins Áss.

**Anna Þ. Jónsdóttir og aðstandendur.**

---

†



*Elskulegur bróðir minn, mágur og vinur,*

**Markús Jónsson**

fiskmatsmaður, Álfheimum 64,

lést á Landspítalanum Hringbraut fimmtudaginn 11. febrúar. Jarðarförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna.

**Jón Kr. Jónsson** — **Ólöf Valdimarsdóttir**
**Regína Steinsdóttir**
**og aðrir aðstandendur.**

---

†



*Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegs eiginmanns míns, sonar, föður, tengdaföður og afa,*

**Hinriks Hinrikssonar**

Mánatúni 6.

Einnig þökkum við öllum þeim sem önnuðust hann af alúð í veikindum hans.

**Ólafía H. Bjargmundsdóttir og fjölskylda.**

---

†



*Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Jóhann Jón Jóhannsson**

Skipalóni 20, Hafnarfirði, áður Hellubraut 7,

verður jarðsunginn frá Víðistaðakirkju í Hafnarfirði, þriðjudaginn 2. mars kl. 13.00.

**Friðbjörg Kristjana Ragnarsdóttir**
**Jóhann Þór Jóhannsson** — **Rúna Baldvinsdóttir**
**Ragnar Steinþór Jóhannsson**
**Friðjón Viðar Jóhannsson**
**Edda Sigurbjörg Jóhannsdóttir** — **Rúnar Páll Brynjúlfsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

†



*Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð, vináttu og hlýhug við andlát og útför eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,*

**Guðlaugs Inga Sæmundssonar**

fyrrv. leigubílstjóra, Langholtsvegi 200, Reykjavík.

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki deildar G2 á Hrafnistu í Reykjavík fyrir góða umönnun í veikindum hans.

**Ingibjörg Aðalsteinsdóttir**
**Sæmundur Guðlaugsson** — **Karólína Benediktsdóttir**
**Arnar S. Guðlaugsson** — **Bergþóra Ásmundsdóttir**
**Halldór Guðlaugsson** — **Hafdís Hafliðadóttir**
**Rúnar Guðlaugsson** — **Valgerður Sigurðardóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

†



*Faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Sigurður B. Sigurðsson**

lést að Dvalarheimilinu Höfða, Akranesi, 22. febrúar sl. Jarðarförin fer fram frá Akraneskirkju miðvikudaginn 3. mars kl. 14.00.

**Svavar Sigurðsson**
**Bogi Sigurðsson**
**Enrique Llorens Izaguirre** — **Auður Finnbogadóttir**
**Gunnar Sigurðsson** — **Sigríður Guðmundsdóttir**
**Sigrún Sigurðardóttir** — **Hörður Ó. Helgason**
**Sigurður Rúnar Sigurðsson** — **Rósa Finnbogadóttir**
**Ómar Sigurðsson** — **Una Magnúsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

†



*Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð, vináttu og hlýhug við andlát og útför ástkærrar sambýliskonu minnar, móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,*

**Soffíu Sveinbjörnsdóttur**

Kríuhólum 4.

Sérstakar þakkir til starfsfólks gjörgæsludeildar, lungnadeildar A6 og A7 LSH Fossvogi fyrir sérstaka umönnun og þægilegt viðmót, til handa Soffíu í veikindum hennar. Guð blessi ykkur öll.

**Hálfdán Jensen**
**Björn Einarsson** — **Margrét Árnadóttir**
**Lúðvík Baldursson** — **Þórey Aspelund**
**Ásgeir Baldursson** — **Hansína Steingrímsdóttir**
**Grétar Gunnarsson** — **Halla Hansen**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

HÚSNÆÐISFÉLAG SEM
SAMTÖK ENDURHÆFÐRA MÆNUSKADDAÐRA
Sléttuvegi 3 - 103 Reykjavík
Sími / Fax 588 7470

## Útdráttur 24. febrúar 2010

### Ferðavinningur frá Heimsferðum verðmæti 200.000 kr.

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1058 | 16365 | 30826 | 61509 | 71617 | 85747 | 94038 | 105068 | 124678 |
| 1387 | 17552 | 41189 | 63231 | 75393 | 87138 | 94559 | 106819 | 129869 |
| 4066 | 19942 | 41352 | 64129 | 75531 | 88342 | 99068 | 107113 | 131510 |
| 4769 | 22536 | 50335 | 68226 | 77408 | 89311 | 99725 | 109017 | 132019 |
| 6064 | 22846 | 57878 | 68783 | 80125 | 89792 | 100603 | 111703 | |
| 7831 | 26368 | 59318 | 69604 | 84913 | 90942 | 101134 | 114860 | |
| 12015 | 26970 | 60520 | 70599 | 85078 | 92860 | 104917 | 119919 | |

### Ferðavinningur frá Heimsferðum verðmæti 100.000 kr.

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 141 | 14635 | 28090 | 46187 | 61505 | 71313 | 87570 | 103643 | 121250 |
| 156 | 15067 | 29331 | 46471 | 62294 | 71684 | 88116 | 105282 | 122588 |
| 835 | 15486 | 30444 | 46892 | 63704 | 73574 | 88338 | 105306 | 122840 |
| 1088 | 15906 | 32326 | 47046 | 64617 | 74324 | 88935 | 106594 | 122843 |
| 1560 | 16843 | 32767 | 47290 | 64812 | 74788 | 89611 | 107119 | 123430 |
| 1827 | 18266 | 33675 | 48264 | 64931 | 75154 | 91047 | 108316 | 123514 |
| 2562 | 18861 | 35444 | 48843 | 65041 | 75419 | 91146 | 108556 | 124557 |
| 3539 | 19251 | 36292 | 48982 | 65318 | 75719 | 91278 | 108816 | 124611 |
| 3553 | 19271 | 36924 | 49151 | 65507 | 76301 | 91403 | 109899 | 126329 |
| 4738 | 19836 | 39085 | 49266 | 65750 | 76385 | 91900 | 110542 | 126404 |
| 5214 | 21011 | 40347 | 49999 | 66457 | 77917 | 93247 | 110739 | 126805 |
| 7031 | 21336 | 40699 | 50888 | 66524 | 79301 | 93377 | 111355 | 127300 |
| 7982 | 21517 | 41156 | 52209 | 67052 | 79536 | 94098 | 111832 | 127878 |
| 8006 | 21668 | 41186 | 52241 | 67260 | 80236 | 94108 | 113556 | 128422 |
| 8083 | 22863 | 41315 | 52317 | 67692 | 81022 | 97427 | 113729 | 128601 |
| 8297 | 23153 | 41391 | 53659 | 67851 | 82525 | 97943 | 114225 | 128711 |
| 8414 | 23367 | 41648 | 56290 | 68759 | 82579 | 98050 | 114479 | 129803 |
| 10268 | 23427 | 41854 | 56678 | 69153 | 83448 | 98692 | 114634 | 129847 |
| 10851 | 23685 | 41925 | 57003 | 69191 | 83952 | 98850 | 114842 | 130038 |
| 11343 | 24140 | 44979 | 57673 | 69476 | 84146 | 99163 | 118069 | 130362 |
| 12003 | 24811 | 45250 | 58503 | 69548 | 84419 | 100117 | 118413 | 130691 |
| 13315 | 26030 | 45424 | 59537 | 70249 | 85293 | 101959 | 118430 | 131586 |
| 13556 | 26820 | 45533 | 60305 | 71119 | 86473 | 102948 | 118867 | |
| 14382 | 26854 | 46054 | 61034 | 71299 | 87158 | 103632 | 119335 | |

Vinninga ber að vitja innan árs. Birt á ábyrgðar.
Þökkum stuðning á liðnum árum.


# Lærið að keyra

**BAKÞANKAR**
**Atla Fannars Bjarkasonar**



Ég er tvöfaldur dreifari – fæddur á Sauðárkróki, bjó þar til fjögurra ára aldurs og flutti svo til Selfoss þar sem ég bjó í 18 ár. Sumir myndu ganga svo langt að kalla mig sveitavarg og mér finnst það ekki leiðinlegt – þvert á móti kann ég ágætlega að meta þá göfugu nafngift. Ég hef búið í Reykjavík síðustu fjögur ár og það er eitt sem stendur upp úr: Akstürshæfileikar borgarbúa.

**GRÓÐURHÚSAÁHRIFIN** hafa orðið til þess að snjór fellur afar óreglulega í höfuðborginni. Á veturna líða oft heilu vikurnar – jafnvel mánuðirnir – áður en við sjáum snjókorn á himni, en þegar fyrsta kornið fellur tekur það yfirleitt allt gengið með. Þá er voðinn vís í Reykjavík og fólk virðist gleyma því að snjó fylgir hálka og í hálku eykst hemlunarvegalengd bíla.

**FYRSTU** fréttir sem berast eftir snjókomu í Reykjavík eru *alltaf* eins: „Fjöldi árekstra á gatnamótum Miklubrautar og Kringlumýrabrautar í morgun", „dekkjaverkstæði yfirfull" og „lögreglan bendir fólki á að fara gætilega". Löggan er meira að segja byrjuð að biðja fólk um að vera ekkert „að *þvælast* úti í snjónum á bílunum sínum". Ekki nóg með það, þá gleymir fólk líka hvernig á að leggja bílunum sínum. Gott dæmi um það er að smábílar taka aldrei eins oft tvö stæði og þegar það snjóar. Það er eins og bílstjórar fari í kerfi þegar hvítu línurnar hverfa og láti bílinn renna í stæðin á handahófskenndan hátt.

**RINGULREIÐIN** sem skapast á snjóþungum dögum í Reykjavík er algjör og það er í raun ótrúlegt að borgarbúar skuli gera tilraun til að keyra í snjó, miðað við árangur síðustu ára. Eins og hugrakkir apar sem reykja vindla og gera annað sem er ætlað fólki, þá eru snjóakstürstilraunir Reykvíkinga dæmdar til að mistakast.

**ÞAÐ** er glatað að þurfa að predika þessum landsbyggðarboðskap í blaði sem er dreift í hvert hús á höfuðborgarsvæðinu, en ekki til dæmis á Sauðárkróki. Fallega Sauðárkróki. Einhver þarf samt að segja ykkur þetta og þar sem ég er ekki einfaldur, heldur tvöfaldur dreifari – sveitavargur í Reykjavík, þá er skylda mín að láta ykkur vita að þið eruð ömurlegir bílstjórar. Lærið að keyra, aparnir ykkar.

## myndasögur

**Pondus** Eftir Frode Øverli




**Gelgjan** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**Handan við hornið** Eftir Tony Lopes




**Barnalán** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman







## Menningarstarf
## í Kópavogi

Lista- og menningarráð Kópavogs auglýsir eftir umsóknum um styrki til verkefna / viðburða á sviði menningar og lista í Kópavogi.
Einstaklingar, félagasamtök og stofnanir geta sótt um styrki úr sjóðnum.
Styrkþegum ber að skila greinargerð um nýtingu styrks eigi síðar en 6 mánuðum eftir úthlutun.

Umsóknum skal skilað á þar til gerðum umsóknareyðublöðum fyrir 7. apríl nk., ásamt fylgiskjölum.

Eyðublöðin fást í Þjónustuveri Kópavogsbæjar, Fannborg 2, og á heimasíðu Kópavogs, www.kopavogur.is

Lista- og menningaráð Kópavogs veitir styrki til verkefna / viðburða í Kópavogi tvisvar á ári, í nóvember og maí en styrkir til félaga og stofnana í formi rekstrarstyrkja eru veittir einu sinni á ári, í maí.

Umsóknum skal skilað til:

**Lista- og menningarráð Kópavogs**
**Starfs- og verkefnastyrkir**
**Fannborg 2**
**200 Kópavogi**

Nánari upplýsingar veitir deildarstjóri menningarmála, Linda Udengård í síma 570- 1500 eða linda@kopavogur.is

SKAPARINN AUGLÝSINGASTOFA


Munið
Garðyrkjuráðgjöf í
Skútuvogi á laugard.
kl. 13-15
....allt um umpottun,
matjurtarræktun ofl
Skútuvogi
Fræ
Sumarblóm
Frætíminn er núna
BLÓMAHELGI
BRJÁLUÐ TILBOÐ
ALLAR
POTTAPLÖNTUR
25%
afsláttur
10 stk
Túlipanar
999kr
fyrir afskorin blóm 250ml
BLÓMAÁBURÐUR
SUBSTRAL10220903
299
379
1 ltr
BLÓMAÁBURÐUR
SUBSTRAL10220900
599
949
BLAÐKLÚTAR
SUBSTRAL10220909
349
629
1/2 ltr
BLÓMAÁBURÐUR
SUBSTRAL10220901
499
949
10ltr mold
10333655
349
499
ALLAR
POTTAHLÍFAR
25%
afsláttur
Kaffi Garður Skútuvogi
Kaffi og heit vaffla
með rjóma
290kr
ís
á 10kr
Í Blómavali Skútuvogi
blómaval
heillandi heimur
Skútuvogur - Grafarholt - Akureyri - Egilsstaðir
Akranes - Selfoss - Reykjanesbær - Dalvík

**Sunnudagskvöld kl. 20**

*Vetrarferðin eftir Franz Schubert verður flutt í Íslensku óperunni af þeim Jóhanni Smára Sævarssyni, bassa, og Kurt Kopecky, píanóleikara. Þessi áhrifamikla ljóðatónlist verður flutt í leikinni útfærslu, sem gefur verkinu ferskan og spennandi blæ. Aðeins þessi eina sýning er ráðgerð á verkinu. Hér gefst frábært tækifæri til að hlýða á Jóhann Smára Sævarsson. Miðaverð á tónleikana er 2.000 kr.*

# menning

menning@frettabladid.is

## Húmanímal vestur

Leikhópurinn Ég og vinir mínir stefnir á Vestur-Íslendingaslóðir um miðjan maí með leiksýninguna Húmanímal, sem sló í gegn í Hafnarfjarðarleikhúsinu á síðasta ári. Hópnum hefur verið boðið á listahátíðina Núna/Now í Winnipeg í Kanada þar sem sýnt verður á ensku, en hópurinn heimsækir einnig bæina Gimli og Riverton þar sem styttri útgáfa verður sýnd á íslensku.

Leikhópurinn þarf að ferðast með 160 kíló af fötum með sér vegna þess að á leikmyndinni hangir mikið magn af litríkum vandlega litaflokkuðum fötum. Þar sem parið Dóra Jóhannsdóttir og Jörundur Ragnarsson eiga von á sínu fyrsta barni um það leyti sem sýningarnar verða í Kanada munu Valgerður Rúnarsdóttir dansari og Sveinn Ólafur Gunnarsson leikari hlaupa í skarðið fyrir þau.



**DÓRA JÓHANNSDÓTTIR** Í Húmanimal.

**> Ekki missa af…**

Á sunnudaginn eru tvöföld sýningarlok í Hafnarborg. Þá lýkur sýningu Ragnars Kjartanssonar á framlagi hans/Íslands til Feneyjatvíæringsins 2009, The End/Endalokin. Maður í Speedo-sundskýlu er þar nokkuð áberandi. Einnig lýkur sýningunni Ljósbrot, sem er innsetning Ingunnar Fjólu Ingþórsdóttur.

## Nýjungar á Batteríi

Hljómsveitin Reykjavík! efnir til Kvölds nýjunga og frumsýninga í Batteríinu í kvöld. Reykjavík! mun þar stíga á svið í fyrsta skipti á þessu ári. Mörg ný verk verða frumflutt og spannar tónsviðið allt frá gleðipoppi til dauðaglundurs.

Hljómsveitin Florita verður frumsýnd, en í sveitinni leiða saman þefhesta sína fjórir náungar úr nýhættum hljómsveitum, þeir Benedikt og Pétur fyrrverandi Skátar og Úlfur og Albert úr Swords of Chaos.

Kontrabassaleikarinn og tónsmiðurinn ástsæli Borgar Magnason mun einnig gleðja gesti með því að ausa úr sköpunarbrunni sínum. Rúsínan í þessari tónleikapylsu er dúettinn Legend, sem í eru Krummi Björgvinsson og Halldór Björnsson, en þeir voru saman í Esju. Húsið opnar kl. 22.30, en fyrsta sveit stígur á svið kl. 23. Aðgangseyrir er 1.000 krónur.



**KRUMMI** er í Legend.



**VIÐ OPNUN Í NÝLÓ 1980** Í dag opnar Nýlistasafnið á Skúlagötu 28.

## Nýló í gamalli kexverksmiðju

**Í dag kl. 17 mun Nýlistasafnið opna starfsemi sína í nýjum húsakynnum að Skúlagötu 28 þar sem kexverksmiðjan Frón var áður til húsa. Af þessu tilefni kemur út bókin Nýlistasafnið / The Living Art Museum 1978-2008, sem er 360 bls. og Tinna Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri safnsins ritstýrir.**

Nýlistasafnið var stofnað árið 1978 af hópi myndlistarmanna. Nýló hefur verið starfandi æ síðan sem meginstofnun hér á landi fyrir tilraunalistir. Samtímis var stofnað Félag um Nýlistasafnið, sem rekur safnið, en í því eru tæplega 300 félagar, innlendir og erlendir. Haldnar hafa verið um 600 sýningar í safninu, með þátttöku um 1.900 listamanna. Þar af hafa um 200 viðburðir verið haldnir í safninu auk þess sem safnið hefur komið nokkuð að listútgáfu.

Nýjasta húsnæðið er fimmta staðsetning Nýlós. Fyrsta húsnæði safnsins var í bakhúsi á Vatnsstíg 3b, safnið var um skamman tíma rekið í geymslukjallara í Þingholtsstræti 6, þá að Vatnsstíg 3, svo í mun betra húsnæði á Laugavegi 26 og er nú flutt á Skúlagötu 28.

Dagskráin í dag verður í léttari kantinum. Kveðjur verða fluttar, listamenn muna snúa plötum, bók Tinnu verður kynnt og 32 félagar og vinir Nýlistasafnsins munu flytja stutta tileinkun fyrir hvert ár í sögu félagsins.

Starfsemin verður svo keyrð í gang. Fyrsta sýningin í nýju safnhúsnæði verður opnuð fimmtudaginn 11. mars. Það er sýning á verkum úr safneign Nýlistasafnsins, sem stýrt er af öllum meðlimum stjórnar þess. Laugardaginn 13. mars stendur Nýlistasafnið að gjörningahátíð nemenda í myndlistardeild Listaháskóla Íslands, undir stjórn Erlings Klingenberg myndlistarmanns, og er það verkefni dæmi um mikið og farsælt samstarf stofnananna tveggja um árabil. Gott er að fylgjast með gróskumikilli starfseminni á www.nylo.is.

- drg


Norræna húsið



**Laugardagur 27. febrúar - 24. mars:**
**Con-Text: Sýning á norrænum bókverkum**
25 norrænir listamenn sýna bókverk í sýningarsal Norræna hússins. Sýningin er opin alla daga frá 12-17 nema mánudaga.



**Mánudagur 1. mars. 2010 kl. 12:00**
**Höfundahádegi:**
Haukur Ingvarsson, útvarpsmaður, og Bergljót Kristjánsdóttir, prófessor við Háskóla Íslands, ræða um nýútkomna bók Hauks, *Andlitsdrætti samtíðarinnar*. Allir velkomnir.



**Laugardagur 27. febrúar kl. 13-17:**
**Málþing:**
Matur í bókmenntum og matreiðslubækur sem bókmenntir. Allir velkomnir.



**Miðvikudagur 3. mars kl. 20:00**
**Tónleikar: Jazz og ljóðabræðingur:**
Jazzsveitin Dynamo ásamt Peter Laugesen og Einari Má Guðmundsyni. Miðaverð 1.500 kr.

NORRÆNA HÚSIÐ
Sturlugötu 5 · 101 Reykjavík
Skiptiborð: 551 7030 · Bókasafn: 551 7090
www.norraenahusid.is · nh@nordice.is



NORRÆNA HÚSIÐ
Cornelis Vreeswijk
kvöldskemmtun
Í KVÖLD 27/2 kl. 21:00
6/3 kl. 21:00
12/3 kl. 21:00
Forsala á midi.is
NORRÆNA HÚSIÐ
Sérréttatilboð hjá Dill á tónleikakvöldi



Auglýsingasími 512 5401



ÍSLENSK MENNING SVART Á HVÍTU




Greinar og gagnrýni, nýsmíðar skálda, ádrepur, viðtöl og ýmiss konar fróðleikur

Ritstjóri er Guðmundur Andri Thorsson

Nýtt hefti af Tímariti Máls og menningar er komið út

MÁL OG MENNING
www.forlagid.is

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

### Laugardagur 27. febrúar 2010

**Tónleikar**



**20.00 Gunnar Þórðarson** heldur tónleika á söguloftí Landnámssetursins við Brákarbraut í Borgarnesi.

**21.00 Guðrún Gunnarsdóttir og Aðalsteinn Ásberg** flytja úrval úr verkum söngvaskáldsins Cornelis Vreeswijk á tónleikum í Norræna Húsinu við Sturlugötu.

**22.00 Hljómsveitin Todmobile** verður á Græna Hattinum við Hafnarstræti á Akureyri.

**22.30** Reykjavík!, **Florita, Borgar Magnason og LEGENT** koma fram á tónleikum á Batteríinu við Hafnarstræti.

**Síðustu Forvöð**

Í Listasafni ASÍ við **Freyjugötu** stendur yfir sýning á verkum **Guðrúnar Gunnarsdóttur** í Ásmundarsal og Gryfjunni. Þar sýnir einnig **Guðmundur Ingólfsson** ljósmyndir í Arinstofu en báðum sýningum lýkur á sunnudag. Opið alla daga nema mánudaga kl. 13-17.

Í **Gerðarsafni við Hamraborg** í Kópavogi lýkur á sunnudaginn sýningu á hönnunarmunum Gerðar Helgadóttur auk sýningar á verkum eftir nemendur Myndlistaskólans í Kópavogi sem þeir unnu með hliðsjón af verkum Gerðar. Opið alla daga nema mánudaga kl. 11-17.



**Tangó**

**21.00** Tangóævintýrafélagið stendur fyrir Milonga-kvöldi á veitingahúsinu Eldhrímni við Borgartún 14. Nánari upplýsingar á **www.tangoadventure.com.**

**Kynningarfundur**

**14.00** Kynningarfundur um uppeldisfræði og nám í Waldorf grunnskóla verður haldinn í kjallara verslunarinnar Yggdrasils við Skólavörðustíg. **Allir velkomnir og enginn aðgangseyrir.**

**Sýningar**

Myndlistarsýning **Magnúsar Guðmundssonar** stendur yfir í veitingasal íþróttamiðstöðvar Lágafells í Mosfellsbæ. Opið virka daga kl. 6.30-20.30 og um helgar kl. 08-18.

Í **Gallerí Ágúst** við **Baldursgötu** hefur verið opnuð sýning á verkum **Einars Garibalda Eiríkssonar**. Opið mið.-lau. kl. 12-17.

Hjá **Kling & Bang galleri** hefur verið opnuð sýning á teikningum eftir átta listamenn. Opið fim.-sun. kl. 14-18. Nánari upplýsingar á http://this.is/klingogbang.

Í Ljósmyndasafni Reykjavíkur við Tryggvagötu 15 (6. hæð) hefur verið opnuð sýning á verkum **Oddvars Arnar Hjartarsonar**. Opið virka daga kl. 12-19 og um helgar kl. 13-17.

**Kvikmyndir**

**16.00** Kvikmyndasafn Íslands sýnir mynd Orsons Welles, Touch of Evil (endurunnin útgáfa frá 1998). Sýningin fer fram í Bæjarbíói við Strandgötu í Hafnarfirði. Nánari upplýsingar á **www.kvikmyndasafn.is.**

**Söngleikir**

**15.00 og 18.00** Nemendamótsnefnd Verzlunarskólans sýnir söngleikinn **Thriller** í Loftkastalanum við Seljaveg. Nánari upplýsingar á www.midi.is.

**20.00 Leikfélag Menntaskólans** við Sund sýnir söngleikinn Aladdín í Norðurpólnum að Bygggörðum 5.

**Dansleikir**

**Greifarnir** verða á skemmtistaðnum Spot við Bæjarlind í Kópavogi.

**Dagskrá**

**16.00** Ármann Reynisson stendur fyrir **Vinjettuhátíð í Sjóræningjahúsinu** við Aðalstræti á Patreksfirði. Auk hans munu koma fram: Ragnar Jörundsson, Halldóra Björnsdóttir, Patrekur Örn Gestsson, Signý Sverrisdóttir o.fl. Allir velkomnir og enginn aðgangseyrir.



## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

### Sunnudagur 28. febrúar 2010

**Tónleikar**

**13.15** Áshildur Haraldsdóttir flautuleikari og Nína Margrét Grímsdóttir, píanóleikari verða með tónleika í Menningarmiðstöðinni Gerðubergi. Á efnisskránni verða verk eftir **Hüe, Poulenc, Messiaen** og **Chaminade.**

**21.00 Kría Brekkan** (Kristín Anna Valtýsdóttir) heldur tónleika í Listasafni Íslands við Fríkirkjuveg.

**Opnanir**

**12.15** Í **Hallgrímskirkju** við Skólavörðuholt verður opnuð sýning á verkum Gunnars S. Magnússonar.

**Fjölskylduleiðsögn**

**14.00 Klara Þórhallsdóttir** hefur umsjón með fjölskylduleiðsögn og listasmiðju á Kjarvalsstöðum við **Sturlugötu.** Þessi viðburður er í tengslum við vatnslitasýninguna Blæbrigði vatnsins sem nú stendur þar yfir.

**Ópera**

**20.00** Kristín Ragnhildur Sigurðardóttir sópran, Hólmfríður Jóhannesdóttir messósópran og Julian M. Hewlett píanóleikari halda tónleika í Iðnó við Vonarstræti. Á efnisskránni verða m.a. óperuaríur og dúettar úr Ævintýrum Hoffmanns, Leðurblökunni og Lakmé. Nánari upplýsingar á midi.is.

**20.00 Jóhann Smári Sævarsson** bassi og **Kurt Kopecky** píanó flytja Vetrarferðina eftir Franz Schubert á tónleikum hjá Íslensku óperunni við Ingólfsstræti. Nánari upplýsingar **www.opera.is.**

**Félagsvist**

**14.00** Félagsvist verður spiluð í Breiðfirðingabúð við Faxafen 14. **Allir velkomnir.**

**Tangó**

**16.00** Tangóævintýrafélagið stendur fyrir Milonga síðdegi á Café Rót við Hafnarstræti 17 kl. 16-19. Dj Kaldalóns sér um tónlist. Nánari upplýsingar á **www.tangoadventure.com.**

**Kvikmyndir**

**15.00** Barnæska mín, **sovésk kvikmynd frá 1938,** byggð á fyrsta bindi sjálfsævisögu rússneska rithöfundarins Maxíms Gorkí, verður sýnd hjá MÍR að Hverfisgötu 105. **Aðgangur ókeypis.**

**Dansleikir**

Dansleikur Félags eldri borgara í Reykjavík og nágrenni fer fram að Stangarhyl 4 kl. 20-23.30. **Dranshljómsveitin Klassík leikur fyrir dansi.**

**Leikrit**



**14.00** Leikfélagið Snúður og Snælda sýnir verkið **„Nakinn maður og annar í kjólfötum"** eftir Dario Fo. Sýningar fara fram í Iðnó við Vonarstræti.

**Dagskrá**

**15.00** Það verður leikið, sungið og dansað að sjómannasið í **Sjóminjasafninu Víkinni** við Grandagarð. Þessi uppákoma er í tengslum við sýninguna „Leiklistin og hafið" sem nú stendur yfir í Víkinni. Nánari upplýsingar á **www.sjominjasafn.is.**

**Leiðsögn**

**15.00 Guðmundur Ingólfsson** leiðir gesti um sýningu sína og fjallar um verk sín hjá Listasafni ASÍ við Freyjugötu 41. **Opið 13-17.**

**15.00** Í Hafnarborg við Strandgötu í Hafnarfirði verður boðið upp á leiðsögn um sýningar Ragnars Kjartanssonar og Ingunnar Fjólu Ingþórsdóttur en sýningu lýkur á sunnudag. **Opið lau. og sun. kl. 12-17.**

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is.**





AMERICAN VI: AIN'T NO GRAVE
JOHNNY CASH

Platan inniheldur síðustu upptökurnar sem **Johnny Cash** gerði áður en hann lést. Líkt og á fyrri plötunum í **American** seríunni stjórnar **Rick Rubin** upptökum. Á plötunni má finna lög eins og **Redemption Day** og **For the Good Times**. Einnig er hér að finna lagið **I Corinthians: 15:55** sem er eftir Cash sjálfann.



3 WORDS **CHERYL COLE** Fyrsta sólóplata Girls Aloud stelpunnar, sem mikið hefur verið fjallað um undanfarið.

TOPP STEMNING Á... **CASIOKIDS** Plata frá norsku rafhljómsveitinni, sem heldur tónleika á Íslandi 4. og 5. mars.

SCRATCH MY BACK **PETER GABRIEL** Tökulagaplata þar sem meistarinn tekur m.a. lög eftir David Bowie og Rainbow.

HELIGOLAND **MASSIVE ATTACK** Glæný hljóðversplata sem hefur fengið frábærar viðtökur.

SOLDIER OF LOVE **SADE** Ný plata sem fór beint á toppinn á í Bandaríkjunum.

**TILNEFNINGAR TIL ÍSLENSKU TÓNLISTARVERÐLAUNANNA FÁST Í SKÍFUNNI**



HJALTALÍN · FELDBERG · HJÁLMAR · DIKTA · LIGHTS ON THE HIGHWAY · MÚM · BLOODGROUP · KIMONO

Stærsta hljómplötuverslun á Íslandi
LAUGAVEGUR 26 · KRINGLAN · WWW.SKIFAN.IS

S·K·Í·F·A·N

## ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

Sími 551 1200 / midasala@leikhusid.is / www.leikhusid.is



### Brennuvargarnir (Stóra sviðið)

| | | |
|---|---|---|
| Fim 4/3 kl. 20:00 U | Mið 24/3 kl. 20:00 Aukas. | |
| Mið 17/3 kl. 20:00 Aukas. Ö | | |

„Besta leiksýning ársins“ MBL, IÞ. Aukasýning 24. mars komin í sölu!



### Oliver! (Stóra sviðið)

| | | |
|---|---|---|
| Sun 28/2 kl. 15:00 U | Sun 14/3 kl. 15:00 U | Lau 27/3 kl. 15:00 Ö |
| Sun 28/2 kl. 19:00 Ö | Sun 14/3 kl. 19:00 Ö | Lau 27/3 kl. 19:00 Ö |
| Sun 7/3 kl. 15:00 U | Sun 21/3 kl. 15:00 U | Sun 28/3 kl. 15:00 Ö |
| Sun 7/3 kl. 19:00 Ö | Sun 21/3 kl. 19:00 Ö | |

Oliver! ★★★★ MBL, GB – Sýningum lýkur í maí



### Gerpla (Stóra sviðið)

| | | |
|---|---|---|
| Lau 27/2 kl. 20:00 6. K U | Fös 12/3 kl. 20:00 Ö | Lau 20/3 kl. 20:00 Ö |
| Fös 5/3 kl. 20:00 7. K U | Lau 13/3 kl. 20:00 Ö | Fim 25/3 kl. 20:00 |
| Lau 6/3 kl. 20:00 8. K Ö | Fim 18/3 kl. 20:00 U | Fös 26/3 kl. 20:00 |
| Fim 11/3 kl. 20:00 U | Fös 19/3 kl. 20:00 Ö | |

Fjórar stjörnur Mbl. I.Þ



### Fíasól (Kúlan)

| | | |
|---|---|---|
| Lau 13/3 kl. 15:00 Frums. U | Mið 7/4 kl. 17:00 U | Fim 22/4 kl. 15:00 Aukas. U |
| Sun 14/3 kl. 13:00 U | Lau 10/4 kl. 13:00 U | Lau 24/4 kl. 16:00 U |
| Sun 14/3 kl. 15:00 U | Lau 10/4 kl. 15:00 U | Sun 25/4 kl. 13:00 U |
| Lau 20/3 kl. 13:00 U | Sun 11/4 kl. 13:00 U | Sun 25/4 kl. 15:00 U |
| Lau 20/3 kl. 15:00 U | Sun 11/4 kl. 15:00 U | Sun 2/5 kl.13:00 U |
| Sun 21/3 kl. 13:00 U | Mið 14/4 kl. 17:00 Ö | Sun 2/5 kl 15:00 U |
| Sun 21/3 kl. 15:00 U | Lau 17/4 kl. 13:00 U | Lau 8/5 kl. 13:00 |
| Lau 27/3 kl. 13:00 U | Lau 17/4 kl. 15:00 U | Lau 8/5 kl. 15:00 Ö |
| Lau 27/3 kl. 15:00 U | Sun 18/4 kl. 13:00 U | Sun 9/5 kl.13:00 |
| Sun 28/3 kl. 13:00 U | Sun 18/4 kl. 15:00 U | Sun 9/5 kl 15:00 U |
| Sun 28/3 kl. 15:00 U | Fim 22/4 kl. 13:00 Aukas. U | |

Sprellfjörug sýning um gleðisprengjuna ómótstæðilegu!



### Hænuungarnir (Kassinn)

| | | |
|---|---|---|
| Lau 27/2 kl. 20:00 Frums. U | Fös 12/3 kl. 20:00 Ö | Lau 20/3 kl. 20:00 |
| Fös 5/3 kl. 20:00 U | Lau 13/3 kl. 20:00 Ö | Fim 25/3 kl. 20:00 |
| Lau 6/3 kl. 20:00 U | Fim 18/3 kl. 20:00 Ö | Fös 26/3 kl. 20:00 |
| Fim 11/3 kl. 20:00 Ö | Fös 19/3 kl. 20:00 | |

Bráðfyndið verk eftir Braga Ólafsson, einn af okkar ástsælustu höfundum!


# Super Chikan er frábær karl

„Þekktasti gesturinn okkar er Super Chikan. Hann er frábær þessi karl,“ segir Halldór Bragason. Blúshátíð Reykjavíkur verður haldin í sjöunda sinn dagana 27. mars til 1. apríl og þar verður hinn litríki blúsari Super Chikan eitt af aðalnúmerunum ásamt hljómsveit sinni The Fighting Cocks. „Þetta er heitasti blúsmaðurinn í Mississippi í dag, það er engin spurning,“ segir Halldór og bætir við að hann hafi verið útnefndur skemmtikraftur ársins í Bandaríkjunum hvað blúsinn varðar.

Hinir aðalgestir hátíðarinnar verða Billy Branch frá Chicago, sem er fyrrverandi munnhörpuleikari Willie Dixon og Chicago Blues, og blúsdívan Deitra Farr. Þrennir tónleikar verða á Hilton-hótelinu frá þriðjudegi til fimmtudags. Einnig munu fjórar dívur syngja í Fríkirkjunni á pálmasunnudag, þær Deitra Farr, Kristjana Stefánsdóttir, Ragnheiður Gröndal og Brynhildur Björnsdóttir.

Miðasala á tónleika Blúshátíðarinnar er hafin. Nánari upplýsingar má finna á Midi.is og á Blues.is.

- fb



**SUPER CHIKAN** Super Chikan and the Fighting Fox verður eitt af aðalnúmerunum á Blúshátíð Reykjavíkur.






# Snýr aftur á mánudag

**Jay Leno snýr aftur með kvöldþátt sinn á NBC-sjónvarpsstöðinni á mánudaginn eftir níu mánaða hlé. Idol-stjarnan Adam Lambert, Robin Thicke og Ben Harper munu allir stíga á svið fyrstu tvær vikur þáttarins. Áður hafði verið tilkynnt um gesti á borð við Jamie Foxx, Söruh Palin, Ólympíumeistarann Lindsey Vonn og ruðningshetjuna Brett Favre. Stutt er síðan Conan O´Brien hætti með kvöldþáttinn og mun Leno setjast aftur í sitt gamla sæti í staðinn fyrir hann.**



**MÆTIR AÐ NÝJU** Kvöldþáttur Jays Leno snýr aftur á mánudaginn eftir stutt hlé.


## GERÐUBERG
Menningarmiðstöð

2010

# Klassík í hádeginu

Ókeypis aðgangur!



Verið velkomin!

**Vor í París**

**Sunnudaginn 28. febrúar kl. 13.15**

Fluttar verða sónötur, fantasíur og concertino eftir Hüe, Poulenc, Messiaen og Chaminade.
Flytjendur: Áshildur Haraldsdóttir, flautuleikari og Nína Margrét Grímsdóttir, Píanóleikari.



**Um eldhúsáhöld eru áhöld**
Sýning Sigurðar Árnasonar og Þórarins Eldjárns á eldhúsáhöldum í Safnarahorni.



**Strengir** – Leikbrúður, grímur og búningar
Strengjaleikhússins eftir Messíönu Tómasdóttur.



**Þetta vilja börnin sjá!**
Myndskreytingar úr barnabókum ársins 2009.



**Við veginn** – Sigurður Stefán Jónsson
sýnir ljósmyndir í kaffihúsi.



**Það kviknaði líf**
**Jenný (Jónína Katrín Jónsdóttir)** sýnir málverk og teikningar í Boganum.

Sýningarnar eru opnar virka daga frá 11-17 og um helgar frá 13-16
Boðið er upp á leiðsögn um sýningar.

Gerðubergi 3-5 | 111 Reykjavík | Sími 575 7700
Netfang: gerduberg@reykjavik.is | www.gerduberg.is



# Námskeið um Opinberunarbókina

**Ein merkasta bók Biblíunnar og jafnframt sú síðasta er**

**Opinberunarbókin.**

Biblían sjálf túlkar ríkulegt myndmál hennar. Hún er öllum mikil uppörvun. Jesús Kristur segir: “Sæll er sá, er les þessi spádómsorð, og þeir, sem heyra þau og varðveita það, sem í þeim er ritað, því að tíminn er í nánd”. Bókin fjallar um deiluna miklu milli góðs og ills, uppruna hennar og lyktir. Hún greinir frá sögu kristinnar kirkju og þátttöku hennar í þeirri baráttu. Henni lýkur með sigri Krists yfir illskunni þegar hann kemur öðru sinni og vinnur bug á ranglætinu og ber réttlætið fram til sigurs. Þá mun Guð búa meðal mannanna og dauðinn mun ekki framar til vera, allt er orðið nýtt.

**8 fyrirlestrar verða haldnir um efni bókarinnar á þriðjudögum og fimmtudögum kl 20:00 í Loftsalnum að Hólshrauni 3 (við Fjarðarkaup) HAFNARFIRÐI. Fyrsti fyrirlesturinn verður þriðjudaginn 2. mars og sá síðasti fimmtudaginn 25. mars.**

Myndasýning til skýringar fylgir öllum fyrirlestrunum.
Aðgangur er ókeypis. Gott aðgengi er fyrir hreyfihamlaða.

Björgvin Snorrason flytur fyrirlestrana, en undanfarin 25 ár hefur hann haldið fyrirlestra hér heima, á Norðurlöndum, Bretlandi, Bandaríkjunum og víðar.



Tími endurkomu Jesú Krists er í nánd

# Megas slær á skort

Á árunum 1973-74 gaf Megas sjálfur út þrjú textahefti með nótum af lögunum sínum. Heftin voru myndskreytt af höfundi og komu út í mjög takmörku fjölrituðu upplagi. Heftin hafa selst á ofurprís hafi þau sést og því er nú búið að framleiða vandaðar eftirprentanir í takmörkuðu upplagi. Heftin má nálgast í Bókabankanum við Baragötu í Kolaportinu á laugardögum og sunnudögum.

Árið 1992 gaf Almenna bókafélgið út heildarsafn af textum Megasar og hvarf sú bók með snatri úr hillunum. Í haust ætlar JPV að gefa út sams konar safn og bætir auðvitað því efni sem komið hefur út síðan AB-bókin kom út. Í bókinni, sem búast má við að verði vel á 700 blaðsíður, verða allir textar Megasar í réttri tímaröð.

Megas, sem verður 65 ára í apríl, hefur sett stefnuna á nýja plötu, sem ætti að koma út með haustinu. Ýmsar þreifingar eru nú í gangi með það hverjir muni spila með Megasi á þessari plötu, en samstarf hans og Senuþjófanna, að minnsta kosti sumra Senuþjófa, er lokið í bili.

- drg



**MEGAS** Með margt í pípunum.

# Steina í sláturhúsi

Alþjóðlega videó- og tilraunakvikmyndahátíðin 700 IS Hreindýraland verður haldin í fimmta sinn á Egilsstöðum 20.-27. mars. Að þessu sinni er metþátttaka – innsend verk voru 642 frá 49 löndum. Af þeim voru 76 verk valin til sýningar. Þar að auki frumsýnir videólistakonan Steina nýtt videóverk fyrir sex skjái í Frystiklefanum í Sláturhúsinu. Víðs vegar um Sláturhúsið verða svo hin 76 verkin sýnd þessa viku, en einnig verður kínverskt tilraunabíó í gangi og listamenn og forstöðumenn samstarfshátíða verða með listamannaspjall.

700 IS er komið í Evrópusamstarf með þremur videóhátíðum, Moves í Bretlandi, Intermodem í Ungverjalandi og Frame Research í Portúgal. Á hverri hátíð er valið sitt hvort verðlaunaverkið úr innsendum evrópskum verkum og svo verða þessi fjögur verk sýnd á öllum hátíðunum frá maí 2010 til apríl 2011 og höfundar þeirra fá sérstök verðlaun og vegsauka. Nánar má lesa um hátíðina á www.700.is.



**VIDEÓLISTAKONAN STEINA** Tekur þátt í 700.is hátíðinni á Egilsstöðum í mars.


## Sjálfstæðir leikhópar í Borgarleikhúsinu

Samkvæmt samkomulagi Leikfélags Reykjavíkur og Reykjavíkurborgar skal Leikfélag Reykjavíkur „tryggja hið minnsta tveimur öðrum leikflokkum afnot af húsnæði í Borgarleikhúsinu til æfinga og sýninga eins verkefnis á hverju ári. Leikflokkarnir skulu hafa endurgjaldslaus afnot af húsnæði en greiða útlagðan kostnað L.R. vegna vinnu þeirra í Borgarleikhúsinu."

**Auglýst er eftir umsóknum leikhópa vegna leikársins 2010/2011**
Með umsókn skal senda skilmerkilega greinargerð um verkefnið, greina frá aðstandendum þess, framkvæmdaaðilum, listrænum stjórnendum og þátttakendum öllum ásamt vandaðri fjárhagsáætlun.

Umsóknir berist leikhússtjóra Leikfélags Reykjavíkur, Listabraut 3, 103 Reykjavík, eigi síðar en kl. 16:00 mánudaginn 22. mars 2010. Einnig er hægt að senda inn umsókn í tölvupósti, merktum „Samstarf" á **borgarleikhus@borgarleikhus.is**.

Borgarleikhúsið

512 54 01 Auglýsingasími
Allt sem þú þarft...




## > NÓG AÐ SÝSLA Á RIFF

Erlendir tískublaðamenn eru í óða önn að bóka sig á **Reykjavík Fashion Festival** sem á sér stað í mars. Meðal annarra er blaðamaður frá tískuritinu Dazed and Confused. Á mánudaginn heldur umboðsskrifstofan Eskimo svo annað „casting“ en leitað er að ferskum fyrirsætum fyrir RIFF. Áhugasamir verða að vera yfir 16 ára aldri og að minnsta kosti 170 cm á hæð.

# stíll

utlit@frettabladid.is



**Hlýja og fallega leðurhanska** með skinnbryddingu fyrir snjóinn um helgina. Þessir fást hjá Sævari Karli.




**Nærandi litað dagkrem** frá Bobbi Brown sem frískar upp vetrarhúð án þess að gera hana gervilega.



OKKUR LANGAR Í ...

**Dásamlega augnskugga** frá Make Up Store sem minna á litapallettuna frá Soniu Rykiel.



## DAÐRAÐ VIÐ TÍSKUNA
**Anna Margrét Björnsson**

# *Brjóst og mjaðmir á skjánum*

Ég dett sjaldan inn í sjónvarpsseríur en eftir fortölur kærastans lét ég tilleiðast að horfa á þættina Mad Men sem hafa verið sýndir á Stöð 2. Eitt kvöld sat ég ein heima og horfði næstum því á alla fyrstu seríuna, bæði vegna söguþráðarins sem er hreint ekki slæmur og hins stórkostlega „sixtís“ anda sem ríkir í þáttunum. Það er hrein unun að horfa á þessa þætti frá tískusjónarmiði en þarna er tískan alveg á byrjun sjöunda áratugarins fönguð í hnotskurn. Konur eru með mjúkar og kynþokkafullar línur og mjólkurhvíta húð með svartan blautan eyeliner og rauðan varalit.

Leikkonan Christina Hendricks er með þann magnaðasta kvenvöxt sem ég hef lengi séð og minnir um margt á hina sálugu Marilyn Monroe. Hún svífur um settið í níðþröngum drögtum og kjólum með uppsett rautt hár og ef konur fer ekki að langa aftur til að vera með mjaðmir og örlát brjóst eftir að sjá hana á skjánum þá veit ég ekki hvað. Það er yndislegt að sjá svona mikið lagt í útlitið á sjónvarpþætti og maður getur auðveldlega ímyndað sér hvernig lífið var á þessum tímum. Það er líka merkilegt hvað tíska kvenna hefur breyst mikið síðustu áratugi þar sem það virðist þykja flottara að líta út eins og strákur.



**LITIR** Falleg samsetning af vínrauðu, brúnu og appelsínugulu.



**TÖFF** Gullfalleg litasamsetning í vínrauðu og appelsínugulu.



**PRJÓN** Afar kvenlegur prjónakjóll við leggings.

## PETER PILOTTO HELDUR SIGURGÖNGUNNI ÁFRAM

# Seventís-litir og -mynstur

Peter Pilotto sýndi enn og aftur að hann er einn frambærilegasti hönnuður Breta á nýafstaðinni tískuviku í London. Peter og samstarfsmaður hans, Christopher De Vos, hafa öðlast mikla viðurkenningu fyrir stafræn prent og falleg snið. Í þetta sinn sýndu þeir ekki einungis kokkteil og kvöldkjóla heldur aðeins hversdagslegri klæði. Litapalettan var sótt í mynstur frá áttunda áratugnum og einkenndist af brúnum og appelsínugulum tónum. Refaskinn og leður settu svo punktinn yfir i-ið á vel heppnaðri og klæðilegri línu.

- amb



**LEÐUR** Falleg stutt og appelsínugul leðurkápa.



**HERMANNALEGT** Grár jakki við leðurleggings.



**KVENLEGT** Flottur kjóll úr tvíd-efni, silfurlituðu leðri og refaskinni.




Framúrskarandi árangur

í listnámi

Lista- og menningarráð Kópavogs hefur ákveðið að veita árlega viðurkenningu til framúrskarandi námsmanns á sviði lista.

Skilyrði er að viðkomandi sé búsettur í Kópavogi.

Ráðið óskar eftir ábendingum um slíka námsmenn frá kennurum, listamönnum og öðrum sérfróðum aðilum.
Styrkþega ber að skila greinargerð um nýtingu styrks eigi síðar en 6 mánuðum eftir úthlutun.

Ábendingum skal skilað skriflega, fyrir 7. apríl nk. til:

**Lista- og menningarráð Kópavogs**
**Viðurkenning - listnemi**
**Fannborg 2**
**200 Kópavogi**

Nánari upplýsingar veitir deildarstjóri menningarmála, Linda Udengård í síma 570- 1500 eða linda@kopavogur.is

SKAPARINN AUGLÝSINGASTOFA


HEITUSTU
LEIKIRNIR
ERU HJÁ OKKUR!
Vinsælasti leikurinn í dag!
HEITT
PS3
Only On PlayStation.
HEAVY RAIN
18
quanticdream
Aðeins á PS3
11.399,-
100 af 100
– GamePro
100 af 100
– Official PlayStation Mag.
100 af 100
– Total Video Games
!!!
Hversu langt er þú tilbúinn til að ganga til að bjarga þeim sem þú elskar? Origami morðinginn gengur laus og aðeins þú getur náð honum. Allar ákvarðanir sem þú tekur hafa áhrif á útkomuna. Leikurinn getur endað á fleiri hundruð mismunandi vegu. Klárlega einn af leikjum ársins.
PS3
ALIENS VS PREDATOR
18
Fáanlegur á PS3, PC og Xbox 360
10.899,-
Fyrstu persónu skotleikur þar sem leikmenn geta spilað sem hermenn, aliens eða predator kvikindin. Leikurinn nýtir ljósa- og hljóðeffecta til að skapa sem mesta spennu og hrylling. Í leiknum eru þrír mismunandi söguþræðir, en auk þeirra skartar leikurinn magnaðri netspilun.
Games for Windows
DVD
NAPOLEON
TOTAL WAR
16
Fáanlegur á PC
6.499,-
Nýjasti leikurinn í hinni geysivinsælu Total War seríu. Hér fá leikmenn einstakt tækifæri til að taka þátt í öllum stærstu herferðum hins smáfætta Napoleon, en meðal herferða er feigðarför hans til Rússlands og einnig innrásin í Waterloo. Grafíkin er einstök og möguleikarnir endalausir.
PS3
BIOSHOCK 2
100 af 100
–Games Radar
95 af 100
–Official Xbox Magazine
18
Fáanlegur á PS3, PC og Xbox 360
11.899,-
Magnaður fyrstu persónu skotleikur með hryllingsívafi. Leikmenn fara hér í hlutverk Big Daddy kvikindanna og þurfa að vaða um einhvert flottasta umhverfi sem sést hefur í skotleik. Bioshock 2 er búinn að fá frábæra dóma og klárt að þetta verður einn af leikjum ársins. Auk söguþráðsins inniheldur leikurinn öfluga netspilun.
Allir spilaðir PS2 leikir á
50% afslætti aðeins þessa einu helgi!
Yfir 800 mismunandi titlar í boði!
!!!
GAME STÖÐIN
SPILAÐU MEIRA
- BORGAÐU MINNA
PLAYSTATION 3
ER KOMIN
AFTUR!
KRINGLAN 588 9400 · WWW.GAMESTODIN.IS · FACEBOOK.COM/GAMESTODIN

> ÓSÁTT

Kelly Osbourne er reið vegna fyrirsagnar viðtals sem bandarískt unglingatímarit tók við hana. Fyrirsögnin var: „Að vera feitur var mun verra en að vera háður eiturlyfjum.“ Í viðtalinu segir Osbourne aftur á móti að hún hafi fengið verri útreið meðal slúðurrita fyrir holdafar sitt heldur en að hafa verið eiturlyfjafíkill og að hún hafi átt erfitt með að skilja það.



# Fólk

folk@frettabladid.is

# Vinir hafa áhyggjur af Cheryl

Cheryl Cole, söngkona hljómsveitarinnar Girls Aloud, er að sögn vina í miklu uppnámi vegna sambandsslita þeirra Ashley Cole fótboltakappa. Cheryl Cole gaf út tilkynningu um sambandsslitin í byrjun vikunnar í kjölfar frétta af framhjáhaldi Ashley.

Vinir söngkonunnar segja hana svo miður sín að hún hafi ekki borðað svo dögum skiptir og óttast þeir að heilsu hennar fari hrakandi. „Cheryl leit afskaplega vel út áður en fréttirnar um framhjáhald Ashley komu í dagsljósið. Síðan hefur hún misst alla matarlyst. Það eina sem fer inn fyrir varir hennar er piparmintute. Móðir hennar hefur reynt að fá hana til að borða súpur, en hún hefur ekki áhuga,“ var haft eftir nánum vini söngkonunnar. Fjölmiðlar í Bretlandi halda því fram að Cheryl muni fara fram á flýtiskilnað innan skamms og vilji ljúka því máli áður en heimsmeistaramótið í fótbolta rennur í garð.

Ashley Cole, sem leikur með meistaradeildarliðinu Chelsea, er staddur í Frakklandi um þessar mundir þar sem verið er að gera að meiðslum hans. Hann hefur ekki tjáð sig um málið að svo stöddu.



**SVIKIN** Cheryl Cole hefur farið fram á skilnað við eiginmann sinn, fótboltakappann Ashley Cole. MYND/NORDICPHOTO


## Notuð húsgögn og húsbúnaður

Sendiráð Bandaríkjanna hefur sett fleiri notuð húsgögn, heimilistæki og ýmsan annan búnað á uppboðsvefinn www.usauppbod.is
Uppboðið endar 5. Mars kl. 16.00





AFSLÁTTUR AF ÖLLUM NÝJUM BÓKUM - 50%
VERÐHRUN!

Bókamarkaðurinn
Perlunni
Alla daga til 15. mars





„Feykilega falleg útgáfa. Matur búinn til úr íslensku hráefni. Mjög fín bók og bráðskemmtileg.“ –Páll Baldvin Kiljunni

~~4.990,-~~ 1.990,-  ~~4.980,-~~ 2.490,-

Það hefur aldrei verið ódýrara að lesa!


# FAGNAÐ Í NOSTALGÍU

**Tískuverslunin Nostalgía gekk í gegnum útlitsbreytingar fyrir skömmu og í tilefni þess var efnt til veislu síðastliðinn fimmtudag.**

Nostalgía opnaði aftur með breyttum áherslum og að sögn Hrafnhildar Hólmgeirsdóttur stílista verða flíkurnar sem seldar eru í versluninni tengdari því sem er að gerast í hátískunni hverju sinni.

Fjöldi fólks lagði leið sína í verslunina á fimmtudagskvöld og lét sér vel líka eins og myndirnar bera vitni um. - sm



**FLOTT KVÖLD** Vaka Alfreðsdóttir mætti á opnun Nostalgíu. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



Snædís Logadóttir og Sigurður Páll virtust ánægð með breytingarnar sem gerðar voru.



Bylgja, Elín og Brynja og vinkona þeirra létu sig ekki vanta á opnunina.



Adrian og Tatiana.


DÁSAMLEG
ÆVISAGA ÞÓRBERGS ÞÓRÐARSONAR

★ ★ ★ ★ ★

„ÞÞ-bindin tvö munu vonandi verða mörgum lesendum sami gleðigjafi og þau reyndust mér ... Ítarleg og skýr, falleg og frábærlega hugsuð ævi- og hugmyndasaga ofvitans úr Suðursveit.“

PÁLL BALDVIN BALDVINSSON / FRÉTTABLAÐIÐ



1. Sæti
METSÖLULISTI EYMUNDSSON
Ævisögur/handbækur 17.–23.02.10
ÍSLENSKU BÓKMENNTAVERÐLAUNIN TILNEFNING 2007
KOMNAR Í KILJU

JPV ÚTGÁFA
www.forlagid.is


# Morfís-dómari óvinsæll hjá MH-ingum

Morfís-dómarinn Brynjar Birgisson fær væntanlega ekki boðskort á næstu árshátíð Menntaskólans við Hamrahlíð en hann hefur verið úthrópaður sem svindlari á spjallsíðum menntaskólanema vegna morfís-keppni MH og FG á miðvikudaginn. Brynjar dæmdi FG sigur í þeirri viðureign en hinir dómararnir tveir dæmdu MH í vil. „Það varð allt brjálað þegar ég las upp dóminn og einn meðlimur MH kastaði borðinu sínu af sviðinu og hljóp að mér með krepptan hnefann en hætti við. Hann hefur reyndar beðið mig afsökunar á því,“ segir Brynjar í samtali við Fréttablaðið.

Brynjar hefur verið sakaður um að hygla FG og hafa einhverjir nefnt til sögunnar að hann sé vinur eins liðsmanna FG á My Space. Brynjar vísar þessu alfarið á bug og segir MH-inga raunar ekki hafa neitt efni á því að tala um hagsmunatengsl. „Dóri DNA var Morfís-þjálfarinn minn á sínum tíma í FB og þetta er því miklu meira í hina áttina,“ segir Brynjar og bætir við að honum skiljist að MH hafi beðið um hann sem dómara. Brynjar segist þó ekki hafa orðið fyrir neinum hótunum en hann hafi fylgst grannt með gangi mála á spjallsíðum netsins.

Morfís-keppnin hefur því óvænt haft áhrif á sjónvarpsviðureign FB og FSU í Gettu betur því Brynjar er þjálfari fyrrnefnda liðsins. „Þetta hefur truflað undirbúninginn að einhverju leyti en sem betur fer erum við tveir að þjálfa þannig að við náðum að halda undirbúningnum í réttum farvegi,“ segir Brynjar. „Ég sá ekki fyrir að þetta gæti farið svona.“ - fgg



**UMDEILDUR** Dómur Brynjars í Morfís-keppni FG og MH var umdeildur en hann hefur verið úthrópaður sem svindlari á spjallborðum. Brynjar vísar því alfarið á bug. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Sýnishornasala

## Einstakt tækifæri

## EINNIG OPIÐ SUNNUDAG FRÁ 13-17

Frá upphafi höfum við geymt öll okkar sýnishorn en núna finnst okkur tímabært að gefa viðskiptavinum okkar tækifæri til að eignast þau. Mikið af einstökum flíkum.

## Dömu og herraföt

## Verð frá 1.000-10.000 kr.

## Aðeins í nokkra daga

Sýnishornasalan er haldin í verzlun okkar Outlet, Vintage & One Off að Laugavegi 86-94



*Andersen & Lauth*

*Reykjavík*

*established 1934*

outlet, vintage & one off, Laugavegur 86-94, sími 552 6067

# Í eltingaleik við skýstrokka

**Englendingurinn Alister Chapman starfar við að þefa uppi skýstrokka og ná af þeim myndum. Hann hefur séð 61 skýstrokk með berum augum og lýsir upplifuninni sem spennuþrungnu adrenalín-stuði.**



**ALISTER CHAPMAN** Hann starfar við að þefa uppi skýstrokka. Hann segist vera háður starfinu og getur ekki hugsað sér að gera neitt annað. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Alister Chapman var staddur hér á landi á föstudag til að halda erindi hjá Sense, dótturfélagi Nýherja, um sjónvarp á vefnum og þrívíddar-upptökutækni sem hann hefur nýtt sér í starfi sínu. Slík tækni hefur verið að ryðja sér til rúms að undanförnu og vill Chapman miðla af reynslu sinni til Íslendinga.

Þessi geðþekki náungi hefur alla ævi haft mikinn áhuga á skýstrokkum og alls kyns óveðri og fór það ekki á milli mála í viðtalinu við Fréttablaðið. Áhuginn skein út úr augum hans og greinilegt að hann er á réttri hillu í lífinu, þótt óvenjuleg sé.

„Alveg síðan ég var lítill drengur hef ég haft mikinn áhuga á óveðri. Það var kannski mikill stormur úti og mamma faldi sig í skápnum undir stiganum heima á meðan ég var úti í glugga og horfði á eldingarnar," segir Chapman.

### Heillaðist af Twister í bíó

Eftir að hann sá kvikmyndina Twister, sem fjallaði um fólk sem elti uppi skýstrokka, fékk hann hugmynd að sjónvarpsþáttum sem National Geographic ákvað í framhaldinu að sýna. Síðan þá hefur hann eytt mánuði við upptökur á skýstrokkum og fellibyljum í Bandaríkjunum á hverju ári. Myndefnið selur hann víðs vegar um heiminn. „Kvikmyndin Twister var tiltölulega nýkomin út og ég heillaðist af henni. Þá fór ég að rannsaka málið og komst að því að maður gæti í raun og veru borgað fyrir að fá að elta uppi skýstrokka. Það hljómaði spennandi en kostaði þrjú þúsund dollara og var allt of dýrt fyrir mig," segir Chapman, sem sannfærði þá National Geographic um að ganga til liðs við sig. „Þannig að þau borguðu mér fyrir að elta skýstrokka," segir hann og ljómar allur í framan. „Fyrsti þátturinn okkar var um enskt par sem á 25 ára brúðkaupsafmæli sínu ákvað að elta skýstrokka. Á fjórða kvöldinu okkar sáum við ellefu skýstrokka. Við komumst mjög nálægt þeim og það var spennuþrungnasta stund lífs míns. Adrenalínið flæddi um æðar mínar. Frá þessari stundu var ég orðinn háður þessu og vildi meira."

### Lenti í miðjum skýstrokki

Um eitt hundrað manns starfa við að leita uppi skýstrokka og óveður rétt eins og Chapman. Þetta er snúið starf sem krefst mikillar nákvæmni og góðrar þekkingar á veðurfræði, enda eru Bandaríkin gríðarstór og alls ekki auðvelt að finna það sem menn leita að. Allt verður að ganga upp til að Chapman og félagar aki ekki hundruð kílómetra á sendiferðabíl sínum í erindisleysu.

Chapman hefur aldrei slasast alvarlega í starfi sínu, aðeins fengið nokkra marbletti og skrámur. „Ef þú býrð á svæði þar sem skýstrokkar eru algengir og þú fylgist ekki með veðrinu geta þeir rifið þakið af húsinu þínu með hræðilegum afleiðingum. En þegar þú ert að leita að skýstrokkum eins og við með radara og allar upplýsingar við hendina þá vitum við miklu meira en þetta fólk hvað er um að vera. Að því leytinu til er þetta frekar hættulítið," segir hann. Einu sinni lenti hann þó í mikilli hættu þegar skýstrokkur myndaðist þegar fyrir ofan sendiferðabílinn þeirra. „Hann var rétt að byrja að myndast þannig að við ókum bara í burtu eins hratt og við gátum. Sem betur fer var þetta ekki risastór skýstrokkur þannig að við sluppum en hann elti okkur samt í 48 kílómetra. Við horfðum í baksýnisspegilinn og hugsuðum sífellt með okkur að núna væri hann að ná okkur." Hann bætir við að mikil hætta geti skapast vegna eldinganna í kringum skýstrokkanna og næst hafi þær komist um tuttugu metra frá honum.

Chapman er kvæntur og á tíu ára dóttur. Hann viðurkennir að eiginkonan hafi áhyggjur af sér en umberi starfið vegna peninganna sem það gefi af sér. Dóttir hans getur aftur á móti ekki beðið eftir að feta í fótspor hans. „Ég sagði henni að hún þyrfti að bíða þangað til hún yrði eldri svo hún gæti tekið upplýstari ákvörðun, því þetta er jú hættulegt."

freyr@frettabladid.is


NÝTT Í BÍÓ — LAUGARÁSBÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus

SHUTTER ISLAND — LOFTKASTALINN SEM HRUNDI — EDGE OF DARKNESS

Tilboð í bíó. Gildir á allar sýningar merktar með rauðu!

LAUGARÁSBÍÓ SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| SHUTTER ISLAND | kl. 4, 7 og 10 | 16 |
| LOFTKASTALINN SEM HRUNDI | kl. 4.10, 7 og 10 | 14 |
| THE LIGHTNING THIEF | kl. 1.50 (600 kr) | 10 |
| EDGE OF DARKNESS | kl. 10.20 | 16 |
| IT'S COMPLICATED | kl. 5.40 og 8 | 12 |
| SKÝJAÐ MEÐ KJÖTBOLLUM... | kl. 2 (900 kr) - Ísl. tal | L |
| ALVIN OG ÍKORNARNIR 2 - Ísl. tal | kl. 2 (600 kr) og 3.50 | L |

the REBOUND — Fór beint á toppinn í Bandaríkjunum. Stærsta opnun allra tíma á Martin Scorsese mynd — SHUTTER ISLAND. MAGNÞRUNGIN SPENNUMYND Í LEIKSTJÓRN MARTIN SCORSESE — TOY STORY 2 3D sýnd með íslensku tali

VALENTINE'S DAY — THE WOLFMAN — BROTHERS — MAYBE I SHOULD HAVE

SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| THE REBOUND | kl. 5:50 - 8 - 10:10 | L |
| THE REBOUND VIP | kl.1:30 - 3:40 - 5:50 - 8 - 10:10 | VIP |
| BROTHERS | kl. 5:50 - 8 - 10:20 | 12 |
| VALENTINE'S DAY | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | L |
| THE WOLFMAN | kl. 8 - 10:10 | 16 |
| SHERLOCK HOLMES | kl. 8 | 12 |
| THE BOOK OF ELI | kl. 10:30 | 16 |
| AN EDUCATION | kl. 5:50 | L |
| UP IN THE AIR | kl. 5:50 | L |
| TOY STORY 2 m/ ísl. tali | kl. 1:30 3D - 3:40 3D | L |
| WHERE THE WILD THINGS ARE | kl. 1:30 - 3:40 | 7 |
| PLANET 51 m/ ísl. tali | kl. 1:30 - 3:40 | L |
| BJARNFREÐARSON | kl. 1:30 - 3:40 | L |
| PRINSESSAN OG FROSKURINN ísl. tal | kl. 1:30 - 3:30 | 7 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| SHUTTER ISLAND | kl. 5:10 - 8 - 10:50 | 16 |
| THE REBOUND | kl. 8:10 - 10:20 | L |
| INVICTUS | kl. 1 - 8 | L |
| BROTHERS | kl. 10:40 | 12 |
| VALENTINE'S DAY | kl. 5:30 | L |
| MAYBE I SHOULD HAVE | kl. 6D Síðasta sýningarhelgi | L |
| TOY STORY 2 m/ ísl. tali | kl. 1:20(3D) 3:20 (3D) | L |
| BJARNFREÐARSON | kl. 3:30 | L |
| PLANET 51 m/ ísl. tali | kl. 2D - 4D | L |

SPARBÍÓ KR 600 Á SÝNINGAR MERKTAR MEÐ APPELSÍNUGULU
KR. 950 Á 3D MYNDIR MERKTAR GRÆNU

NÝTT Í BÍÓ!

FÓR BEINT Á TOPPINN Í BANDARÍKJUNUM! STÆRSTA OPNUN ALLRA TÍMA Á MARTIN SCORSESE MYND — SHUTTER ISLAND — MAGNÞRUNGIN SPENNUMYND Í LEIKSTJÓRN MARTIN SCORSESE

BRÁÐSKEMMTILEG RÓMANTÍSK GAMANMYND — LEAP YEAR — Anna hafði í hyggju að biðja um hönd kærastans þann 29. febrúar... ...en þetta er ekki kærastinn hennar!

6 ÓSKARSVERÐLAUNATILNEFNINGAR — precious

VINSÆLASTA MYNDIN Á ÍSLANDI Í DAG! BYGGÐ Á METSÖLUBÓK STIEG LARSSON — LOFTKASTALINN SEM HRUNDI — MICHAEL NYQVIST NOOMI RAPACE

9 ÓSKARSVERÐLAUNATILNEFNINGAR — 113.000 GESTIR! — Nikulás litli

SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| SHUTTER ISLAND | kl. 5 - 8 - 11 | 16 |
| LOFTKASTALINN SEM HRUNDI | kl. 5 - 8 - 11 | 14 |
| LOFTKASTALINN SEM HRUNDI | kl. 2 - 5 - 8 - 11 LÚXUS | 14 |
| THE LIGHTNING THIEF | kl. 3 - 5.30 - 8 - 10.30 | 10 |
| EDGE OF DARKNESS | kl. 8 - 10.30 | 16 |
| SKÝJAÐ MEÐ KJÖTBOLLUM 3D | kl. 1 950 - 3.10 ísl tal | L |
| SKÝJAÐ MEÐ KJÖTBOLLUM 2D | kl. 1 ísl tal | L |
| AVATAR 3D | kl. 1 950 - 4.45 | 10 |
| ALVIN OG ÍKORNARNIR 2 | kl. 1 - 3 íslenskt tal | L |

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| PRECIOUS | kl. 2 - 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| LEAP YEAR | kl. 5.50 - 8 - 10.15 | L |
| LOFTKASTALINN SEM HRUNDI | kl. 2 - 5 - 8 - 11 | 14 |
| IT'S COMPLICATED | kl. 8 - 10.35 | 12 |
| AVATAR 3D | kl. 1.40* sun 950 - 4.50 | 10 |
| MAMMA GÓGÓ | kl. 2 - 3.50 | L |

facebook.com/smarabio — ADDÁENDUR GETA UNNIÐ BÍÓKORT ÚT ÁRIÐ, BOÐSMIÐA Á FORSÝNINGAR O.M.FL.

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| SHUTTER ISLAND | kl. 8 - 10.30 | 16 |
| LOFTKASTALINN SEM HRUNDI | kl. 7 - 10 | 14 |
| THE WOLFMAN | kl. 6 | 16 |
| THE LIGHTNING THIEF | kl. 3.50 | 10 |
| ARTÚR 2 | kl. 2 | L |
| SKÝJAÐ MEÐ KJÖTBOLLUM 2D | kl. 2 ísl tal | L |
| AVATAR 2D | kl. 4 | 10 |

REGNBOGINN SÍMI 551 9000

| | | |
|---|---|---|
| LEAP YEAR | kl. 3.30 - 5.45 - 8 - 10.15 | L |
| LOFTKASTALINN SEM HRUNDI | kl. 3 - 6 - 9 | 14 |
| THE LIGHTNING THIEF | kl. 3 - 5.30 | 10 |
| IT'S COMPLICATED | kl. 8 - 10.30 | 12 |
| NIKULÁS LITLI | kl. 3.45 - 6 | L |
| THE WOLFMAN | kl. 8 - 10.20 | 16 |

TILBOÐSVERÐ — SMÁRABÍÓ REGNBOGINN HÁSKÓLABÍÓ BORGARBÍÓ
KL.1 SMÁRABÍÓ 3D, KL.1.40 HÁSKÓLABÍÓ 3D — KL.3.45 REGNBOGINN — KL.2 HÁSKÓLABÍÓ — KL.3 HÁSKÓLABÍÓ, KL.3 REGNBOGINN — KL.3.30 REGNBOGINN — KL.3 REGNBOGINN, KL.2 HÁSKÓLABÍÓ — KL.1 SMÁRABÍÓ, KL.1 SMÁRABÍÓ, KL.2 BORGARBÍÓ — KL.1 SMÁRABÍÓ ísl. tal

LAUGARÁSBÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus — Ódýrt í bíó
PERCY JACKSON & OLYMPIANS THE LIGHTNING THIEF — ATH! 600 KR. SÝND KL. 1.50
SÝND KL. 2 SKÝJAÐ MEÐ KJÖTBOLLUM — ÍSLENSKT TAL — ATH! 900 KR.
SÝND KL. 2 ÍSLENSKT TAL ALVIN OG ÍKORNARNIR 2 — ATH! 600 KR.
TILBOÐ Á FYRSTU SÝNINGAR DAGSINS

SPARBÍÓ — SAMBÍÓIN
PLANET 51 — sýnd með íslensku tali — SPARbíó kl. 1.30 í Álfab. kl. 2 í Kringlunni. kl. 6 á Ak, kl. 1:30 í Kefl. og Self.
TOY STORY 2 3D — sýnd með íslensku tali — SPARbíó kl. 1.30 í Álfabakka, kl. 1:20 í Kringlunni og kl. 2:00 á Akureyri
PRINSESSAN OG FROSKURINN — sýnd með íslensku tali — SPARbíó kl. 1.30 í Álfabakka

# LÁGMAXVERÐ







Toshiba 32AV605PG
**109.989 kr.**
Fullt verð ~~139.989~~

**Toshiba fartölva**




Toshiba Satellite PRO L300D-233
**99.989 kr.**
Fullt verð ~~109.989~~

**MSI fartölva**




MSI Wind U123
**69.989 kr.**
Fullt verð ~~79.989~~

**iPod vagga**



JBL ONTIME 200ID ALUMIN
**32.989 kr.**
Fullt verð ~~49.989~~

**Barkalaus þurrkari**



Indesit ISL70C
**89.989 kr.**
Fullt verð ~~109.989~~

**1400 snúninga þvottavél**



Indesit IWE7145
**99.989 kr.**
Fullt verð ~~109.989~~



FÆST Í 5 LITUM
Nikon S220
**10 milljón punkta upplausn**
**26.989 kr.**
Fullt verð ~~34.989~~



FÆST Í 2 LITUM
Olympus FE26
**12 milljón punkta upplausn**
**17.989 kr.**
Fullt verð ~~22.989~~

| | |
|---|---|
| Opið mán. - fös. | kl. 11-19 |
| Laugardaga | kl. 11-18 |
| Sunnudaga | kl. 12-18 |

MAX Kauptúni 1 - Garðabæ
Sími 412 2200 - www.max.is

MAX RAFTÆKI

## > Einar á batavegi

Stórskyttan Einar Hólmgeirsson mun að öllum líkindum snúa aftur á handboltavöllinn í dag er félag hans, Grosswallstadt, leikur gegn Melsungen í þýsku úrvalsdeildinni. Það verður hans fyrsti leikur í langan tíma. Einar hefur verið ótrúlega óheppinn með meiðsli síðustu ár og hefur varla spilað í allan vetur vegna meiðsla. Hann er þó á góðum batavegi og verður loksins í leikmannahópi Grosswallstadt í dag.



**sport**

sport@frettabladid.is

SIGURÐUR RAGNAR EYJÓLFSSON LANDSLIÐSÞJÁLFARI: ÓSÁTTUR VIÐ HRUN Í LEIK ÍSLANDS Í SÍÐARI HÁLFLEIK

# *Það stóð ekki steinn yfir steini í leik okkar*

Íslenska kvennalandsliðið í knattspyrnu steinlá fyrir Svíum, 5-1, þegar landsliðin mættust á Algarve Cup í gær. Íslenska liðið stóð vel að vígi í leikhléi en þá var Ísland 1-0 yfir en Hólmfríður Magnúsdóttir skoraði mark íslenska liðsins.

Leikur íslenska liðsins hrundi aftur á móti í síðari hálfleik og þá fékk liðið á sig fimm mörk á aðeins 25 mínútna kafla. Það getur ekki verið ásættanlegt.

„Ég veit hreinlega ekki hvað gerðist í síðari hálfleik hjá okkur. Ég verð eiginlega að spyrja stelpurnar að því því ég geri mér ekki grein fyrir því,“ sagði Sigurður Ragnar Eyjólfsson landsliðsþjálfari eftir leikinn en hann var að vonum svekktur.

„Ég man hreinlega ekki eftir því að hafa upplifað svona leik áður. Fyrri hálfleikur var frábær hjá okkur en þar vorum við betri en Svíarnir á öllum sviðum. Liðið var afar þétt í vörninni, við skoruðum gott mark og allt frábært. Svo fáum við á okkur mark á fyrstu mínútu síðari hálfleiks. Ódýrt mark þar sem er ekki verið að dekka. Skömmu síðar erum við undir. Ég veit hreinlega ekki hvort liðið brotnar við það en það lítur svo sannarlega þannig út,“ sagði Sigurður en hvernig stendur á þessu hruni?



„Ég veit ekki hvort leikmenn eru þreyttir eða hreinlega hafi misst einbeitinguna. Leikmenn sjálfir geta ekki útskýrt hvað gerðist. Þessi leikur var algjörlega eins og svart og hvítt.“

Sigurður segir það vera ánægjuefni hversu vel liðið hafi verið að leika í fyrri hálfleik í báðum leikjum en að sama skapi áhyggjuefni hvernig liðið brotni við mótlæti.

„Seinni hálfleikarnir hafa verið í allt öðrum klassa en fyrri hálfleikarnir. Það stóð hreinlega ekki steinn yfir steini í leik okkar í síðari og við verðum að ræða veikleika okkar og reyna að laga þá fyrir næsta leik gegn Noregi á mánudag.“



**HERMANN HREIÐARSSON** Var bikarmeistari með Portsmouth fyrir tveim árum. NORDIC PHOTOS/GETTY

Portsmouth í greiðslustöðvun:

## Tapaði níu stigum í deildinni

**FÓTBOLTI** Portsmouth er svo gott sem fallið úr ensku úrvalsdeildinni en í gær var endanlega staðfest að Portsmouth sé komið í greiðslustöðvun og verður þar með fyrsta úrvalsdeildarfélagið til þess að ganga í gegnum það ferli.

Nú tekur við mikil vinna við að endurskipuleggja fjármál félagsins sem sérstakur endurskoðandi á vegum ensku úrvalsdeildarinnar lýsti yfir að væru í algjörum hnút auk þess sem semja þarf við lánardrottna félagsins.

Reglugerð ensku úrvalsdeildarinnar segir til um að félaginu skuli refsað með því að draga níu stig af því sem þýðir að Portsmouth er nú langneðst í deildinni með 7 stig og er 17 stigum frá öruggu sæti þegar 12 leikir eru eftir í deildinni.

Það virðist því fátt geta komið í veg fyrir að Hermann Hreiðarsson og félagar falli úr deildinni. - óþ



**ADEBAYOR** Hefur ekki gengið sem skyldi í vetur. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

Áfall fyrir Man. City:

## Adebayor í langt bann

**FÓTBOLTI** Aganefnd enska knattspyrnusambandsins hefur úrskurðað að framherjinn Emmanuel Adebayor hjá Manchester City skuli dæmdur í fjögurra leikja bann.

Adebayor fékk rautt spjald fyrir að slá til varnarmannsins Ryans Shawcross í 3-1 tapi gegn Stoke í FA-bikarnum og hefði eðlilega átt að sitja hjá í þrjá leiki en þar sem þetta er í annað sinn sem framherjinn kemst upp á kant við aganefndina þá var einum leik bætt við bannið.

Adebayor fékk þriggja leikja bann í september fyrir brot á Robin Van Persie í leik gegn Arsenal en þá gerði hann jafnframt allt brjálað með því að fagna marki sínu í leiknum fyrir framan stuðningsmenn Arsenal. Hann lék sem kunnugt er með Lundúnafélaginu áður en hann kom til City síðasta sumar. - óþ

# Haukar ætla að stöðva einokun Vals

**Ljóst er að Valsmenn eiga erfitt verkefni fyrir höndum í dag þegar þeir reyna að vinna bikarkeppnina þriðja árið í röð. Mótherjarnir eru Haukar sem tróna á toppi N1-deildarinnar og búast má við hörkuleik.**

**HANDBOLTI** „Ástandið hefur bara verið mjög erfitt og það þýðir ekkert að fela það,“ segir Óskar Bjarni Óskarsson, þjálfari Valsmanna sem freista þess að verja bikarmeistaratitil sinn í dag. Liðið hefur glímt við meiðsli í vetur en Óskar reiknar samt sem áður með því að tefla fram öllum sínum mönnum í þessum bikarúrslitaleik.

„Það hafa verið vandræði með mannskapinn í síðustu leikjum og það hefur tekið á. Margir hafa verið að glíma við meiðsli, við höfum verið án stórra bita og ég er ekki viss um að mörg lið myndu þola svona lagað,“ segir Óskar en Fannar Friðgeirsson, Sigfús Páll Sigfússon og Sigurður Eggertsson hafa allir verið í miklu kapphlaupi við tímann til að verða klárir fyrir leikinn.

„Þegar komið er út í bikarúrslitaleik þarf að tjasla öllum saman og allir að vera með. Samkvæmt læknum og öðru eiga þeir ekki að vera tilbúnir í þennan leik. Þeir eru hins vegar allir afreksíþróttamenn og munu gera sitt besta til að koma inn í þennan leik. Ég á ekki von á öðru en að það takist,“ segir Óskar.

Haukar sitja á toppi N1-deildarinnar með tuttugu stig en Valsmenn hafa leikið leik meira og eru fjórum stigum á eftir. Hlíðarendapiltum hefur gengið illa að undanförnu.

„Síðustu tveir leikir hjá okkur hafa verið mjög slakir. Það truflar mig samt ekkert og ekki strákana heldur. Í þessum úrslitaleik eru að fara að mætast tvö topplið og ekkert annað skiptir máli. Menn eru bara spenntir að spila og gera sitt besta,“ segir Óskar.

Valur hefur unnið bikarkeppnina oftast allra liða í karlaflokki, alls sjö sinnum. Síðustu tvö ár hefur liðið hrósað sigri í keppninni en aðeins einu liði hefur tekist að vinna hana oftar en tvisvar í röð.



**FYRIRLIÐARNIR** Ingvar Árnason Valsari og Birkir Ívar Guðmundsson, markvörður Hauka, með bikarinn góða. Aðeins annar þeirra fær að handleika hann eftir leikinn í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

„Í fyrra komumst við í sögubækur Vals með því að vinna annað árið í röð. Engin af þessum gullaldarkynslóðum Vals náði því. Nú má segja að við getum farið í sögubækur HSÍ. Það eru bara Víkingar sem hafa náð að vinna titilinn þrisvar eða oftar samkvæmt mínum kokkabókum, þeir tóku dolluna fjögur ár í röð með Bogdan. Ef við náum að vinna þriðja árið í röð finnst mér það óhugnanlega góður árangur.“

Aron Kristjánsson, þjálfari Hauka, er spenntur fyrir þessum bikarúrslitaleik en Hafnarfjarðarliðið hampaði bikarnum síðast fyrir átta árum.

„Það er mikil tilhlökkun í hópnum hjá mér enda höfum við lagt mikla áherslu á bikarkeppnina í vetur. Það er því ánægja að við séum komnir alla leið í úrslitaleikinn,“ segir Aron.

Þrátt fyrir brösugt gengi Vals að undanförnu veit Aron vel að hans menn mega ekkert gefa eftir í þessum úrslitaleik. „Valsarar eru með hörkulið. Þeirra aðalstyrkleiki í vetur hefur verið varnarleikurinn og svo hefur Hlynur Morthens varið vel í markinu. Það eru kannski hlutir sem við þurfum að finna lausnir á. Í varnarleiknum er svo mikilvægt að við náum að stöðva þessa hröðu og lipru leikmenn hjá þeim,“ segir Aron sem er búinn að undirbúa sína menn vel fyrir leikinn.

„Við förum aðeins betur yfir leik andstæðingsins en fyrir venjulegan leik og reynum að búa til meiri stemningu í liðinu. Undirbúningurinn er því ekki alveg eins og fyrir venjulegan leik.“

elvargeir@frettabladid.is

Tvö efstu lið N1-deildar kvenna eigast við í úrslitaleiknum í kvennaflokki, Reykjavíkurliðin Fram og Valur:

# Baráttan um borgina í kvennaleiknum

**HANDBOLTI** Það verður hart barist í kvennaleiknum þar sem Fram og Valur mætast. Valur varð síðast bikarmeistari kvenna fyrir tíu árum og Fram fyrir ellefu svo báðum félögum er farið að þyrsta í þennan titil.

„Eitt af markmiðum okkar var að komast í þennan leik. Markmiðið er hreinlega að vinna hann, við eigum eitt skref eftir og ætlum okkur að taka það,“ segir Einar Jónsson, þjálfari Fram. Hans lið tók deildarbikarinn milli jóla og nýárs en stefnir nú á þann stóra.

„Þetta eru tvö skemmtilegustu liðin og spila nútímahandbolta. Það hefur verið hörkubarátta í deildarleikjum þessara liða og mikil skemmtun fram á síðustu mínútu. Það verður þannig í Höllinni á laugardaginn,“ segir Einar en Framkonur sitja í öðru sæti N1-deildarinnar, fimm stigum á eftir Val en eiga leik inni.



**REYKJAVÍKURSLAGUR** Fyrirliðarnir Berglind Hansdóttir hjá Val og Ásta Birna Gunnarsdóttir hjá Fram. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

„Þetta verður bara baráttan um borgina. Þetta verður mjög gaman. Þessi tvö lið hafa eldað grátt silfur og búa yfir mikilli hefð,“ segir Einar sem breytir ekki út af vananum í sínum undirbúningi.

„Við erum í okkar hefðbundnu rútínu, bætum aðeins við en gerum ekki of mikið úr þessu.“

Stefán Arnarson, hinn reyndi þjálfari Vals, segir að sitt lið sé tilbúið í slaginn. „Það vill enginn missa af svona leik. Þetta eru tvö lið sem eru mjög hröð og gaman að horfa á. Þetta verður frábær leikur. Þessi lið hafa mæst tvisvar í deildinni og þeir leikir voru jafnir og skemmtilegir, jafntefli í Valsheimilinu og svo sigur hjá okkur,“ segir Stefán.

„Fram er með góða markvörslu og góðan varnarleik og er eitt besta sóknarlið deildarinnar að mínu mati. Á móti kemur að við erum besta varnarliðið og með besta markvörðinn. Þetta eru samt mjög jöfn lið og þetta verður bara gaman,“ segir Stefán Arnarson sem segir undirbúning sinn óskop hefðbundinn. - egm

EIMSKIPS BIKARINN

HSÍ



# HVER TEKUR BIKARINN?

**Úrslitaleikir Eimskipsbikarsins fara fram í Laugardalshöll í dag, laugardaginn 27. febrúar.**

## ÚRSLIT – KONUR

**Fram – Valur**

**Kl. 13.30**

## ÚRSLIT – KARLAR

**Haukar – Valur**

**Kl. 16.00**

EIMSKIP

*Yfir hafið og heim*

PIPAR\TBWA • SÍA • 100480

Fjarnám ÍSÍ í þjálfaramenntun!

Hefst 15. mars nk. og gildir jafnt fyrir allar íþróttagreinar. 1. stig alm. hluta og er námskeiðsgjald kr. 24.000.- Skráning fyrir 12. mars á namskeid@isi.is eða í síma 514-4000. Nánari uppl. í síma 460-1467 og á vidar@isi.is

Sjá einnig á www.isi.is




Hringdu í síma

512 50 60

ef blaðið berst ekki

# United á titil að verja

**Úrslitaleikur deildarbikarsins fer fram á morgun þar sem Manchester United mætir Aston Villa. Í dag mætast hins vegar John Terry og Wayne Bridge í fyrsta skiptið eftir framhjáhaldshneykslið sem hefur gert allt brjálað á Englandi.**

**FÓTBOLTI** Það verður mikið um að vera í enska boltanum um helgina eins og alltaf en úrslitaleikur deildarbikarsins fer fram á Wembley-leikvanginum á sunnudag. Núverandi deildarbikarmeistarar, Manchester United, eiga þar titil að verja en þeir mæta Aston Villa sem hefur ekki landað titli í fjórtán ár.

United verður án varnarmannsins Rio Ferdinand sem er meiddur í baki auk þess sem Ryan Giggs og Anderson eru einnig frá vegna meiðsla og Nani tekur út leikbann. Aston Villa vonast hins vegar til þess að endurheimta Stiliyan Petrov, James Collins og Emile Heskey úr meiðslum fyrir leikinn.

Aston Villa hefur haft betur í viðureignum liðanna til þessa á tímabilinu en Aston Villa vann United á Old Trafford-leikvanginum og liðin skildu jöfn á Villa Park.

Sagan er þó aftur á móti á bandi United þar sem Englandsmeistararnir hafa aðeins tapað einum af síðustu tuttugu og sex leikjum sínum gegn Aston Villa og knattspyrnustjórinn Sir Alex Ferguson hjá United hefur því ærna ástæðu til bjartsýni.

„Wembley er sérstakur leikvangur og það er mikil upplifun að spila þar. Eina leiðin til að njóta þess að vera þar er hins vegar með því að vinna leikinn sem þú ert að spila. Það er ekki góð tilfinning að fara þangað og tapa," sagði Ferguson á blaðamannafundi í gær.



**FÖGNUÐUR** Manchester United hampaði deildarbikarmeistaratitlinum á síðasta tímabili eftir sigur gegn Tottenham. NORDIC PHOTOS/AFP



**ÓVINIR** Það er heldur búið að slettast upp á vinskap Waynes Bridge og Johns Terry á síðustu vikum. NORDIC PHOTOS/AFP

### Kaldar kveðjur á Brúnni

Leikur Chelsea og Manchester City í ensku úrvalsdeildinni á Stamford Bridge-leikvanginum í dag er fyrir margra hluta sakir merkilegur. Chelsea situr á toppi deildarinnar fyrir leiki helgarinnar en City er aftur á móti í harðri baráttu við Liverpool, Aston Villa og Tottenham um fjórða sæti deildarinnar, sem gefur þátttökurétt í Meistaradeildinni.

Flestra augu munu hins vegar beinast að John Terry og Wayne Bridge, fyrrum liðsfélögum hjá Chelsea, en kapparnir hafa verið í eldlínunni síðustu vikur eftir að upp komst um framhjáhald Terry með barnsmóður og fyrrum kærustu Bridge. Terry var í kjölfarið sviptur fyrirliðastöðunni hjá enska landsliðinu og Bridge gefur ekki lengur kost á sér í landsliðið þar sem hann vill ekki þurfa að umgangast Terry. Það má því búast við köldum kveðjum þegar þeir mætast á vellinum og spurning hvort þeir heilsist með handabandi fyrir leikinn eins og tíðkast gjarnan fyrir leiki í ensku úrvalsdeildinni. omar@frettabladid.is

### LEIKIR HELGARINNAR

| | |
|---|---|
| **Laugardagur:** | |
| Chelsea-Manchester City | kl. 12.45 |
| Birmingham-Wigan | 15.00 |
| Bolton-Wolves | 15.00 |
| Burnley-Portsmouth | 15.00 |
| Stoke-Arsenal | 15.00 |
| **Sunnudagur:** | |
| Tottenham-Everton | 13.00 |
| Liverpool-Blackburn | 15.00 |
| Sunderland-Fulham | 15.00 |
| Aston Villa-Manchester United | 15.00 |

Úti er farið að snjóa .......



og af því tilefni minnum við íbúa höfuðborgarsvæðis og Akureyrar að moka gangveginn að húsum sínum til að tryggja aðgengi blaðbera Fréttablaðsins að lúgu.

Með fyrirfram þökk,

Pósthúsið

Pósthúsið | Suðurhraun 1 | S: 585 8300 | www.posthusid.is

Þrír leikir fóru fram í Iceland Express-deild karla:

